


# VERÐMÆTASTA EIGNIN

LEIÐIR TIL AÐ SPARA OG TAKA  
ÁKVÖRÐUN UM EIGIN STARFSLOK



GUNNAR BALDVINSSON

# VERÐMÆTASTA EIGNIN

BÓK UM  
EFTIRLAUNASPARNAÐ  
OG LÍFEYRISMÁL



# VERÐMÆTASTA EIGNIN

BÓK UM  
EFTIRLAUNASPARNAÐ  
OG LÍFEYRISMÁL

Höfundur  
Gunnar Baldvinsson

ÍSLANDBANKI 2004

## Aðfaraorð höfundar



Það hefur lengi verið draumur minn að taka saman í eitt rit heildarráðgjöf um lífeyrismál og eftirlaunaspárnað. Engin samantekt er til um þetta efni hér á landi og þar sem viðfangsefnið er mikilvægur þáttur í fjármálum einstaklinga taldi ég að þörfin fyrir bók af þessu tagi væri talsverð.

Bókin var skrifuð á tímabilinu apríl 2003 til janúar 2004 og við það verk byggði ég á þeim fróðleik sem ég hef í gegnum árin viðað að mér um lífeyrismál og reynslu minni af því að aðstoða fólk við að skipuleggja eftirlaunin sín. Fjölmargir aðstoðuðu mig við gerð bókarinnar.

Bjarni Markússon, Brynja Margrét Kjærnested, Haukur Hafsteinson, Ólafur Haukur Jónsson, Vigfús Ásgeirsson og Þórhildur Stefánsdóttir lásu yfir frumhandrit. Ólafur Gústafsson las 7. kafla. Tryggvi Þór Herbertsson og Tómas Möller lásu viðauka I. Hrafn Magnússon fór yfir handritið á lokastigi. Þórhildur og Friðrik Magnússon aðstoðuðu mig við gagnaöflun.

Sigurveig Jónsdóttir yfirfór alla kafla bókarinnar og endurbætti textann. Hún var einnig góður ráðgjafi á lokasprettinum. Guðni Kolbeinsson fór einnig yfir textann og kom með góðar athugasemdir og ábendingar. Ragnar Magnússon las yfir lokahandrit áður en það fór í prentsmiðju.

Sigurður B. Stefánsson fór yfir handritið á mismunandi stigum og veitti mér góð ráð. Margrét Sveinsdóttir, Helga Indriðadóttir og Tómas Sigurðsson lásu yfir lokahandrit.

Daniel Arason, Kristjana Sigurðardóttir og Rósa Jónasardóttir lásu yfir handritið á ýmsum stigum, veittu mér mörg góð ráð og aðstoðuðu mig með margvíslegum hætti.

Ólafur Gíslason sá um forritun Skjóðunnar og Einar Þór Gústafsson um hönnun á útliti hennar. Sigurður Sveinsson aðstoðaði mig á ýmsum stigum verksins, bæði með bókina og forritið. Lóa Rún Kristinsdóttir aðstoðaði mig einnig.

Björg Sigurðardóttir var nánasti ráðgjafi minn allan tímann og hvatti mig áfram. Hún og börnin okkar sýndu mér mikla þolinmæði á vinnslutíma bókarinnar.

Öllu þessu fólki færi ég mínar bestu þakkir. Stjórnendum Íslandsbanka þakka ég fyrir að vilja gefa bókina út.

Það er von mín að lesendur hafi bæði gagn og ánægju af lestri bókarinnar.

Reykjavík, 19. febrúar 2004,  
Gunnar Baldvinsson.

Íslandsbanki hf., 2004.

© Gunnar Baldvinsson.

Öll réttindi áskilin. Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósritun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Hönnun kápu: Halla Helgadóttir, Fiton ehf.

Hönnun og umbrot: Árni Pétursson, Oddi hf.

Próförk: Lúther Jónsson, Oddi hf.

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.

ISBN 9979-9119-2-1

## Formáli



Í upphafi skyldi endinn skoða segir gamall íslenskur málsháttur. Sú speki á afar vel við í lífeyrismálum; því fyrr sem þau mál eru tekin föstum tókum, því betra og því líklegra er að við náum settum markmiðum. Þau markmið hljóta á einn eða annan hátt að lúta að fjárhagslegu öryggi á efri árum.

Í eðli sínu er allur sparnaður frestun á neyslu. Við spörum til að geta í framtíðinni neytt þess sem við höfum sparað. Lífeyrissparnaður lýtur annars vegar að búa í haginn fyrir framtíðina til að njóta lífsins á efri árum og hins vegar að verja okkur fjárhagslega fyrir óvæntum áföllum á lífsleiðinni. Það er mikilvægt fyrir hvert og eitt okkar að við hugsum sjálfstætt um okkar lífeyrisréttindi og hvernig við getum hámarkað þau. Það er á ábyrgð hvers og eins.

Íslendingar búa yfir einu besta lífeyriskerfi sem völ er á. Eignir íslensku lífeyrissjóðanna á mann eru með því hæsta sem þekkest. Sú kynslóð sem nú er á vinnualdri mun eignast traustari og öruggari réttindi til eftirlauna við starfslok en víðast meðal annarra þjóða og betri réttindi en fyrri kynslóðir hafa notið.

Við upphaf 21. aldarinnar er þróun á sviði eftirlaunamála hröð. Ef dæma má af framvindunni í nálægum löndum sækist fólk í vaxandi mæli eftir því að hafa hönd í bagga með stýringu og ávöxtun á lífeyrissparnaði sínum. Eign í lífeyrissjóðum og annar eftirlaunasparnaður er, eins og heiti þessarar bókar vísar til, í mörgum tilvikum „verðmætasta eignin” og því ekki að furða að gagnvart henni gæti sívaxandi áhuga.

Nútímataekni gerir fólki kleift að fylgjast með „verðmætustu eigninni” í netbanka frá degi til dags eins og óskað er og hlutast til um ávöxtun eftir settum reglum. Íslandsbanki hefur jafnan kappkostað að veita bestu þjónustu og ráðgjöf sem völ er á í lífeyrismálum og persónutryggingum. Í þessari bók er að finna nákvæma lýsingu á helstu leiðum í lífeyris- og tryggingamálum og ráðgjöf um hvernig hagkvæmt er að tengja saman þessa tvo mikilvægu þætti í fjármálum heimilanna.

Það er von Íslandsbanka að *Verðmætasta eignin* reynist bæði almenningi og sérfræðingum á sviði lífeyris- og tryggingamála uppspretta fróðleiks og nýrra hugmynda og verði til þess að örva faglega umræðu um ávöxtun og öryggi við uppbyggingu eigna til eftirlaunaáranna. Útgáfa bókarinnar er framlag bankans til þess.


Reykjavík, 19. febrúar 2004

*Bjarni Ármannsson,*  
forstjóri Íslandsbanka

# Efnisýfirlit

Inngangur ..... bls. 9


1. KAFLI Fyrst er að safna ... ..... bls. 13



Eftirlaunaárin, fjórðungur af fullordinsárunum ..... bls. 15  
 Verðmætasta eignin ..... bls. 15  
 Eftirlaunaásparnaður jafnar tekjur yfir ævina ..... bls. 18  
 Að láta tímann vinna með sér ..... bls. 20  
 Tekjur á eftirlaunaárunum ..... bls. 23  
 Taktu sjálfur ákvörðun um starfslok ..... bls. 24  
 „Hvert [aldurskeið] hefur sinn tíma“ ..... bls. 24

2. KAFLI Réttindi í lífeyrissjóðum ..... bls. 27

Íslendingar eiga gott lífeyriskerfi ..... bls. 29  
 Lífeyrissjóðir – besta tryggingin ..... bls. 30  
 Lífeyrissjóðsiðgjöld ..... bls. 31  
 Lágmarkstryggingavernd og réttindi í lífeyrissjóðum ..... bls. 32  
 • Ellilífeyrir ..... bls. 34  
 • Örorkulífeyrir ..... bls. 36  
 • Makalífeyrir ..... bls. 39  
 • Barnalífeyrir ..... bls. 40  
 • Maka- og barnalífeyrir milda fjárhagslegt áfall ..... bls. 41  
 • Séreignarsjóður ..... bls. 42



Um skiptingu ellilífeyrisréttinda ..... bls. 42  
 Hvernig ávinnum þú þér réttindi? ..... bls. 44  
 • Jöfn réttindadávinnsla eða aldurstengd réttindi ..... bls. 47  
 • Önnur réttindakerfi ..... bls. 51  
 Afkoma lífeyrissjóða og tryggingafræðilegt uppgjör ..... bls. 52  
 Einn mikilvægasti hornsteinninn ..... bls. 55

### 3. KAFLI Viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður . . . . . bls. 59

**Aflingun eiga þegar myndast eitlönun**

Þú átt einn eitt viðbótarlífeyrissparnað og þú hefur þá eitt eitt eitlönun. Eitlönun er þetta sem þú færst þegar þú ert 65 ára og þú hefur verið að spara í eitlönuninni síðan þú ert 18 ára. Eitlönunin er þetta sem þú færst þegar þú ert 65 ára og þú hefur verið að spara í eitlönuninni síðan þú ert 18 ára.

**Eitlönun eiga þegar myndast eitlönun**

Þú átt einn eitt viðbótarlífeyrissparnað og þú hefur þá eitt eitt eitlönun. Eitlönun er þetta sem þú færst þegar þú ert 65 ára og þú hefur verið að spara í eitlönuninni síðan þú ert 18 ára. Eitlönunin er þetta sem þú færst þegar þú ert 65 ára og þú hefur verið að spara í eitlönuninni síðan þú ert 18 ára.

**Viðbótarlífeyrissparnaður (Eitlönun)**

Ár	18	20	25	30	35	40	45	50	55	60	65
Spáð	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Þróun	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Spáð	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Þróun	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000

**Annar sparnaður**

Þú hefur einn eitt annar sparnaður og þú hefur þá eitt eitt annar sparnaður. Annar sparnaður er þetta sem þú færst þegar þú ert 65 ára og þú hefur verið að spara í annar sparnaði síðan þú ert 18 ára. Annar sparnaðurin er þetta sem þú færst þegar þú ert 65 ára og þú hefur verið að spara í annar sparnaði síðan þú ert 18 ára.

*Viðbótarsparnaður er nauðsynlegur . . . . . bls. 61*

*Að borga sjálfum þér fyrst . . . . . bls. 62*

*Viðbótarlífeyrissparnaður . . . . . bls. 64*

*Annar sparnaður . . . . . bls. 73*

*Aðrar eignir sem eftirlauna-sjóður . . . . . bls. 78*

*Að reikna með framtíðinni . . . . . bls. 78*

### 4. KAFLI Hver er staða þín? . . . . . bls. 83

*Fimm mikilvægar spurningar . . . . . bls. 85*

- 1. Hvenær áætlast þú að hætta að vinna? . . . . . bls. 85*
- 2. Veistu hvaða tekjum þú mátt eiga von á í eftirlaun miðað við núverandi réttindi og áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð? . . . . . bls. 86*
- 3. Hvað reiknar þú með að viðbótarsparnaður verði mikill í starfslok og bæti miklu við mánaðarlegar lífeyrissgreiðslur úr lífeyrissjóðum? . . . . . bls. 89*
- 4. Veist þú hvaða örorkulífeyri þú átt rétt á ef þú þyrftir að hætta að vinna vegna veikinda eða slýss? . . . . . bls. 91*
- 5. Veist þú hvaða lífeyrir yrði greiddur til þinna nánustu ef þú fellir óvænt frá? . . . . . bls. 98*

*Lokað vegna birgdatafningar . . . . . bls. 101*

**Staða þín**

Þú hefur einn eitt staða þín og þú hefur þá eitt eitt staða þín. Staða þín er þetta sem þú færst þegar þú ert 65 ára og þú hefur verið að spara í staða þín síðan þú ert 18 ára. Staða þínin er þetta sem þú færst þegar þú ert 65 ára og þú hefur verið að spara í staða þín síðan þú ert 18 ára.

**Staða þín**

Ár	18	20	25	30	35	40	45	50	55	60	65
Spáð	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Þróun	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Spáð	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Þróun	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000

### 5. KAFLI Hvert skal stefna og hvernig er hægt að komast þangað? bls. 103

*Ad setja sér raunhæf markmið . . . . . bls. 105*

*Samanburður á markmiðum og núverandi stöðu . . . . . bls. 109*

*Markviss og varleg áætlun . . . . . bls. 112*

*Skjóðan er notardrjúg við útreikninga og áætlanagerð . . . . . bls. 112*

*Leiðir til að auka eftirlaunin og tryggja fjárhagslegt öryggi . . . . . bls. 114*

*Klökk og sandur . . . . . bls. 124*

*Um það bil 8% af launum í viðbótarsparnaði og tryggingar . . . . . bls. 126*



**6. KAFLI Um ávöxtun eftirlaunasparnaðar bls. 129**

- Mikilvæg ákvörðun . . . . . bls. 131
- Langtímasparnaður er tækifæri . . . . . bls. 132
- Ávöxtun og áhætta haldast í hendur . . . . . bls. 134
- Eignasamsetning verðbréfasafna ræður mestu um ávöxtun . . . . . bls. 137
- Hvaða eignasamsetning hentar þér? . . . . . bls. 139
- Sjóðir eru heppilegir fyrir einstaklinga . . . . . bls. 140
- Séreignarsjóðir . . . . . bls. 140
- Verðbréfasjóðir . . . . . bls. 143
- Eignastýringaraðferðir . . . . . bls. 144
- Erlend verðbréf og gjaldmiðlaáhætta . . . . . bls. 146
- Um mótaðilaáhættu . . . . . bls. 149
- Nokkur góð ráð . . . . . bls. 151
- Nýjasta tækni og vísindi . . . . . bls. 159

The infographic contains several data visualizations:

- Áhætta og áhætta breytingar:** A line chart showing risk levels over time for different asset classes.
- Áhætta og áhætta breytingar (Table):** A table with columns for 'Áhætta' and 'Áhætta breytingar' across various asset categories.
- Áhætta og áhætta breytingar (Table):** A second table with similar columns and data points.
- Áhætta og áhætta breytingar (Table):** A third table with similar columns and data points.

**7. KAFLI ... svo er hægt að eyða bls. 163**

The infographic includes:

- Eftirlaunasparnaður:** A pyramid chart illustrating the structure of investment funds, with 'Eignasamsetning' at the base and 'Áhætta' at the top.
- Text:** Descriptive text explaining the components and risks of investment funds.

- Að spila vel úr spilunum . . . . . bls. 165
- Ellilífeyrir almannatrygginga . . . . . bls. 166
- Ellilífeyrir lífeyrissjóða . . . . . bls. 169
- Um útborgun viðbótarlífeyrissparnaðar . . . . . bls. 172
- Sérkjör og ymiss konar afsláttur fyrir eldri borgara . . . . . bls. 173
- Um eignasamsetningu í starfslok . . . . . bls. 174
- Fráfall maka . . . . . bls. 176
- Flutningur eigna milli kynslóða . . . . . bls. 178
- Samantekt og ráðgjöf . . . . . bls. 181
- „Það er líf eftir bankann“ . . . . . bls. 184

**VÍÐAUKI I. Um lífeyriskerfi annarra þjóða bls. 187**

- Lífeyrismál þjóða og starfsmanna sem vinna erlendis bls. 189 • Þriggja stöða lífeyriskerfi bls. 189
- Lífeyriskerfi í nokkrum löndum bls. 192, Bandaríkin bls. 193, Bretland bls. 197, Danmörk bls. 200, Finnland bls. 202, Frakkland bls. 204, Holland bls. 206, Spánn bls. 208, Svíþjóð bls. 210, Sviss bls. 212, Þýskaland bls. 214, Japan bls. 217 • Um Íslendinga sem vinna erlendis bls. 220
- Um útlendinga sem vinna á Íslandi bls. 229

**VÍÐAUKI II. Mat á núverandi stöðu bls. 231**

- Leiðbeiningar bls. 233 • Aldur og fjöldi ára til starfsloka bls. 233 • Eyðublað 1. Réttindi í lífeyrissjóðum bls. 234 • Eyðublað 2. 2.1 Viðbótarlífeyrissparnaður. 2.2 Annar sparnaður bls. 235 • Eyðublað 3. Örorkulífeyrisséttindi í lífeyrissjóðum bls. 236 • Eyðublað 4. 4.1 Barnalífeyrir við örorku. 4.2 Viðbótarörorkutryggingar bls. 237 • Eyðublað 5. Makalífeyrisséttindi í lífeyrissjóðum bls. 238 • Eyðublað 6. 6.1 Barnalífeyrir við fráfall sjóðfélaga. 6.2 Líftryggingar bls. 239

**SKRÁR bls. 241**

- Heimildaskrá bls. 243 • Orðskýringar bls. 245 • Atriðisorðaskrá bls. 252 • Vefsíður bls. 255

# Inngangur

Á undanförnum árum hafa augu Íslendinga í vaxandi mæli opnast fyrir mikilvægi þess að leggja fyrir til eftirlaunaáranna. Mörgum finnst lífeyrismálin þó flókin og erfitt að sjá fyrir hversu mikið þurfi að spara til þess að hafa nægilegar tekjur til að geta lifað góðu lífi eftir að vinnu lýkur.

Í þessari bók, *Verðmætasta eignin*, verður fjallað um þennan málaflokk og reynt að sýna fram á með skýrum og einföldum hætti að hér eru á ferðinni mál sem allir geta auðveldlega sett sig inn í og tekið í sínar hendur. Tilgangur bókarinnar er að veita upplýsingar um lífeyris- og eftirlaunamál í víðu samhengi og gefa góð ráð um leiðir til að auka tekjur í starfslok og tryggja fjárhagslegt öryggi á öðrum æviskeiðum. Bókinni er ekki ætlað að vera tæmandi upplýsingabanki um viðfangsefnið en þó verður drepíð á flest af því sem snertir lífeyrismál og eftirlaunasparnað.

Í bókinni er fjallað um hvernig fólk getur fundið út hver staða þess er, hvaða stefnu sé best að taka og hvernig hægt sé að komast í óskastöðuna. Settar eru fram leiðbeiningar um hvernig sé hagkvæmast að bera sig að við að byggja upp eftirlaunasparnað og velja persónutryggingar. Þá er fjallað ítarlega um ávöxtun eftirlaunasparnaðar og hvernig réttast sé að skipuleggja töku lífeyris í starfslok. Áhersla er lögð á uppbyggingu réttinda í lífeyrissjóðum og viðbótarsparnaðar en um ellilífeyri almannatrygginga er eingöngu fjallað um í 7. kafla bókarinnar sem er um tekjur á eftirlaunaárunum og þær reglur sem gilda um lífeyrisgreiðslur.

Í viðauka er fjallað um lífeyriskerfi í öðrum löndum og um lífeyrismál þeirra sem vinna tímabundið annars staðar en í eigin landi. Það á bæði við um Íslendinga sem starfa erlendis og útlendinga sem starfa hér á landi. Í öðrum viðauka eru sýnishorn af eyðublöðum sem hægt er að nota til að safna saman upplýsingum um lífeyrisréttindi, viðbótarsparnað og persónutryggingar. Aftast í bókinni eru síðan orðskýringar og upplýsingar um ýmsar gagnlegar vefsíður.

Með bókinni fylgir lykilorð sem gengur að netreiknivélinni Skjóðunni en hún er á slóðinni [www.skjodan.is](http://www.skjodan.is). Skjóðuna er hægt að nota til að reikna dæmi um eftirlaun í starfslok miðað við mismunandi forsendur. Í henni eru líka eyðublöð sem hægt er að prenta út og nota til að safna upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi, núverandi sparnað og persónutryggingar.

Köflum bókarinnar er raðað saman í þeirri röð sem talið er eðlilegt að lesa til

að byggja upp þekkingu á viðfangsefninu. Hins vegar er efni hvers kafla afmarkað og kaflarnir eru byggðir þannig upp að lesandinn getur lesið einstaka kafla hvern fyrir sig og í annarri röð. Bókin nýtist vel fyrir þá sem eru að lesa um þessi mál í fyrsta sinn en einnig sem uppfléttirit til þess að lesa um einstök efnisatriði eftir þörfum.

Lesendur eru hvattir til að hugsa um þessi mál og gera sér grein fyrir mikilvægi þeirra fyrir fjárhagslega afkomu á eftirlaunaárunum og raunar fleiri æviskeiðum og með tilliti til verðmætis þeirra eigna sem þarf að koma sér upp. Markmið bókarinnar er að hjálpa lesandanum að komast í þá stöðu að hann geti sjálfur ákveðið hvernig og hvenær starfslokin verða. Til þess þarf að gefa sér tíma, safna upplýsingum, spyrja spurninga, leita ráða og taka síðan upplýstar ákvarðanir.

*Stutt yfirlit um efni hvers kafla*

## 1. KAFLI Fyrst er að safna ...

Upphitun og kynning á viðfangsefni bókarinnar. Í kaflanum kemur fram að lífeyrismál og eftirlaunasparnaður eru oft vanmetin viðfangsefni í fjármálum einstaklinga. Þau fjalla um það hvernig við tryggjum fjárhagslegt öryggi á starfsævinni og hvernig við söfnum upp réttindum og eignum til að greiða eftirlaun í starfslok. Þegar kemur að starfslokum eru lífeyrisréttindi og eftirlaunasparnaður yfirleitt verðmætasta eignin og ætti fólk að hugsa um þessi mál í því samhengi.

## 2. KAFLI Réttindi í lífeyrissjóðum

Greiðslur úr lífeyrissjóðum eru stærsta „uppspretta“ tekna á eftirlaunaárunum. Á Íslandi eru allir vinnandi menn á aldrinum 16 til 69 ára skyldugir til að greiða 10% af heildarlaunum í lífeyrissjóð. Í kaflanum er fjallað um íslensku lífeyrissjóðina og þau mikilvægu réttindi sem þeir veita. Einnig er fjallað um fjárhagslega afkomu sjóðanna og hæfi þeirra til að standa við skuldbindingar sínar.

## 3. KAFLI Viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður

Viðbótarsparnaður er nauðsynlegur til að tryggja óbreytt lífsmynstur á eftirlaunaárunum. Viðbótarsparnaður getur verið bæði viðbótarlífeyrissparnaður, sem er sérstaklega hagstæður sparnaður en er bundinn til 60 ára aldurs og annar sparnaður sem er alltaf laus. Í kaflanum er að finna lýsingu á báðum þessum sparnaðarformum og samanburð á þeim.

## 4. KAFLI Hver er staða þín?

Það er ekki hægt að skipuleggja eftirlaunasparnaðinn og velja persónutryggingar ef maður veit ekki hver núverandi staða er. Í kaflanum er fjallað um hvaða upplýsingum þarf að safna til þess að meta hver eftirlaunin verða í starfslok,

miðað við núverandi lífeyrisréttindi og sparnað. Eins er skoðað hvaða bætur eru greiddar ef einstaklingur missir starfsgetu eða fellur frá.

## 5. KAFLI Hvert skal stefna og hvernig er hægt að komast þangað?

Til þess að vita hvað þarf að leggja fyrir til eftirlaunaáranna er nauðsynlegt að setja sér raunhæf markmið til að stefna að. Að því loknu þarf að bera saman markmiðin og núverandi stöðu. Því næst er gerð áætlun um hvernig á að ná markmiðunum. Kaflinn fjallar um þetta og nokkrar leiðir til að auka eftirlaunin. Í öllum áætlunum verður að gera ráð fyrir að forsendur geti breyst, til dæmis vegna starfsorkumissis eða andláts. Fjallað er um leiðir til að tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar við slíkar aðstæður.

## 6. KAFLI Um ávöxtun eftirlaunasparnaðar

Fjölmargar leiðir bjóðast til að ávaxta eftirlaunasparnað. Val á ávöxtunarleið fyrir eftirlaunasparnað er mjög mikilvæg ákvörðun sem getur haft afgerandi áhrif á fjárhagslega afkomu á eftirlaunaárunum. Í kaflanum er fjallað um þetta og farið yfir nokkur góð ráð um ávöxtun eftirlaunasparnaðar til að tryggja að markmið um eftirlaun náist.

## 7. KAFLI ... svo er hægt að eyða

Þegar kemur að töku lífeyris er mikilvægt að skipuleggja sig vel. Mikilvægt er að þekkja rétt sinn til eftirlauna. Í kaflanum er fjallað um tekjur eftirlaunaþega og reglur sem gilda um töku lífeyris. Kaflanum lýkur með umfjöllun um fráfall maka og flutning eigna milli kynslóða.

### VIÐAUKI I. Um lífeyriskerfi annarra þjóða

Allar þjóðir vilja tryggja öldruðum góð eftirlaun. Þjóðir hafa hins vegar farið ólíkar leiðir til þess og eru misjafnlega í stakk búnar til að ná þessu markmiði. Í viðaukanum er fjallað almennt um þessi mál og farið yfir hvernig nokkrar aðrar þjóðir fara að. Í seinni hluta viðaukans er fjallað um lífeyrismál Íslendinga sem vinna tímabundið erlendis og útlendinga á Íslandi.

### VIÐAUKI II. Mat á núverandi stöðu

Birt eru sýnishorn af eyðublöðum til að nota við að safna saman upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi, persónutryggingar og annan sparnað. Tilgangurinn er að nota þessar upplýsingar til að meta hvaða eftirlaunum lesandi getur átt von á en einnig til að meta tekjur og bætur sem greiddar eru ef einstaklingur missir starfsgetu vegna örorku eða ef hann fellur frá. Eyðublöðin er hægt að prenta út í fullri stærð í Skjóðunni, forriti sem er einkar handhægt við að reikna dæmi um eftirlaun miðað við mismunandi forsendur.



# Fyrst er að safna ...

## 1

Lífeyrismál og eftirlaunaspárnaður eru mikilvæg en oft vanmetin viðfangsefni í fjármálum einstaklinga. Þau skipta sköpum varðandi fjárhagslegt öryggi, bæði á starfsævinni og þó ekki síst á eftirlaunaárunum þegar afkoman er háð því hvernig til hefur tekist. Í þessu efni er hver sinnar gæfu smiður.

Með aðild að lífeyrissjóðum ávinna einstaklingar sér verðmæt lífeyrisréttindi en í þessari bók er því haldið fram að flestir þurfi þó að eiga stærri sjóð við starfslok en lífeyrissjóðsaðildin ein veitir. Afkoma á eftirlaunaárunum ræðst að langmestu leyti af því hversu dugleg við erum að leggja fyrir á starfsævinni.

Í þessum kafla er fjallað almennt um þessi mál og er markmiðið að vekja áhuga lesandans á viðfangsefninu. Hugarfarsbreyting er nauðsynleg hjá flestum. Bent er á að í starfslok sé eftirlaunaspárnaður verðmætasta eignin og er fólk hvatt til að hugsa um þessi mál í því samhengi. Á sama hátt og fólk lítur eftir og viðheldur fasteigninni sinni er nauðsynlegt að fylgjast með og líta eftir eftirlaunaspárnaðinum sínum.

*Í þessum kafla:*

- Eftirlaunaárin, fjórðungur af fullorðinsárunum
- Verðmætasta eignin
- Eftirlaunaspárnaður jafnar tekjur yfir ævina
- Að láta tímann vinna með sér
- Tekjur á eftirlaunaárunum
- Taktu sjálfur ákvörðun um starfslok
- „Hvert [aldursskeið] hefur sinn tíma“

### „Mér leiðast lífeyrismál“

Einu sinni las ég bréf frá sjóðfélaga sem óskaði eftir að hitta ráðgjafa til að ræða við hann um lífeyrismál. Í bréfinu komu fram upplýsingar um tekjur og áunnin lífeyrisréttindi. Í lok bréfsins varpaði sjóðfélaginn fram nokkrum spurningum sem hann bað okkur að hugleiða fyrir sig. Bréfinu lauk síðan með þessum orðum: „Ég vil ekki stoppa lengi af því að mér leiðast lífeyrismál.“

Þessi setning vakti mig til umhugsunar. Í gegnum tíðina hef ég reyndar oft heyrt að fólki finnist lífeyrismál flókin og lítið spennandi, jafnvel leiðinleg. Þetta var hins vegar í fyrsta skipti sem ég hafði fengið þá skoðun skjalfesta.


Það er mikill misskilningur að halda að lífeyrismál séu leiðinleg. Þau eru stór hluti af fjármálum einstaklinga og eru í raun alveg bráðskemmtileg. Miðað við meðalaldur þjóðarinnar eru eftirlaunaárin um það bil fjórðungur fullorðinsáranna. Íslendingar geta átt von á því að lifa í 15–25 ár eftir að þeir hætta að vinna. Hver vill ekki njóta þeirra ára vel? Hver hefur ekki gaman af að láta sig dreyma um góðan frítíma? Hversu oft hefur maður ekki heyrt fólk segja að það stefni að því að eyða meiri tíma í að sinna áhugamálunum eða ferðast eftir starfslok? Um þetta snúast lífeyrismálin og þess vegna eru þau skemmtileg.

Hvernig getur fólk látið draumana rætast? Jú, með því að safna réttindum og lífeyrissparnaði á starfsævinni og lifa á honum eftir starfslok. Afkoman á þeim tíma ræðst að langmestu leyti af því hve mikið hefur verið lagt fyrir á þeim hluta ævinnar sem unnið er fyrir tekjum. Ef vel hefur verið hugað að því að safna í sjóð, tekur hann við sem fyrirvinna.

Ég frétti síðar að bréfritari hefði komið og átt langt samtal við ráðgjafa um lífeyrismálin. Þetta samtal vakti það mikinn áhuga hjá honum að hann kom aftur seinna til að fá nánari upplýsingar.

## Fólk lifir lengur en áður

Áætlaður meðalaldur eftirlaunaþega



Heimild: Hagstofa Íslands

**Mynd 1.1** Myndin sýnir hvernig meðalævi Íslendinga hefur lengst á árunum 1901–2000. Samkvæmt þessu getur 65 ára einstaklingur í byrjun 21. aldarinnar búist við því að lifa í 19 ár til viðbótar. Í byrjun 20. aldarinnar var þessi tími 12 ár og um miðja 20. öldina 16 ár.

## Eftirlaunaárin, fjórðungur af fullorðinsárunum

Ævinni má skipta í þrjú skeið, uppvaxtarárin, starfsævina og eftirlaunaárin. Á uppvaxtarárunum sjá foreldrar eða aðrir aðstandendur um framfærsluna en eftir að fullorðinsárin taka við er hver sinnar gæfu smiður. Á eftirlaunaárunum vilja flestir minnka við sig vinnu eða hætta alveg. Til þess þarf fólk að lifa af lífeyri og tekjum af sparifé. Eftirlaunaárin eru sérstök að því leyti að fjárhagsleg afkoma ræðst að mestu af fortíðinni, af því hversu mikið hefur verið lagt fyrir á starfsævinni.

Með hækkandi meðalaldri verða eftirlaunasparnaður og lífeyrismál æ mikilvægari fyrir einstaklinga. Eftirlaunaárin eru oft fjórðungur af fullorðinsárunum og margir geta átt von á því að lifa í 15 til 25 ár eftir að þeir hætta að vinna. Það er því mikilvægt fyrir hvern og einn að gefa þessum málum gaum og huga að því að byggja upp sjóð eða réttindi til að tryggja tekjur eftir að vinnu lýkur.

## Verðmætasta eignin

Hlutur lífeyrismála í fjármálum einstaklinga er vanmetinn, sérstaklega í ljósi þess að inneign og/eða réttindi í lífeyrissjóðum og annar eftirlaunasparnaður er oftast stærsti hluti eigna fólks við starfslok. Þegar upp er staðið eftir langa starfsævi er lífeyrissparnaðurinn yfirleitt verðmætasta eign fólks en ekki húsið, bíllinn eða



**Það þarf margar milljónir!**

Hvað þarf að eiga mikið til að tryggja sér 100 til 300 þúsund kr. á mánuði í 10 til 20 ár?

Mánaðarlegar tekjur í þúsundum króna	100	200	300
Sjóður í milljónum króna endurgreiddur á 10 árum	10	19	29
Sjóður í milljónum króna endurgreiddur á 15 árum	13	26	39
Sjóður í milljónum króna endurgreiddur á 20 árum	16	32	48

Miðað við 4,5% raunvexti á ári

**Tafla 1.1** Ef einstaklingur vill tryggja sér 100 þúsund króna tekjur í 10 ár þarf hann að eiga 10 milljónir króna, en 16 milljónir ef sjóðurinn á að duga fyrir þeim tekjum í 20 ár. Ef hjón vilja hafa 300 þúsund krónur á mánuði í eftirlaun í 15 ár þurfa þau að eiga 39 milljónir króna!


sumarbústaðurinn. Til þess að tryggja sér sambærilegar tekjur og einstaklingur hafði í laun þarf að eiga sjóð til að standa undir mánaðarlegum tekjum. Tafla 1.1 sýnir hvað þarf að eiga mikið í sjóði til að tryggja sér 100, 200 eða 300 þúsund krónur á mánuði í 10, 15 eða 20 ár.

Fæstir gera sér grein fyrir hversu verðmæt réttindi í lífeyrissjóðum eru. Yfirleitt tryggja lífeyrissjóðir sjóðfélögum sínum rétt á lífeyrisgreiðslum frá viðmiðunaráldri (65–70 ára, mismunandi eftir sjóðum, oftast 67 ára) til æviloka. Þessu til viðbótar greiða lífeyrissjóðir örorkulífeyri ef sjóðfélagi verður öryrki, makalífeyri við fráfall og barnalífeyri til barna undir 18–22 ára aldri við örorku og fráfall. Til að standa undir þessum réttindum þurfa lífeyrissjóðir að eiga sjóð. Sem dæmi má nefna að til að tryggja 100.000 kr. lífeyri á mánuði frá 65 ára aldri til æviloka auk makalífeyris við fráfall þarf lífeyrissjóður að eiga a.m.k. 20 milljónir króna. Ef hjón eiga hvort um sig rétt á 100.000 krónum þarf lífeyrissjóðurinn að eiga 40 milljónir.

Mynd 1.2 sýnir áætlaðar meðaleignir 67 ára hjóna í árslok 2002. Upplýsingar um aðrar eignir en lífeyrisréttindi eru raunverulegar tölur sem eru fengnar úr skattframtölum. Samkvæmt þeim eru heildareignir hjóna án lífeyrisréttinda 21 milljón og skuldir 3 milljónir. Eignirnar skiptast í fasteign að verðmæti 13 milljónir, sparnaður er 5,3 milljónir og bifreið og aðrar eignir eru metnar á 2,2 milljónir. Verðmæti sparnaðarinnar er að öllum líkindum vanmetið þar sem hlutabréfaeign er talin fram á nafnverði.

Verðmæti lífeyrisréttinda eru metin með því að reikna réttindin út frá meðaltekjum eftir aldri á árinu 2002. Ef gert er ráð fyrir að annað hjóna hafi greitt í lífeyrissjóð í 30 ár og hitt í 15 ár er áætlað verðmæti lífeyrisréttinda 24 milljónir. Heildareignir eru því 45 milljónir að meðtöldum lífeyrisréttindum. Tímalengdin er valin með tilliti til þess að almennu lífeyrissjóðirnir tóku ekki til starfa fyrr en árið 1970 og lífeyrissjóðsiðgjöld voru almennt ekki greidd af heildarlaunum fyrr en á árunum 1987 til 1990. Ef bæði hjónin hefðu hins vegar greitt í lífeyrissjóð af heildar-

### Meðaleignir 67 ára hjóna í árslok 2002



Heimild: Fjármálaráðuneytið. Upplýsingar úr skattframtölum 2002

**Mynd 1.2** Eftirlaunasparnaður er verðmætasta eignin. Ef lífeyrisréttindi eru metin til fjár er verðmæti þeirra 24 milljónir, eða 54% af eignum. Ef lífeyrisréttindi og sparnaður eru talin saman sem eftirlaunasparnaður er hann 66% eignanna.

launum í 35 ár væru lífeyrisréttindi þeirra metin á 36 milljónir og vægi þeirra af heildareignum væri 64%. Eftirlaunasparnaður er því sannarlega verðmætasta eign einstaklinga í starfslok.

Fólk ætti að hugsa um lífeyrismálin í þessu samhengi. Flestir þekkja tilfinninguna sem fylgir því að kaupa nýjar eignir og oft á tíðum eyðir fólk löngum tíma í að velja eignina sem það ætlar að kaupa. Þegar fasteign er keypt er það yfirleitt gert að vel athuguðu máli eftir langan undirbúning og mikla yfirlegu. Oft er jafnvel heilmikill aðdragandi að því að kaupa þvottavél eða myndavél. Fyrst er leitað eftir upplýsingum hjá vinum og kunningjum, síðan kíkt á heimasíður og í blöð og loks keyrt á milli búða til að bera saman verð og gæði. Eftir að eignin hefur verið keypt reynir fólk að fara vel með hana til að tryggja að hún endist vel.

Það sama ætti að gilda um lífeyrismálin. Hér á landi er það að vísu þannig að fæstir hafa val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða lágmarksíðgjald en það er ákveðið í kjarasamningum. Fólk ætti samt að gefa sér tíma til að kynna sér hvaða réttindi það fær í lífeyrissjóðnum sínum og fylgjast með rekstri hans á sjóðfélagafundum eða á heimasíðu sjóðsins. Þeim sem geta valið sér lífeyrissjóð er ráðlagt að skoða vandlega hvaða réttindi sjóðir bjóða og kynna sér hvernig sjóðirnir eru reknir, fjárhagsstöðu þeirra og hvernig þeir ávaxta fjármuni sjóðfélaga. Í 2. kafla er fjallað um lífeyrissjóði og þau réttindi sem þeir veita en í 6. kafla er fjallað um ávöxtun eftirlaunasparnaðar og heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga.

Ef um annan lífeyrissparnað er að ræða, t.d. viðbótarlífeyrissparnað eða annan

frjálsan sparnað, er fólki ráðlagt að velja ávöxtunarleið og vörsluaðila af kostgæfni og fylgjast síðan með sparnaði sínum eins og hægt er. Nauðsynlegt er að fara reglulega yfir eignasamsetningu sparnaðarins og gera breytingar ef eignahlutföll eru önnur en stefnt er að. Um þetta er fjallað í 6. kafla.

## Eftirlaunasparnaður jafnar tekjur yfir ævina

Allar fjárhagslegar ákvarðanir eru tengdar og ákvörðun á einu tímabili hefur áhrif síðar. Þessu er mikilvægt að átta sig á. Því fyrr sem byrjað er að spara til eftirlaunaáranna því minna þarf að leggja fyrir í einu, því minni íbúð sem keypt er þeim mun meira er afgangur af tekjunum til að nota í eitthvað annað, þar á meðal sparnað. Þannig mætti lengi telja.

Til þess að fá betri yfirsýn yfir fjármálin er gagnlegt að skoða hvernig laun, eignir og skuldir þróast hjá fólki á ýmsum æviskeiðum.


Á fyrri hluta starfsævinnar eru flestir að koma sér fyrir á vinnumarkaðnum og koma sér upp fjölskyldu. Tekjur eru að jafnaði lágar framan af en hækka með aukinni starfsreynslu og ábyrgð í starfi. Útgjöld eru hlutfallslega há á fyrri hluta starfsævinnar vegna þess að það er dýrt að byrja að búa og eignast börn. Um þritugt er algengt að fólk kaupi sér íbúð og íbúðarkaupin eru yfirleitt fjármöggnuð að stórum hluta með lánnum. Fimm til tíu árum síðar er dæmigert að farið sé að huga að stækkun íbúðarinnar með stækkandi fjölskyldu. Skuldir eru því að jafnaði miklar framan af og greiðslubyrði vegna þeirra þung.

Á miðjum aldri ná tekjur hámarki og skuldir taka að minnka. Jafnframt má búast við því að útgjöld lækki þegar börnin verða uppkomin og fara að sjá um sig sjálf. Á þessum hluta ævinnar er svigrúmið mest til sparnaðar og þá myndast stærsti hluti þess sparnaðar sem fólk eignast um ævina. Þeir sem vilja tryggja fjárhagslega afkomu sína á eftirlaunaárunum ættu að hyggja vel að þeim málum á þessu æviskeiði.

Á eftirlaunaárunum draga flestir úr vinnu eða hætta alveg. Í stað þess að fá launatekjur þurfa þá flestir að lifa af lífeyrisgreiðslum og tekjum af sparifé. Margir velja þennan tíma til að minnka við sig í húsnæði og draga þannig úr gjöldum og auka tekjur af fjármagni. Á eftirlaunaárunum eru skuldir að jafnaði litlar. Ef svo er dregur nokkuð úr fjárþörf. Hins vegar er öllum erfitt að þurfa að draga saman seglin þegar loksins gefst tími til að njóta þess sem hugurinn stendur til. Afkoman veltur á því hversu mikla fyrirhyggju fólk hefur sýnt á starfsævinni varðandi undirbúning þessa tíma.

Mynd 1.3 sýnir meðaltekjur eftir aldri á árinu 2002. Tekjur eru lægstar í upphafi starfsævinnar en hækka síðan með aldrinum með aukinni starfsreynslu og ábyrgð. Launin eru hæst á aldrinum 45 til 50 ára en lækka síðan þegar líður að starfslokum.

### Laun eru breytileg eftir aldri



Heimild: Fjármálaráðuneytið. Upplýsingar úr skattframtölum 2002.

**Mynd 1.3** Myndin sýnir meðaltekjur einstaklinga eftir aldri á árinu 2002. Tekjur eru lægstar í upphafi starfsævinnar en ná hámarki á aldrinum 45–50 ára. Síðan lækka þær aftur eftir því sem nær liður starfslokum.


Launin hækka að jafnaði um 3,7% á ári uns þau ná hámarki við 48 ára aldur en lækka síðan um 1,8% á ári til 67 ára aldurs.

Fyrir þá sem eru að leggja fyrir til eftirlaunaáranna eru það að vissu leyti slæmar fréttir að laun nái hámarki innan við fimmtugt því þá eru ekki eftir nema um 20 ár til starfsloka. Þegar safna þarf háum fjárhæðum skiptir sparnaðartíminn afar miklu máli. Það munar miklu hvort lagt er fyrir í 30 ár eða 20 ár. Ef vextir eru til dæmis 4,5% þá verður 1 króna að 2,4 krónum eftir 20 ár en 3,7 krónum á 30 árum. Á 20 árum vex krónan um 140% en á 30 árum um 274%.

Mynd 1.4 sýnir tölur um þróun eignarskattstofns og skulda eftir aldri. Myndin sýnir hvernig eignarskattstofn hækkar jafnt og þétt alla starfsævina en lækkar síðan á eftirlaunaárunum þegar fólk byrjar að lifa á eignum sínum eða ganga á eignir til að auka við sig tekjur. Skuldir eru að jafnaði hæstar á aldrinum 35 til 40 ára en lækka síðan eftir það.

Myndir 1.3 og 1.4 sýna og staðfesta að svigrúmið til að leggja fyrir er mest upp úr miðjum aldri þegar tekjur eru í hámarki og skuldir eru byrjaðar að lækka. Afar mikilvægt er fyrir fólk á þessu aldursskeiði að gera sér grein fyrir þessu og nýta sér tækifærið til að leggja fyrir. Þetta á sérstaklega við ef líkur eru á að tekjur lækki verulega í starfslok miðað við þau lífeyrisréttindi sem einstaklingurinn hefur þegar áunnið sér og eftirlaunasparnað hans.

### Þróun eigna og skulda hjá einstaklingum



Heimild: Fjármálaráðuneytið. Upplýsingar úr skattframtölum 2002.

**Mynd 1.4** Myndin byggist á tölum sem fengnar eru úr skattframtölum einstaklinga fyrir árið 2002. Á henni sést hvernig fólk byggir smám saman upp eignir þar til eftirlaunaaldri er náð. Jafnframt sést hvernig skuldir byrja að minnka þegar komið er fram á fimmtugsaldurinn.

Eftirlaunasparnaður er til þess að jafna tekjustreymi á ævinni. Ef ekkert er lagt fyrir á starfsævinni verður tekjuþróunin að öllum líkindum eins og sýnt er á mynd 1.3 en eftir það falla tekjur niður. Þá er ekki annað í stöðunni en að treysta á að ríkið og samborgararnir sjái viðkomandi fyrir framfærslu. Mynd 1.5 sýnir hvers vegna það er nauðsynlegt að horfa fram á veginn og leggja fyrir til eftirlaunaáranna. Á myndinni sést hvernig eftirlaunasparnaður jafnar tekjur á ævinni.

### Að láta tímann vinna með sér


Á síðustu árum hefur það fæst í vöxt að fólk kjósi að hætta fyrir að vinna en áður og eins er meira um að fólki sé gert að hætta áður en eftirlaunaaldri er náð. Þessi staðreynd eykur enn mikilvægi þess að hugsa fram í tímann. Framan af starfsævinni finnst sjálfsagt flestum ótímabært að hugsa um eftirlaunin enda langt í starfslok og um nóg annað að hugsa. Þegar líður að starfslokum vakna hins vegar margir upp við vandan draum og sjá fram á yfirvofandi tekjuskerðingu.

Besta leiðin til þess að eignast sparifé og eignir er reglulegur sparnaður. Til að hafa 200 þúsund krónur í mánaðarlegar tekjur af eignum sínum í 10 ár þarf að eiga tæpar 20 milljónir. Þess háttar fjárhæð fæst ekki fyrirhafnarlaust. Slíka upphæð leggur enginn fyrir í einu lagi nema með því að vinna í happdrætti. Tafla 1.2 sýnir

## Af hverju eftirlaunasparnaður?


**Mynd 1.5** Myndirnar sýna tekjur einstaklings sem byrjar að vinna 25 ára en fer út af vinnumarkaði 67 ára. Byrjunarlaunin eru 150 þúsund krónur en hækka smám saman upp undir 300 þúsund. Þegar einstaklingurinn er 56 ára dregur hann úr vinnu og launin lækka þannig að í starfslok eru mánaðarlaunin 255 þúsund krónur. Eftir það geta tekjurnar verið með ýmsu móti eftir því hvernig hann hefur búið sig undir „hin gullnu ár“. Til einföldunar er ekki reiknað með neinum ellilífeyrisgreiðslum frá almannatryggingum á eftirlaunaárunum.

### Launatekjur einstaklings




Launatekjur einstaklingsins eru 150 þúsund krónur mánuði þegar hann hefur störf en 255 þúsund í starfslok.

### Launatekjur og meðallaun




Rauða línan sýnir meðallaun á starfsævinni en þau eru 89% af lokalaunum. Frá 67 ára aldri fær hann engar launatekjur og ef ekkert hefur verið lagt fyrir á starfsævinni hættir tekjustreymið um leið og hætt er að vinna. Afkoman er þá alveg undir því komin hvernig ellilífeyrisgreiðslum frá ríkinu er háttað.

### Lífeyrissjóður tryggir tekjur til æviloka



Með því að greiða 10% af launum í lífeyrissjóð lækka tekjurnar sem nemur iðgjaldi hans. Gula línan sýnir hvernig tekjur einstaklingsins á starfsævinni lækka um 4%. Í staðinn tryggir hann sér lífeyrisgreiðslur frá 67 ára aldri til æviloka sem nema 59% af meðallaunum og 52% af lokalaunum.

### Eftirlaunasparnaður jafnar tekjur á ævinni



Með því að leggja fyrir 2% af launum í viðbótarlífeyrissparnað á aldrinum 30 til 39 ára og 4% frá 40 ára aldri til starfsloka lækka nettótekjur á starfsævinni eins og græna línan sýnir. Hins vegar tryggir hann sér eftirlaun fyrstu 15 árin eftir starfslok sem eru jöfn meðallaunum hans á starfsævinni.

### Hvað þarf að leggja mikið fyrir?

Hve mikið þarf að leggja fyrir til að eignast 10, 20 eða 30 milljónir miðað við mismunandi langan sparnaðartíma?

Sjóður í milljónum króna	10	20	30
Mánaðarlegur sparnaður í 10 ár í þúsundum króna	66	133	199
Mánaðarlegur sparnaður í 20 ár í þúsundum króna	26	52	78
Mánaðarlegur sparnaður í 30 ár í þúsundum króna	13	27	40
Mánaðarlegur sparnaður í 40 ár í þúsundum króna	8	15	23

Miðað við 4,5% raunvexti á ári

**Tafla 1.2** Ef ætlunin er að eignast 20 milljóna króna sjóð á 10 árum þarf að leggja fyrir 133.000 krónur á mánuði en ef sparnaðartíminn er 30 ár þarf ekki að leggja fyrir nema 27.000 krónur á mánuði til að ná takmarkinu.

hvað skiptir miklu máli að byrja snemma að safna til elliáranna og láta tímann vinna með sér.


Ávöxtunartíminn skiptir gríðarlega miklu máli vegna áhrifa vaxtavaxta. Sem dæmi má nefna að til að eignast 20 milljónir þarf að leggja fyrir 52 þúsund krónur á mánuði ef sparnaðartíminn er 20 ár. Ef 10 árum er bætt við sparnaðartímann lækkar fjárhæð mánaðarlegs sparnaðar um tæp 50% en ef sparnaðartíminn styttest um 10 ár þarf mánaðarlegur sparnaður að hækka um rúmlega 150%.

Vaxtavextir eru eitt af lykilhugtökum þegar rætt er um lífeyrismál og eftirlauna-sparnað. „Töframáttur“ þeirra felst í því að sjóður vex hlutfallslega meira eftir því sem sparnaðartíminn er lengri og áhrifin stigmagnast með hverju ári sem bætt er við sparnaðartímann.

Þessi dæmi sýna að það er ekkert einfalt mál að byggja upp eignir og réttindi til að tryggja afkomu sína í starfslok. Til þess að ná árangri er mikilvægt að huga tímanlega að þessum málum og láta tímann vinna með sér. Því lengri tíma sem við höfum því minna þarf að leggja fyrir í einu og því meiri áhrif hafa vextirnir. Þeir sem geyma það fram eftir starfsævinni að búa sig undir starfslokun og eiga e.t.v. lítil lífeyrisréttindi mega búast við að þurfa að draga verulega saman seglin. Það er hins vegar aldrei of seint að byrja að hugsa um þessi mál en óneitanlega verða markmiðin að vera hógværi ef tíminn er stuttur.

Það skiptir miklu máli að setja sér raunhæf markmið og velja vel leiðir til að vinna að þeim. Það er til dæmis ekki raunhæft að reikna með að vextir verði alltaf 10% og ákveða sparnaðinn með tilliti til þess. Auðvitað er mögulegt að meðalávöxtunin verði þessi en það er betra að reikna með lægri ávöxtun og miða sparnaðinn við það. Ef ávöxtunin verður hærrí er hægt að líta á auknar eignir sem bónus sem geri það mögulegt að draga úr sparnaðinum síðustu ár starfsævinnar.

## Fyrst er að safna – svo er hægt að eyða



**Mynd 1.6** Fullorðinsárunum má skipta í tvö tímabil, söfnun og lífeyrisgreiðslur. Fyrri tímabilið er notað til að búa í haginn fyrir seinna tímabilið með því að spara. Á seinna tímabilinu er svo hægt að lifa á eignum og réttindum sem safnað var á því fyrri. Því fyrr sem byrjað er að vinna því lengri tími gefst til að safna. Því fyrr sem hætt er að vinna því minni tími er til að safna og þá þarf að leggja meira fyrir í einu.

## Tekjur á eftirlaunaárunum

Tekjur í starfslok eru venjulega þrenns konar.

1. Grunnlífeyrir almannatrygginga.
2. Tekjur úr lífeyrissjóðum.
3. Aðrar tekjur.

Ellilífeyri almannatrygginga má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða grunnlífeyri sem er greiddur til allra sem orðnir eru 67 ára og hafa átt lögheimili hér á landi a.m.k. þrjú ár á aldurs skeiðinu 17 til 67 ára. Grunnlífeyrir skerðist ef eigin tekjur einstaklinga og hjóna fara yfir ákveðin tekjumörk. Hins vegar er greiddur tekjutengdur lífeyrir ef aðrar tekjur en frá almannatryggingum ná ekki tiltekinni fjárhæð. Í 7. kafla er fjallað lítillega um ellilífeyri almannatrygginga en þeim sem vilja leita nánari upplýsinga er bent á heimasíðu Tryggingastofnunar, [www.tr.is](http://www.tr.is).

Greiðslur úr lífeyrissjóði eru venjulega stærsti hluti tekna fólks á eftirlaunaárunum. Samkvæmt nágildandi lífeyrissjóðalögum er hlutverk lífeyrissjóðanna að tryggja sjóðfélögum sínum a.m.k. 56% af meðallaunum í ævilangan lífeyri frá 70 ára aldri miðað við að greitt sé af óbreyttum launum í 40 ár. Sumir lífeyrissjóðir tryggja meiri réttindi en það. Fjallað er um réttindi í lífeyrissjóðum í 2. kafla.

Aðrar tekjur hefur fólk til dæmis af viðbótarlífeyrissparnaði eða reglulegum sparnaði í bönkum og sparisjóðum, í verðbréfasjóðum eða með söfnunartrygging-



um. Með viðbótarsparnaði getur fólk bætt við tekjur sínar í starfslok og auk þess aukið sveigjanleikann á töku lífeyris. Um viðbótarlífeyrissparnað og annan sparnað er fjallað í 3. kafla.

### Taktu sjálfur ákvörðun um starfslok

Ekki eru allir sammála um mikilvægi eftirlaunasparnaðar. Sumir vilja vinna sem lengst, óttast það jafnvel að hætta að vinna og hafa kannski ekkert að gera. Margir sem eru þessarar skoðunar telja jafnvel líka að heilsan gefi sig þegar fólk hætti að vinna. Aðrir vilja helst hætta sem fyrst að vinna og geta þá eytt tímanum í að sinna fjölskyldunni og ýmsum áhugamálum. Þetta fólk óttast það helst að missa heilsuna áður en það fái tíma til að snúa sér að hugðarefnum sínum.

Það skiptir reyndar ekki máli hvert viðhorfið er. Aðalatriðið er að allir geti ráðið ferðinni sjálfir og tekið sínar eigin ákvarðanir, hver eftir sínu höfði og burtséð frá ytri aðstæðum. Svo er líka gott að geta skipt um skoðun ef svo ber undir.

Algengt er að eftirlaunaþegar tali um að þeir hefðu viljað hætta miklu fyrr að vinna en þeir hafi ekki treyst sér til þess vegna þess hve eftirlaunin eru lág. Svo eru aðrir sem þurfa að hætta að vinna og semja um starfslok áður en þeir eru tilbúnir til þess vegna þess að vinnuveitandinn fer fram á það. Í báðum tilvikum hefði komið sér vel að vera búinn að tryggja sér betri eftirlaun þegar þeir vildu taka eða þurftu að taka ákvörðun um að hætta að vinna fyrir sjötugt.

Það er óhætt að ráðleggja öllum að setja sér það markmið að koma sér í þá stöðu að geta sjálfir ákveðið hvenær þeir hætta að vinna. Það er mikilvægt að geta ráðið ferðinni í þessu efni og þá um leið verið sáttur við þá ákvörðun sem tekin er. Þess vegna er lögð á það megináhersla í þessari bók að fólk taki málin í eigin hendur og stefni að því að búa sig sem best má vera undir starfslokun, hvenær sem þau verða.

### „Hvert [aldurskeið] hefur sinn tíma“

Þegar rætt er um eftirlaunasparnað hafa sumir á orði að hann skipti engu máli. Þeir sem eru þeirrar skoðunar eru handvissir um að þeir geti unnið fram í rauðan dauðann og því sé um að gera að njóta lífsins og eyða peningunum á meðan þeir séu ungir og hraustir.

Þetta sjónarmið er þó tæpast vel ígrundað. Sem betur fer eru Íslendingar heilsu-  
hraust þjóð og tölfræðin segir okkur að óvíða eru lífslíkur hærri en hér á landi. Á eftirlaunaárunum ætti því mörgum að gefast tækifæri til að njóta lífsins og sinna ýmsum áhugamálum sem hafa setið á hakanum í dagsins önn. Til þess að njóta eftirlaunaáranna þurfa bæði heilsa og fjárhagur að vera í lagi. Við ráðum ekki miklu

um heilsuna en með svolítilli fyrirhyggju getum við haft veruleg áhrif á fjárhagslega afkomu á þessum árum.

Rómverski stjórnmalamaðurinn Marcús Túllíus Cíceró taldi að hann þyrfti að sætta sig við Elli kerlingu og ritaði heimspekiritið *Um ellina* fyrir meira en tvö þúsund árum eða nánar tiltekið árið 44 f. Kr. Samning ritsins varð honum svo hugnæm að allar þrautir ellinnar hörfuðu og hann komst að þeirri niðurstöðu að ellin væri bæði ljúf og farsæl. Á einum stað í ritinu fjallar Cíceró um þá staðhæfingu að ellin dragi úr þreki manns og kemst þannig að orði:

„Neytum kraftanna meðan þeirra nýtur við, en hörmum þá ekki þegar þeir þverra; nema ungir menn eigi ef til vill að trega bernsku sína og rosknir menn æskuna. Ævin er jafnan söm og náttúran stjórnar lífi voru á eina og óbrotna leið, og hvert aldurs skeið hefur sín sérkenni. Svo sem þrekleysi einkennir bernskuárin, lífsorka æskuskeiðið, virðuleiki og festa manndómsárin, þá býr ellin yfir þroska í eðli sínu, og hvert hefur sinn tíma (bls. 57 í útgáfu Hins íslenska bókmenntafélags, 1982.)”

Þessi orð eiga alveg eins við nú og fyrir tvö þúsund árum.



## Réttindi í lífeyrissjóðum

### 2

Íslendingar búa við gott lífeyriskerfi. Undirstaða þess eru lífeyrissjóðirnir sem eru stærsta uppspretta tekna á eftirlaunaárunum. Lífeyrissjóðirnir taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau til að tryggja sjóðfélögum réttindi í samræmi við samþykktir sjóðanna. Í kaflanum er fjallað um réttindi í lífeyrissjóðum og er markmiðið að lesandinn fái góða yfirsýn yfir þau, m.a. til að skilja og meta réttindi í þeim sjóðum sem hann hefur greitt í.

Ávinnsla lífeyrisréttinda er mismunandi milli lífeyrissjóða. Í flestum sjóðum ávinna sjóðfélagar sér jöfn réttindi alla ævina, óháð aldri, en nokkrir sjóðir úthluta réttindum eftir aldri. Einnig eru til sjóðir sem miða réttindin við laun eftirmanns í starfi.

Íslenskir lífeyrissjóðir eru yfirleitt fjárhagslega sterkir og vel reknir. Í lok kaflans er fjallað um afkomu þeirra og tryggingafræðilegt uppgjör en mikilvægt er fyrir fólk að fylgjast með rekstri og stöðu lífeyrissjóða sinna.

*Í þessum kafla:*

- Íslendingar eiga gott lífeyriskerfi
- Lífeyrissjóðir – besta tryggingin
- Lífeyrissjóðsiðgjöld
- Lágmarkstryggingavernd og réttindi í lífeyrissjóðum
  - *Ellilífeyrir · Örorkulífeyrir · Makalífeyrir · Barnalífeyrir*
  - *Maka- og barnalífeyrir milda fjárhagslegt áfall*
- Séreignarsjóður
- Um skiptingu ellilífeyrisréttinda
- Hvernig ávinnur þú þér réttindi?
  - *Jöfn réttindaávinnsla eða aldurstengd réttindi · Önnur réttindakerfi*
- Afkoma og tryggingafræðilegt uppgjör
- Einn mikilvægasti hornsteinninn

## „Af hverju þurfa lífeyrissjóðir að vera svona flóknir?“

Nýlega kom til mín sjóðfélagi og bað mig að fara yfir réttindi sín í lífeyrissjóðnum. Klukkan var að verða fjögur og vinnudeginum alveg að ljúka. Ég var að ganga frá á borðinu mínu en þennan dag ætlaði ég snemma heim til þess að fara með son minn á fótboltaæfingu. Ég hafði lofað honum því um morguninn og við slík loforð verður maður að standa. Það var engu að síður sjálfsagt að tala við sjóðfélagann enda gerði ég ráð fyrir að menn kæmu ekki með viðamikil erindi svona síðla dags.

Ég bauð manninum inn í fundarherbergi og við tókum tal saman. Hann sagði að sér hefði verið bent á að tala við mig og fá mig til að fara yfir lífeyrisréttindi sín. Fljótlega kom í ljós að maðurinn greiddi í tvo lífeyrissjóði. Við höfðum engar upplýsingar um annan sjóðinn og hann var raunar ekki viss um hvaða sjóður það væri. Ég taldi mig þó fara nokkuð nærri um það og gat áætlað á hvaða bili réttindi hans væru. Hins vegar ráðlagði ég honum að finna yfirlit frá sjóðnum eða fara á skrifstofu sjóðsins og fá þar nákvæmar upplýsingar.


Þá sagðist hann vera með einkarekstur til hliðar við aðalstarf sitt og spurði mig í hvorn sjóðinn hann ætti að greiða iðgjöld af launum sínum þar. Ég svaraði honum með því að fara yfir uppbyggingu beggja sjóðanna sem er ólík og taldi upp kosti og galla þeirra.

Fljótlega tók ég eftir því að maðurinn var farinn að líta á klukkuna og hættur að fylgjast almennilega með. Ég var sjálfur orðinn órólegur því viðtalið var farið að dragast á langinn. Mér fannst líka að mér hefði ekki tekist nógu vel að útskýra málið fyrir manninum og ákvað því að taka af skarið og ráðleggja honum hvorn sjóðinn hann ætti að velja. Hann varð augljóslega mjög feginn og þakkaði fyrir sig. Þegar hann stóð upp leit hann á mig og sagði: „Af hverju þurfa lífeyrissjóðir að vera svona flóknir?“

Það er rétt að lífeyrissjóðir eru flóknir. Hins vegar eiga allir að geta sett sig inn í skipulag þeirra og uppbyggingu en til þess þarf að gefa sér tíma. Upplýsingar um sjóðina eru oftast vel aðgengilegar á vefsíðum þeirra en svo er líka hægt að hafa samband við sjóðina og fá þar allar upplýsingar sem á þarf að halda. Þeim tíma er þó vel varið þegar tillit er tekið til þess að þarna er um að ræða einhverja mikilvægustu eign hvers einstaklings.

Ég náði að mæta tímanlega á fótboltaæfinguna og naut þess að horfa á hana. Það er ekkert sem jafnast á við að horfa á yngstu kynslóðina leika sér og tileinka sér nýja hluti.

### Eignir lífeyrissjóða í árslok 2001 sem % af landsframleiðslu í nokkrum löndum



**Mynd 2.1** Hlutfall eigna lífeyrissjóða af landsframleiðslu er oft notað sem mælikvarði á uppsöfnun lífeyrissparnaðar. Ef litið er á hlutfallið hjá nokkrum af auðugustu þjóðum heims var Ísland í fimmta sæti í árslok 2001. Það var aðeins í Bandaríkjunum, Bretlandi, Hollandi og Sviss sem hlutfallið var hærra.

## Íslendingar eiga gott lífeyriskerfi

Íslendingar búa við gott lífeyriskerfi. Eignir lífeyrissjóða sem hlutfall landsframleiðslu eru með því hæsta sem þekktist í heiminum sem þýðir að Íslendingar hafa safnað meiru til að greiða lífeyri en flestar aðrar þjóðir. Í ársbyrjun 2003 námu eignir íslenskra lífeyrissjóða 87% af landsframleiðslu og stefnir í að hlutfallið fari upp fyrir 100% á næstu árum ef eignir sjóðanna halda áfram að vaxa eins og verið hefur undanfarin ár.

Styrkur íslenska lífeyriskerfisins felst í sjóðsöfnun, víðtækri þátttöku og samtryggingu. Með sjóðsöfnun er átt við að eignir eru lagðar fyrir jafnóðum og réttinda er aflað til þess að greiða lífeyri síðar. Kerfið byggist á því að sá sem fær lífeyrisgreiðslur hefur áður sparað og byggt upp sjóð til að greiða lífeyri. Andstæðan við sjóðsöfnunarkerfi er gegnumstreymiskerfi sem byggist á því að lífeyrisgreiðslur eru fjármagnaðar af samtímasköttum eða iðgjöldum. Helsti gallinn við slíkt kerfi er að aldurssamsetning þjóða er breytileg og þegar þjóðir eldast þurfa fáir að greiða lífeyri til margra.

Annar kostur við íslenska lífeyriskerfið er víðtæk þátttaka vegna skylduaðildar að lífeyrissjóðum. Flestir eru sammála um að það sé rétt stefna að öllum vinnandi mönnum sé gert skylt að greiða lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð og ávinna sér þannig lífeyrisréttindi. Hins vegar er umdeilt að flestir launþegar eru skyldaðir til að greiða

Í einhvern tiltekinn lífeyrissjóð en geta ekki valið hann sjálfir. Viðtæk þátttaka tryggir að hægt sé að byggja upp öflugan lífeyrissjóði sem geta í krafti stærðar og áhættudreifingar greitt sjóðfélögum sínum góðan lífeyri.

Þriðji kosturinn við kerfið er samtrygging sem felst í því að sjóðfélagar verja hver annan og fjölskyldur sínar fyrir tekjumissi vegna örorku eða andláts. Samtryggingin felst einnig í því að þeir sem deyja fyrir aldur fram skilja eftir sig sjóð sem tryggir þeim sem lifa lengur lífeyri til æviloka. Enginn veit sína ævina fyrr en öll er og með samtryggingu búa sjóðfélagar sér til sameiginlega vörn gegn hugsanlegum tekjumissi í framtíðinni og sameiginlegan sjóð til að greiða lífeyri til æviloka.

## Lífeyrissjóðir – besta tryggingin

Tilgangur lífeyrissjóða er að tryggja sjóðfélögum sínum ellilífeyri frá viðmiðunaraldri til æviloka auk þess að verja þá og fjölskyldur þeirra fyrir tekjumissi vegna örorku (örorku- og barnalífeyrir) og andláts (maka- og barnalífeyrir). Viðmiðunaraldur ellilífeyrisgreiðslna er mismunandi milli sjóða en yfirleitt er hann á aldursbilinu 65 ára til sjötugs.

### Lífeyrissjóðir byggja á sjóðsöfnun

Eignir	Skuldbindingar
Sjóður til að greiða réttindi	Ellilífeyrir Örorkulífeyrir Makalífeyrir Barnalífeyrir

**Tafla 2.1** Hlutverk lífeyrissjóða er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau til þess að geta greitt sjóðfélögum lífeyri.

Lífeyrissjóðir taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau á þann hátt að unnt sé að greiða sjóðfélögum þann lífeyri sem tilgreindur er í samþykktum hvers sjóðs. Lífeyrissjóðir eru sérstakir lögaðilar sem starfa samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í daglegu tali eru þessi lög oft nefnd lífeyrissjóðalögin. Lífeyrissjóðirnir starfa samkvæmt starfsleyfi frá fjármálaráðuneytinu og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum eiga allir vinnandi menn á aldrinum 16 til 69 ára að greiða iðgjald í lífeyrissjóð sem nemur að minnsta kosti 10% af heildarlaunum. Allir eru skyldugir til að eiga aðild að þeim lífeyrissjóði sem vísað er til í kjarasamningi þeirra eða ráðningarsamningi. Ef enginn kjarasamningur tekur til viðkomandi starfssviðs eða samningsbundin starfskjör eru ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur sjóðanna leyfa.

Lífeyrissjóðir eru svokallaðir samtryggingarsjóðir en margir þeirra starfrækja einnig séreignarsjóði eða séreignardeildir. Með samtryggingarsjóði er átt við sjóð þar sem sjóðfélagar ávinna sér lífeyrisréttindi með greiðslu iðgjalda en eignast ekki peningalega inneign í sjóðnum. Í samtryggingarsjóðum sameinast sjóðfélagar um að tryggja hver öðrum lífeyrisgreiðslur til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri við tekjumissi vegna örorku eða andláts. Í séreignarsjóðum eða séreignardeildum eru iðgjöld sjóðfélaga hins vegar færð á sérreikning sjóðfélaga ásamt ávöxtun. Aftar í þessum kafla verður réttindum í lífeyrissjóðum og eiginleikum séreignarsjóða lýst nánar.

## Lífeyrissjóðsiðgjöld

Greiðsla í lífeyrissjóð er kölluð lífeyrissjóðsiðgjald. Iðgjaldið skal greiða mánaðarlega og er gjalddagi tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil. Eindagi er síðasti dagur mánaðarins og ef iðgjöldin eru greidd síðar reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Launagreiðendur eru skyldugir til að draga iðgjaldahluta launþega frá launum og greiða hann til lífeyrissjóðs ásamt mótframlagi sínu.

Lífeyrissjóðsiðgjald er reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjaldi fyrir hvers konar vinnu. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og annar útlagður kostnaður telst ekki til iðgjaldsstofns. Iðgjöld launþega dragast frá skattskyldum tekjum hans og launagreiðandi getur dregið framlag sitt frá tekjum. Lífeyrissjóðsiðgjald getur verið tvenns konar:


- **Lágmarksiðgjald** er 10% af heildarlaunum og er það iðgjald sem allir verða að greiða í lífeyrissjóð. Í lífeyrissjóðalögunum eru engin ákvæði um skiptingu iðgjalda en í flestum tilvikum hefur verið samið um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 6%.
- **Viðbótariðgjald** er iðgjald umfram 10% af launum og geta einstaklingar ráðstafað því í lífeyrissparnað eða viðbótartryggingar að vild sinni. Í flestum kjarasamningum hefur verið samið um að launagreiðandi greiði 2% mótframlag gegn 2% framlagi launþega.

Sá hluti lágmarksiðgjaldsins sem þarf til að tryggja lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum er kallaður *iðgjald til lágmarkstryggingaverndar*. Þessi hluti er misjafn eftir lífeyrissjóðum en ef sjóður telur sig geta uppfyllt skilyrði laga um lágmarkstryggingavernd með lægra iðgjaldi en 10% af launum er það heimilt. Þá telst mismunurinn vera viðbótariðgjald sem sjóðfélagar geta ráðstafað í lífeyrissparnað eða viðbótartryggingar eftir því sem þeir kjósa.

Lífeyrisiðgjöld eru skattfrjáls. Það þýðir að áður en skattur er dreginn af launum,



### Lífeyrisiðgjöld



**Mynd 2.2** Iðgjald í lífeyrissjóð getur skipt í tvo hluta, lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald. Iðgjöldin eru greidd af launþegum og launagreiðendum og er oftast samið um skiptingu iðgjalda í kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Lágmarksiðgjald er 10% af heildarlaunum og greiðir launþegi oftast 4% af launum og launagreiðandi 6%. Viðbótariðgjald er iðgjald umfram 10% af launum. Oftast greiðir launþegi 4% af launum og launagreiðandi 2%.

eru lífeyrissjóðsiðgjöldin dregin frá og greidd óskattlögð í lífeyrissjóð. Einstaklingar mega að hámarki greiða 4% af launum óskattlögð í lágmarksiðgjald og önnur 4% í viðbótariðgjald. Ef launagreiðandi greiðir allt lágmarksiðgjaldið má launþegi greiða 8% af launum í viðbótariðgjald. Nánar verður fjallað um skattalega meðferð lífeyrissjóðsiðgjalda í 3. kafla.

### Lágmarkstryggingavernd og réttindi í lífeyrissjóðum

Einungis þeir lífeyrissjóðir sem hafa fengið starfsleyfi frá fjármálaráðuneytinu mega kallast því nafni og taka við lágmarksiðgjöldum. Til þess að fá starfsleyfi þurfa lífeyrissjóðir að uppfylla mörg skilyrði, meðal annars þau að tryggja sjóðfélögum lágmarkstryggingavernd sem skilgreind er í lífeyrissjóðalögunum. Í lágmarkstryggingavernd felst að sjóðfélaga séu tryggð að minnsta kosti 56% af meðallaunum á starfsævinni í mánaðarlegan ellilífeyri frá 70 ára aldri til æviloka, miðað við jafnar greiðslur í lífeyrissjóð í 40 ár, og sambærilegan örorkulífeyri ef starfsorkan skerðist eða hverfur. Jafnframt skulu lífeyrissjóðir greiða barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega og maka- og barnalífeyri til maka og barna látins sjóðfélaga.

Þetta þýðir ekki að sjóðfélagar verði að tryggja sér 56% af meðallaunum í mánaðarlegan ellilífeyri frá 70 ára aldri til æviloka. Með þessum reglum er einfaldlega verið að segja fyrir um það hvernig lífeyrissjóðir skuli reikna lífeyris-

**Hvað felst í lágmarkstryggingavernd lífeyrissjóða**

Ellilífeyrir til æviloka	A.m.k. 56% af meðallaunum frá 70 ára aldri til æviloka miðað við jafnar greiðslur í lífeyrissjóð í 40 ár.
Örorkulífeyrir	Ef sjóðfélagi missir starfsgetu og verður fyrir sannanlegum tekjumissi fær hann greiddan örorkulífeyri. Fjárhæð miðast við áunnin lífeyrisréttindi en hjá virkum sjóðfélögum er einnig miðað við þau réttindi sem þeir hefðu áunnið sér með áframhaldandi greiðslum af meðallaunum síðustu 3 ára til ellilífeyrisaldurs.
Makalífeyrir við fráfall sjóðfélaga	Helmingur af örorkulífeyri í a.m.k. tvö ár og lengur ef maki er öryrki eða á meðan yngsta barn er undir 18 ára aldri.
Barnalífeyrir	Greiddur með börnum örorkulífeyrisþega og börnum látinna sjóðfélaga til a.m.k. 18 ára aldurs.

| **Tafla 2.2** Lágmarksréttindi sem lífeyrissjóðir verða að veita.

réttindi. Samkvæmt því eiga sjóðfélagar að ávinna sér rétt á að meðaltali 1,4% af launum á ári, miðað við 40 ára greiðslur iðgjalda. Sjóðfélagi sem greiðir í lífeyrissjóð í 40 ár ávinnur sér þannig rétt til lífeyrisgreiðslna sem nema 56% af meðallaunum hans en sá sem greiðir í lífeyrissjóð í 10 ár ávinnur sér rétt til 14% af meðallaunum.

Margir lífeyrissjóðir veita meiri réttindi en skilgreinda lágmarkstryggingavernd. Hjá sumum sjóðum ávinna sjóðfélagar sér meiri réttindi en 56% af meðallaunum með greiðslum í 40 ár og stundum er makalífeyrisréttur rýmri en lífeyrissjóðalögin fara fram á. Besta heimildin um réttindi í lífeyrissjóðum eru samþykktir sjóðanna sem er oftast hægt að nálgast á heimasíðum þeirra og alltaf á skrifstofu viðkomandi sjóðs. Flestir lífeyrissjóðir hafa einnig gefið út bæklinga með þessum upplýsingum.

Nokkrir lífeyrissjóðir bjóða sjóðfélögum sínum að tryggja sér hluta af lágmarkstryggingavernd með greiðslum í séreignarsjóð. Hjá þessum sjóðum greiðir séreignarsjóður þá ellilífeyri fyrstu árin eftir starfslok en samtryggingarsjóður tekur síðan við og greiðir lífeyrinn, til dæmis frá 80 eða 85 ára aldri.

Sjóðfélagar ávinna sér réttindi í lífeyrissjóðum með greiðslu iðgjalda og vaxa þau í hlutfalli við greidd iðgjöld. Við hverja greiðslu aukast réttindin samkvæmt samþykktum sjóðsins. Réttindi í lífeyrissjóðum eru verðtryggð og breytast mánaðarlega í takt við vísitölu neysluverðs. Í sumum sjóðum eru réttindin tengd við laun eftirmanns í starfi eða launavísitölu.

Ef lífeyrissjóðir geta ekki tryggt sjóðfélögum lágmarkstryggingavernd samkvæmt lífeyrissjóðalögunum hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að skipa umsjónarmann með sjóðnum um tiltekinn tíma og víkja þá stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins.

Víkjum þá nánar að þeim réttindum sem menn öðlast með aðild að lífeyrissjóðum.

**Ellilífeyrir – almenn atriði**

Ellilífeyrir	Mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur sem eru greiddar frá viðmiðunardri lífeyrissjóðs þangað til sjóðfélagi deyr.
Viðmiðunaráldur	Frá 65 til 70 ára aldurs, oftast 67 ára aldur.
Flyting/frestun	Hægt að flýta eða fresta töku lífeyris frá viðmiðunardri um 3 til 5 ár.
Réttindi ávinnast	Með greiðslum í sjóðinn. Árleg réttindaávinnsla nemur að meðaltali 1,4% til 1,9% af þeim launum sem greitt er af.
Fjárhæð	56% til 75% af þeim launum sem greitt var af í lífeyrissjóð (miðað við að sjóðfélagi hafi greitt í 40 ár og taka lífeyris hefjist þegar hann nær viðmiðunardri).
Greiðslur hefjast	Í þeim mánuði sem sjóðfélagi nær viðmiðunardri. Ef lífeyrir er greiddur mánaðarlega eftir á hefjast lífeyrisgreiðslur í næsta mánuði.
Greiðslur hætta	Við andlát.

**Tafla 2.3** Réttindi í lífeyrissjóðum er misjöfn eftir sjóðum en taflan sýnir almenn atriði sem eru svipuð hjá flestum þeirra.

**Ellilífeyrir**

Lífeyrissjóðir greiða sjóðfélögum ellilífeyri til æviloka í hlutfalli við greidd iðgjöld á starfsævinni. Sjóðunum er skylt að hefja útborgun ellilífeyris til sjóðfélaga þegar hann er á aldursbilinu 65 til 70 ára. Hver lífeyrissjóður ákveður nánar við hvaða aldur er miðað, þ.e. hver viðmiðunaráldurinn skuli vera. Í samþykktum lífeyris-sjóða eru réttindi til ellilífeyris miðuð við viðmiðunaráldur en sjóðunum er heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris um allt að fimm ár. Flestir lífeyrissjóðanna miða við 67 ára aldur en heimila sjóðfélögum að hefja töku lífeyris 65 ára eða fresta töku hans til 70 ára aldurs. Ef sjóðfélagi flýtir töku lífeyris lækka mánaðarlegar greiðslur, venjulega um 0,5% til 0,6% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er flýtt frá viðmiðunardri. Á sama hátt hækka lífeyrisgreiðslur við hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað frá viðmiðunardri.

Reglur um flýtingu eða frestun lífeyris eru þannig að þær eiga ekki að hafa áhrif á afkomu lífeyrissjóðs eða hag sjóðfélaga. Sjóðfélagar eiga að fá jafn mikið í sinn hlut hvenær sem þeir hefja töku lífeyris. Ef þeir flýta henni fá þeir lægri fjárhæð í einu en á lengri tíma og ef þeir seinka henni fá þeir hærri greiðslur í einu en á skemmri tíma. Það ræðst hins vegar af því hvað sjóðfélagar lifa lengi hvort þeir hagnast eða tapa á þeim kosti sem þeir velja. Ef sjóðfélagi nær meðalævilengd skiptir engu máli hvenær hann byrjar að taka lífeyri. Ef hann hins vegar lifir skemur hagnast hann á því að flýta töku lífeyris en tapar ef hann lifir lengur en meðaltöl segja til um.


Ellilífeyrir er borgaður út mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Mánaðarlegur lífeyrir er verðtryggður og breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs. Sækja þarf um ellilífeyri á þar til gerðum eyðublöðum hjá lífeyrissjóðunum. Vegna samkomulags milli lífeyrissjóðanna er nægjanlegt fyrir sjóðfélaga að sækja um

## Ellilífeyrir til æviloka og víðtækar tryggingar

Dæmi um réttindi í lífeyrissjóðum á myndum 2.3 til 2.5

Reiknað er með að sjóðfélagi komi á vinnumarkað 25 ára og vinni til 67 ára aldurs. Til einföldunar er reiknað með að hann fái sömu laun alla ævina eða 250 þúsund krónur á mánuði. Sjóðfélaginn ávinnur sér á hverju ári rétt á 1,4% af launum í ellilífeyri frá 67 ára aldri. Jafnframt nýtur hann og fjölskylda hans víðtækar tryggingaverndar í sjóðnum á starfsævinni. Ef hann verður öryrki fær hann örorkulífeyri. Ef hann fellur frá fær maki greiddan makalífeyri sem nemur 60% af örorkulífeyrisréttindum og barnalífeyri sem nemur 10 þúsund krónum með hverju barni til 18 ára aldurs.

### Ellilífeyrisréttindi ávinnast í hlutfalli við greidd iðgjöld



**Mynd 2.3** Myndin sýnir hvernig ellilífeyrisréttindi ávinnast. Sjóðfélagi ávinnur sér réttindi með greiðslu iðgjalda og vaxa þau í hlutfalli við greidd iðgjöld. Í dæminu er reiknað með að réttindin vaxi um 1,4% á ári og verði samtals 59% af launum eftir 42 ár. Við 67 ára aldur á sjóðfélaginn rétt á 147 þúsundum í mánaðarlegan ellilífeyri til æviloka.

lífeyri hjá einum sjóði og er þá eðlilegast að leita til þess sjóðs sem síðast var greitt í. Sá sjóður sendir umsóknina áfram til annarra sjóða sem sjóðfélaginn á réttindi hjá. Ef réttindi í öðrum sjóðum eru óveruleg eru þau flutt til þess lífeyrissjóðs sem síðast var greitt í en annars greiðir hver sjóður lífeyrinn beint til sjóðfélagans.

Við andlát fellur ellilífeyrir niður en eftirlifandi maki fær greiddan makalífeyri og börn undir 18 ára aldri fá barnalífeyri. Ef sjóðfélagi á engan maka og engin börn sem eru svo ung falla allar greiðslur vegna hans niður.

### Örorkulífeyrir – almenn atriði

Örorkulífeyrir	Greiddur ef starfsorka skerðist um a.m.k. 40% til 50% og sjóðfélagi verður fyrir tekju-skerðingu. Orkutap þarf að vara lengur en 6 mánuði.
Örorkumat	Fyrstu þrjú árin skal miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum. Sé hann að loknum þremur árum vinnufær til almennra starfa falla bæturnar niður.
Fjárhæð	Fjárhæð miðast við áunnin lífeyrisréttindi en hjá virkum sjóðfélögum er einnig miðað við þau réttindi sem þeir hefðu áunnið sér með áframhaldandi greiðslum af meðallaunum síðustu 3 ára til ellilífeyrisaldurs. Virkir sjóðfélagar eru þeir sem hafa greitt í lífeyrissjóð 3 af síðustu 4 árum fyrir orkutap og 6 af síðustu 12 mánuðum. Fjárhæð miðast við 100% örorku og lækkar hlutfallslega ef örorka er metin lægri.
Greiðslur hefjast	Yfirleitt 3 mánuðum eftir orkutap.
Greiðslur hætta	Ef sjóðfélagi fær starfsorku aftur. Réttindi til ellilífeyris ávinnast áfram og þegar sjóðfélagi nær viðmiðunaráldri fellur örorkulífeyrir niður og sjóðfélagi fær ellilífeyri til æviloka.

**Tafla 2.4** Örorkulífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum eru misjöfn eftir sjóðum en taflan sýnir almenn atriði sem eru svipuð hjá flestum þeirra.


### Örorkulífeyrir

Ef sjóðfélagar missa starfsorku sína vegna slysa eða sjúkdóma greiða lífeyrissjóðir örorkulífeyri. Fjárhæð hans er miðuð við áunnin ellilífeyrisréttindi en virkir sjóðfélagar fá framreikning sem þýðir að þeir fá örorkulífeyri eins og þeir hefðu greitt iðgjöld af meðallaunum síðustu þriggja ára til eftirlaunaaldurs. Skilyrði fyrir framreikningi eru mismunandi milli sjóða en yfirleitt er örorkulífeyrir framreiknaður ef sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í að minnsta kosti sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili og í þrjú af síðustu fjórum árum og ef hann hefur ekki misst starfsorkuna vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Margir lífeyrissjóðir setja auk þess skilyrði um að sjóðfélagi þurfi að hafa áunnið sér tiltekin lágmarksréttindi ár hvert í þrjú ár á síðustu fjórum árum.

Flestir lífeyrissjóðir hafa í samþykktum sínum heimildarákvæði sem gerir þeim kleift að víkja frá ákvæðinu um meðallaun ef þriggja ára meðaltal launa sjóðfélaga reynist honum óhagstætt vegna sjúkdóma eða atvinnuleysis. Lífeyrissjóðnum er þá heimilt að leggja til grundvallar meðaltal fleiri ára aftur í tímann og sleppa því ári sem lakast er.

Margir sjóðir miða við svokallaða 30 ára reglu þegar þeir framreikna örorkulífeyri. Með því er átt við að þegar þeir framreikna réttindi eru þrjátíu bestu árin reiknuð að fullu en önnur að hálfu. Afleiðing þessarar reglu er að framan af ævinni eru örorkulífeyrisréttindi heldur lakari en ellilífeyrisréttindi en eftir því sem á líður minnkar bilið. Ástæðan er sú að áunnin réttindi eru alltaf metin að fullu. Það er því skynsamlegt fyrir sjóðfélaga að skoða þann kost vandlega hvort ekki sé rétt að bæta við sig tryggingum og þá sérstaklega framan af starfsævinni. Sjá nánar um tryggingaþörf og viðbótartryggingar í 5. kafla.

### Allt að 50% af launum í örorkulífeyri



**Mynd 2.4** Í þessu dæmi verður sjóðfélagi öryrki 40 ára. Hann fær greiddar 126 þúsund krónur á mánuði í örorkulífeyri, eða 50% af fyrri launum sínum. Hann var búinn að ávinna sér 56 þúsund krónur í ellilífeyrisséttindi en þar sem hann er virkur sjóðfélagi fær hann réttindin framreiknuð eins og hann hefði greitt í sjóðinn til 67 ára aldurs. Við það hækkar örorkulífeyririnn um 70 þúsund krónur og fær hann því greiddar samtals 126 þúsund krónur á mánuði. Til viðbótar fær hann barnalífeyri með hverju barna sinna til 18 ára aldurs.

Mikilvægt er að muna að áunnin réttindi geymast ef sjóðfélagi hættir að greiða í lífeyrissjóð, til dæmis ef hann skiptir um vinnu og um lífeyrissjóð í leiðinni eða ef hann má og tekur ákvörðun um að skipta um lífeyrissjóð. Ef hann verður öryrki seinna á ævinni á hann rétt á örorkulífeyri hjá fyrri sjóðum sem miðast þá við áunnin réttindi eingöngu.

Sjóðfélagi fær greiddan örorkulífeyri ef hann hefur orðið fyrir tekjumissi vegna slyss eða sjúkdóms sem skerðir getu hans til að gegna því starfi sem veitti honum aðild að lífeyrissjóðnum. Hjá flestum lífeyrissjóðum er miðað við að orkutapið sé 50% eða meira og að sjóðfélaginn hafi greitt í lífeyrissjóð í að minnsta kosti tvö ár. Örorkulífeyrir getur aldrei orðið hærri en tekjumissirinn sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir.

Örorkulífeyrir lækkar eða fellur niður ef örorkan minnkar eða hverfur. Ef sjóðfélagi verður fyrir varanlegum starfsorkumissi og getur ekki hafið störf að nýju er örorkulífeyrir greiddur þar til að eftirlaunaaldri er náð en þá breytist hann í ellilífeyri. Ef örorkulífeyrir var eingöngu greiddur vegna áunninna réttinda fær hann sömu fjárhæð í ellilífeyri. Ef sjóðfélagi fær greiddan örorkulífeyri byggðan á framreiknuðum réttindum heldur hann áfram að safna upp réttindum til ellilífeyris. Þegar hann nær eftirlaunaaldri fellur örorkulífeyririnn niður en í staðinn fær hann ellilífeyri til æviloka.

Hjá flestum lífeyrissjóðum er matið á orkutapi fyrstu þrjú árin aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum. Ef sjóðfélaginn er að loknum þremur árum orðinn vinnufær til almennra starfa falla bæturnar niður.

Dæmi um þetta gæti verið óperusöngvari sem missti röddina vegna slyss eða sjúkdóms. Hann verður 100% öryrki sem óperusöngvari og fær því örorkubætur fyrstu þrjú árin eftir áfallið, að því gefnu að hann verði sannanlega fyrir tekjumissi. Þremur árum síðar er hann hæfur til almennra starfa og örorkubæturnar falla því niður.

Lítum á annað dæmi: Sjómaður lendir í slysi og getur eftir það ekki farið aftur á sjó og stundað fyrra starf sem er líkamlega erfitt. Hann er hins vegar vegar metinn 50% öryrki til almennra starfa þar sem hann getur sinnt líkamlega léttari störfum í landi. Ef hann verður sannanlega fyrir tekjumissi við þetta slys fær hann 100% örorkubætur fyrstu þrjú árin en 50% örorkubætur eftir það.

Það tekur nýja sjóðfélaga yfirleitt þrjú ár að öðlast rétt á framreiknuðum réttindum en nokkrir sjóðir eru þó með styttri aðlögunartíma eða eru með heimildar-ákvæði í samþykktum sem heimila stjórn að stytta tímenn við sérstakar aðstæður, svo sem vegna aldurs, náms eða búsetu erlendis. Þetta þýðir að ungt fólk sem er að hefja störf á vinnumarkaði er í raun án örorkutryggingar fyrstu árin á vinnumarkaði. Það er auðvitað slæmt þegar tekið er tillit til þess að þetta eru þau ár sem fólk er að stofna fjölskyldu og eignast heimili. Ráðlegast væri fyrir þennan aldurshóp að skoða möguleikana á að kaupa viðbótartryggingar. Sjá nánar í 5. kafla.

Til að koma í veg fyrir að lífeyrisréttindi glatist þegar einstaklingar skipta um lífeyrissjóð hafa sjóðirnir gert með sér samkomulag um samskipti sín. Í því samkomulagi er meðal annars ákvæði um að lífeyrissjóðir veiti upplýsingar um iðgjöld hver hjá öðrum til að koma í veg fyrir réttindatap og skipti með sér framreikningi ef sjóðfélagi verður öryrki fyrstu árin eftir að hann skiptir um lífeyrissjóð. Flestir lífeyrissjóðir eru aðilar að þessu samkomulagi, en þó ekki allir. Þeir sem skipta um lífeyrissjóð ættu því að ganga úr skugga um það hvort viðkomandi sjóðir séu ekki örugglega aðilar að samkomulaginu. Ef svo er ekki er full ástæða til að bæta við sig viðbótartryggingum meðan verið er að ávinna sér rétt á framreikningi. Upplýsingar um lífeyrissjóði sem eru aðilar að samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða eru á heimasíðu Landssamtaka lífeyrissjóða, [www.ll.is](http://www.ll.is).

Samkvæmt lögum stofnast framreikningsréttur aftur eftir sex mánuði frá því að sjóðfélagi hefur störf eftir að hafa verið tímabundið utan vinnumarkaðarins hér á landi, til dæmis vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum eða barneigna. Fólk sem fer út af vinnumarkaðinum tímabundið þarf því að tryggja sig á annan hátt þann tíma og fyrstu sex mánuðina eftir að það kemur aftur á vinnumarkaðinn.

Hjá sumum lífeyrissjóðum er framreikningur á örorkuréttindum bundinn við

það að hægt sé að rekja ástæðu örorkunnar til starfsins. Þetta ákvæði er meðal annars í samþykktum B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og sambærilegra sjóða sveitarfélaga. Sjóðfélögum í þessum sjóðum er því ráðlagt að bæta við sig örorkutryggingu til að verja sig fyrir tekjumissi ef þeir verða öryrkjar af einhverjum orsökum sem koma starfinu ekkert við, til dæmis vegna slyss utan vinnustaðar.

### Makalífeyrir – almenn atriði

Makalífeyrir	Greiddur til maka látins sjóðfélaga í minnst tvö ár eða á meðan yngsta barn sjóðfélaga er undir 18 til 22 ára aldri eða ef makinn er öryrki og undir 67 ára aldri.
Maki	Sá eða sú sem við andlátid var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð.
Fjárhæð	A.m.k. helmingur af áunnum lífeyrisréttindum. Hafi sjóðfélagi greitt í lífeyrissjóð 3 af síðustu 4 árum fyrir andlát og 6 af síðustu 12 mánuðum skal auk þess greiða helming af þeim réttindum sem hann hefði áunnið sér með greiðslum í lífeyrissjóð til ellilífeyrisaldurs.
Greiðslur hefjast	Þann mánuð sem réttur til þeirra stofnast. Ef lífeyrir er greiddur eftir á hefjast greiðslur næsta mánuð eftir að sjóðfélagi fellur frá.
Greiðslur hætta	Eftir lágmarksgreiðslutíma makalífeyris, þegar yngsta barn nær 18 til 22 ára aldri eða þegar maki fær starfsorku á ný. Réttur til makalífeyris fellur niður ef maki gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar.

**Tafla 2.5** Makalífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum er misjöfn eftir sjóðum en taflan sýnir almenn atriði sem eru svipuð hjá flestum þeirra.

### Makalífeyrir

Lífeyrissjóðir greiða makalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Þessi lífeyrir er í flestum tilvikum tímabundinn en nokkrir sjóðir greiða makalífeyri ævilangt. Þar sem hann er greiddur tímabundið er yfirleitt miðað við þrjú ár, en lengur við viss skilyrði, til dæmis er makalífeyrir oftast greiddur á meðan yngsta barn sjóðfélaga er undir 18 til 22 ára aldri eða ef makinn er öryrki og yngri en 67 ára.

Maki telst sá eða sú sem var í hjúskap með sjóðfélaga við andlátid, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við það þegar karl og kona eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða í vændum, eða þegar sambúðin hefur varað samfleytt í að minnsta kosti tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum lífeyrissjóðsins.

Makalífeyrir er greiddur eftirlifandi maka sjóðfélaga. Ef sjóðfélaginn var hættur að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð en átti áunnin réttindi miðast fjárhæðin eingöngu við geymd áunnin réttindi. Ef sjóðfélaginn hafði greitt til lífeyrissjóðs í að minnsta kosti 24 af síðustu 36 mánuðum fyrir andlátid er auk þess tekið með í reikninginn hvaða réttindi hann hefði áunnið sér með áframhaldandi greiðslum til 65 eða 67



ára aldurs. Makalífeyrir er einnig greiddur ef sjóðfélaginn naut elli- eða örorkulífeyris við andlátíð.

Fjárhæð makalífeyris er mismunandi milli sjóða en samkvæmt lögum á hann þó aldrei að vera minni en helmingur af örorkulífeyrisréttindum. Algengt er að makalífeyrir sé á bilinu 50–60% af örorkulífeyrisréttindum (bæði áunnum og framreiknuðum). Það þýðir að makalífeyrir er að jafnaði á bilinu 25–30% af launum sjóðfélaga.

### **Barnalífeyrir – almenn atriði**

<b>Barnalífeyrir</b>	Greiddur til barna örorkulífeyrisþega og til barna látinna sjóðfélaga. Barnalífeyrir er yfirleitt bara greiddur úr þeim sjóði sem sjóðfélagi greiddi síðast til.
<b>Börn</b>	Börn og kjörbörn sjóðfélaga. Lítið er á stjúpbörn og fósturbörn sem börn sjóðfélaga enda hafi hann framfært þau um árabíl.
<b>Fjárhæð</b>	Yfirleitt föst fjárhæð sem tilgreind er í samþykktum lífeyrissjóðs. Fjárhæð er verðtryggð og breytist í takt við vísitölu neysluerðs.
<b>Greiðslur hefjast</b>	Þann mánuð sem réttur til þeirra stofnast.
<b>Greiðslur hætta</b>	Þegar barn nær 18 til 22 ára aldri. Ef um er að ræða börn örorkulífeyrisþega fellur barnalífeyrir niður ef sjóðfélagi fær starfsorku á ný.

**Tafla 2.6** Barnalífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum eru misjöfn eftir sjóðum en taflan sýnir almenn atriði sem eru svipuð hjá flestum þeirra.


### **Barnalífeyrir**

Barnalífeyrir er almennt greiddur með börnum og kjörbörnum öryrkja eða látins sjóðfélaga til 18 eða 20 ára aldurs. Þó eru til lífeyrissjóðir sem miða við 22 ára aldur. Barnalífeyrir er greiddur ef sjóðfélaginn hafði greitt iðgjald í að minnsta kosti 24 mánuði síðustu 36 mánuðina fyrir andlát, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátíð eða öðlast rétt til framreiknings sex mánuðum eftir að hann hóf störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs aftur eftir tímabundna fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna. Lítið er á stjúpbörn og fósturbörn sem börn sjóðfélagsins enda hafi hann framfært þau um árabíl.

Barnalífeyrir er föst fjárhæð á mánuði sem er verðtryggð miðað við vísitölu neysluerðs. Fjárhæðin er tilgreind í samþykktum hvers lífeyrissjóðs ásamt grunnvísitölu. Oftast er barnalífeyrir hærri vegna fráfalls en vegna orkutaps sjóðfélagsins.

Í samþykktum sumra lífeyrissjóða er tekið fram að barnalífeyri eigi að greiða framfæranda barns. Hjá öðrum sjóðum er meginreglan sú að barnalífeyrir með börnum örorkulífeyrisþega er greiddur til sjóðfélagsins þar til barn verður 18 ára og fjárráða, en eftir það er lífeyririnn greiddur til barnsins. Hins vegar er barnalífeyrir greiddur til barna látinna sjóðfélaga á grundvelli heimildar í skattalögum um að allar tekjur barns sem misst hefur annað foreldri sitt eða bæði skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu.

### Maka- og barnalífeyrir



**Mynd 2.5** Í þessu dæmi fellur sjóðfélagi frá 40 ára. Eftirlifandi maki fær 75 þúsund krónur á mánuði í makalífeyri, eða 30% af launum sjóðfélaga, þar til yngsta barnið verður 18 ára. Reiknað er með að sjóðfélaginn hafi átt 3 börn. Barnalífeyrir með hverju þeirra er 10.000 krónur á mánuði til 18 ára aldrs. Samtals fær makinn lífeyri sem nemur 42% af launum sjóðfélagens fyrstu 8 árin.

Barnalífeyrir er yfirleitt aðeins greiddur úr þeim sjóði sem sjóðfélagi greiddi síðast til. Þótt sjóðfélagi hafi átt áunnin réttindi í mörgum lífeyrissjóðum við andlát og maki eigi ef til vill rétt á makalífeyri frá þeim öllum á það ekki við um barnalífeyrinn.

### Maka- og barnalífeyrir milda fjárhagslegt áfall

Tilgangurinn með maka- og barnalífeyri er að milda fjárhagslegt áfall fjölskyldunnar við fráfall sjóðfélaga. Þótt yfirleitt sé um tímabundnar greiðslur að ræða er þessi lífeyrir mikilvæg tryggingavernd fyrir fjölskyldu sjóðfélaga. Sérstaklega á þetta við um barnafólk, þar sem makalífeyrir er greiddur á meðan yngsta barn sjóðfélaga er undir 18–22 ára aldri. Ef sjóðfélagi á tveggja ára barn þegar hann fellur frá og er búinn að ávinna sér rétt á 126 þúsund krónum í örorkulífeyri þá fær makinn 63 þúsund krónur á mánuði í makalífeyri og 10 þúsund krónur í barnalífeyri, eða samtals 73 þúsund krónur á mánuði í 16 ár. Núvirði þessara greiðslna er rúmlega 10 milljónir króna miðað við 4,5% vexti á ári.

Enginn vafi er á því að maka- og barnalífeyrir hjálpar til við að framfleyta fjölskyldu eftir að sjóðfélagi fellur frá. Ákvæðið um að makalífeyrir skuli greiddur á meðan yngsta barn sjóðfélaga er undir 18 ára aldri er til merkis um að makalífeyri sé að verulegu leyti ætlað að aðstoða eftirlifandi maka við að framfleyta börnum sjóðfélaga fram á fullorðinsár.

Að þessu leyti eru lífeyrissjóðirnir gott öryggisnet fyrir börn sjóðfélaga. Þetta gildir þó ekki ef sjóðfélagi var einstætt foreldri eða ef báðir foreldrar falla frá í einu. Ef sjóðfélagi fellur frá og lætur eftir sig börn en ekki maka er einungis greiddur barnalífeyrir. Það sama gerist ef sjóðfélagi og maki hans falla frá á sama tíma. Af þessum sökum er ráðlegt að barnafólk kaupi sér líftryggingu. Sjá nánar í 5. kafla.

### Séreignarsjóður – almenn atriði

Séreignarsjóður	Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning sjóðfélaga ásamt ávöxtun og eru algerlega hans eign.
Ávöxtun	Einstaklingar ráða hvert þeir greiða viðbótariðgjöld og geta valið á milli fjölmargra sjóða með mismunandi ávöxtunarleiðir.
Útborgun inneignar	Heimilt er að hefja úttekt við 60 ára aldur og taka inneign út með jöfnum greiðslum á sjö árum. Ef taka lífeyris hefst síðar styttest útborgunartíminn sem því nemur. Eftir 67 ára aldur má taka inneign út í einu lagi. Heimilt er að taka út inneign á lengri tíma.
Greiðslur hættu	Þegar inneign er búin.
Örorka	Heimilt er að taka inneign út á 7 árum ef sjóðfélagi verður öryrki. Ef örorka er metin lægri en 100% lækkar árleg útborgun í hlutfalli við örorkuna og lengist þá útborgunartíminn sem því nemur.
Andlát	Inneign erfist við andlát.

**Tafla 2.7** Helstu kostirnir við séreignarsjóði eru sveigjanlegur útborgunartími og að inneign erfist við fráfall. Reglur um séreignarsjóði eru yfirleitt svipaðar en hægt er að velja milli sjóða með fjölmargar mismunandi ávöxtunarleiðir.


### Séreignarsjóður

Margir lífeyrissjóðir starfrækja séreignardeildir sem taka við viðbótariðgjöldum en nokkrir lífeyrissjóðir heimila sjóðfélögum að greiða hluta lágmarksiðgjalds (sem er 10% af launum) í séreignarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru algjörlega hans eign en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum.

Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Inneignin er greidd út mánaðarlega á að minnsta kosti sjö árum en hver sjóðfélagi getur valið að lengja þennan tíma. Ef sjóðfélagi byrjar að taka út lífeyrinn síðar styttest endurgreiðslutíminn sem því nemur. Sjóðfélagi sem hefur töku lífeyris 62 ára má þannig til dæmis taka inneignina út á fimm árum. Hægt er að taka inneign út í einu lagi eftir að 67 ára aldri er náð. Ef sjóðfélagi verður öryrki og verður sannanlega fyrir tekju- missi getur hann tekið inneign sína út á sjö árum.

Ef hluti lágmarksiðgjalds er greiddur í séreignarsjóð hafa viðkomandi lífeyris- sjóðir annaðhvort ákveðið að iðgjald til að tryggja lágmarkstryggingavernd sé lægra

## Séreignarsjóður, söfnun og útborgun



**Mynd 2.6** Hér sést hvernig inneign í séreignarsjóði vex ef 10 þúsund krónur eru lagðar fyrir mánaðarlega í 40 ár og hvernig hún minnkar ef hún er endurgreidd með 100 þúsund krónum á mánuði í 15 ár. Miðað er við 4,5% raunávöxtun á ári.

en 10% af launum og að mismunurinn greiðist í séreignarsjóð eða að séreignarsjóður greiði lágmarksellilífeyri fyrstu árin eftir starfslok og samtryggingarsjóðir taki síðan við. Í síðara tilvikinu greiðist meirihluti lágmarksiðgjalds í séreignarsjóð. Þá er sá hluti séreignarinnar sem þarf til að tryggja lágmarkslífeyri nefndur skilyrtur séreignarsjóður og er bundinn þar til honum er ætlað að greiða lágmarksellilífeyri. Flestir lífeyrissjóðir sem heimila að hluti lágmarksiðgjalds sé greiddur í séreignarsjóð bjóða sjóðfélögum sínum að velja á milli þessara leiða.

Kostirnir við séreignarsjóði eru nokkrir. Það er skattalega hagkvæmt að greiða í séreignarsjóði og leggja með þeim hætti fyrir til eftirlaunaáranna. (Sjá nánar um það í 3. kafla þar sem fjallað er um viðbótarlífeyrissparnað.) Mörgum finnst líka mikill kostur að inneignin skuli erfast við fráfall og gangi þannig öll til nánustu aðstandenda. (Sjá nánar um það í 7. kafla þar sem fjallað er um skiptingu inneignar við andlát.) Stærsti kosturinn er þó sennilega sá að séreignarsjóðir veita sjóðfélögum mikinn sveigjanleika varðandi töku lífeyris í starfslok. Þótt ákveðnar reglur gildi um útborgun úr séreignarsjóði eru þær tiltölulega rúmar þannig að sjóðfélagarnir hafa talsvert um það að segja hvernig og hvenær þeir vilja ganga á inneignina. Hún er laus frá 60 ára aldri og það gefur aukna möguleika á að hætta störfum áður en hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð. Inneign í séreignarsjóði má taka út á sjó árum eða lengri tíma. Þeir sem eiga vænan séreignarsjóð við starfslok eru því ekki bundnir við að fá fasta mánaðarlega ellilífeyrisgreiðslu frá lífeyrissjóðnum sínum, heldur geta þeir tekið út meira eða minna að eigin vali, innan settra reglna. Það er mikill kostur.

## Um skiptingu ellilífeyrisréttinda

Sjóðfélaga er heimilt að skipta ellilífeyrisréttindum milli sín og maka síns. Samkvæmt lögum um starfsemi lífeyrissjóða eiga þeir að bjóða sjóðfélögum sínum slíka skiptingu. Þetta er mikið sanngirnismál því algengt er að hjón eignist mismunandi mikil lífeyrisréttindi. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður. Oftast er það vegna þess að annað hjónanna fær hærri laun en hitt en stundum eru heimilisaðstæður ástæðan. Þannig getur myndast munur á lífeyrisréttindum ef annað hjónanna hefur þurft að vera frá vinnu vegna barnaupveldis eða vegna þess að makinn er að afla sér menntunar erlendis.

Skipting ellilífeyrisréttinda er gerð með samkomulagi sjóðfélaga og maka sem báðir aðilar verða að undirrita. Samkomulagið skal, eftir því sem við á, ná til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist stendur. Með gagnkvæmri skiptingu er átt við að bæði hjónin þurfa að skipta réttindum sínum þannig að bæði veita hinu sama hlutfall réttinda sinna. Hlutfallið getur verið allt að 50%.

Sjóðfélagar geta valið um þrjár leiðir til að skipta réttindunum milli sín og maka síns.

1. Greiðsluskipting. Sjóðfélagi getur ákveðið að ellilífeyrisgreiðslur skuli að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Þá er lífeyrisgreiðslum skipt en þær falla niður við andlát sjóðfélaga. Við andlátið fær maki greiddan makalífeyri en ef makinn fellur frá á undan fær sjóðfélaginn fullar ellilífeyrisgreiðslur á ný. Hægt er að segja upp samningi um skiptingu ellilífeyrisgreiðslna með þriggja mánaða fyrirvara.
2. Skipting áunninna réttinda. Sjóðfélagi getur ákveðið í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur hafist, og ef heilsan er í lagi, að verðmæti uppsafnaðra réttinda skuli allt að hálfu skiptast á milli hans og maka hans. Aðeins má skipta þeim réttindum sem áunnust meðan hjúskapur, sambúð eða samvist varði. Ekki er heimilt að skipta eða framselja meira en sem nemur helmingi ellilífeyrisréttinda.

Ákvæði um 7 ára fyrirvara er til að draga úr líkum á að sjóðfélagi vilji skipta réttindum eða framselja réttindi til maka ef hann hefur vitneskju eða grun um að heilsu hans sé byrjað að hraka eða að líkur séu á að hann lifi skemur en meðalævilengd segir til um. Miðað er við þann aldur sem lífeyrissjóðir heimila að taka ellilífeyris hefjist fyrst. Sjóðfélagi í lífeyrissjóði, sem reiknar lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri, en heimilar að töku lífeyris sé flýtt til 65 ára aldurs, má í síðasta lagi skipta réttindum 57 ára. Þar sem skiptingin skal vera gagn-

kvæm verða báðir aðilar hjónabands eða sambúðar að vera 7 árum yngri en taka lífeyris má fyrst hefjast. Ef hjón, sem eru 57 ára og 60 ára, greiða bæði í lífeyrissjóð sem miðar við 65 ára aldur þá er ekki hægt að skipta réttindunum þar sem annað þeirra vantar ekki nema 5 ár í viðmiðunaraldur og skiptingin þarf að vera gagnkvæm.

Með ákvæðinu um að heilsan sé í lagi er átt við að sjóðfélagi sé ekki haldinn sjúkdómi eða að heilsufar hans dragi ekki úr lífslíkum hans. Samkvæmt þessu má ekki skipta réttindunum ef sjóðfélagi veit um sjúkdóm sem getur haft áhrif á lífslengd hans. Með samkomulagi um skiptingu áunninna réttinda þarf að fylgja yfirlýsing heimilislæknis um heilsufar þar sem kemur fram að lækurinn telji ekki að sjóðfélaginn sé haldinn neinum þeim sjúkdómi eða kvillum sem líklegir eru til að draga úr lífslíkum hans. Sjóðfélagi sem hefur ekki heimilislækni getur snúið sér til þess læknis sem hefur stundað hann undanfarið.

Það kom skýrt fram þegar lífeyrissjóðalögin voru sett að markmið löggjafans var að skipting ellilífeyrisréttinda mætti hvorki verða til þess að auka eða minnka skuldbindingar lífeyrissjóðanna. Þetta þýðir að maki fær yfirleitt ekki

### Tvö dæmi um skiptingu áunninna ellilífeyrisréttinda

	Sjóðfélagi	Maki
<b>Kyn</b>	<b>Karl</b>	<b>Kona</b>
Aldur	50 ára	47 ára
<b>Áunnin ellilífeyrisréttindi</b>		
Lífeyrissjóður A	81.000	
Lífeyrissjóður B		65.000
<b>Samtals</b>	<b>81.000</b>	<b>65.000</b>
<b>Eftir skiptingu</b>		
Lífeyrissjóður A	40.500	37.626
Lífeyrissjóður B	34.982	32.500
<b>Samtals</b>	<b>75.482</b>	<b>70.126</b>
<b>Breyting (hækkun /lækkun)</b>	<b>-7%</b>	<b>8%</b>

**Tafla 2.8** Fyrir skiptingu réttinda hefur 50 ára karl áunnið sér rétt á 81 þúsund krónum í ævilangan lífeyri frá 67 ára aldri en 47 ára kona á rétt á 65 þúsund krónum. Þau ákveða að skipta réttindum til helminga en við það lækka ellilífeyrisréttindi karlsins um 7% en konunnar aukast um 8%. Eftir skiptinguna fær konan minni réttindi en karlinn þar sem hún er þremur árum yngri en hann og eins vegna hins að meðalaldur kvenna er hærrí en karla. Samtals lækka réttindi þeirra til mánaðarlegra eftirlauna lítilla eftir skiptingu áunninna réttinda. Verðmæti skuldbindingar lífeyrissjóðanna er óbreytt.

	Sjóðfélagi	Maki
<b>Kyn</b>	<b>Karl</b>	<b>Kona</b>
Aldur	45 ára	45 ára
<b>Áunnin ellilífeyrisréttindi</b>		
Lífeyrissjóður A	148.500	
Lífeyrissjóður B		42.000
<b>Samtals</b>	<b>148.500</b>	<b>42.000</b>
<b>Eftir skiptingu</b>		
Lífeyrissjóður A	74.250	55.609
Lífeyrissjóður B	28.039	21.000
<b>Samtals</b>	<b>102.289</b>	<b>76.609</b>
<b>Breyting (hækkun /lækkun)</b>	<b>-31%</b>	<b>82%</b>

Hér eru hjónin jafn gömul en lífeyrisréttindi eru ójöfn. Þau ákveða því að skipta réttindunum til helminga. Eftir breytinguna lækka réttindi karlsins um 31% en hennar hækka um 82%. Í þessu dæmi kemur því vel í ljós hve mikil áhrif mismunandi meðalaldur karla og kvenna hefur. Ellilífeyrisréttindi konunnar aukast verulega en réttur hennar til eftirlauna er þó mun lægri en karlsins og þegar réttindin eru lögð saman lækka sameiginleg réttindi hjónanna nokkuð.

sömu réttindi í krónum og sjóðfélaginn, heldur fær makinn réttindi í samræmi við aldur sinn og kyn. Þarna er farið eftir því hvað reikna má með að makinn lifi lengi miðað við sjóðfélagann og tekið er tillit til þess að konur lifa að meðaltali lengur en karlar.

Það borgar sig að hugsa málið til enda áður en ákvörðun er tekin um að skipta áunnum ellilífeyrisréttindum því skipting verður ekki aftur tekin.

3. Skipting framtíðarréttinda. Sjóðfélagi getur ákveðið að allt að helmingur iðgjalds skuli renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Um er að ræða skiptingu þeirra ellilífeyrisréttinda sem ávinnast í framtíðinni til starfsloka eða þar til hjúskap, sambúð eða samvist er slitið. Þegar framtíðariðgjöldum er skipt samkvæmt samkomulagi sjóðfélaga og maka bera aðilar hvor um sig ábyrgð á því að kynna það fyrir þeim lífeyrissjóðum sem þeir kunna að hefja greiðslu iðgjalda til síðar. Hægt er að segja upp samningi um skiptingu framtíðariðgjalda með þriggja mánaða fyrirvara.

Mikilvægt er að árétta að skipting réttinda hefur eingöngu áhrif á ellilífeyrisréttindi en ekki önnur réttindi í lífeyrissjóðum. Þannig heldur sjóðfélagi örorkuréttindum sínum, maki fær greiddan makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og barnalífeyrir er greiddur ef starfsorka sjóðfélaga skerðist eða hann fellur frá.

Þegar sjóðfélagi óskar eftir að skipta réttindum snýr hann sér til þess lífeyrissjóðs sem hann greiðir iðgjald í eða greiddi síðast í. Hjá lífeyrissjóðnum fær hann samningseyðublað og fylgiskjöl sem hann fyllir út og skilar aftur til sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn sér síðan um að senda skjölin til Landssamtaka lífeyrissjóða sem sjá um framkvæmd skiptingarinnar og tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum um það samkomulag sem hjónin hafa gert. Með samræmdri framkvæmd á skiptingu réttinda á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða er tryggt að skiptingin verði gagnkvæm og að allir viðkomandi lífeyrissjóðir taki þátt í henni.

## Hvernig ávinnur þú þér réttindi?

Nokkrar aðferðir eru notaðar til að reikna út réttindi í lífeyrissjóðum. Langalgengasta aðferðin er stigakerfið.

Í stigaskjóðum eru lífeyrisréttindin mæld í stigum en með þeim er hægt að reikna áunnin réttindi í krónum. Stigaskjóðir nota svokölluð grundvallarlaun til að reikna stig og réttindi sjóðfélaga. Grundvallarlaunin voru áður ákvörðuð í kjarasamningum og tóku mið af almennri launaþróun í landinu. Upp úr 1990 var þessu breytt. Þá ákváðu lífeyrissjóðir að láta grundvallarlaunin breytast í takt við breytingar á vísitölu neysluverðs í staðinn fyrir að fylgja launaþróun. Með því eru lífeyrisréttindi verðtryggð.

Við greiðslu iðgjalda í stigasjóði ávinna sjóðfélagar sér stig og eru þau reiknuð sem hlutfall greiddra lífeyrissjóðsiðgjalda í eitt ár af grundvallarlaunum sjóðsins. Ef sjóðfélagi greiðir af launum sem eru jafnhá grundvallarlaunum fær hann 1,0 stig fyrir það ár. Ef laun hans eru helmingur af grundvallarlaunum fær hann 0,5 stig en ef þau eru tvisvar sinnum hærrí en grundvallarlaun fær hann 2,0 stig á árinu. Fjárhæð ellilífeyris er síðan fundin út með því að margfalda áunninn stigafjölda með réttindastuðli lífeyrissjóðs og grundvallarlaunum eða viðmiðunarlaunum lífeyrissjóðs.

$$\text{Lífeyrisgreiðslur} = \text{stig} * \frac{\text{réttindastuðull}}{100} * \text{grundvallarlaun}$$

Réttindastuðull segir til um það launahlutfall sem sjóðfélagar ávinna sér með iðgjaldagreiðslum. Ef réttindastuðull er til dæmis 1,5 ávinna sjóðfélagar sér rétt á 1,5% af þeim launum sem þeir greiða af í árlegan lífeyri frá viðmiðunardri. Ef greitt er af 100.000 króna launum er iðgjaldið 10.000 krónur og sjóðfélagi ávinnur sér rétt á 1.500 krónum í lífeyri. Ef grundvallarlaun lífeyrissjóðsins eru 75.000 krónur fær sjóðfélaginn 1,333 stig fyrir greiðslur í eitt ár. Ef sjóðfélaginn hefur í heild áunnið sér 20 stig er hann búinn að ávinna sér rétt á 22.500 krónum í ellilífeyri frá viðmiðunardri til æviloka ( $20 * 1,5/100 * 75.000$ ).

Einfaldara er að útskýra hvernig réttindin myndast með því að reikna þau í krónum eða sem hlutfall af launum sem greitt er af. Því verður sú aðferð notuð í þessari bók.

### **Jöfn réttindaávinnsla eða aldurstengd réttindi**


Í stigasjóðum er meginreglan sú að greitt iðgjald myndar sömu réttindi óháð aldri sjóðfélagans. Réttindaávinnslan er því jöfn öll árin. Í öðrum sjóðum er réttindaöflunin háð því á hvaða aldri sjóðfélaginn er þegar iðgjald er greitt og ráðast réttindin af því hversu lengi iðgjaldið verður í ávöxtun hjá viðkomandi lífeyrissjóði.

Sjóðfélagar í stigasjóðum ávinna sér sömu réttindi fyrir sama iðgjald óháð því á hvaða aldri þeir eru. Algengast er að sjóðfélagar ávinni sér rétt á 1.400 til 1.650 krónum í árlegan lífeyri frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald. Með öðrum orðum ávinna sjóðfélagar sér árlega rétt á 1,4% til 1,65% af launum í lífeyri frá viðmiðunardri lífeyrissjóðs.

Ef við tökum dæmi af manni sem hefur 250.000 krónur í mánaðarlaun og réttindastuðull lífeyrissjóðs hans er 1,4% þá hefur hann áunnið sér rétt á 3.500 krónum í mánaðarlegan lífeyri eftir eitt ár, 7.000 krónum eftir tvö ár, 10.500 krónum eftir þrjú ár o.s.frv. Eftir 42ja ára greiðslutímabil eru lífeyrisréttindi hans orðin 147.000 krónur, eða 59% af meðallaunum hans.



### Elli- og örorkulífeyrisréttindi



**Mynd 2.7** Myndin sýnir hvernig lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóði myndast. Reiknað er með að sjóðfélagi greiði 10% af 250 þúsund króna launum frá 25 ára aldri til 67 ára aldurs. Við 67 ára aldur á hann rétt á 147 þúsundum í mánaðarlegan ellilífeyri til æviloka sem jafngildir um 59% af launum. Í dæminu er reiknað með réttindastuðlinum 1,4. Myndin sýnir einnig hvernig örorkulífeyrisréttindi myndast en það tekur þrjú ár að ávinna sér rétt á framreikningi réttinda og mynda full réttindi.

Mynd 2.7 sýnir hvernig lífeyrisréttindi safnast upp með greiðslum í samtryggingarsjóð sem er með jafna réttindaávinnslu. Notað er dæmið hér á undan og til einföldunar er reiknað með óbreyttum launum alla starfsævina en venjulega hækka laun með aukinni starfsreynslu og ábyrgð.

Í aldurstengdum lífeyrissjóði er tekið tillit til ávöxtunartíma innborgaðra iðgjalda við ávinnslu lífeyrisréttinda og ráðast réttindin af aldri þegar iðgjald er greitt. Þetta þýðir að yngri sjóðfélagar fá meiri réttindi en eldri fyrir sama iðgjald. Sem dæmi má nefna að þrítugur sjóðfélagi ávinnur sér árlega rétt á 2.028 krónum í lífeyri frá 67 ára aldri til æviloka fyrir hvert 10.000 króna iðgjald en sextugur sjóðfélagi myndi með sömu iðgjaldagreiðslu ávinna sér rétt á 785 krónum í árlegan lífeyri. Ef greidd eru iðgjöld af sömu launum í 40 ár frá 27 ára til 67 ára aldurs ávinna sjóðfélagar sér rétt á ellilífeyri frá 67 ára aldri sem nemur 56% af launum.

Ef lítið er á starfsævina í heild á ekki að skipta máli hvort réttindin eru aldurstengd eða óháð aldri, sjá myndir 2.8 og 2.9. Í dæmunum er til einföldunar reiknað með óbreyttum launum alla starfsævina en venjulega hækka launin með aukinni starfsreynslu.

Ef dæmið væri reiknað með hækkaðum launum myndi sjóður með jafnri réttindaávinnslu skila hærri lífeyri en aldurstengdur sjóður. Í svona dæmum eru rétt-


indin reiknuð samkvæmt samþykktum miðað við gildandi réttindastuðla og réttindatöflur. Í raun eru stuðlanir og töflurnar þó eingöngu hafðar til viðmiðunar og búast má við að lífeyrissjóðir leiðrétti réttindi sjóðfélaga í samræmi við afkomu þeirra. Því má segja að sami lífeyrissjóður eigi að skila sjóðfélögum sem greiða alla starfsævina sömu réttindum óháð því hvort réttindi ávinnast með jafnri réttindaávinnslu eða aldurstengdri. Þessi fullyrðing byggist á því að allir sjóðfélagar séu virkir og að engir sjóðfélagar hætti og skilji eftir sig geymd réttindi. Reynslan sýnir að iðgjöld þeirra sem hætta eru verðmætari en geymdi rétturinn sem þeir voru búnir að ávinna sér áður en þeir hættu. Mismunurinn fer að stærstum hluta til að auka réttindi þeirra sem alltaf greiða í sama sjóðinn þar sem þeir eiga mestu réttindin.

Ef einstaklingur getur valið sér lífeyrissjóð skiptir það hann vissulega máli hvernig réttindi ávinnast. Ef sjóðfélagi er undir fertugu eru aldurstengdir sjóðir betri kostur því þeir veita meiri réttindi á fyrri hluta starfsævinnar. Ef hins vegar sjóðfélaginn er kominn yfir fertugt eru sjóðir með jafnri réttindaávinnslu áhuga-verðari þar sem þeir veita meiri réttindi á seinni hluta ævinnar. Þess ber þó að gæta að margir aðrir þættir hafa áhrif á valið, eins og til dæmis rekstrarkostnaður, ávöxtun, eignir og fjárfestingarstefna og tryggingafræðileg staða.

Bæði kerfin hafa kosti og galla. Þau passa hins vegar illa saman og það býður upp á að sjóðfélagar velji sér sjóð eftir réttindakerfi án tillits til annarra atriða. Þannig

### Árleg lífeyrisréttindi


frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald



**Mynd 2.8** Í aldurstengdum lífeyrissjóði ráðast réttindi af aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalda. Þetta þýðir að yngri sjóðfélagar fá meiri réttindi en þeir eldri vegna þess að iðgjöld þeirra eiga eftir að ávaxtast í lengri tíma.

### Uppsöfnuð lífeyrisréttindi

í starfslok verða þau sömu ef greitt er alla starfsævina



**Mynd 2.9** Ef sjóðfélagar greiða í aldurstengdan lífeyrissjóð alla starfsævina fá þeir sömu réttindi í starfslok og þeir hefðu fengið í lífeyrissjóði þar sem réttindi eru óháð aldri.

## Hvernig ávinnast lífeyrissréttindi?

Dæmi um hvernig sjóðfélagar safna ellilífeyrissréttindum í þremur lífeyrissjóðum

Lífeyrissjóður	A	B	C
Réttindaávinnsla	Jöfn	Jöfn	Aldurstengd
Réttindastuðull	1,40	1,65	Iðgjalddatafla
<b>Mánaðarlaun</b>	<b>100.000</b>	<b>100.000</b>	<b>100.000</b>
Iðgjald í lífeyrissjóð (10% af launum)	10.000	10.000	10.000
Árleg réttindaávinnsla	1.400	1.650	Fer eftir aldri við innb. iðgjalda
<b>Uppsöfnuð lífeyrissréttindi eftir 40 ár</b>	<b>56.000</b>	<b>66.000</b>	<b>56.000</b>
Hlutfall af launum	56%	66%	56%

**Tafla 2.9** Taflan sýnir hvernig lífeyrissréttindi ávinnast í þremur lífeyrissjóðum A, B og C. Í A og B er réttindaávinnsla óháð aldri en sjóðirnir hafa ekki sama réttindastuðul. Í C er réttindaávinnslan aldurstengd. Í A og B ráðast réttindin af réttindastuðli sem sjóðirnir nota. Fyrir hvert 10 þúsund króna iðgjald ávinnur sjóðfélagi sér rétt á 1.400 kr. í lífeyrissjóði A og 1.650 kr. í lífeyrissjóði B í árlegar lífeyrsgreiðslur frá 67 ára aldri. Í C ráðast réttindin hins vegar af aldri þegar iðgjald er greitt samkvæmt iðgjaldatöflu í samþykktum.

geta þeir sem mega velja sér lífeyrissjóð valið að greiða í aldurstengdan lífeyrissjóð framan af ævinni en flutt sig svo í lífeyrissjóð með jafnri réttindaávinnslu á síðari hluta ævinnar. Til lengri tíma myndi það hafa neikvæð áhrif á sjóði með jafnri réttindaávinnslu enda er ævilöng aðild ein af grunnforsendum þeirra.

Einhver kann að spyrja af hverju þessi réttindakerfi eru bæði við lýði ef þau passa illa saman. Á því er söguleg skýring og má rekja aftur til þess þegar flestir almennu lífeyrissjóðanna voru stofnaðir árið 1970 í kjölfar kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Í samningunum var samið um stofnun lífeyrissjóðanna til að tryggja launamönnum góð eftirlaun í starfslok og fjárhagslegt öryggi. Stór hluti af launafólki var þá á miðjum aldri og því var farin sú leið að byggja lífeyrissjóðina upp með

## Kostir mismunandi réttindaávinnslu í lífeyrissjóðum

Jöfn réttindaávinnsla	Aldurstengt réttindakerfi
Hagstætt fyrir eldri sjóðfélaga þar sem réttindi eru hlutfallslega ódýr á seinni hluta ævinnar.	Hagstætt fyrir unga sjóðfélaga þar sem þeir fá réttindi í samræmi við ávöxtunartíma iðgjalda.
Einfalt og auðvelt fyrir sjóðfélaga að skilja hvernig réttindi ávinnast.	Afkoma lífeyrissjóðsins er óháð aldurssamsetningu hóps. Enginn sjóðfélagi hagnast á kostnað annars.
Kerfið byggir á ævilangri aðild þannig að sjóðfélagar fá sanngjörn réttindi yfir starfsævina. Hvetur til ævilangrar aðildar.	Sjóðfélagar geta hætt fyrr að vinna án þessa að missa af „verðmætustu“ árunum.
Hagstætt kerfi fyrir sjóðfélaga sem eru mikið frá vinnu á fyrri hluta starfsævinnar vegna barnauppeldis eða náms.	Auðveldara er að úthluta eignum umfram skuldbindingar til sjóðfélaga. Með aldurstengdu réttindakerfi er auðveldara að stilla af réttindi sjóðfélaga m.t.t. eigna sjóðsins þar sem ekki er þörf á að eiga varasjóð vegna hlutfallslegrar breytingar á aldurssamsetningu hóps.
Gerir ekki upp á milli aldurshópa. Allir fá sömu réttindi óháð aldri.	

Tafla 2.10

kerfi sem byggist á ævilangri aðild. Með þessu móti var hægt að tryggja þeim sem voru á miðjum aldri eða eldri þökkaleg réttindi á kostnað yngri sjóðfélaga sem myndu síðan njóta sömu kjara síðar á starfsævinni. Stundum hefur verið talað um kerfið sem sáttmála milli kynslóða.


Lífeyrissjóður verkfræðinga tók fyrstur upp aldurstengt réttindakerfi og var lengi vel eini sjóðurinn sem var þannig uppbyggður. Í kjölfar lífeyrissjóðalaganna sem tóku gildi 1. júlí 1998 tóku lífeyrissjóðir fjármálafyrirtækja upp sambærilegt kerfi, meðal annars vegna þess að þeir eru opnir og geta því ekki notað lífeyriskerfi sem byggist á ævilangri aðild. Aðrir lífeyrissjóðir sem hafa tekið upp aldurstengt réttindakerfi eru Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga (sameinaðist í Almenna lífeyrissjóðinn 2003), Lífeyrissjóðurinn Lífiðn, Lífeyrissjóður lækna, Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Samvinnulífeyrissjóðurinn. Með lífeyrissjóðalögunum varð einnig nokkur tilslökun á aðildarskyldu þannig að fleiri geta nú valið sér lífeyrissjóð en áður. Um leið geta líka fleiri valið sér sjóð eftir aldri.

### Önnur réttindakerfi

Þá eru ótaldir tvær tegundir lífeyrissjóða: Blandaðir lífeyrissjóðir og hlutfallsjóðir.

Blandaðir lífeyrissjóðir heimila sjóðfélögum að greiða hluta iðgjalds til lágmarks-tryggingaverndar í séreignarsjóð. Hjá þessum sjóðum geta sjóðfélagar yfirleitt valið um tvær eða fleiri leiðir til að tryggja sér lágmarkslífeyri og er skipting iðgjalda á milli séreignar- og samtryggingarsjóðs breytileg eftir því hvaða leið er valin. Sjóðfélagar

### Hlutfallsleg skipting lífeyrissjóða í árslok 2002



**Mynd 2.10** Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um rekstur og efnahag lífeyrissjóðanna fyrir árið 2002 er birt yfirlit yfir réttindauppbyggingu sjóðanna. Heildareignir lífeyrissjóðanna voru 678 milljarðar og vegur stigakerfi með jafnri réttindaávinnslu þyngst eða 64% af heild. Aldurstengt réttindakerfi vegur 8%, hlutfallskerfi 21% og séreignarsjóðir vega 7% af heildareignum lífeyrissjóðanna.

geta valið að samtryggingarsjóður greiði ellilífeyri frá 70 ára aldri eða að séreignar-sjóður greiði ellilífeyri á aldursbilinu 70 til 79 ára eða 70 til 84 ára en samtryggingar-sjóður taki síðan við og greiði lífeyri frá 80 eða 85 ára aldri til æviloka.

Í hlutfallssjóðum ávinna sjóðfélagar sér rétt til ákveðins hluta af launum ár hvert. Þessir sjóðir eru yfirleitt lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna eða sveitarfélaga og njóta bakábyrgðar launagreiðanda. Í slíkum sjóðum lofar launagreiðandinn, þ.e. oftast ríkið eða sveitarfélagið, sjóðfélögum sínum ákveðnum réttindum án tillits til ávöxtunar sjóðsins eða tryggingaráhættu, t.d. vegna langlífis sjóðfélaga. Sjóðfélaginn er þá öruggur um réttindi sín en í staðinn gefur hann eftir hugsanlegan ávinning af góðri ávöxtun. Þó að lífeyrissjóðurinn nái betri ávöxtun en reiknað er með í forsendum hans njóta sjóðfélagar þess í engu. Margir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eru enn að ávinna sér réttindi í hlutfallskerfi en kerfið er þó á útleið. Nýir starfsmenn ríkisins greiða nú í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og starfsmenn sveitarfélaga greiða flestir í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga. Báðir þessir sjóðir byggja á jafnri réttindaávinnslu og njóta bakábyrgðar launagreiðanda.

## Afkoma lífeyrissjóða og tryggingafræðilegt uppgjör

Eins og hjá öðrum rekstraraðilum ræðst afkoma lífeyrissjóðs af tekjum og gjöldum. Tekjur eru iðgjöld sjóðfélaga og ávöxtun en gjöldin eru lífeyrisgreiðslur og kostnaður. Þar sem skuldbindingar lífeyrissjóða koma ekki til útborgunar fyrr en eftir langan tíma, oft nokkra áratugi, þarf reglulega að meta eignir og áætlaðar skuldbindingar lífeyrissjóða til þess að kanna stöðu þeirra og hæfi til að greiða lífeyri. Slíkt mat er kallað tryggingafræðileg úttekt eða athugun og niðurstaðan tryggingafræðileg staða.

Til að meta tryggingafræðilega stöðu ber stjórn hvers lífeyrissjóðs að láta á hverju ári gera tryggingafræðilega athugun sem felur í sér samanburð á eignum lífeyrissjóðsins og skuldbindingum hans til greiðslu lífeyris. Tryggingafræðilega athugun gerir tryggingafræðingur eða annar sá sem hefur hlotið til þess leyfi Fjármálaeftirlitsins. Forsendur útreikninga í tryggingafræðilegum úttektum eru ákveðnar í reglugerð sem sett er af fjármálaráðherra með heimild í lögum um starf-

### Afkoma lífeyrissjóðs

Tekjur	Gjöld
Iðgjöld	Lífeyrisgreiðslur
Ávöxtun	Kostnaður

**Tafla 2.11** Á löngum tíma ræðst afkoma lífeyrissjóðs af tekjum og gjöldum. Tekjur lífeyrissjóða eru iðgjöld sjóðfélaga og ávöxtun (fjárfestingartekjur). Gjöldin eru lífeyrisgreiðslur (ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir) og kostnaður.

semi lífeyrissjóða. Í athuguninni er reiknað með 3,5% raunvöxtum og notaðar eru lífs- og örorkulíkur og tölur um fjölskylduhagi sem eru byggðar á tölum frá Hagstofunni.

Í tryggingafræðilegri athugun eru eignir bornar saman við áætlaðar skuldbindingar. Eignir sjóðsins koma fram í ársreikningi en skuldbindingar eru metnar af tryggingafræðingi. Skuldbindingum er skipt í áfallnar skuldbindingar og framtíðarskuldbindingar. Áfallnar skuldbindingar eru vegna réttinda sem sjóðfélagar eru þegar búnir að ávinna sér með greiðslum í sjóðinn. Framtíðarskuldbindingar eru hins vegar áætlaðar vegna réttinda sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér með greiðslu iðgjalda til starfsloka. Eignum er skipt með sama hætti í núverandi eignir og iðgjöld sem núverandi sjóðfélagar munu greiða til starfsloka. Heildarskuldbindingar eru samtala áfallinna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga og eru bornar saman við samtölu eigna og framtíðariðgjalda.

Mismunur á núverandi eignum og áfallinni skuldbindingu er kallaður áunnin staða og er hann oft settur fram sem hlutfall af áunnum skuldbindingum. Mismunur á framtíðariðgjöldum og framtíðarskuldbindingum nefnist framtíðarstaða og mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum kallast heildarstaða. Ef mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum reiknast meiri en  $+/-10\%$  af heildarskuldbindingum eða mismunurinn hefur verið meiri en  $+/-5\%$  í fimm ár er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að grípa til ráðstafana og skerða réttindi ef skuldbindingar eru meiri en eignir en auka réttindi ef mismunurinn er jákvæður.

Mat á skuldbindingum er unnið eingöngu miðað við núverandi sjóðfélaga og ræðst matið af eftirfarandi forsendum:

- Áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga.
- Áætlun um hversu margir muni njóta lífeyrisgreiðslna og hve lengi. Þessar áætlanir eru meðal annars byggðar á lífslíkum og örorkulíkum.
- Einnig er metin skuldbinding vegna rekstrarkostnaðar í framtíðinni. Áætlun á rekstrarkostnaði byggist á reynslu sjóðsins undanfarin ár.

### Tryggingafræðileg athugun

Núverandi eignir	–	Áfallnar skuldbindingar	=	Áunnin staða
+		+		+
Framtíðariðgjöld	–	Framtíðarskuldbindingar	=	Framtíðarstaða
=		=		=
Heildareignir	–	Heildarskuldbindingar	=	Heildarstaða

**Tafla 2.12** Tryggingafræðileg athugun eða uppgjör felur í sér samanburð á eignum og áætluðum skuldbindingum. Ef heildarstaða sem hlutfall af heildarskuldbindingum er meiri en  $+/-10\%$  verður lífeyrissjóður að breyta réttindum sjóðfélaga.


Fundið er núvirði lífeyrisgreiðslna eða hvað sjóðurinn þarf að eiga til að geta greitt áætlaðar lífeyrisgreiðslur og rekstrarkostnað miðað við tiltekna ávöxtun sem oftast er 3,5% raunávöxtun.

Núverandi eignir eru bókfærðar eignir samkvæmt ársreikningi og endurmat skuldabréfa sem er reiknað af skuldabréfum með fasta vexti. Skuldabréf eru endurmetin af því að þau bera hærri vexti en reiknað er með við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða. Með því að eignast skuldabréf með 5,5% föstum vöxtum er lífeyrissjóður búinn að tryggja sér 2% hærri vexti en reiknað er með við mat á skuldbindingum sjóðsins og því er skuldabréfið metið á herra verði en bókfært verð þess er. Í tryggingafræðilegum athugunum eru skuldabréf með föstum vöxtum af þessum sökum ákaflega verðmæt fyrir lífeyrissjóði. Framtíðariðgjöld eru áætluð iðgjöld í framtíðinni og ræðst matið af forsendum um lífslíkur og örorkulíkur og af iðgjaldagreiðslum síðasta árs. Frá framtíðariðgjöldum dregst kostnaður vegna fjárfestinga.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar stöðu segir til um hæfi lífeyrissjóðs til að standa við skuldbindingar sínar og greiða lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Niðurstaðan gefur vísbendingu um stöðu sjóðsins en ber þó að taka með fyrirvara þar sem útreikningar á skuldbindingum byggjast á áætlunum og forsendum sem eru stöðugt að breytast. Það atriði sem mestur ágreiningur er um í þessum uppgjörum er mismunandi mat skuldabréfa og hlutabréfa. Sem fyrr segir eru skuldabréf með föstum vöxtum endurmetin og núvirt miðað við 3,5% vexti. Það þýðir, ef vextir skuldabréfa eru hærri en 3,5%, að verðmæti þeirra er meira í tryggingafræðilegum athugunum en bókfært verð þeirra í uppgjöri eða markaðsverð þeirra. Á hinn bóginn eru hlutabréf metin á markaðsverði í tryggingafræðilegum uppgjörum. Í stuttu máli þýðir þetta að reiknað er með framtíðarávöxtun skuldabréfa en ekki hlutabréfa. Þó sýna allar tölfræðirannsóknir afdráttarlaust að hlutabréf gefa hæstu ávöxtunina til langs tíma. Þessi reikniregla er mjög hæpin og getur auk þess haft neikvæð áhrif á ávöxtun til langs tíma þar sem hún kann að leiða til þess að stjórnendur lífeyrissjóða velji að kaupa skuldabréf til að bæta tryggingafræðilega stöðu sjóðsins fremur en hlutabréf sem eru líklegri til að tryggja sjóðnum góða ávöxtun til langs tíma litið.

Við samanburð á lífeyrissjóðum er oft horft til tryggingafræðilegrar stöðu samtryggingarsjóða og hún notuð til að draga ályktun um fjárhagslegan styrk þeirra. Það er vissulega rétt að líta til tryggingafræðilegrar stöðu við slíkan samanburð en þá verður að muna að sjóðirnir lofa mismunandi miklum réttindum þannig að staða þeirra í tryggingauppgjörum þarf ekki að vera sambærileg. Sem dæmi má nefna að réttindastuðull getur verið mismunandi og sömuleiðis reglur um örorku-, maka- og barnalífeyri.

### Tryggingafræðilega staða (heildarstaða) lífeyrissjóða án ábyrgða annarra í árslok 2002



Heimild: Fjármálaeftirlitið.

**Mynd 2.11** Eftir þrjú óhagstæð ár á verðbréfamörkuðum og lága ávöxtun lífeyrissjóða hefur tryggingafræðileg staða þeirra versnað. Myndin sýnir fjölda sjóða með jákvæða og neikvæða heildarstöðu í árslok 2002. Samkvæmt lögum þurftu fjórir sjóðir að grípa til ráðstafana til að koma á jafnvægi milli eigna og skuldbindinga. Flestir lífeyrissjóðir nutu góðrar ávöxtunar á árinu 2003 og má búast við að tryggingafræðileg staða þeirra hafi batnað nokkuð á árinu.

## Einn mikilvægasti hornsteinninn

Það er þjóðargæfa að eiga góða lífeyrissjóði. Það eiga Íslendingar og þó svo að ekki séu allir á einu máli um ýmis atriði varðandi uppbyggingu þeirra þá geta allir verið sammála um að lífeyrissjóðirnir eru verðmætir fyrir þjóðfélagið. Í gegnum árin hefur verið deilt um skylduaðild að einstökum lífeyrissjóðum og fyrirkomulag við val á stjórnnum þeirra en þrátt fyrir þessi álitamál er óumdeilt að tekist hefur að byggja upp öfluga lífeyrissjóði sem veita góð réttindi.

Sögu íslenskra lífeyrissjóða má rekja aftur til fyrri hluta síðustu aldar þegar fyrstu lífeyrissjóðirnir tóku til starfa. Sjóðunum fjölgaði smám saman og árið 1962 voru starfandi 50 lífeyrissjóðir. Þeir sjóðir sem þá voru til í landinu voru lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, bankamanna og nokkurra stéttarféлага og fyrirtækja. Hins vegar var þá enn ekki um að ræða almenna aðild verkafólks og launafólks að lífeyrissjóðum. Á þessu varð mikil breyting þegar almennu lífeyrissjóðirnir tóku til starfa í ársbyrjun 1970 eftir að samið hafði verið um þá í kjarasamningum árið áður.

Með lögum frá Alþingi árið 1974 var síðan öllum launþegum gert skylt að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða og með lögum frá 1980 náði greiðsluskyldan einnig



## Áfangar í lífeyrismálum

1851	Lög um skyldur embættismanna að sjá ekkjum sínum borgið eftir sinn dag.
1921	Lög um Lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.
1943	Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
1946	<b>15 lífeyrissjóðir starfandi.</b>
1946	Lög um almannatryggingar.
1956	Lífeyrissjóður verzlunarmanna stofnaður.
1962	<b>50 lífeyrissjóðir starfandi.</b>
1963	Landssamband lífeyrissjóða stofnað.
1965	Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands stofnaður (fyrsti séreignarsjóðurinn).
1969	Samið um stofnun lífeyrissjóða á félagsgrundvelli með almennri þátttöku verkafólks.
1970	Almennu lífeyrissjóðirnir hefja starfsemi.
1973	Samband almennra lífeyrissjóða, SAL, stofnað.
1974	Lög sem skylda alla launþega að eiga aðild að lífeyrissjóðum.
1980	<b>96 lífeyrissjóðir starfandi.</b>
1980	Lög sem skylda alla starfandi menn að eiga aðild að lífeyrissjóðum, þ.m.t. atvinnurekendur og einyrkja.
1987–1990	Iðgjöld í lífeyrissjóði af öllum launum í áföngum hjá almennu verkafólki.
1997	Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Tóku gildi 1. júlí 1998.
1997	<b>67 lífeyrissjóðir starfandi.</b>
1998	Landssamtök lífeyrissjóða stofnuð. Landssamb. lífeyrissj. og Samband almennra lífeyrissj. sameinast.
1999	Viðbótarlífeyrissparnaður kemst á.
2003	<b>50 lífeyrissjóðir starfandi.</b>

Heimild: Landssamtök lífeyrissjóða

**Tafla 2.13** Sögu íslenska lífeyriskerfisins má rekja alveg aftur til ársins 1851 þegar sett voru lög um skyldur embættismanna að sjá ekkjum sínum borgið eftir sinn dag. Taflan sýnir yfirlit um áfanga í lífeyrismálum frá þeim tíma. Þeir helstu eru lög um almannatryggingar 1946, samningarnir 1969 um stofnun lífeyrissjóða fyrir verkafólk, lög frá 1974 og 1980 sem skylduðu alla til að eiga aðild að lífeyrissjóðum, lífeyrissjóðalög frá 1997 og viðbótarlífeyrissparnaður sem komst á árið 1999.

til atvinnurekenda. Fyrstu árin voru iðgjöld eingöngu greidd af dagvinnulaunum en síðar var samið í kjarasamningum um að taka iðgjald af öllum launum. Það kom til framkvæmda í áföngum á árunum 1987 til 1990. Árið 1997 voru samþykkt á Alþingi heildarlög um starfsemi lífeyrissjóða sem þá voru orðnir stærstu fjárfestarnir á íslenskum fjármálamarkaði. Á þeim tíma var orðið mjög brýnt að setja lög um starfsemi sjóðanna og setja þeim skýrar leikreglur. Með þessum lögum voru settar reglur um rekstur og ávöxtun eigna sjóðanna, svo og um eftirlit með starfsemi þeirra. Í þeim voru auk þess ýmis nýmæli, svo sem skilgreining á lágmarkstryggingavernd lífeyrissjóða og viðbótarlífeyrissparnaði sem byggist á frjálsum sparnaði launþega og eftir atvikum mótframlagi frá launa-greiðendum.

Á áttunda áratugnum fjölgaði lífeyrissjóðum verulega með stofnun almennu lífeyrissjóðanna og lögum um greiðsluskyldu allra launþega og atvinnurekanda að sjóðunum. Árið 1980 voru 96 lífeyrissjóðir starfandi en síðan hefur þeim farið fækkandi, aðallega með sameiningum sjóða en einnig hafa nokkrir lífeyrissjóðir hætt að taka við iðgjöldum. Með auknum iðgjöldum og sameiningum sjóða hafa lífeyrissjóðirnir stækkað og eflst. Í ársbyrjun 2004 voru 50 lífeyrissjóðir starfandi og hafði þeim þá fækkað um tæplega helming frá því þeir voru flestir. Búast má við að lífeyrissjóðum fækki enn á næstu árum. Í framtíðarsýn Landssamtaka lífeyrissjóða frá árinu 2002 sjá samtökin fyrir sér að vegna aukinna krafna um áhættudreifingu og stærðarhagkvæmni muni lífeyrissjóðunum fækka verulega með samruna á næstu 20 árum. Með aukinni hagræðingu og áhættudreifingu munu lífeyrissjóðirnir eflast enn frekar.

Þegar kemur að því að lífeyrisþegar hafa flestir greitt 10% af heildarlaunum sínum í lífeyrissjóð munu lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna vega enn þyngra í eftirlaunum en þau gera í dag. Mikilvægi lífeyrissjóðanna fyrir einstaklinga fer því vaxandi og um leið verður æ þýðingarmeira að fólk þekki sín réttindi og sinn lífeyrissjóð. Það er því full ástæða til að hvetja alla til að kynna sér vandlega hvaða réttindi þeir eiga í lífeyrissjóðum og til að fylgjast með rekstri þeirra með því að mæta á ársfundi og veita þannig stjórnendum sjóðanna nauðsynlegt aðhald. Í 4. kafla eru leiðbeiningar um leiðir til að meta núverandi réttindi í lífeyrissjóðum og í 6. kafla er fjallað um ávöxtun lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóðir eru einn af mikilvægustu hornsteinum íslensks þjóðfélags. Vegna þeirra erum við betur búin undir það að takast á við framtíðina þegar líklegt er að hlutfall eftirlaunaþega af mannfjölda fari vaxandi. Réttindi í lífeyrissjóðum eru mjög verðmæt fyrir sjóðfélaga því sjóðirnir stuðla að fjárhagslegu öryggi á starfsævinni og eru jafnframt uppspretta meginhluta tekna eftir starfslok.



## Viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður

### 3

Öll viljum við lifa góðu lífi. Hluti af því er að eiga skemmtilegar frístundir, hafa tíma til að sinna áhugamálunum og vera með þeim sem okkur þykir vænt um. Eftirlaunaárin eru það æviskeið sem gefur besta tómið til að njóta lífsins og gera allt það sem okkur hefur langað til að gera en höfum látið sitja á hakanum á starfsævinni. Jafnframt er það á þessum tíma sem við þurfum að lifa af eignum og áunnum lífeyrisréttindum.

Til þess að geta haldið óbreyttu lífsmynstri eftir að vinnu lýkur er nauðsynlegt að leggja meira fyrir en það sem greitt er í lífeyrissjóð. Í þessum kafla er farið yfir leiðir til þess og þar kemur fram að besta og farsælasta leiðin til að bygga upp eignir sé reglulegur sparnaður alla starfsævina.

Sparnaðurinn getur haft margvíslegan tilgang og það er ágætt að flokka hann í samræmi við það. Með því er auðveldara að setja sér markmið og skipuleggja sparnaðinn. Um það fjallar seinni hluti kaflans.

*Í þessum kafla:*

- Viðbótarsparnaður er nauðsynlegur
- Að borga sjálfum þér fyrst
- Viðbótarlífeyrissparnaður
- Annar sparnaður
- Aðrar eignir sem eftirlaunasjóður
- Að reikna með framtíðinni

## „Ég hef ekki efni á að heimsækja þig“

Fyrir mörgum árum rakst ég á kunningja minn sem ég hafði ekki hitt lengi. Hann spurði mig hvað ég gerði og þegar ég sagði honum það og bauð hann velkominn til mín í vinnuna sagði hann: „Nei, ég hef ekki efni á að heimsækja þig, ég á enga peninga og á því ekkert erindi til þín.“ Ég svaraði strax og sagði honum að þá ætti hann einmitt erindi til mín, „Því besta leiðin til að eignast sparifé er að leggja fyrir reglulega og það þarf ekki að vera há fjárhæð í hvert skipti“. Við fórum fljótlega að tala um annað og tíminn leið fljótt. Í lok samtalsins ítrekaði ég boð mitt en fékk litlar undirtektir.

Örfáum dögum síðar kom hann til mín og sagðist hafa rætt málið við eiginkonu sína sem hefði hvatt hann til að þiggja boð mitt. Ég sagði honum þá frá kostum viðbótarlífeyrissparnaðar sem ég tel að sé sparnað-artækifæri sem allir eigi að nýta sér ef þeir treysta sér til. Ég ræddi líka við hann um annan sparnað og lét í ljós þá skoðun mína að best væri að gera hvort tveggja, gera samning um viðbótarlífeyrissparnað og leggja fyrir reglulega í annan sparnað. „Þú veist nefnilega aldrei hvenær þú þarft á peningunum að halda og viðbótarlífeyrissparnaður er alltaf bundinn til 60 ára aldurs.“

Hann spurði þá í hverju væri best að fjárfesta og ég ráðlagði honum að greiða viðbótarlífeyrissparnaðinn inn á aldurstengd verðbréfasöfn en byrja á því að greiða annan sparnað í skuldabréfasjóð sem væri alltaf laus. „Ég ætla að ræða þessi mál við konuna og hef kannski samband við þig aftur,“ sagði hann þá og kvaddi. Daginn eftir kom hann og gekk frá samningi um lífeyrissparnað og bað mig jafnframt um að millifæra mánaðarlega af bankareikningi tiltekna fjárhæð til að kaupa verðbréf í áskrift.

Þessi kunningi minn hefur komið reglulega til mín síðan og oftast með konuna sína með sér. Fljótlega eftir að þau komu fyrst hækkuðu þau mánaðarlegan sparnað og núna fullnýta þau heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar. Á nokkrum árum hafa þau safnað sjóði sem þau eru mjög ánægð með. Ég minnti hann nýlega á fyrsta samtali okkar um þessi mál, þegar hann sagðist ekki hafa haft efni á að heimsækja mig og sagðist hann þá bara hafa tekið svona til orða. „En ég verð hins vegar að játa að það hvarflaði ekki að mér að við gætum eignast eins mikla peninga og okkur hefur tekist með reglulegum sparnaði á síðustu árum.“

## Viðbótarsparnaður er nauðsynlegur

Lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun eru góð undirstaða eftirlauna en duga sjaldnast til að halda óbreyttum lífsgæðum eftir að fólk hættir að vinna. Sérstaklega á það við ef fólk vill eða þarf að hætta að vinna fyrir sjötugt. Þess vegna er viðbótarsparnaður nauðsynlegur.

Greiðslur úr lífeyrissjóði eru venjulega stærsti hluti tekna fólks á eftirlaunaárunum. Ef fólk hefur greitt í lífeyrissjóð alla starfsævina geta þær orðið verulegar. Hins vegar er afar sjaldgæft að þær verði svo miklar að fólk þurfi ekki að draga nokkuð saman seglin ef ekki er öðru til að dreifa.

Skoðum dæmi af tveimur einstaklingum sem hafa greitt í lífeyrissjóð alla starfsævina. Þeir hefja báðir störf 25 ára og greiða í lífeyrissjóð til 65 ára aldurs. Annar þeirra hefur töku lífeyris 65 ára en hinn sjötugur.

### Greiðslur úr lífeyrissjóði

sem hlutfall af lokalaunum og meðallaunum

Eftirlaunaaldur	% af lokalaunum	% af meðallaunum
65 ára	40–50%	50%
70 ára	70%	80%

Gert er ráð fyrir greiðslum í lífeyrissjóð í 40 ár á aldrinum 25 til 65 ára aldurs.

**Tafla 3.1** Tekjur úr lífeyrissjóðum eru venjulega stærsti hluti tekna eftir starfslok. Þær duga þó ekki einar og sér til að halda óbreyttum lífsgæðum.

Eins og sést á þessari töflu eru lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum ekki nema 40–50% af lokalaunum og 50% af meðallaunum sjóðfélaga sem hefur töku lífeyris við 65 ára aldur. Hjá þeim sem bíður til sjötugs hækkar hlutfallið í 70–80%. Í töflunni er miðað við lífeyrisgreiðslur úr hefðbundnum starfsgreinasjóði og reiknað með 3,5% raunávöxtun. Verði raunávöxtun hærri geta lífeyrisgreiðslurnar hækkað. Miðað við eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu íslenskra lífeyrissjóða er margt sem bendir til þess að langtímaávöxtun þeirra geti orðið hærri. Þrátt fyrir það er óvarlegt að reikna með hærri lífeyrisgreiðslum í starfslok, meðal annars vegna þess að afkoma þeirra ræðst af fleiri þáttum enávöxtun. Þannig hefur langlífi Íslendinga vaxið jafnt og þétt á síðustu áratugum og það hefur bein áhrif á lífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna þar sem þeir tryggja lífeyri til æviloka. Vaxandi örorkulífeyrisgreiðslur hafa líka aukið greiðslubyrði lífeyrissjóðanna. Þessar greiðslur hafa meðal annars aukist vegna þess að örorka af völdum stoðkerfis- og geðsjúkdóma er orðin tíðari.

Þeir sem vilja ekki láta sér nægja hálfar tekjur á eftirlaunaárunum ættu því að huga snemma að því að mynda sér sinn eigin sjóð til að brúa bilið.

## Að borga sjálfum þér fyrst

Löngunin til að njóta lífsins lystisemda og nauðsyn þess að standa við allar fjárhagslegar skuldbindingar gerir það að verkum að það getur oft verið erfitt að standa við fögur fyrirheit um að leggja sérstaklega fyrir til eftirlaunaáranna af því sem eftir er af mánaðartekjunum. Margir slaka á stífum fjárhagsáætlunum og láta eftirlaunasparnaðinn sitja á hakanum, fyrir nú utan alla þá sem finnst óþarfi að hafa áhyggjur af einhverju sem er langt framundan. Jafnvel þeir sem standa við sparnaðaráformin freistast stundum til þess að fá lán hjá sjálfum sér og ganga á spariféð til þess að kaupa eitthvað sem freistar. Oft er stefnan að endurgreiða sjálfum sér lánið en efndir á því eru misjafnar enda koma engir dráttarvextir þótt greiðslunni sé frestað.


Þessum hindrunum fyrir árangursríkum eftirlaunasparnaði má ryðja úr vegi með því að tileinka sér mottóið „borgaðu sjálfum þér fyrst“. Í stað þess að mæta öllum öðrum fjárhagslegum skuldbindingum fyrst og leggja síðan fyrir ef einhver afgangur skyldi verða, er samkvæmt þessum einkunnarorðum fyrst lagt til hliðar ákveðið framlag til eftirlaunaáranna. Síðan eru reikningar og önnur útgjöld borguð. Þannig eru fjárhagsáætlanirnar lagaðar að eftirlaunasparnaðinum í stað þess að láta hann mæta afgangi. Þetta hefur dugað mörgum vel.

Besta leiðin til að eignast sparifé er reglulegur sparnaður. Hvort sem tilgangurinn er að byggja upp varasjóð eða að leggja fyrir til eftirlaunaáranna þá er reglulegur sparnaður árangursríkasta leiðin til þess að byggja upp eignir. Fjárhæðin sem lögð er til hliðar þarf ekki að vera há. Aðalatriðið er að leggja hana fyrir í hverjum mánuði hvað sem á gengur. Þar gildir hið fornkveðna að „margt smátt gerir eitt stórt“. Ef síðar kemur í ljós að einstaklingur eða hjón geta lagt meira fyrir þá er auðvelt að hækka fjárhæðina sem er lögð fyrir reglulega. Því fyrr sem einstaklingar treysta sér til þess að leggja hluta af ráðstöfunartekjum sínum fyrir því auðveldara verður að ná settum markmiðum um tekjur á eftirlaunaárunum. Því lengur sem sparað er þeim mun minna þarf að leggja fyrir í einu. Vextirnir hjálpa líka til og því lengur sem þeir vinna fyrir okkur þeim mun meira bæta þeir við spariféð.

Sem dæmi um þetta má nefna að 100 þúsund krónur sem 25 ára maður leggur fyrir eru orðnar að tæpum 600 þúsundum þegar hann er orðinn 65 ára haldist vextir 4,5% allan tímann. En 100 þúsund sem 55 ára maður leggur fyrir eru aðeins orðnar að 155 þúsundum tíu árum síðar með sömu vöxtum. Í fyrra tilvikinu sexfaldaðist sparnaðurinn á 40 árum en í því seinna bættist helmingur við á 10 árum.

Ef ætlunin er að spara í verðbréfum er sú leið að leggja fasta fjárhæð til hliðar í hverjum mánuði ekki bara þægileg. Hún er líka afar hagkvæm. Ástæðan er sú að með því að leggja fyrir með reglubundnum hætti eignast fjárfestir fáar einingar

**Því fyrr því betra**



**Mynd 3.1** Myndin sýnir hvernig 100 krónur vaxa eftir því hvenær á lífsleiðinni þær eru lagðar fyrir miðað við 4,5% vexti. Inneignin vex hlutfallslega meira eftir því sem sparnaðartíminn er lengri. Því lengri tími því meiri áhrif hafa vextirnar.

Þegar verð á verðbréfum er hátt en margar einingar ef verðið er lágt. Á löngum tíma verður meðalverð skuldabréfa og hlutabréfa sem keypt eru með þessari aðferð lægra en meðalverð bréfanna á sama tíma. Tafla 3.2 sýnir tvö dæmi um þetta.

**Hagkvæm sparnaðarleið**

Með reglulegum sparnaði fæst lægra verð en meðalverð hvort sem verð hækkar eða lækkar

**Verð á mörkuðum hækkar**

Ár	Reglulegur sparnaður	Gengi	Keyptar einingar
1	10.000	5,0	2.000
2	10.000	8,0	1.250
3	10.000	10,0	1.000
4	10.000	10,0	1.000
5	10.000	16,0	625
<b>Samtals</b>	<b>50.000</b>		<b>5.875</b>
Meðalverð *		9,8	
Meðalverð keyptra eininga **			8,5

\* Meðalverð  $(5+8+10+10+16) / 5$  ár = 9,8  
 \*\* Meðalverð keyptra eininga  $(50.000 / 5.875) = 8,5$

**Verð á mörkuðum lækkar**

Ár	Reglulegur sparnaður	Gengi	Keyptar einingar
1	10.000	16,0	625
2	10.000	10,0	1.000
3	10.000	8,0	1.250
4	10.000	8,0	1.250
5	10.000	5,0	2.000
<b>Samtals</b>	<b>50.000</b>		<b>6.125</b>
Meðalverð*		9,4	
Meðalverð keyptra eininga**			8,2

\* Meðalverð  $(16+10+8+8+5) / 5$  ár = 9,4  
 \*\* Meðalverð keyptra eininga  $(50.000 / 6.125) = 8,2$

**Tafla 3.2** Í þessu dæmi eru lagðar fyrir 10.000 krónur árlega og keypt verðbréf eða samtals fyrir 50.000 krónur. Á tímabilinu er meðalgengi verðbréfanna 9,8 en fjárfestirinn fékk bréfin hins vegar á meðalgenginu 8,5 sem er 13% lægra.

Í þessu dæmi eru lagðar fyrir 10.000 krónur árlega og keypt verðbréf eða samtals fyrir 50.000 krónur. Á tímabilinu er meðalgengi verðbréfanna 9,4 en fjárfestirinn fékk bréfin hins vegar á meðalgenginu 8,2 sem er 13% lægra.



Reglulegur sparnaður getur verið tvenns konar. Einstaklingar geta gert samning um viðbótarlífeyrissparnað og lagt þannig fyrir hluta af launum. Í öðru lagi geta einstaklingar lagt fyrir reglulega með mánaðarlegum innborgunum á innlánsreikninga banka og sparisjóða eða keypt verðbréf í áskrift hjá verðbréfafyrirtækjum. Á þessum tveimur sparnaðarleiðum er eðlismunur. Viðbótarlífeyrissparnaður er hagkvæmari en er bundinn til starfsloka. Annar sparnaður er hins vegar laus og getur því verið óbundinn varasjóður, eftirlaunasjóður eða sjóður til að láta draumana rætast. Skattaleg meðferð þessara sparnaðarleiða er einnig ólík. Viðbótarlífeyrissparnaður er lagður fyrir áður en tekjuskattur er dreginn af launatekjum en við útborgun sparnaðarins er greiddur tekjuskattur af útborgunum eins og af hverjum öðrum launatekjum. Annar sparnaður er lagður fyrir eftir að búið er að greiða tekjuskatta en eigandinn greiðir síðan fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum.

### Nokkur hollráð um reglulegan sparnað

Borgaðu sjálfum þér fyrst	Sparaðu strax í byrjun mánaðar
Best er að sparnaðurinn sé fyrirhafnarlaus og sjálfkrafa	Launagreiðandi greiðir eða sjálfvirk millifærsla af bankareikningi
Ekki setja markið of hátt	Það er betra að bæta við síðar en að þurfa að hætta við
Veldu sparnaðarform sem hentar þér	Sparnaðurinn þarf að vera laus þegar þú þarft að nota hann

*Timinn líður hratt og fyrr en varir áttu dágóðan varasjóð*



**Tafla 3.3** Reglulegur sparnaður er þægilegasta og besta leiðin til að byggja upp eignir og sparifé. Í stað þess að leggja fyrir þegar afgangur er af ráðstöfunartekjum borgar sig að leggja fyrir fasta fjárhæð í byrjun hvers mánaðar. Best er að sparnaðurinn sé gerður með sjálfvirkum hætti, t.d. dreginn af launum og greiddur af launagreiðanda eða dreginn sjálfkrafa af bankareikningi.

### Viðbótarlífeyrissparnaður

Frá og með árinu 1999 hafa launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur mátt draga viðbótariðgjöld frá launum sínum og leggja þau fyrir sem viðbótarlífeyrissparnað hjá viðurkenndum vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Við framlag launþega bætist mótframlag launagreiðanda samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi. Vegna mótframlags launagreiðanda er viðbótarlífeyrissparnaður hagstæðasti sparnaður sem völ er á.

Launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur geta greitt allt að 4% af heildarlaunum sínum sem viðbótariðgjöld í séreignarsjóð eða til annars vörsluaðila lífeyrissparnað-

ar. Í mörgum kjarasamningum hefur verið samið um að launagreiðendur greiði allt að 2% mótframlag gegn 2% framlagi launþega. Viðbótarlífeyrissparnaður er sérstaklega góður sparnaðarkostur vegna mótframlags launagreiðanda sem bætist við árlega ávöxtun. Ef einstaklingur leggur fyrir 4% af launum og fær til viðbótar 2% sem mótframlag launagreiðanda þá eignast hann til viðbótar 500 krónur fyrir hverjar 1.000 krónur sem hann sparar þannig að heildarsparnaðurinn verður 1.500 kr.

### Heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar

Frá og með 1. janúar 1999 gátu einstaklingar dregið frá heildarlaunum sínum allt að 2% í lífeyrissparnað og ríkið, í formi lækkunar tryggingargjalds, lagði þá til 10% af framlagi réttthafans eða að hámarki 0,2% af launum. Heildarsparnaður gat því numið 2,2% (2% + 0,2%).
Með almennum kjarasamningum í maí 2000 var samið um það að mótframlag launagreiðandans skyldi vera 1% af launum og frá sama tíma eða 1. júní 2000 var rétthöfum heimilt að hækka framlag sitt úr 2% í 4%. Með sama hætti hækkaði þá framlag ríkisins í 0,4%. Heildarsparnaður gat því numið 5,4% (4% + 0,4% + 1%).
Í ársbyrjun 2002 var síðan framlag launagreiðandans með kjarasamningum hækkað úr 1% í 2%. Heildarsparnaður hefur því frá 1. janúar 2002 numið 6,4% (4% + 0,4% + 2%).
Frá 1. júlí 2002 fá allir þeir launþegar, sem ekki hafa lagt fram neitt framlag í viðbótarlífeyrissparnað, 1% framlag frá vinnuveitanda, samkvæmt viðbótarákvæði í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.
Frá 1. janúar 2004 hættir ríkið að greiða sérstakt mótframlag vegna lífeyrissparnaðar í formi lækkunar tryggingargjalds.

Heimild: Landssamtök lífeyrissjóða.

**Tafla 3.4** Viðbótarlífeyrissparnaður er tiltölulega nýtt sparnaðarform á Íslandi. Upphafið má rekja til þess þegar lífeyrissjóðalögin voru samþykkt á Alþingi í desember 1997 en í þeim er fjallað um samninga um viðbótarlífeyrissparnað og viðbótartryggingavernd.

Viðbótarlífeyrissparnaður er laus til úttekta frá 60 ára aldri og er greiddur út á sjö árum eða á þeim tíma sem réttthafa vantar upp á 67 ára aldur. Þannig getur einstaklingur tekið út inneign sína á fimm árum ef hann hefur töku lífeyris 62 ára og í einu lagi ef hann er orðinn 67 ára. Réttthafar geta einnig tekið inneignina út á lengri tíma að eigin vali. Lífeyrissparnaður erfist við fráfall réttthafa.

Lífeyrissparnaður er eingöngu greiddur út fyrir 60 ára aldur ef einstaklingur verður öryrki af völdum slyss eða sjúkdóms. Ef örorkan er metin 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Ef örorkuprósentan er lægri en 100% lækkar árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

Óheimilt er að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa inneign á vörslu-reikningi lífeyrissparnaðar eða í séreignarsjóði. Undantekning frá þessari reglu er ef inneign er skipt á grundvelli samkomulags um gagnkvæm skipti á ellilífeyrisréttindum við maka. Inneignin er lögvarin en það þýðir að það er ekki hægt að ganga að henni ef eigandinn verður gjaldþrota.

### **Launagreiðandi greiðir iðgjöldin**

Lífeyrissparnaður er einstaklega þægilegt sparnaðarform þar sem launagreiðandi sér um að draga viðbótariðgjöldin frá launum og greiða þau til vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Eftir að launþegi hefur gert samning um lífeyrissparnað sér vörsluaðilinn um að senda launagreiðanda afrit af samningnum og hann er þá skyldugur til að draga iðgjöldin frá launum og greiða til vörsluaðilans. Ef launagreiðandi greiðir iðgjöldin ekki á réttum tíma eða í næsta mánuði eftir launatímabil er vörsluaðila heimilt að innheimta dráttarvexti.

Í langflestum tilvikum greiða launagreiðendur lífeyrissjóðsiðgjöld (lágmarks- og viðbótariðgjöld) á réttum tíma en eins og gengur eru alltaf einhverjir sem standa sig ekki. Því er mikilvægt að fylgjast með því að launagreiðandi dragi iðgjöldin frá launum og greiði þau til þess vörsluaðila sem maður hefur valið. Allir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar senda yfirlit um iðgjaldagreiðslur einu sinni eða tvisvar á ári og þar er hægt að fylgjast með greiðslunum. Sumir vörsluaðilar bjóða rétt höfum að fylgjast með greiðslum og inneign á læstum vefsvæðum en þannig er hægt að fylgjast mjög náíð með greiðslunum. Ef launþegi uppgötvar að launagreiðandi hefur dregið viðbótariðgjöldin frá launum en ekki greitt þau til vörsluaðila er ráðlegt að hafa strax samband við launagreiðandann og óska skýringa eða hafa samband við vörsluaðilann og óska eftir aðstoð hans við innheimtu iðgjaldanna.

### **Hagstæðar skattareglur**

Um viðbótarlífeyrissparnað gilda hagstæðar skattareglur sem gera hann að mjög fýsilegum kosti. Skattalegt hagræði felst í því að hvorki er greiddur eignarskattur af inneign né fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum. Iðgjöldin eru greidd óskattlögð í séreignarsjóð en útborganir eru hins vegar skattlagðar eins og hverjar aðrar tekjur. Í raun er tekjuskattinum frestað þar til inneignin er tekin út en í sumum tilvikum lækkar tekjuskattur einnig. Það gerist ef einstaklingur á ónýttan persónuafslátt þegar inneignin er tekin út eða ef jaðarskattar eru lægri við útborgun en þegar skattinum var frestað. Launþegar sem greiða hátekjuskatt geta t.d. lækkað tekjuskatta með viðbótarlífeyrissparnaði þar sem jaðarskattar þeirra lækka væntanlega í starfslok.

Launþegar mega að hámarki draga 4% af launum í lágmarksiðgjald og önnur 4% í viðbótariðgjald og greiða óskattlögð í lífeyrissjóð eða til viðbótarlífeyrissparnaðar. Ef launagreiðandi greiðir allt lágmarksiðgjaldið getur launþegi greitt 8% af launum sem viðbótariðgjald til lífeyrissparnaðar.

Framlag launagreiðenda telst alltaf frádráttarbær kostnaður frá tekjum. Þannig má segja að það sé ekkert þak á iðgjaldi launagreiðanda. Á hinn bóginn má iðgjald hans ekki vera það mikið að það leiði til þess að áætlaður lífeyrir, að meðtöldum áunnum réttindum og þeim réttindum sem munu bætast við með greiðslu

**Skattaleg meðferð lífeyrisðgjalda**

Iðgjöld	Inneign	Útborganir/lífeyrisgreiðslur
Launþegar geta greitt 4% af launum fyrir skatta sem lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð og 4% viðbótariðgjald til lífeyrissparnaðar.	Enginn eignarskattur er greiddur af innstæðum sjóðfélaga og inneign er ekki framtalsskyld.	Tekjuskattur er greiddur af útborgunum eins og öðrum tekjum.
Framlag launagreiðenda er frádráttarbært frá skattskyldum tekjum og ekki hlunnindi hjá launþega.	Ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum.	

**Tafla 3.5**

lágmarksiðgjalds til 65 ára aldurs, leiði til þess að lífeyrisgreiðslur frá 67 ára aldri verði meiri en meðallaun launþega síðustu 5 árin. Ef það gerist verður iðgjald launagreiðanda talið til tekna hjá launþeganum.

Þessi regla getur gagnast þeim sem eiga lítil áunnin lífeyrisréttindi samanborið við tekjur og vilja gera átak í öflun lífeyrisréttinda. Samkvæmt henni geta til dæmis sjálfstæðir atvinnurekendur, sem hafa ekki greitt í lífeyrissjóð alla ævina eða hafa greitt af launum sem eru lægri en heildartekjur, aukið framlag launagreiðanda til þess að hækka áunnin lífeyrisréttindi. Annað dæmi um hóp sem getur nýtt sér þessa reglu er fólk sem búið er að vera í löngu framhaldsnámi og hefur háar tekjur en á lítil lífeyrisréttindi. Þessir einstaklingar gætu nýtt sér regluna og samið við launagreiðanda um að greiða herra mótframlag til þess að auka lífeyrisréttindin.

Stundum er því haldið fram að viðbótarlífeyrissparnaður sé óhagstæðari en annar sparnaður af því að við úttekt er greiddur tekjuskattur af útborgunum (bæði höfuðstól og vöxtum) en einungis fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum þegar um hefðbundinn eða annan sparnað er að ræða. Þetta er misskilningur. Tekjuskattur er greiddur í báðum tilvikum.

- Annar sparnaður er lagður fyrir eftir að búið er að greiða tekjuskatt af launum. Við innlausn er síðan greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum. Af öðrum sparnaði er því greiddur tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur.
- Lífeyrissparnaður er dreginn frá launum áður en tekjuskattur er greiddur og er því greiddur óskattlagður í séreignarsjóð eða á vörslureikning lífeyrissparnaðar. Við úttekt er hins vegar greiddur tekjuskattur af útborgunum en enginn fjármagnstekjuskattur. Af viðbótarlífeyrissparnaði er því eingöngu greiddur tekjuskattur.

Nú kann einhver að halda að það sé óhagstætt að greiða tekjuskatt þegar viðbótarlífeyrissparnaður er leystur út þar sem hluti inneignarinnar, og þar af leiðandi útborgunum, eru vextir. Þetta er líka misskilningur vegna þess að hluti af lífeyris-

## Sögulegt yfirlit um skattalega meðferð lífeyrissjóðsiðgjalda

1921	Með lögum nr. 74/1921 var ákveðið að iðgjöld launþega til að tryggja sér og skylduliði sínu lífeyri yrðu frádráttarbær frá tekjum innan tiltekinna marka.
1954	Með lögum nr. 46/1954 varð meginreglan sú að frádráttarbært iðgjald miðaðist við 10% af launum. Ef launagreiðandi greiddi hluta iðgjalds skertist frádráttur launþega.
1979	Með lögum nr. 40/1978 var hámarksfrádráttur launþega hækkaður í 11% af launum en ef launagreiðandi greiddi hluta iðgjaldsins skertist frádráttur launþega. Með sömu lögum var einnig veitt heimild til að draga frá launatekjum 10% fastan frádrátt í stað tiltekinna frádráttarliða, þ.m.t. lífeyrissjóðsiðgjöld.
1988	Með tilkomu staðgreiðslukerfisins var frádráttarheimild launþega á greiddum lífeyrissjóðsiðgjöldum felld niður með lögum nr. 49/1987. Í staðinn voru ýmsir frádráttarliðir, þ.m.t. lífeyrissjóðsiðgjöld sameinuð í einn frádráttarlið, persónuafslátt.
1994	Með lögum nr. 147/1994 var lífeyrisþegum 70 ára og eldri veitt heimild til að draga 15% af lífeyrisgreiðslum úr lífeyrissjóðum frá tekjum. Þessi heimild var síðan felld niður þegar iðgjöld urðu aftur frádráttarbær.
1995	Með lögum nr. 30/1995 urðu lífeyrissjóðsiðgjöld aftur frádráttarbær hjá launþegum en þó að hámarki 4% af launum. Þessi breyting kom til framkvæmda í áföngum: Fyrir launatímabilið 1.4.1995 til 31.12.1995 var frádrátturinn 2% af launum, fyrir tímabilið 1.1. til 30.6.1996 var frádrátturinn 3% af launum og frá 1.7.1996 var hann 4% af launum.
1996	Með dómi Hæstaréttar nr. 432/1995 var viðurkennt að iðgjöld sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnurekstri í lífeyrissjóð væru rekstrarkostnaður sem heimilt væri að gjaldfæra.
1999	Með lögum nr. 141/1997 var veitt heimild til þess að launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar gætu frá 1.1.1999 dregið 2% af launum og greitt sem viðbótariðgjald til viðbótarlífeyrissparnaðar.
2000	Í lögum nr. 86/2000 var heimild einstaklinga til að draga viðbótariðgjald frá launum til lífeyrissparnaðar hækkuð úr 2% í 4% af launum frá og með 1. júní 2000.
2000	Með lögum nr. 86/2000 voru tekin af öll tvímæli um að launagreiðendur megi telja öll iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna sem frádráttarbæran kostnað. Þó skal telja iðgjald launagreiðenda sem hlunnindi hjá launþega ef iðgjaldið er svo hátt að það leiði til þess að áætlaður lífeyri, að meðtöldum áunnum réttindum og þeim réttindum sem muni bæstast við með greiðslu lágmarksiðgjalds til 65 ára aldrs, verði frá 65 ára aldri meiri en meðallaun launþega síðustu 5 árin.

Heimild: Alþingi, Landssamtök lífeyrissjóða og Ólafur Nilsson.

**Tafla 3.6** Iðgjöld til að tryggja sér og fjölskyldu sinni lífeyri hafa verið frádráttarbær frá skattskyldum tekjum frá 1921 og hefur frádrátturinn ýmist verið bundinn við tiltekið hlutfall af launum eða tiltekna fjárhæð í krónum. Greiðslur úr lífeyrissjóðum hafa hins vegar lengst af talist að fullu til skattskyldra tekna hjá launþegum.

sjóðsiðgjaldi er ógreiddir skattar. Þegar sparnaðurinn er lagður fyrir er greiðslu tekjuskatts í raun frestað og á meðan iðgjöldin eru í séreignarsjóðnum eða á vörslureikningi lífeyrissparnaðar fær ríkið einnig ávöxtun á sinn hluta. Við útborgun fær ríkið síðan sinn hluta til baka með vöxtum og sjóðfélaginn sömuleiðis.

### Hverjir bjóða viðbótarlífeyrissparnað?

Einstaklingur hefur val um hvert hann greiðir viðbótarlífeyrissparnaðinn sinn en þeir aðilar sem hafa heimild til bjóða upp á viðbótarlífeyrissparnað eru:

- **Lífeyrissjóðir** bjóða sjóðfélögum að greiða í séreignardeildir og í sumum tilvikum að greiða viðbótariðgjöldin í samtryggingarsjóð.
- **Bankar og sparissjóðir** bjóða rétt höfum að greiða viðbótarlífeyrissparnaðinn inn á bundna innlánsreikninga.
- **Verðbréfafyrirtæki** bjóða rétt höfum að greiða viðbótarlífeyrissparnaðinn inn á bundna fjárvörslureikninga eða kaupa einingar í verðbréfasjóðum.
- **Líftryggingafélög** bjóða rétt höfum að kaupa í bundnum sjóðum með eða án persónutrygginga.

Til þess að mega bjóða lífeyrissparnað þurfa vörsluaðilar að uppfylla tiltekin skilyrði og fá staðfestingu fjármálaráðuneytisins (sbr. 10. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar). Á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is), er að finna lista yfir þá sem hafa fengið slíka heimild.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja fram frumvarp á vorþingi 2004 sem heimilar að sambærilegum erlendum fjármálafyrirtækjum, sem hafa starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, verði heimilt að taka við viðbótariðgjaldi með samningi um viðbótarlífeyrissparnað. Þessi tillaga um breytingu á lögum er í samræmi við túlkun Evrópudómstólsins um frjálsa þjónustustarfsemi, nýlega dóma dómstólsins um frádrátt iðgjalda til séreignarlífeyrissjóða og athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA við núgildandi skilyrði um starfsstöð fjárvörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar hér á landi.

### **Samningar um lífeyrissparnað (helstu atriði)**

Viðbótarlífeyrissparnaður byggist á því að einstaklingar gera samning við vörsluhafa lífeyrissparnaðar um að launagreiðandi skuli mánaðarlega draga allt að 4% af launum og greiða sem viðbótariðgjöld til lífeyrissparnaðar.

Áður en einstaklingur gerir samning um lífeyrissparnað er mikilvægt að hann lesi samninginn yfir og kynni sér helstu ákvæði hans. Eðlilegt er að bera saman samninga nokkurra aðila áður en ákvörðun er tekin um það hvar eigi að leggja viðbótarlífeyrissparnaðinn inn. Helstu atriði í samningum um lífeyrissparnað eru eftirfarandi:

<b>Nafn og kennitala einstaklings (réttthafa) og vörsluhafa.</b>	Aðilar samnings, réttthafi og vörsluaðili lífeyrissparnaðar. Undirritun réttthafa og vörsluaðila er grundvöllur þess að samningur um lífeyrissparnað geti tekið gildi.
<b>Mánaðarlegt innlegg í krónum eða sem hlutfall af launum.</b>	Sparnaður sem samið er um. Launagreiðanda er skylt, samkvæmt beiðni launamanns, að draga umsamið iðgjald af launum og skila því til viðkomandi vörsluaðila.  Heimilt er að breyta fjárhæðinni með sérstökum samningi. Þannig getur réttthafi aukið framlag sitt úr 2% af launum í 4% eða öfugt ef hann vill minnka mánaðarlegt framlag.

<b>Reglur um útborgun og réttindi þau, sem samningnum er ætlað að veita, þar á meðal um hvers konar samning er að ræða.</b>	<p>Hér kemur fram með hvaða hætti iðgjaldið skuli ávaxtað og hvaða reglur gilda um útborgun. Í langflestum tilvikum eru iðgjöld fjárfest samkvæmt þeirri ávöxtunarleið sem einstaklingur hefur valið en einnig er hugsanlegt að iðgjöldin greiðist í samtryggingarsjóð eða þeim sé varið til að kaupa á viðbótarörorkutryggingu eða líftryggingu hjá líftryggingafélagi samkvæmt vali rétthafa.</p> <p>Ef fjárhæðinni er eingöngu varið til ávöxtunar er heimilt að hefja útborgun inneignar með jöfnum árlegum greiðslum þegar rétthafi er orðinn 60 ára. Útborgun má þó ekki vera lokið fyrir en rétthafi hefur náð 67 ára aldri.</p> <p>Ef iðgjöldin eru greidd í samtryggingarsjóð gilda reglur hans um töku lífeyris en ef iðgjaldi eða hluta iðgjalds er varið til að kaupa tryggingar skal taka fram hvaða reglur gilda um greiðslu tryggingarbóta.</p>
<b>Gildistaka.</b>	<p>Í flestum samningum er ákvæði um að greiðslur skuli eigi hefjast síðar en tveimur mánuðum frá undirritun.</p>
<b>Ákvæði um uppsögn samnings.</b>	<p>Samningi um lífeyrissparnað er hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara. Samkvæmt reglugerð hafa vörsluhafar heimild til að hafa samninga með allt að sex mánaða uppsagnarfresti og er að finna ákvæði um það í flestum samningum.</p> <p>Heimilt er að semja um skemmri uppsagnarfrest, ýmist í upphaflegum samningi rétthafa og vörsluaðila eða með því að rétthafi og vörsluaðili semji síðar um að stytta uppsagnarfrest þann sem fram kemur í upphaflegum samningi aðila. Sé samið um skemmri uppsagnarfrest en þann sem fram kemur í skriflegum samningi aðila skal hann tilgreindur í uppsögn. Semji aðilar um skemmri uppsagnarfrest en fram kemur í ákvæðum samnings um lífeyrissparnað skulu báðir aðilar staðfesta uppsögn hans.</p>
<b>Ákvæði um heimild til flutnings á innstæðu eða réttindum til annars vörsluaðila eftir uppsögn.</b>	<p>Rétthafa og vörsluaðila er heimilt að semja um að unnt verði að flytja inneign til annars vörsluaðila en skal þess þá getið í samningi aðila. Samningsákvæði um heimild til flutnings innstæðu er ekki háð umsömdum uppsagnarfresti nema annað komi skýrt fram í samningi aðila.</p> <p>Í flestum samningum eru ákvæði um kostnað við flutning á réttindum til annarra vörsluaðila. Kostnaðurinn er oft hlutfall af inneign eða föst fjárhæð. Áskilji vörsluaðili sér kostnað fyrir flutning inneignar telst ekki fullnægjandi að vísa til gildandi gjaldskrár á hverjum tíma heldur skal að minnsta kosti getið um hámark þóknunar í samningnum.</p>
<b>Önnur atriði.</b>	<p>Í samningi skal gera skilmerkilega grein fyrir kostnaði sem rétthafi ber af gerð samnings og fellur ekki innan þess sem telja má reglulegan kostnað vegna reksturs og umsýslu lífeyrissparnaðar.</p>

Samningur fellur úr gildi ef einstaklingur eða rétthafi hættir störfum sem er forsenda fyrir greiðslum. Uppsögn á samningi veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda fyrir en á áður umsömdum tíma.

Vörsluaðili skal senda rétthafa, eða þeim er sagt hefur upp samningi samkvæmt umboði frá rétthafa, staðfestingu á uppsögn hans þar sem fram komi frá hvaða tíma samningurinn fellur úr gildi. Rétthafi, umboðsmaður hans eða vörsluaðili, þarf síðan að senda staðfestingu til launagreiðanda.

Vilji rétthafi hætta greiðslu viðbótaríðgjalds tímabundið segir hann upp samningi sínum við vörsluaðila og gerir síðan nýjan samning við vörsluaðilann ef hann vill hefja viðbótarparnað að nýju eftir uppsögn.

### ***Viðbótarlífeyrissparnaður fyrir sjálfstæða atvinnurekendur***

Þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að gera samn-

ing um lífeyrissparnað og greiða viðbótariðgjöld í séreignarsjóð eða á vörslureikning lífeyrissparnaðar. Hjá sjálfstæðum atvinnurekendum eru lífeyrissjóðsiðgjöld miðuð við reiknuð laun og mega þeir samkvæmt því greiða 4% af reiknuðum launum sem framlag launþega til lífeyrissparnaðar. Þeir geta síðan ráðið sjálfir hvað þeir greiða í mótframlag sem er alltaf frádráttarbær kostnaður hjá launagreiðanda.

Í lögum er ekkert þak á framlagi launagreiðenda en hér á það sama við og þegar almennur launþegi á í hlut að sé framlagið það hátt að það leiði til þess að áætlaður lífeyrir frá 67 ára aldri verður meiri en meðallaun síðustu 5 ára ber að telja framlagið til hlunninda. Til þess að þetta ákvæði verði virkt þarf framlagið að vera mjög hátt og/eða meðallaun síðustu 5 ár að vera mjög lág. Þetta ákvæði var sett í skattalögin til þess að koma í veg fyrir að launagreiðendur geti greitt óeðlilega há viðbótariðgjöld í séreignarsjóð eða iðgjöld sem eru ekki í neinu samræmi við reglulegar tekjur af atvinnustarfsemi og skattskyldar launagreiðslur.

Það borgar sig alltaf fyrir sjálfstæða atvinnurekendur að greiða sjálfir 4% af reiknuðum launum og færa þau til frádráttar á persónulegu skattframtali. Það fer hins vegar eftir því í hvaða formi reksturinn er hvort það borgar sig fyrir þá að láta reksturinn greiða mótframlag til lífeyrissparnaðar eða ekki. Ef þeir eru með reksturinn á eigin kennitölu getur verið skynsamlegt að greiða mótframlag og lækka þannig hagnað af rekstrinum. Með því móti er greiðslu tekjuskatts frestað þar til viðbótarlífeyrissparnaðurinn er greiddur út. Stundum lækkar tekjuskatturinn og á söfnunartíma er ekki greiddur eignarskattur af sparnaðinum og heldur ekki fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum.

Ef sjálfstæður rekstur er hins vegar í formi einkahlutafélags borgar sig ekki að einkahlutafélagið greiði mótframlag til lífeyrissparnaðar þar sem það er skattalega óhagkvæmt. Einstaklingar, sem eiga einkahlutafélög, greiða lægri skatta af hagnaði til eigenda (18% tekjuskattur og 10% fjármagnstekjuskattur af arðgreiðslum) en einstaklingar greiða í tekjuskatt (38,58% af tekjum að frádregnum persónuafslætti árið 2004). Munurinn er of mikill til að það borgi sig fyrir eigendur einkahlutafélaga að greitt sé mótframlag vinnuveitanda til lífeyrissparnaðar.

Flestir sjálfstæðir atvinnurekendur hafa óreglulegar tekjur og finnst því erfitt að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld (lágmarks- og viðbótariðgjöld) mánaðarlega. Stundum eru þeir að vinna verkefni sem taka langan tíma og vita ekki hverjar tekjurnar verða fyrr en síðar. Þeim er engu að síður ráðlagt að greiða fasta fjárhæð mánaðarlega til lífeyrissjóðs og vörsluaðila lífeyrissparnaðar og gera síðan upp mismuninn einu sinni til tvisvar á ári. Það borgar sig að koma greiðslunum í sjálfvirkan farveg, til dæmis með því að láta millifæra af bankareikningi fasta fjárhæð á mánuði í hlutfalli af reiknuðum launum til þess að lenda ekki eftir á með greiðslur.



### Á löngum tíma getur munað milljónum

Til að meta kosti viðbótarlífeyrissparnaðar er gagnlegt að bera hann saman við annan sparnað. Taflan hér að neðan sýnir slíkan samanburð. Í dæminu er gert ráð fyrir að maður leggi fyrir 10.000 kr. á mánuði eða 4% af 250.000 kr. mánaðarlaunum. Síðan er reiknuð út eign hans eftir skatta að mismunandi löngum tíma liðnum og þá miðað við 4,5% árlega raunávöxtun.

Dæmið sýnir að viðbótarlífeyrissparnaður er afar góður kostur og á löngum tíma munar verulegum fjárhæðum í samanburði við annan sparnað. Sem dæmi má nefna að eftir 20 ár munar 1.403.149 krónum sem skýrist af mótframlagi frá launagreiðanda og skattalegum ívilnunum (þ.e. hann þarf hvorki að greiða fjármagnstekjuskatt né eignarskatt af sparnaðinum). Ef sparnaðartíminn er helmingi lengri eða 40 ár er munurinn miklu meiri, eða 5,5 milljónir króna. Ef einstaklingar hafa engar aðrar tekjur þegar viðbótarlífeyrissparnaðurinn er greiddur út og geta því notað persónuafslátt á móti útborgunum er verðmæti sparnaðarinnar ennþá meira. Þannig væri inneign eftir skatta 5,4 milljónir í staðinn fyrir 3,5 milljónir eftir 20 ára sparnaðartíma.

### Samanburður á viðbótarlífeyrissparnaði og öðrum sparnaði

M.v. 10.000 króna mánaðarlegan sparnað og 4,5% raunávöxtun. Lífeyrissparnaður er lagður fyrir óskattlagður en annar sparnaður eftir að tekjuskattur hefur verið greiddur af sparnaðinum.


Sparnaðartími	Eign eftir skatta		Mismunur
	Hefðbundinn sparnaður	Lífeyrissparnaður *	
5 ár	402.046	617.597	215.551
10 ár	881.074	1.387.235	506.161
20 ár	2.138.420	3.541.569	1.403.149
30 ár	3.947.406	6.887.184	2.939.778
40 ár	6.565.136	12.082.821	5.517.685

\* Reiknað er með 5.000 króna mótframlagi launagreiðanda

**Tafla 3.7** Ef sparað er í langan tíma munar verulegum fjárhæðum á lífeyrissparnaði og hefðbundnum sparnaði. Dæmið sýnir að lífeyrissparnaður er hagstæðasta leiðin til eftirlaunasparnaðar.

### Viðbótarlífeyrissparnaður. Í hverju felst ávinningurinn?

Myndin sýnir sundurliðun á mismuninum á milli lífeyrissparnaðar og annars sparnaðar eftir 20 ára sparnaðartíma.



**Mynd 3.2** Helsti kosturinn við viðbótarlífeyrissparnað er að mótframlag launagreiðanda bætist við iðgjald rétthafa. Einnig að hvorki þarf að greiða eignarskatt af inneign né fjármagnstekjuskatt af vöxtum.

### Góður kostur – en bundinn sparnaður

Viðbótarlífeyrissparnaður er sparnaðarleið sem auðvelt er að mæla með. Það er þó rétt að minna á að sparnaðurinn er bundinn til 60 ára aldurs og því þarf hver og

einn að gera það upp við sig hvort hann geti bundið spariféð svo lengi. Það er til dæmis ráðlegt fyrir alla að eiga óbundinn varasjóð til að mæta fjárhagslegum áföllum og hafi menn ekki komið sér upp slíkum sjóði er ef til vill skynsamlegt að byrja á því. Flestir ættu þó að reyna að spara 2% af launum til þess að tryggja sér móttframlag launagreiðanda. Þeir sem treysta sér til að spara 4% af launum ættu að gera það því ávinningurinn er umtalsverður.

### **Vel skal vanda það sem lengi skal standa**

Það er vel þess virði að kynna sér vel þær ávöxtunarleiðir sem í boði eru fyrir viðbótarlífeyrissparnað. Mikilvægast er að spyrja um kostnað (upphafskostnað, umsjónarlaun, kostnað við úttekt, o.s.frv.) og fjárfestingarstefnu eða hvernig eignirnar eru ávaxtaðar. Eins er rétt að spyrja þá sem bjóða verðbréfasöfn með hvaða hætti verðbréfin séu valin. Loks er árangur vörsluaðila mikilvægt atriði. Áður en sjóður er valinn er því rétt að spyrja um hann og bera saman árangur þeirra sem ætlunin er að velja á milli. Nánar er fjallað um val á vörsluaðila í 6. kafla.

### **Af hverju viðbótarlífeyrissparnaður?**

- Móttframlag launagreiðanda bætist við framlag rétthafa (mismunandi eftir kjara- eða ráðningarsamningum)
- Þægileg sparnaðarleið – launagreiðandi sér um að greiða iðgjöldin
- Hagstæðar skattareglur
  - Enginn fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum
  - Enginn eignarskattur
  - Frestun tekjuskatts og í sumum tilvikum lækkun

Á löngum tíma getur munur milljónum ef borið er saman við hefðbundinn sparnað

| **Tafla 3.8** Viðbótarlífeyrissparnaður er sparnaðartækifæri sem enginn ætti að missa af.

## **Annar sparnaður**

Til viðbótar við lífeyrissparnaðinn er skynsamlegt að leggja aukalega til hliðar í annan sparnað, til að byggja upp varasjóð og eignir eða til að bæta við tekjurnar í starfslok. Með öðrum sparnaði er átt við innlánsreikninga í bönkum og sparisjóðum, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, skuldabréf, hlutabréf, söfnunartryggingar hjá líftryggingafélögum eða aðrar eignir. Binditími annars sparnaðar er misjafn eftir fjárfestingum en einnig þarf að taka tillit til þess að ávöxtun sveiflast á mismunandi vegu eftir sparnaðarformum þannig að sum þeirra henta ekki fyrir stuttan eða meðallangan sparnað. Stundum er sparnaður laus en vegna sveiflna á markaðsverði borgar sig að gera ráð fyrir löngum sparnaðartíma.

Öfugt við viðbótarlífeyrissparnað er annar sparnaður lagður fyrir eftir að skatt-

ur hefur verið greiddur af tekjum. Í raun er því búið að greiða tekjuskatt af sparnaðinum en síðan bætist við fjármagnstekjuskattur og í sumum tilvikum eignarskattur. Fjármagnstekjuskattur er greiddur af vaxtatekjum og þeir sem eiga eignir yfir ákveðnum mörkum greiða eignarskatt af flestum sparnaðarformum. Reglur um það eru þó misjafnar.

Best er að eignast annan sparnað með því að leggja fyrir með reglubundnum hætti. Þá er ákveðin fjárhæð lögð fyrir í upphafi hvers mánaðar og síðan er hægt að bæta við hana eftir því sem færi gefst, til dæmis ef afgangur er af ráðstöfunartekjum í lok mánaðarins.

Við skipulagningu á öðrum sparnaði getur verið heppilegt að skipta honum í þrjá flokka: Varasjóð, langtímasparnað og neyslusjóð. Um þessa flokka gilda mismunandi sjónarmið varðandi binditíma og eignasamsetningu.

### Flokkun sparnaðar

Lífeyrissparnaður	Annar sparnaður
<p><b>Lífeyrissjóður</b> Lífeyrir til æviloka. Örorkulífeyrir við starfsorkumissi. Makalífeyrir við fráfall. Barnalífeyrir við starfsorkumissi eða fráfall.</p> <p><b>Viðbótarlífeyrissparnaður</b> Hagstæðasti sparnaðurinn. Sparnaður laus frá 60 ára aldri.</p>	<p><b>Varasjóður</b> Til að mæta fjárhagslegum áföllum og óvæntum fjárútlátum.</p> <p><b>Langtímasjóður</b> Til að byggja upp aðrar eignir fyrir framtíðina, t.d. til að greiða fyrir menntun barna eða bæta við tekjur í starfslok.</p> <p><b>Neyslusjóður</b> Til að safna fyrir neysluvörum eða til að láta draumana rætast.</p>

**Tafla 3.9** Í grófum dráttum má skipta sparnaði í lífeyrissparnað og annan sparnað. Lífeyrissparnaður er greiddur samkvæmt reglum lífeyrissjóðs og vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Annar sparnaður er alltaf laus en það getur verið gott að skipta honum eftir tilgangi sparnaðar.

### Varasjóður

Allir þurfa að eiga sjóð til að mæta tímabundnum fjárhagslegum áföllum eða óvæntum kostnaði. Dæmi um fjárhagslegt áfall getur verið að maður missi vinnuna eða verði að hætta störfum tímabundið vegna eigin veikinda eða einhvers nákomins. Dæmi um óvæntan kostnað er ef fjölskyldan þarf fyrirvaralaust að ráðast í endurbætur á húsnæði eða ef heimilisbíllinn eða dýrt heimilistæki bílar eða skemmist. Að mati fagmanna er til dæmis nauðsynlegt að gera ráð fyrir að útgjöld vegna viðhalds fasteigna geti verið um 2% af verðmæti þeirra á ári og ef fasteignin er eldri en 10 ára geti viðhaldið jafnvel orðið meira. Slíkur tilkostnaður myndast ekki smám saman heldur þarf oftast að leggja út háar fjárhæðir í einu þegar kemur að framkvæmdum vegna viðhalds. Í lok 5. kafla eru dæmi um útreikninga á árlegum viðhaldskostnaði fasteigna.

Varasjóður er sá sparnaður sem einstaklingar ættu að byrja á að byggja upp. Það fer eftir aðstæðum hversu stór varasjóðurinn þarf að vera en oft er nefnt að varasjóður ætti að samsvara þriggja til níu mánaða launum. Því fleirum sem þarf að framfleyta eða því meiri sem skuldirnar eru þeim mun stærri þarf varasjóðurinn að vera. Einstaklingur sem býr einn, skuldar ekkert og er í öruggri vinnu þarf augljóslega minni varasjóð heldur en ung hjón sem hafa nýlega keypt íbúð og stofnað með því til skulda.

Mikilvægt er að gæta þess að varasjóðurinn sé alltaf laus og aðgengilegur þegar á þarf að halda. Við ávöxtun varasjóðs þarf fyrst og fremst að tryggja að ávöxtun sé örugg, veltukostnaður í lágmarki og sveiflur litlar. Sparnaðarform sem uppfylla þessi skilyrði eru til dæmis innlánsreikningar í bönkum og sparisjóðum sem taka mið af peningamarkaðsávöxtun eða ávöxtun ríkisvixla og skammtímasjóðir eða peningamarkaðssjóðir verðbréfafyrirtækja.

Varasjóður er ætlaður til að mæta skyndilegum áföllum og ætti því eingöngu að notast sem slíkur. Nauðsynlegt er að halda honum aðskildum frá öðrum sparnaði og gæta þess að freistast ekki til þess að nota hann í annað. Yfirleitt þarf að grípa til varasjóðsins með stuttum fyrirvara og oftar en ekki er þá brýn þörf fyrir hann.

### **Langtímasparnaður**

Við Íslendingar erum sennilega frekar þekktir fyrir að bjarga hlutum fyrir horn en að hugsa til framtíðar. Langtímasparnaður situr því sennilega á hakanum hjá mörgum. Við ættum hins vegar að taka aðrar þjóðir okkur til fyrirmyndar og leggja hluta af ráðstöfunartekjunum í slíkan sparnað. Tilgangurinn er að byggja upp sjóð fyrir framtíðina, til dæmis til að eignast betra húsnæði síðar á ævinni, til að greiða fyrir menntun barnanna, til að ferðast þegar vinna minnkar eða til að bæta við tekjur í starfslok.

Færa má rök fyrir því að annar sparnaður sé nauðsynlegur til að bæta við tekjur í starfslok. Þrátt fyrir að tekjur úr lífeyrissjóðum ásamt viðbótarlífeyrissparnaði geti farið langt með að tryggja nægar tekjur í starfslok duga þær ekki ef fólk vill hætta snemma að vinna, eða ef ekki hafa verið greidd 10% af heildarlaunum í lífeyrissjóð alla ævina, eða viðbótarlífeyrissparnaður hefur verið greiddur í tiltölulega fá ár. Önnur rök fyrir því að safna upp öðrum sparnaði sem eftirlaunasparnaði eru að eðlilegt sé að hluti langtímasparnaðar sé laus en ekki bundinn eins og viðbótarlífeyrissparnaður. Þótt þessi sparnaður sé ætlaður sem eftirlaunasparnaður getur hann nýst í annað ef aðstæður breytast. Það gildir hins vegar ekki um viðbótarlífeyrissparnað sem er ekki laus fyrr en á aldrinum 60 til 67 ára. Ef í ljós kemur að ávöxtun hefur verið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir er gott að geta notað hluta af sparnaðinum í eitthvað annað.

**Tíminn vinnur með þér**

Aldur	Fjöldi ára til starfsloka	Mánaðarlegur sparnaður til að safna 5.000.000
40	20	13.015
45	15	19.645
50	10	33.228
55	5	74.636

\* miðað við 4,5% vexti á ári.


**Tafla 3.10** Hér er reiknað með að einstaklingur hyggist hætta að vinna 60 ára og að hann vilji bæta 5 milljónum við eftirlaunastjóðinn sinn. Ef hann hefur 20 ár þarf hann að leggja fyrir 13 þúsund á mánuði en ef sparnaðartíminn eru 10 ár þarf hann að leggja fyrir 33 þúsund krónur á mánuði.

Dæmið hér að framan sýnir að það getur verið erfitt að safna verulegri fjárhæð á stuttum tíma. Því styttri sem sparnaðartíminn er því meira þarf að leggja fyrir í einu og vextir hafa tiltölulega lítil áhrif. Ef sparnaðinum er dreift á langan tíma snýst þetta við: Vextirnir fara að skipta miklu máli og mánaðarlegur sparnaður verður viðráðanlegur.

Langtímasparnað er þannig skynsamlegast að byggja upp með reglulegum sparnaði. Í upphafi er ráðlegt að gefa sér góðan tíma og setja sér markmið um eignasamsetningu en sú ákvörðun ræður mestu um ávöxtun þegar til lengri tíma er litið. Þegar ákvörðunin er tekin þarf meðal annars að horfa til þátta eins og sparnaðartíma, samsetningu annarra eigna, þar á meðal lífeyrissparnaðar og loks áhættupols eða viðhorfs til áhættu.

Sparnaðartími er lykilhugtak þegar kemur að því að velja saman annan sparnað. Með sparnaðartíma er átt við tímamann frá því að fjármunir eru lagðir til hliðar og þangað til að þeir verða notaðir. Því lengri tíma sem fjárfestir hefur því meira þol hefur hann til að fjárfesta í ávöxtunarleiðum eins og hlutabréfum sem gefa hæstu ávöxtunina en sveiflast líka mest. Á löngum tíma jafnast sveiflurnar út og ávöxtun verður góð. Ef sparnaðartíminn er stuttur borgar sig að fjárfesta meira í sparnaðarleiðum sem gefa lægri ávöxtun en sveiflast minna, til dæmis skuldabréfum (skuldaþræfingum) eða innlánum í bönkum og sparistöðum.

Samsetning annarra eigna, eins og viðbótarlífeyrissparnaðar, hefur einnig veruleg áhrif. Sá sem á góða inneign í séreignarsjóði og leggur fyrir 2–4% af launum sem viðbótarlífeyrissparnað verður að taka tillit til þess þegar kemur að ákvörðun um eignasamsetningu annars langtímasparnaðar. Ef viðbótarlífeyrissparnaðurinn er ávaxtaður í verðbréfasafni með mjög háu vægi hlutabréfa kann að vera skynsamlegt að draga úr vægi þeirra af heildareignum með því að hafa minna af þeim í öðrum langtímasparnaði. Ef viðbótarlífeyrissparnaðurinn er hins vegar ávaxtaður að mestu í skuldabréfum eða á innlánsreikningum horfir málið öðruvísi við og þá er

**Ef ég væri ríkur – Reglulegur sparnaður**

**Mynd 3.3** Á fundi sem efnt var til um fjármál fyrir nokkrum árum var rætt um reglulegan sparnað og gefin dæmi um það hvernig hægt væri að koma sér upp dágóðum sjóði á 20 árum. Einn fundarmanna var svo heillaður af tölunum og „töframætti“ reglulegs sparnaðar að hann sagði þessi ógleymanlegu orð: „Hefði einhver sagt mér að spara fyrir 20 árum væri ég ríkur.“

skysamlegt að auka vægi hlutabréfa í öðrum sparnaði að því gefnu að sparnaðartíminn sé ekki of stuttur.

Að lokum þarf að fara yfir áhættuþol og viðhorf til áhættu. Hér er grundvallarspurningin sú hvort einstaklingur þolir að sjá eignir sínar hækka og lækka vegna sveiflna á markaði. Þeir sem þola illa sveiflur ættu að halda sig frá hlutabréfum en þeir sem eru tilbúnir að taka á sig tímabundnar lækkanir og hafa tíma til að bíða eftir að verð hækki aftur ættu að fjárfesta hluta af sparnaði sínum í hlutabréfum. Í 6. kafla er fjallað nánar um ávöxtun eftirlaunasparnaðar.

**Neyslusjóður**

Þriðji flokkur annars sparnaðar á ef til vill ekki mikið skylt við eftirlaunasparnað en er fyrst og fremst nefndur hér til þess að auðvelda skipulagningu á uppbyggingu sparnaðar. Með neyslusjóði er átt við sparnað eftir að búíð er að byggja upp varasjóð og leggja hæfilega mikið fyrir til að byggja upp aðrar eignir og eftirlaunasparnað. Neyslusjóðurinn er þá sá hluti sparnaðarins sem er lagður fyrir til að safna fyrir heimilistækjum, húsgögnum, ferðalögum, sumarbústað og þess háttar. Á vissan hátt má segja að neyslusjóðurinn sé skemmtilegasti sparnaðurinn þar sem tilgangur hans er að safna fyrir neysluvörum sem keyptar verða í náninni framtíð eða til að byggja upp sjóð til að láta aðra og dýrari drauma rætast.

Það borgar sig að nota neytlusjóðinn til þess að safna fyrir hlutum frekar en að taka lán því að neyslulán eru dýr. Þannig má nefna sem dæmi að einstaklingur þarf að leggja fyrir 26 þúsund krónur á mánuði í þrjú ár til þess að eignast eina milljón ef miðað er við að hann fái 4,5% vexti á sparnaðinn. Ef hann tekur eina milljón að láni og greiðir mánaðarlegar afborganir í þrjú ár þarf hann að borga 32 þúsund krónur á mánuði miðað við 10% vexti. Mismunurinn eru 6 þúsund krónur á mánuði og ef þær væru lagðar fyrir í 3 ár myndi einstaklingurinn eignast 232 þúsund krónur til viðbótar sem hann gæti þá notað í eitthvað annað. Vextir á neyslulánum eru oft hærri en notaðir eru í þessu dæmi og yrði mismunurinn þá ennþá meiri.

Tilgangurinn helgar meðalið. Á vissan hátt er neytlusjóður líkt og varasjóður að því leyti að hann þarf að vera laus og aðgengilegur ef einhver tækifæri bjóðast. Af þessum sökum er eðlilegt að stór hluti neytlusjóðsins sé að mestu fjárfestur í skuldabréfasjóðum og á innlánsreikningum.

## Aðrar eignir sem eftirlaunasjóður

Aðrar eignir geta nýst sem hluti af eftirlaunasjóði. Skilyrði fyrir því er að hægt sé að selja eignirnar að hluta eða að öllu leyti, leigja þær eða losa fé vegna þeirra með öðrum hætti.

Dæmi um slíka eign er fasteign en flestir eignast að minnsta kosti eina íbúð á ævinni. Yfirleitt eru fasteignakaup fjármöggnuð að stærstum hluta með löngum lánum sem eru jafnvel með lánstíma til 40 ára. Það er því ekki óalgennt að einstaklingar greiði af húsnæðislánum megnið af starfsævinni. Þess vegna er mjög eðlilegt að fólk líti á fasteign sína sem hluta af eftirlaunasjóði og vilji þess vegna ganga á þessa eign í starfslok, ýmist með því að selja og minnka við sig eða með því að minnka eignarhlut sinn aftur, til dæmis með lántöku.

Það getur skipt sköpum fyrir suma að geta gengið á aðrar eignir í starfslok og er dæmi um það að finna aftast í 5. kafla.

## Að reikna með framtíðinni

Það er góð tilfinning að búa í haginn fyrir framtíðina. Með því náum við betri árangri og erum betur búin undir að mæta erfiðleikum og því óvænta. Þetta á við á nánast öllum sviðum mannlífsins og einnig í fjármálum. Við sendum börnin okkar í skóla til að undirbúa þau fyrir lífið og framtíðina. Bóndi safnar heyi fyrir veturinn til að gefa skepnum sínum yfir veturinn. Þjálfari undirbýr leikmenn fyrir keppnistímabil til þess að ná árangri í keppni. Einstaklingar leggja fyrir til þess að byggja upp eignir og tryggja afkomu sína síðar á ævinni.

**Samanburður á viðbótarlífeyrissparnaði og öðrum sparnaði**

	Viðbótarlífeyrissparnaður	Annar sparnaður
<b>Sparnaður</b>	Sparnaður lagður til hliðar áður en tekjuskattur er dreginn af launum  Mótframlag launagreiðanda bætist við framlag réttshafa.	Sparnaður lagður til hliðar eftir að tekjuskattur hefur verið dreginn af launum
<b>Eignarskattur</b>	Ekki er greiddur eignarskattur af innstæðum	Eignarskattur þegar eignir fara yfir ákveðin mörk. Enginn eignarskattur af eignarskattfrjálsum ríkisskuldabréfum eða bankainnstæðum umfram skuldir og hlutabréfum að ákveðnu hámarki
<b>Fjármagnstekjuskattur</b>	Enginn fjármagnstekjuskattur greiddur af vaxtatekjum	Fjármagnstekjuskattur greiddur af vaxtatekjum. Ef einstaklingur á ónýttan persónuafslátt nýtist hann til greiðslu fjármagnstekjuskatts
<b>Tekjuskattur</b>	Tekjuskattur greiddur af útborgunum. Nýta má ónotaðan persónuafslátt til að lækka skattana	Enginn tekjuskattur við innlausn
<b>Tekjutrygging almanna-trygginga</b>	Höfuðstóll og vaxtatekjur skerða tekjutryggingu almannatrygginga	Helmingur vaxtatekna skerðir tekjutryggingu almannatrygginga
<b>Binditími</b>	Inneign bundin til 60 ára og greidd út á a.m.k. sjö árum eða á lengri tíma að vali réttshafa	Inneign alltaf laus
<b>Erfðareglur</b>	Inneign erfist Tekjuskattur ef erfingjar eru maki og börn Tekjuskattur og erfðafjárskattur ef erfingjar eru aðrir en maki og börn	Inneign erfist Erfðafjárskattur
<b>Gjaldþrot</b>	Lögvarin eign, ekki hægt að ganga að við gjaldþrot	Inneign skipt við gjaldþrot
<b>Vaxtabætur</b>	Vaxtatekjur hafa ekki áhrif á vaxtabætur	Vaxtatekjur skerða vaxtabætur


**Tafla 3.11** Um þessa tvo sparnaðarflokka gilda ólíkar reglur um binditíma og skattlagningu. Reglur eru líka ólíkar um gjaldþrot og um áhrif á tekjutryggingu almannatrygginga og vaxtabætur.

Sá sem reiknar með framtíðinni leggur fyrir og sparar. Tilgangurinn með sparnaði er margþættur. Við leggjum fyrir til þess ...

- að byggja upp eignir til nota síðar þegar þörfin er meiri.
- að eiga eignir til að mæta fjárhagslegum áföllum.
- að jafna tekjur yfir ævina.
- að fá vexti í stað þess að greiða vexti.
- að eignast meira á ævinni.
- að geta eignast það sem okkur langar í.
- að geta nýtt tækifæri.
- að geta styrkt góð málefni.



## Flokkun sparnaðar og heppilegar ávöxtunarleiðir



**Mynd 3.4** Við skipulagningu sparnaðar er gagnlegt að flokka hann eftir því til hvers hann er ætlaður. Flokkunin auðveldar skipulagninguna en hún segir líka til um sparnaðartíma sem ræður mestu um hvaða ávöxtunarleiðir eru heppilegar í hverju tilviki. Hægt er að velja aðrar ávöxtunarleiðir en almennt má segja að því lengri sem fjárfestingartíminn er þeim mun hærra getur hlutfall hlutabréfa verið í heildarsparnaði. Það á jafnt við um lífeyrissparnað sem annan sparnað og er miðað við það í þessari flokkun. Í 6. kafla er fjallað um ávöxtun eftirlaunasparnaðar og gefin ráð um eignasamsetningu eftir sparnaðartíma.

Í Biblíunni er sagt frá tveimur mönnum sem fóru ólíkt að í góðæri sem kom á undan harðæri. Annar lagði fyrir og bjó í haginn í góðærinu á meðan hinn eyddi og lagði ekkert fyrir. Þegar harðærið kom átti sá, sem hafði lagt fyrir, forða til að lifa á en hinn átti ekkert og þurfti að leita ásjar hjá þeim sem hafði sýnt forsjá.

Boðskapur þessarar sögu er sígildur. Til þess að komast af án hjálpar þarf að búa í haginn fyrir framtíðina og því er nauðsynlegt að leggja fyrir til þess að geta tekist á við erfiða tíma og átt betri framtíð.

Til þess að ná árangri við að byggja upp eignir með sparnaði er afar mikilvægt að tileinka sér rétt viðhorf. Í stað þess að bíða með sparnaðinn þar til maður telur sig hafa efni á að spara er um að gera að byrja strax. Með því er verið að slá tvær flugur í einu höggi – skapa sér fjárhagslegt öryggi og auka möguleikana á að hætta snemma að vinna. En til þess að svo megi verða þarf að borga sjálfum sér fyrst og

best er að skipta sparnaðinum í lífeyrissparnað, varasjóð, langtímasparnað og neyslusjóð.

Það er skemmtilegt að spara og sparnaður þarf ekki að vera mikill til þess að ná árangri. Með því að leggja fasta fjárhæð fyrir með ákveðnu millibili, til dæmis mánaðarlega, geta allir myndað sér sjóð. Ef byrjað er snemma þarf fjárhæðin ekki að vera há hverju sinni og það er betra að byrja smátt og auka frekar á sparnaðinn þegar í ljós kemur að dæmið gengur upp. Með því móti myndast sjóður sem kemur sér vel í framtíðinni.

Á Íslandi bjóðast nú fjölmörg sparnaðartækifæri til að búa í haginn fyrir framtíðina. Með viðbótarlífeyrissparnaði geta einstaklingar aukið við tekjur sínar í starfslok með því að greiða 2–4% af launum inn á bundna vörslureikninga. Á móti því að peningarnir verða bundnir til starfsloka kemur umbun með mótframlagi launagreiðanda og hagstæðum skattalegum reglum. Annar sparnaður þarf svo að bætast við til að byggja upp sjóð til að mæta óvæntum fjárútlátum eða til að láta draumana rætast.



## Hver er staða þín?

### 4

Veist þú hvaða tekjum þú mátt eiga von á í eftirlaun miðað við núverandi sparnað? Hefur þú hugmynd um hvernig þú ert tryggður fyrir tekjumissi vegna veikinda eða slysa? Hvaða bætur yrðu greiddar til þinna nánustu ef þú féllir óvænt frá?

Enginn leiðsögumaður getur vísað veginn ef hann veit ekki hvar hann er staddur. Það sama gildir um einstaklinga sem eru að gera áætlun um tekjur í starfslok. Það er ekki hægt að gera áætlun ef maður veit ekki hver staðan er. Í þessum kafla er farið yfir það hvernig fólk getur metið stöðu sína sem best og áttað sig á því hvort undirbúningur undir eftirlaunaárin er fullnægjandi.

Til að meta núverandi stöðu þarf á skipulegan hátt að safna saman ýmsum upplýsingum um lífeyrisréttindi, sparnað og persónutryggingar. Það getur tekið svolítinn tíma en þeim tíma er vel varið. Leiðsögumaður sem veit hvar hann er staddur getur auðveldlega skoðað landakortið og fundið bestu leiðina að áfangastað.

*Í þessum kafla:*

#### o Fimm mikilvægar spurningar

- 1. Hvenær áætlar þú að hætta að vinna?
- 2. Veistu hvaða tekjum þú mátt eiga von á í eftirlaun miðað við núverandi réttindi og áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð?
- 3. Hvað reiknar þú með að viðbótarsparnaður verði mikill í starfslok og bæti miklu við mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum?
- 4. Veist þú hvaða örorkulífeyri þú átt rétt á ef þú þyrftir að hætta að vinna vegna veikinda eða slyss?
- 5. Veist þú hvaða lífeyrir yrði greiddur til þinna nánustu ef þú féllir óvænt frá?

#### o Lokað vegna birgðatalningar

## „Það er svo erfitt að átta sig á hver heildarréttindin eru“

Margir sem hafa komið að máli við mig hafa sagt mér að þeir hafi greitt í marga lífeyrissjóði í gegnum tíðina og spurt hvort ekki sé hægt að sameina réttindin með því að flytja þau í einn lífeyrissjóð. Ég man til að mynda eftir manni sem spurði mig hvort það gæti verið að réttindi í sjóðum sem hann greiddi í fyrir mörgum árum væru kannski fallin niður. „Það er svo erfitt að átta sig á hvaða réttindi maður á þegar maður hefur greitt í marga sjóði,“ sagði hann.

Ég skil vel þessi sjónarmið og alveg sérstaklega þegar haft er í huga að margar lífeyrissjóðir senda bara yfirlit til virkra sjóðfélaga. Þegar yfirlit eru löngu hætt að berast er eðlilegt að fólk hugsi svona.

Því miður er bannað samkvæmt lífeyrissjóðalögunum að flytja réttindi á milli sjóða á meðan einstaklingar eru á vinnumarkaði og greiða í lífeyrissjóð. Það væri líka mjög erfitt í framkvæmd þar sem sjóðirnir eru samtryggingarsjóðir. Það getur til dæmis ekki gengið að sjóðfélagar fari að færa réttindi sín úr lífeyrissjóði ef tryggingafræðileg staða hans veikist vegna óvenjuhárrar lífeyrisbyrði á einhverju tímabili.

En þegar komið er að því að nýta réttindi sín verður málið einfaldara. Samkvæmt samkomulagi lífeyrissjóða þurfa sjóðfélagar aðeins að sækja um lífeyri hjá einum sjóði og sér hann um að safna lífeyrisgreiðslum saman. Gert er ráð fyrir að sjóðfélagar sæki um lífeyri hjá þeim sjóði sem þeir greiddu síðast í eða hjá þeim sjóði þar sem þeir eiga mest réttindi. Ef lífeyrisréttindin eru mjög lítil má flytja þau á milli sjóða þegar taka lífeyris hefst.

Réttindi í lífeyrissjóðum eru verðmæt og að vonum var fyrrgreindur viðskiptavinur minn feginn að heyra að áunnin réttindi geymist þótt sjóðfélagi fari að greiða í annan sjóð. Ég hef ráðlagt öllum að varðveita upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi í öllum sjóðum sem þeir hafa greitt í en þó svo það hafi ekki verið gert er auðvelt að finna út úr þessu. „Þú ættir að snúa þér til lífeyrissjóðsins þíns og fá þar upplýsingar um alla sjóði sem þú hefur greitt í,“ sagði ég. „Hafðu síðan samband við þá lífeyrissjóði sem þig vantar upplýsingar frá og spyrðu um áunnin réttindi. Síðan getur þú lagt réttindin saman og fundið þannig út heildarréttindin.“

Nokkrum dögum síðar hringdi maðurinn í mig og sagði mér að hann væri búinn að fá allar þessar upplýsingar. Hann sagði að það hefði komið sér á óvart hvað réttindin væru mikil og alveg sérstaklega í einum sjóði sem hann greiddi í þegar hann var í sumarvinnu á námsárunum. „Ég vann að vísu afskaplega mikið á þessum árum og hafði góðar tekjur en mig hafði ekki óráð fyrir því að ég ætti nokkuð sem skipti máli frá þeim tíma, nema góðar minningar!“

## Fimm mikilvægar spurningar

Þegar ætlunin er að taka sér tak og skipuleggja lífeyrismál sín og nauðsynlegan eftirlaunasparnað þarf að byrja á réttum enda. Fyrsta skrefið er að meta núverandi stöðu og hver staðan verði í starfslok miðað við óbreyttar aðstæður eða ef haldið verði áfram að greiða jafn mikið bæði í lífeyrissjóð og sparnað. Til þess að greina núverandi stöðu þarf að svara fimm spurningum:

1. Hvenær áætlar þú (eða þið hjónin) að hætta að vinna?
2. Veistu hvaða tekjum þú mátt eiga von á í eftirlaun miðað við núverandi réttindi og áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð?
3. Hvað reiknar þú með að annar sparnaður (viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður) verði mikill í starfslok og bæti miklu við mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur?
4. Veist þú hvaða örorkulífeyri þú átt rétt á ef þú þyrftir að hætta að vinna vegna veikinda eða slyss?
5. Veist þú hvaða lífeyrir yrði greiddur til þinna nánustu ef þú féllir óvænt frá?

Hér á eftir verður hver þessara spurninga skoðuð og gefnar leiðbeiningar um hvernig hægt er að svara þeim. Í 5. og 6. kafla er síðan að finna ráðgjöf um eftirlaunasparnað og leiðir til þess að ná settum markmiðum um tekjur á eftirlaunaárunum.

Með bókinni fylgir lykilorð til að opna reiknivélina Skjóðuna en þar eru eyðublöð sem hægt er að prenta út og nota til að koma á einn stað upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi, núverandi sparnað og persónutryggingar. Eyðublöðin eru einnig í viðauka II.

Skjóðan er reiknivél til að slá inn upplýsingar um núverandi stöðu og reikna dæmi um eignir og tekjur í starfslok miðað við mismunandi forsendur.

### 1. spurning

#### **Hvenær áætlar þú að hætta að vinna?**

Til þess að hægt sé að áætla eignir og tekjur í starfslok þarf að byrja á að skoða hvenær búast má við að starfslokinn verði. Flestir hafa einhverja skoðun á því hvenær þeir geti hugsað sér að hætta að vinna. Þetta verður að liggja nokkurn veginn fyrir til þess að hægt sé að áætla hvað þú, eða þið hjónin, reiknið með að hafa mörg ár til þess að leggja fyrir til eftirlaunaáranna.

Áætlaður eftirlaunaaldur hefur líka áhrif á fjárhæð mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum. Flestir lífeyrissjóðir bjóða sjóðfélögum upp á nokkurn

sveigjanleika varðandi það hvenær þeir mega hefja töku lífeyris en eins og komið hefur fram lækka lífeyrisgreiðslur ef þeim er flýtt frá viðmiðunaráldri lífeyrissjóðs en hækka ef töku lífeyris er frestað umfram viðmiðunaráldur. Sá sem flýtir töku lífeyris um 5 ár fær um 30% lægri mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur en sá sem seinkar töku lífeyris um 5 ár fær á hinn bóginn u.þ.b. 30% hækkun.

Hér er ekki verið að hvetja fólk til að taka endanlega ákvörðun um eftirlaunaaldur. Tilgangurinn er fyrst og fremst að benda á að það er gagnlegt að gera áætlun svo hægt sé að meta stöðuna út frá því. Það er hugsanlegt að út úr slíku mati komi að ekki sé raunhæft að hætta vinnu á þeim aldri sem einstaklingur kys helst. Það þurfi lengri starfsaldur til þess að eftirlaunin verði ásættanleg. Best er að prófa sig áfram og byrja á að miða útreikninga og áætlanir við að hætta snemma að vinna. Komi í ljós að það sé óraunhæft má alltaf reikna dæmið aftur. Ef hins vegar virðist raunhæft að reikna með því að tekist hafi að safna nægjanlegum réttindum og eignum áður en eiginlegum eftirlaunaaldri er náð eru jafnframt góðar líkur á því að viðkomandi einstaklingur nái því markmiði að geta sjálfur ráðið hvenær hann hættir að vinna.

Oft er spurt hvað hjón sem eru á ólíkum aldri eigi að gera þegar verið sé að meta tekjur og eignir í starfslok. Við því er auðvitað ekki til neitt algilt svar en almennt má segja að ef aldursmunurinn er ekki þeim mun meiri (10 ár eða minni) sé hægt að gera áætlanir sem miða að því að hjón hætti að vinna á sama tíma. Eftirlaunaárin eiga að geta verið einn besti tími ævinnar og til að njóta þeirra til fulls vilja örugglega flestir eyða þeim tíma með maka sínum. Ef aldursmunurinn er of mikill til þess að hægt sé að reikna með að raunhæft sé að báðir aðilar hjónabands hætti á sama tíma verður að taka því og meta stöðuna fyrir hvort hjóna fyrir sig.

## 2. spurning

### ***Veistu hvaða tekjum þú mátt eiga von á í eftirlaun miðað við núverandi réttindi og áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð?***

Allir ættu að vita hvaða réttindi þeir eru búnir að ávinna sér með greiðslum í lífeyrissjóð. Þessar upplýsingar koma fram á yfirlitum sem lífeyrissjóðirnir senda tvisvar á ári og í mörgum tilvikum er hægt að fletta þessum upplýsingum upp á vefsíðum sjóðanna. Á yfirlitunum koma einnig fram upplýsingar um það hvaða lífeyrisgreiðslum viðkomandi má eiga von á miðað við áframhaldandi greiðslur til lífeyrissjóðsins og er þá yfirleitt reiknað með óbreyttum launum til starfsloka.

Sumir lífeyrissjóðir senda eingöngu yfirlit til virkra sjóðfélaga. Einstaklingar sem eiga réttindi í mörgum sjóðum geta því lent í því að hafa ekki á reiðum höndum upplýsingar um réttindi í sjóðum sem þeir hafa greitt í fyrr á ævinni. Þá er bara um að gera að hafa samband við viðkomandi lífeyrissjóð og óska eftir upplýsingum um

áunnin réttindi. Þar sem margir eru ekkert að velta fyrir sér lífeyrismálunum meðan þeir eru ungir eru örugglega margir sem vita hreinlega ekki í hvaða lífeyrissjóði þeir hafa greitt, til dæmis á námsárunum. Þá er ráðið að hafa samband við þann lífeyrissjóð sem greitt er í núna og óska eftir aðstoð. Starfsfólk lífeyrissjóðsins á að geta fundið þessar upplýsingar í nafnaskrá lífeyrissjóðanna. Nafnaskráin er sameiginleg skrá lífeyrissjóðanna og geymir upplýsingar um það í hvaða lífeyrissjóði einstaklingar hafa greitt og hvenær þeir greiddu síðast í þá. Skráin er uppfærð tvisvar á ári.

Lífeyrissjóðir hafa mismunandi viðmiðunarludur. Flestir miða þeir töku lífeyris við 67 ára aldur en heimila sjóðfélögum að flýta töku lífeyris til 65 ára aldurs eða seinka honum til 70 ára aldurs. Stundum eru upplýsingar frá lífeyrissjóðum um réttindi miðaðar við mismunandi aldur og verða sjóðfélagar þá að samræma upplýsingarnar. Það er hægt að gera með því að hafa samband við lífeyrissjóðina en einnig eru reiknivélar á heimasíðum marga sjóðanna þar sem sjóðfélagar geta reiknað áhrif þess að fresta eða flýta töku lífeyris.

Í öllu falli er rétt að safna saman upplýsingum um áunninn réttindi frá öllum lífeyrissjóðum sem greitt hefur verið í og athuga hvort réttindin séu sambærileg að því leyti að þau sýni lífeyrisrétt frá sama aldri. Hjá þeim lífeyrissjóði sem verið er að greiða í þarf auk þess að vita hvaða réttindi ávinnast með áframhaldandi greiðslum til starfsloka.

Á eyðublað 1 er auðvelt að safna saman upplýsingum um þegar áunnin lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum og gögnum sem nota á við að áætla lífeyrisgreiðslur í starfslok miðað við áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð til starfsloka. Upplýsingarnar fást með því að skoða yfirlit frá lífeyrissjóðum sem greitt hefur verið í eða með því að hafa samband við sjóðina. Byrjað er á því að skrifa niður alla lífeyrissjóði sem greitt hefur verið í og síðan er eftirtöldum upplýsingum safnað:

### **Lífeyrissjóðir sem greitt hefur verið í og reiknað er með að greiða í áfram.**

1.	Lífeyrissjóður	Lífeyrissjóðir sem þú og maki þinn hafid greitt í og eigið réttindi hjá. Einnig lífeyrissjóðir sem þið greiðið í núna og reiknið með að greiða í til starfsloka.
----	----------------	--

### **Upplýsingar um þegar áunnin réttindi.**

2.	Iðgjaldtímabil	Það tímabil sem greitt var í viðkomandi sjóð. Tilgangurinn er að fá yfirlit um í hvaða lífeyrissjóð var greitt á hverjum tíma, m.a. til þess að kanna hvort öll tímabil hafi skilað sér.
3.	Viðmiðunarludur	Við hvaða aldur áunnin lífeyrisréttindi miðast, það er við hvaða aldur ævilangar lífeyrisgreiðslur hefjast. Hjá flestum lífeyrissjóðum er miðað við 67 ára aldur.
4.	Reglur um frestun eða flýtingu	Hvaða reglur sjóðurinn hefur um frestun eða flýtingu á töku lífeyrisgreiðslna frá viðmiðunarludri. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að samræma réttindaútreikninga í mörgum sjóðum eða til að hægt sé að reikna út lífeyri við mismunandi aldur.



5.	<b>Áunnin réttindi</b>	Áunnin réttindi sem mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá starfslokaaldri. Til þess að hægt sé að leggja saman áunnin réttindi í mörgum sjóðum er mikilvægt að gæta að því að áunnin réttindi miðist við sama aldur hjá öllum sjóðum og miða þá við starfslokaaldur eða þann aldur sem þú áætlast að hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóðum.
----	------------------------	--

### **Upplýsingar til að meta viðbótarréttindi m.v. áframhaldandi greiðslur.**

6.	<b>Réttindastuðull í stigasjóði</b>	Stuðullinn segir til um hvernig réttindi myndast í stigasjóði. Ef lífeyrissjóður er með aldurstengd réttindi má sleppa þessum dálki. Þessar upplýsingar þarf eingöngu varðandi sjóði sem þú áformar að greiða til í framtíðinni.
7.	<b>Áætluð laun til starfsloka</b>	Laun sem framreikningur á viðbótarréttindum byggist á. Yfirleitt er miðað við óbreytt laun til æviloka í dæmum hjá lífeyrissjóðum.
8.	<b>Viðbótarréttindi</b>	Viðbótarréttindi sem myndast með áframhaldandi greiðslum til starfsloka. Viðbótarréttindi eru sýnd sem mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá áætluðum starfslokaaldri til æviloka. Upplýsingar um viðbótarréttindi eru á yfirlitum frá lífeyrissjóðum en einnig er hægt að reikna þau á vefsíðum flestra lífeyrissjóða. Ef þú finnur ekki þessar upplýsingar skaltu hringja í lífeyrissjóðinn og biðja um aðstoð.
9.	<b>Lífeyrisréttindi samtals (áunnin og viðbótarréttindi)</b>	Áætlaðar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum samtals til æviloka frá starfslokaaldri eða þeim aldri þegar reiknað er með að hefja töku lífeyris.

Eftir að hafa safnað upplýsingum um ellilífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum ætti fólk að hafa hugmynd um hvaða lífeyrisgreiðslum úr lífeyrissjóðum það eigi von á miðað við áunnin réttindi og áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð. Rétt er að hafa í huga að fjárhæð lífeyrisgreiðslna sem byggð er á þegar áunnum réttindum getur breyst ef afkoma lífeyrissjóðanna versnar eða batnar. Með bættu heilsufari og auknu langlífi aukast skuldbindingar lífeyrissjóðanna og getur það leitt til lægri lífeyrisgreiðslna hjá sjóðfélögum. Góð ávöxtun og lágur kostnaður auka hins vegar hæfi lífeyrissjóðanna til að standa við skuldbindingar sínar og greiða lífeyri. Einnig er rétt að vera minnugur þess að áætluð viðbótarréttindi byggjast á útreikningum sem miðast við forsendur um ákveðnar launagreiðslur og fulla starfsorku en enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér.

Til að meta hvort áætlaðar lífeyrisgreiðslur séu ásættanlegar er gott að bera þær saman við einhverja viðmiðun. Oftast er stuðst við meðallaun á ávinni, núverandi laun eða lokalaun sem eru áætluð laun þegar látið er af störfum. Núverandi laun eru besta viðmiðunin því einstaklingar vita eða eiga að vita hvað þeir geta leyft sér í neyslu og sparnað af þeim. Lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum eru undirstaða eftirlauna í starfslok og því er æskilegt að þær séu sem hæstar í samanburði við þessar viðmiðanir. Hvort fjárhæðin sé ásættanleg ræðst m.a. af því hversu miklum viðbótarsparnaði er reiknað með.

## Upplýsingar um lífeyrisréttindi hjá 20 stærstu lífeyrissjóðum í árslok 2002

Lífeyrissjóður	Eignir í árslok 2002 í milljóðum	Réttinda-ávinnsla J eða A (jöfn eða aldurstengd réttindi)	Viðmiðun-aráldur (við hvaða aldur hefst taka lífeyris?)	Reglur um flýtingu / frestun (hvenær má fyrst/síðast hefja töku lífeyris og hvernig breytast lífeyrisgreiðslur fyrir hvern mánuð ef þeim er flýtt eða frestað)				Réttinda-stuðull (segir til um hvernig réttindi ávinna)
				Fyrst	Síðast	Flýttuðuull	Freststuðull	
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	116,1							
A-deild		J	65	60	70	0,50%	0,75%	1,90%
B-deild		J	65	60				2,00%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	102,0	J	67	65	70	0,60%	0,60%	1,65%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	53,7	J	67	65	70	0,65%	0,80%	1,50%
Lífeyrissjóður sjómanna	47,1	J	65	60	70	lðgj.tafla	lðgj.tafla	1,496%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	46,0							
Aldurstengt réttindakerfi		A	67	67	70		lðgj.tafla	lðgj.tafla
Stigakerfi		J	67	67	70		0,67%	1,50%
Lífeyrissjóður Norðurlands	28,4	J	67	62	70	lðgj.tafla	lðgj.tafla	1,40%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	23,9	J	67	65	70	0,50%	0,50%	1,65%
Lífeyrissjóður bankamanna	19,8							
Hlutfallsdeild	16,2	J	65	60		0,50%		2,125%
Stigadeild	3,6	J	67	65		0,60%	0,60%	1,60%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	19,7	A	70	65	70	lðgj.tafla		lðgj.tafla
Almenni lífeyrissjóðurinn	19,5	A	70	65	70	lðgj.tafla		lðgj.tafla
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	19,0	A	67	62	72	lðgj.tafla	lðgj.tafla	lðgj.tafla
Samvinnulífeyrissjóðurinn	17,7							
Stigakerfi		J	67	65	70	0,65%	0,55%	1,5%
Aldurstengt réttindakerfi		A	67	65	70	lðgj.tafla	lðgj.tafla	lðgj.tafla
Lífeyrissjóður Austurlands	13,2	J	67	62	70	lðgj.tafla	lðgj.tafla	1,40%
Lífeyrissjóður lækna	13,0	A	67	62	70	lðgj.tafla	0,60%	lðgj.tafla
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	12,9	J	65	60	70	lðgj.tafla	lðgj.tafla	1,40%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	12,0	A	67	62	72	lðgj.tafla	lðgj.tafla	lðgj.tafla
Lífeyrissjóður Suðurnesja	11,8	J	67	67	70		0,60%	1,48%
Lífeyrissjóður bænda	11,4	J	67	67	70		0,40%	1,40%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	11,4	J	65	60	70	0,55%	0,80%	1,50%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	10,5	J	65	60				2,00%

Upplýsingar eru fengnar á vefsíðum sjóðanna og voru staðfestar af forráðamönnum þeirra. Einkastaklingum sem eru að leita að upplýsingum um réttindi í tilteknum sjóðum er engu að síður ráðlagt að hafa samband við viðkomandi sjóði og fá upplýsingarnar beint þáðan.

Tafla 4.1

### 3. spurning

**Hvað reiknar þú með að viðbótarsparnaður (viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður) verði mikill í starfslok og bæti miklu við mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum?**

Auðvelt er að fá upplýsingar um stöðu viðbótarlífeyrissparnaðar og annars sparnaðar. Flestir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar senda yfirlit tvisvar á ári með upplýsingum um greidd iðgjöld og inneign í lok tímabils. Hjá mörgum koma einnig fram upplýsingar um hver inneignin verður við 60 ára aldur eða annan aldur miðað við áframhaldandi greiðslur og gefnar forsendur um ávöxtun. Hægt er að fletta upp á þessum upplýsingum á heimasíðum sumra vörsluaðila.

Upplýsingar um annan sparnað eru yfirleitt líka aðgengilegar. Bankar og spari-sjóðir senda yfirlit um innlánsreikninga a.m.k. tvisvar á ári og auk þess geta

viðskiptavinir þeirra fengið aðgang að þessum upplýsingum í netbönkum. Upplýsingar um vörslureikning eru líka sendar einu sinni til tvisvar á ári og mörg fjármálafyrirtæki bjóða viðskiptavinum aðgang að þeim á læstum vefsíðum.

Til þess að hægt sé að meta upplýsingar um viðbótarsparnað og áhrif hans á tekjur í starfslok þarf að gera hann sambærilegan með því að reikna stöðuna miðað við sama aldur og samræma skattlagningu. Lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum og viðbótarlífeyrissparnaður eru skattlagðar eins og launatekjur en af öðrum sparnaði er greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum.

Á eyðublað 2 er safnað saman upplýsingum um viðbótarlífeyrissparnað og annan sparnað ásamt áætlun um það hver sparnaðurinn verður í starfslok. Þarna eru skrifaðir niður allir vörsluaðilar sem greitt er til eða inneign er hjá og safnað upplýsingum frá hverjum þeirra um eftirfarandi atriði:

1.	<b>Vörsluaðili lífeyrissparnaðar/ séreignarsjóður</b>	Vörsluaðili lífeyrissparnaðar/séreignarsjóður sem þú eða þið eigið inneign hjá og reiknið með að greiða til áfram.
2.	<b>Núverandi inneign</b>	Núverandi inneign í séreignarsjóði eða á lífeyrissparnaðarreikningi.
3.	<b>Laun</b>	Laun sem lífeyrissparnaður er greiddur af.
4.	<b>Iðgjald sem hlutfall af launum</b>	Hér á að færa iðgjald samtals, þ.e. bæði eigið framlag og móttframlag launagreiðanda.
5.	<b>Inneign í starfslok</b>	Þessar upplýsingar færðu hjá vörsluaðilanum en í mörgum tilvikum getur þú reiknað þetta út á vefsíðu vörsluaðila eða fjármálafyrirtækis. Mælt er með að reiknað sé með hóflegri ávöxtun, eða 3,5% til 4,5% raunávöxtun.
6.	<b>Mánaðarlegar tekjur fyrir skatta í starfslok</b>	Útreiknaðar tekjur af inneign í starfslok miðað við mismunandi úttektartíma.

Tilgangurinn með töflu 2.2 á eyðublaði 2 er að safna saman upplýsingum um aðrar eignir og annan eftirlaunasparnað og áætla verðmæti þeirra í starfslok. Hér eru færðar inn allar aðrar eignir og annar sparnaður sem ætlunin er að nota til að auka tekjur í starfslok:

1.	<b>Ávöxtunarleið</b>	Ávöxtunarleið sem valin hefur verið fyrir annan sparnað. Annar sparnaður getur t.d. verið á innlánsreikningi í banka, í hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, skuldabréfum eða hlutabréfum eða í söfnunartryggingu hjá líftryggingafélagi. Hér má einnig telja upp aðrar eignir sem reiknað er með að selja síðar á ævinni til að auka tekjur í starfslok.
2.	<b>Núverandi inneign</b>	Verðmæti sparnaðar nú eða þegar úttekt er gerð.
3.	<b>Viðbótarsparnaður</b>	Áætlaður viðbótarsparnaður á starfsævinni. Getur verið hvort heldur sem er reglulegur eða óreglulegur sparnaður.
4.	<b>Inneign í starfslok</b>	Útreiknað verðmæti annars sparnaðar í starfslok. Þetta getur þú reiknað út á vefsíðum flestra fjármálafyrirtækja en annars skaltu leita til ráðgjafa um aðstoð við útreikninginn. Mælt er með að reiknað sé með hóflegri ávöxtun eða 3,5% til 4,5% raunávöxtun. Þar sem greiddur er fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum þarf að taka tillit til hans við útreikningana.
5.	<b>Mánaðarlegar tekjur eftir skatta í starfslok</b>	Útreiknaðar tekjur af inneign í starfslok miðað við mismunandi úttektartíma. Annar sparnaður er lagður fyrir af launum eftir skatta og því er ekki greiddur tekjuskattur af útborgunum í starfslok.

Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir er hægt að sjá í hvað stefnir með eftirlaun í starfslok miðað við núverandi eignir og áunnin réttindi og óbreyttar forsendur um áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð og viðbótarsparnað. Hver og einn verður síðan að gera upp við sig hvort væntanleg eftirlaun séu ásættanleg eða ekki. Í næsta kafla verður fjallað um það að hvaða eftirlaunum sé eðlilegt að stefna og um leiðir til að ná settum markmiðum um tekjur í starfslok.

#### 4. spurning

##### ***Veist þú hvaða örorkulífeyri þú átt rétt á ef þú þyrftir að hætta að vinna vegna veikinda eða slyss?***

Hluti af góðri fjármálastjórn er að velta fyrir sér fjárhagslegri afkomu ef launatekjur falla niður vegna veikinda eða slyss. Það er mikilvægt að átta sig á því hvaða bótum maður á rétt á og hvort þær dugi til að framfleyta fjölskyldunni og greiða afborganir af lánnum. Hvernig er hægt að verjast tekjumissi í slíkum tilvikum? Fyrsta skrefið er að meta núverandi réttindi en flestir launþegar eiga örorkulífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum og sumir hafa auk þess bætt við sig viðbótarörorkutryggingum frá tryggingafélögum.

##### ***Örorkulífeyrstrygging lífeyrissjóða***

Örorkulífeyrstrygging lífeyrissjóða er mjög verðmæt fyrir sjóðfélaga og fjölskyldur þeirra. Því miður koma upplýsingar um hana ekki skýrt fram á yfirlitum frá lífeyrissjóðum en oftast má álykta hver réttindin eru út frá upplýsingum um ellilífeyrisréttindi.

Á yfirlitum koma yfirleitt fram upplýsingar um áunnin ellilífeyrisréttindi en þau eru einnig áunnin örorkulífeyrisréttindi. Hjá mörgum sjóðum kemur einnig fram hver ellilífeyrir verður miðað við áframhaldandi greiðslur til starfsloka. Er þá oftast miðað við sömu greiðslu og greidd var síðast í sjóðinn eða síðustu mánaðarlaun. Við framreikning á örorkulífeyrisréttindum er hins vegar oftast miðað við meðalgreiðslur í sjóðinn næstu þrjú almanaksár fyrir orkutapið og margir lífeyrissjóðir nota svokallaða 30 ára reglu (sjá 2. kafla) við framreikning á örorkulífeyrisréttindum. Framreiknuð ellilífeyrisréttindi á yfirlitum eru því sennilega heldur meiri en örorkulífeyrisréttindi og getur munurinn verið 5% til 10% af launum (jafnvel meiri ef laun hafa hækkað verulega á síðustu misserum).

Sjóðfélagar sem eru að yfirfara tryggingamál sín gerðu rétt í því að hafa samband við lífeyrissjóðinn sinn og leita eftir nánari upplýsingum um örorkulífeyrisréttindi (og önnur tryggingaréttindi) hjá sjóðnum. Einnig má benda á að á heimasíðum margra sjóða eru reiknivélar þar sem hægt er að slá inn upplýsingar um áunnin réttindi og reikna dæmi um framreiknuð réttindi.

Á [eyðublaði 3](#) er að finna töflu sem hægt er að nota til að safna upplýsingum um áunnin og framreiknuð örorkuréttindi í lífeyrissjóðum ef sjóðfélagi verður 100% öryrki. Fyrst er gerður listi yfir alla lífeyrissjóði sem greitt hefur verið í og síðan er safnað upplýsingum frá hverjum þeirra um eftirfarandi atriði:

### **Lífeyrissjóðir sem greitt hefur verið í og reiknað er með að greiða í áfram.**

1.	Lífeyrissjóður	Lífeyrissjóðir sem þú og maki þinn hafið greitt til og eigið réttindi hjá og lífeyrissjóðir sem þið greiðið í núna og reiknið með að greiða í til starfsloka.
----	----------------	---

### **Upplýsingar um þegar áunnin örorkulífeyrisréttindi.**

2.	Neðri mörk örorku	Hvað þarf metin örorka að vera minnst til þess að réttur á örorkulífeyri stofnist? Hjá flestum lífeyrissjóðum þarf örorkan að vera metin 40–50%.
3.	Mat á örorku eftir þrjú ár	Fyrsta mat á örorku miðast yfirleitt við hæfi sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann var í við orkutap en hjá mörgum sjóðum er síðan miðað við hæfi sjóðfélaga til að vinna almenn störf eftir þrjú ár. Skrifid A ef miðað er við almenn störf en F ef miðað er við fyrra starf sjóðfélaga. Þetta atriði getur skipt verulegu máli ef sjóðfélagi er í sérhæfðu starfi og hefur háar tekjur. Ef lífeyrissjóður miðar við almenn störf eftir þrjú ár hefur hann ríkari þörf fyrir viðbótartryggingar en ella.
4.	Áunnin örorkulífeyrisréttindi	Áunnin örorkulífeyrisréttindi sýnd sem mánaðarlegar örorkulífeyrisgreiðslur ef starfsorka skerðist um 100% og sjóðfélagi verður fyrir sannanlegum tekjumissi. Ef örorka er metin minni en 100% lækka örorkugreiðslur hlutfallslega niður að neðri mörkum örorku en fyrir neðan þau mörk falla þær niður.

### **Upplýsingar til að meta viðbótarörorkulífeyrisréttindi m.v. áframhaldandi greiðslur.**

5.	Réttur til framreiknings	Spyrðu hvort þú eigir rétt á framreikningi réttinda og fáðu upplýsingar um hver þau eru miðað við meðalgreiðslur í sjóðinn undanfarið eða núverandi laun. Fáðu jafnframt upplýsingar um hvernig réttur til framreiknings stofnast. Merktu við já ef þú átt rétt á framreikningi réttinda, annars nei.
6.	Laun	Laun sem framreikningur byggist á.
7.	Framreiknuð réttindi	Réttindi sem bætast við áunnin réttindi ef sjóðfélagi verður öryrki.
8.	Örorkulífeyrir samtals	Örorkulífeyrir samtals (áunnin og framreiknuð réttindi lögð saman).

Til viðbótar við örorkulífeyri greiða flestir lífeyrissjóðir barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega sem öðlast hefur rétt til framreiknings. Börn og kjörbörn örorkulífeyrisþega eiga rétt á mánaðarlegum barnalífeyri ef börnin eru fædd eða ættleidd fyrir orkutap og allt að 12 mánuðum eftir orkutapið. Litið er á stjúpbörn og fósturbörn sem börn sjóðfélagans enda hafi hann framfært þau um árabíl. Ef örorka er metin lægri en 100% þá er barnalífeyrir hlutfallslega lægri. Hjá mörgum lífeyrissjóðum er greiðsla barnalífeyris bundin því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt til hans fyrir örorku. Þetta ákvæði þýðir að flestir sjóðfélagar eiga barnalífeyrisrétt hjá einum lífeyrissjóði.

Barnalífeyrir er yfirleitt föst fjárhæð og óháð áunnum ellilífeyrisréttindum. Fjárhæðin er tilgreind í samþykktum lífeyrissjóða og skal ekki vera lægri en kemur fram

## Upplýsingar um örorku-, maka- og barnalífeyrisréttindi hjá 20 stærstu sjóðunum í árslok 2002

Lífeyrissjóður	30 ára regla (við útreikning örorkulífeyris) Já/Nei	Neðri mörk örorku (lágmarksörorka til að fá örorkulífeyri)	Mat á örorku eftir 3 ár A eða F (almenn störf eða fyrri starf)	Fjárhæð makalífeyris (% af örorkulífeyrisréttindum)	Greiðslutími fulls makalífeyris (lágmarks greiðslutími)	Aldur barns (þegar barnalífeyrir fellur niður)	Framreikningur örorkulífeyris (til hvaða aldurs)
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins							
A-deild	Nei	40%	A/eftir 5 ár	50%	3 ár + 2 ár að hálfu	22	65
B-deild	Nei	10%	F	50%	Ævilangt	18	
Lífeyrissjóður verslunarmanna	Já	50%	A	60%	3 ár (1)	20	67
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	Já	50%	A	50%	3 ár + 2 ár að hálfu (2)	18	67
Lífeyrissjóður sjómanna	Já	40%	A	53%	3 ár (3)	18	60
Sameinaði lífeyrissjóðurinn							
Aldurstengt réttindakerfi	Já	50%	A	60%	3 ár + 2 ár að hálfu (3)	18	67
Stigakerfi	Já	50%	A	60%	3 ár + 2 ár að hálfu (3)	18	67
Lífeyrissjóður Norðurlands	Já	50%	A	50%	3 ár + 2 ár að hálfu (4)	18	65
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Já	50%	A/eftir 5 ár	50%	2 ár (3)	19	67
Lífeyrissjóður bankamanna							
Hlutfallsdeild	Nei	10%	A	50%	Ævilangt	20	65
Stigadeild	Já	40%	F	56,25%	2 ár	20	67
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Nei	50%	A/eftir 2 ár	50%	2 ár	18	65
Almenn lífeyrissjóðurinn	Nei	50%	A	50%	2 ár + 1 ár að hálfu	18	65
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	Nei	40%	A	50%	3 ár + 2 ár að hálfu (5)	19	67
Samvinnulífeyrissjóðurinn							
Stigakerfi	Já	50%	A	60%	2 ár (1)	18	65
Aldurstengt réttindakerfi	Já	50%	A	50%	2 ár	18	67
Lífeyrissjóður Austurlands	Já	50%	A	50%	3 ár + 2 ár að hálfu (6)	18	65
Lífeyrissjóður lækna	Nei	40%	F	60%	Ævilangt	20	67
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	Já	50%	A	50%	3 ár + 2 ár að hálfu (7)	18	65
Lífeyrissjóður verkfræðinga	Nei	40%	F	60%	2 ár (8)	19	67
Lífeyrissjóður Suðurnesja	Já	50%	A	50%	4 ár + 4 ár að hálfu (4)	18	67
Lífeyrissjóður bænda	Já	50%	A	50%	2 ár (3)	18	67
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	Já	50%	A	50%	4 ár + 3 ár að hálfu (9)	18	65
Lífeyrissjóður hjúkunarfræðinga	Nei	10%	F	50%	Ævilangt	18	

(1) ævilangur makalífeyrir ef maki er fæddur fyrir 1945 en fjárhæð er breytileg eftir aldri.

(2) makalífeyrisgreiðslur hefjast á ný þegar makinn nær 67 ára aldri og greiðast í ákveðinn tíma samkvæmt samþykktum.

(3) lengsti greiðslutími er ævilangur makalífeyrir samkvæmt ákveðnum skilyrðum.

(4) hafi eftirlifandi maki náð 50 ára aldri við fráfall sjóðfélaga á hann rétt á makalífeyri til 67 ára aldurs. Ef maki er öryrki þegar sjóðfélagi fellur frá er makalífeyrir greiddur til æviloka.

(5) frá 67 ára aldri er greiddur ævilangur makalífeyrir sem nemur 25% af áunnum ellilífeyrisréttindum.

(6) ævilangur makalífeyrir ef maki er fæddur fyrir 1955 en fjárhæð er breytileg eftir aldri.

(7) ævilangur makalífeyrir ef maki er fæddur fyrir 1965 en fjárhæð er breytileg eftir aldri.

(8) frá 67 ára aldri er greiddur ævilangur makalífeyrir sem nemur 60% af áunnum ellilífeyrisréttindum.

(9) hafi eftirlifandi maki náð 50 ára aldri við fráfall sjóðfélaga á hann rétt á 50% makalífeyri til 65 ára aldurs.

Upplýsingar eru fengnar á vefsíðum sjóðanna og voru staðfestar af forráðamönnum þeirra. Einstaklingum sem eru að leita að upplýsingum um réttindi í tilteknum sjóðum er engu að síður ráðlagt að hafa samband við viðkomandi sjóði og fá upplýsingarnar beint þaðan.

### Tafla 4.2

Í lífeyrissjóðalögunum nr. 129 frá 1997 en samkvæmt þeim skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.300 kr. á mánuði miðað við verðlag í janúar 2004. Það er ekki algilt að barnalífeyrir sé föst fjárhæð og óháð ellilífeyrisréttindum. Til eru lífeyrissjóðir þar sem barnalífeyrir er hlutfall af makalífeyri en þó aldrei lægri en það lágmark sem tilgreint er í lögum.

Barnalífeyrir er greiddur til 18 ára aldurs hjá flestum lífeyrissjóðum en nokkrir greiða barnalífeyri lengur eða til 20 eða 22 ára aldurs.

Á eyðublað 4 er hægt að safna upplýsingum um barnalífeyrisrétt hjá lífeyrissjóðum:

1.	Lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður sem myndi greiða barnalífeyri við örorku.
2.	Fjárhæð barnalífeyris	Fjárhæð barnalífeyris.
3.	Greiðslutími	Greiðslutími eða aldur barns þegar barnalífeyrir fellur niður.

Yfirleitt mæla tryggingaráðgjafar með því að örorkulífeyrisgreiðslur tryggi sjóðfélögum 60% til 70% af þeim launum sem þeir höfðu fyrir tekjuskerðingu. Sjálfsgagt kann einhver að spyrja hvaðan sú viðmiðun sé fengin og af hverju einstaklingur ætti að setta sig við lægri tekjur eftir veikindi eða slys en hann hafði í laun áður. Mætti ekki frekar færa rök fyrir því að sem öryrki þyrfti hann að hafa hærri tekjur? Til dæmis gæti örorkan kallað á sértækar lausnir eins og sérútbúinn bíl eða heimilisaðstoð. Um þessi álitamál verður fjallað í næsta kafla en benda má á að örorkulífeyrir lífeyrissjóða er greiddur til viðmiðunaraldurs en eftir það breytist hann í ellilífeyri. Lífeyrisþegar þurfa því ekki að greiða 4% af launum sínum í lífeyrissjóð líkt og launþegar. Eins er þess að gæta að tilgangur trygginga er að verja einstaklinga fyrir tekjumissi en ekki að gera þá betur setta en áður. Bætur eru alltaf nokkru lægri en tekjurnar til þess að það sé hvetjandi að fara aftur út á vinnumarkaðinn. Hvað sem öðru líður er skynsamlegt að treysta ekki eingöngu á örorkutryggingar lífeyrissjóða heldur bæta við sig viðbótarörorkutryggingum til skemmri og lengri tíma.

### **Viðbótarörorkutryggingar**


Hægt er að kaupa ýmsar viðbótarörorkutryggingar hjá tryggingafélögum. Sumar tryggingar greiða bætur ef sá tryggði fær tiltekna sjúkdóma, aðrar ef hann er metinn öryrki yfir ákveðnum mörkum og sumar bæta við því skilyrði að viðkomandi verði fyrir sannanlegum tekjumissi af völdum örorkunnar. Tryggingar eru einnig mismunandi að því leyti að sumar greiða bætur með einni greiðslu sem er skattfrjáls og aðrar með mánaðarlegum greiðslum. Mánaðarlegar bætur eru skattlagðar eins og aðrar launatekjur. Nokkrar gerðir heilsutrygginga bjóðast hér á landi, svo sem:

- a) Sjúkra- og slysatryggingar.
- b) Sjúkdómatrygging.
- c) Afkomutrygging.

**a) Sjúkra- og slysatrygging** veitir vernd vegna hugsanlegrar örorku af völdum slysa og sjúkdóma. Sá sem hefur slíka tryggingu fær greiddar eingreiðslubætur vegna

### Hvað kosta sjúkdóma- og sjúkra- og slysatryggingar?

Kostnaður sem % af launum við að tryggja ein árslaun í eingreiðslubætur við greiningu á sjúkdómi eða við 100% örorku vegna sjúkdóms eða slyss



**Mynd 4.1** Myndin sýnir dæmi um kostnað við sjúkdómatryggingu og sjúkra- og slysatryggingu. Síndur er kostnaður við tryggingar sem tryggja eingreiðslu sem nemur einum árslaunum hins váttryggða. Sjúkra- og slysatryggingin greiðir auk þess dagpeninga sem nema 1% af árslaunum á viku fyrstu tvö árin eftir starfsorkumissi. Iðgjald sjúkdómatryggingar er reiknað eftir aldri, kyni og því hvort aðili reykir eða ekki. Iðgjald sjúkra- og slysatryggingar er reiknað út frá aldri og starfsáhættu. Hér er iðgjaldið reiknað miðað við reyklaust fólk í lægsta áhættuflokki og sett fram sem hlutfall af launum hins tryggða.

varanlegrar örorku eða vikulegar bætur í eitt til þrjú ár vegna tímabundinnar örorku (dagpeningar). Í sumum tilvikum er hægt að kaupa sjúkra- og slysatryggingu sem innifelur einnig dánarbætur vegna slyss. Örorkubætur eru greiddar að fullu við 100% örorku en hlutfallslega við minni örorku. Skilmálar eru breytilegir milli félaga en algengt er að bætur vegna slysa séu greiddar ef örorka er metin a.m.k. 10% og bætur vegna sjúkdóma ef örorka er metin 25% eða meiri.

Sjúkra- og slysatrygging er sérstaklega góð viðbót við örorkutryggingu lífeyrisjóða vegna þess að þegar einstaklingur er metinn varanlegur öryrki eru greiddar eingreiðslubætur sem nýtast vel til að aðlagast nýjum aðstæðum, t.d. ef einstaklingur þarf að láta breyta bíl eða gera breytingar heima hjá sér. Sjúkra- og slysatryggingin er einnig góð til að verja sig fyrir tímabundnu tekjutapi og hentar alveg sérstaklega fyrir þá sem ekki greiða í stéttarfélög og hafa því ekki aðgang að sjúkrasjóðum.

Hjá sumum tryggingafélögum er hægt að kaupa slysatryggingu og/eða sjúkra-tryggingu eingöngu.

**b) Sjúkdómatrygging** tryggir eingreiðslu til sjóðfélaga eða fjölskyldu hans ef sjóðfélaginn veikist og greinist með ákveðna sjúkdóma. Í stórum dráttum heyra eftirfarandi sjúkdómar eða aðgerðir undir sjúkdómatryggingu:



- Hjartaáfall/kransæðastífla
- Kransæðaskurðaðgerð
- Aðgerð á hjartaloku
- Skurðaðgerð á ósæð/meginslagæð
- Heilaáfall/slag
- Krabbamein
- Góðkynja heilaæxli
- MS/heila- og mænusigg
- MND (hreyfitaugungahrörnun)
- Meiriháttar líffæraflutningar
- Nýrnabilun
- Alzheimer sjúkdómur
- Parkinsons-veiki
- Alvarleg brunasár
- Útlimamissir
- Blinda

Sjúkdómatryggingin nær yfirleitt einnig til barna, fósturbarna og stjúpbarna rétt-hafa. Greiddar eru bætur fyrir tiltekna sjúkdóma/aðgerðir á börnum undir 18 ára aldri. Skilmálar sjúkdómatrygginga eru mismunandi milli félaga, bæði hvað varðar fyrir hvaða sjúkdóma eru greiddar bætur og takmarkanir á bótaskyldu.

**c) Afkomutrygging** tryggir mánaðarlegar tekjur til 60 ára eða 65 ára aldurs ef starfsorka skerðist um 40% eða meira af völdum sjúkdóms eða slyss og réttthafi verður fyrir launaskerðingu af þeim sökum. Afkomutryggingin er sérstaklega hentug til að bæta við örorkulífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum því tryggingin er langtímatrygging og í eðli sínu svipuð og örorkulífeyristrygging lífeyrissjóða. Hún hentar því vel til að auka tryggingaverndina til langs tíma. Afkomutryggingin gagnast alveg sérstaklega þeim sem eru að hefja störf á vinnumarkaði því það tekur full þrjú ár að ávinna sér rétt á fullum örorkulífeyrisréttindum í lífeyrissjóðum, þ.e. rétt á framreikningi.


Eyðublað 4.2 er ætlað til að safna saman upplýsingum um viðbótarörorkutryggingar hjá tryggingafélögum ef einstaklingur verður óvinnufær vegna örorku af völdum sjúkdóms eða slyss. Á blaðið er fært hvaða tryggingar viðkomandi hefur keypt (eða nýtur með öðrum hætti, til dæmis ef hann er tryggður með hóptryggingu samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningi). Síðan eru færðar inn upplýsingar um það hvenær bótaréttur skapast og hvaða bætur eru greiddar og með hvaða hætti.

1.	<b>Heiti tryggingar</b>	Hvað heitir tryggingin sem þú kaupir?
2.	<b>Tryggingafélag</b>	Tryggingafélag sem þú kaupir tryggingu af.
3.	<b>Bótaskylda</b>	Hvað bætir tryggingin? Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til þess að bætur séu greiddar? Merkið við ef trygging greiðir bætur vegna örorku, tekjutaps eða sjúkdóma.
4.	<b>Bætur</b>	Fyllið inn hvaða bætur eru greiddar og hvort þær eru greiddar með eingreiðslu eða mánaðarlegum bótum eða e.t.v. hvoru tveggja. Bótatími segir til um hversu lengi mánaðarlegar bætur eru greiddar og biðtími segir til um hvenær greiðslur hefjast eftir að bótaréttur stofnast.

Til viðbótar þessum upplýsingum er rétt að leggja áherslu á skilmála trygginganna sem eru grundvöllur allra trygginga. Allir sem eru að íhuga að kaupa tryggingar ættu

### Hvað kostar afkomutrygging?

Kostnaður sem % af launum við að tryggja 20% af launum í örorkubætur til 65 ára aldurs



**Mynd 4.2** Myndin sýnir dæmi um kostnað við afkomutryggingu sem greiðir 20% af launum hins tryggða til 65 ára aldurs ef hann verður 100% öryrki og verður fyrir sannanlegum tekjumissi. Kostnaðurinn er sýndur sem hlutfall af launum hins tryggða. Iðgjaldið er reiknað út frá aldri, starfsáhættu og kyni. Miðað er við lægsta áhættuflokk. Iðgjaldið fer hækkandi með aldrinum en þegar vátryggður nálgast sextugt lækkar það aftur.

að lesa skilmála þeirra vandlega yfir áður en þær eru keyptar og hika ekki við að spyrja starfsfólk tryggingafélaganna um skilmálana ef eitthvað er óljóst. Eftir að trygging hefur verið tekin er rétt að geyma skilmálana og yfirfara þá með reglulegu millibili.

Hér fyrir neðan eru talin upp nokkur atriði í vátryggingaskilmálum sem einstaklingar ættu að skoða sérstaklega áður en trygging er keypt og rifja reglulega upp eftir að trygging hefur verið keypt.

- Vátryggingarvið. Í skilmálunum er yfirleitt að finna nákvæma skilgreiningu á því hvenær bótaréttur stofnast og hvenær bætur eru greiddar. Í öllum skilmálum eru einnig talin upp atriði sem takmarka bótaskyldu tryggingafélags og er afar mikilvægt að vera upplýstur um þau.
- Hvar gildir tryggingin? Í skilmálunum kemur fram hvort tryggingin gildir eingöngu á Íslandi eða hvar sem er í heiminum. Þetta atriði skiptir t.d. miklu máli fyrir þá sem ferðast mikið því ef trygging gildir ekki erlendis þarf að gera sérstakar ráðstafanir áður en lagt er í langferð.
- Upplýsingaskylda. Vátryggingartaka er skylt að veita tryggingafélagi upplýsingar sem skipta máli við töku tryggingarinnar. Trygging er ógild ef vátryggður skýrir ranglega frá atvikum eða leynir upplýsingum sem skipta máli.

- Áhættubreyting. Allar breytingar á starfi váttryggðs sem hafa áhrif á áhættu tryggingafélags skal tilkynna félaginu svo það geti tekið afstöðu til þess hvort tryggingin skuli gilda áfram og hvort iðgjaldið eigi að vera óbreytt.
- Iðgjaldagreiðslur, gildistími, endurnýjun og uppsögn. Í skilmálum koma fram upplýsingar um það hvenær á að greiða iðgjöldin og hvenær ábyrgð tryggingafélags fellur niður vegna greiðslufalls. Það er afar mikilvægt að vera með þetta á hreinu og gæta þess að greiða tryggingaiðgjöldin á réttum tíma því enginn vill lenda í því að trygging sé ekki í gildi þegar á reynir vegna þess að iðgjald hefur ekki verið greitt á réttum tíma.
- Gildistími tryggingar. Í skilmálum koma fram upplýsingar um það hvar sé hægt að sjá gildistíma tryggingar. Yfirleitt koma þessar upplýsingar fram á váttryggingarskírteini eða á endurnýjunarkvittunum.
- Vísitöluákvæði. Í skilmálum eru yfirleitt ákvæði um vísitölubindingu bóta og iðgjalds. Það er mikilvægt að gefa þessu atriði gaum og fylgjast með því hvort bætur eru verðtryggðar eða ekki.

Með því að safna saman upplýsingum um viðbótartryggingar og fylla út eyðublað 4.2 ætti að vera auðvelt að meta hvernig maður er settur við starfsorkumissi. Mikilvægt er að gera strax ráðstafanir ef viðbótartryggingarnar virðast ekki vera nægjanlegar. Það er ekki eftir neinu að bíða því enginn veit hvenær slys eða sjúkdóma ber að höndum. Viðbótartryggingar eru einmitt dæmi um hluti sem margir hafa lengi haft í huga en ekki komið í verk af einhverjum ástæðum. Þeir sem að athuguðu máli telja sig ekki nægilega tryggðá gagnvart ófyrirséðum tekjumissi ættu að hefjast handa strax. Upplýsingar um velflestar, ef ekki allar tryggingar, eru á vefnum og þar eru líka upplýsingar um hvað þarf að gera til að verða sér úti um þær. Í næsta kafla er ráðgjöf um þær tryggingar sem hægt er að mæla með að einstaklingar bæti við sig.

## 5. spurning

### ***Veist þú hvaða lífeyrir yrði greiddur til þinna nánustu ef þú féllir óvænt frá?***

Hvort sem okkur líkar betur eða verr er það staðreynd að einhvern tíma mun hver maður deyja. Allir reyna að fá sem mest út úr lífinu og skipuleggja ævina til þess að svo megi verða. Hluti af lífshamingjunni felst í því að eignast fjölskyldu og tryggja afkomu hennar. Hver og einn verður að gera ráð fyrir þeim möguleika að falla frá fyrir aldur fram og hugsa um afkomu þeirra sem eftir lifa. Það er auðvitað aldrei skemmtilegt að hugsa um sitt eigið andlát en það er góð tilfinning að vita að fjármál fjölskyldunnar verða í lagi þótt fyrirvinna falli frá. Lífeyrissjóðir greiða maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga og líftryggingafélög greiða bætur til réttthafa.

### Maka- og barnalífeyrir

Það er eins með upplýsingar um maka- og barnalífeyri og um örorkulífeyri að þessar upplýsingar koma ekki fram á yfirlitum frá lífeyrissjóðum. Það er auðvelt fyrir sjóðfélaga að áætla barnalífeyrinn þar sem hann er yfirleitt föst fjárhæð sem greidd er með hverju barni til 18 ára aldurs, eða þess aldurs sem viðkomandi lífeyrissjóður miðar við.

Öllu erfðara er að fá upplýsingar um makalífeyrisrétt. Yfirleitt er makalífeyrir 50% til 60% af örorkulífeyrisréttindum þannig að ef sjóðfélagi þekkir örorkulífeyrisréttinn sinn þá getur hann áætlað makalífeyrisréttindi út frá því. Best er að hafa samband við lífeyrissjóðinn sinn og leita upplýsinga um þessi atriði. Eins má benda á heimasíður sjóðanna en þar er hægt að fletta upp á samþykktum þeirra og almennum upplýsingasiðum um réttindi sem viðkomandi sjóður veitir.

Eyðublað 5 er til að safna upplýsingum um makalífeyrisgreiðslur til eftirlifandi maka ef sjóðfélagi fellur frá. Þar eru færð inn eftirfarandi atriði:

1.	Lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður/ir sem þú hefur greitt í og átt áunnin makalífeyrisréttindi hjá og lífeyrissjóður/ir sem þú greiðir í núna og reiknar með að greiða í til starfsloka.
2.	Áunnin makalífeyrisréttindi	Áunnin makalífeyrisréttindi sýnd sem mánaðarlegar makalífeyrisgreiðslur ef sjóðfélagi fellur frá.
3.	Réttur til framreiknings (já/nei)	Skrifið já ef framreikningsréttur er til staðar, annars nei.
4.	Framreiknuð réttindi	Viðbótarréttindi sem bætast við með framreikningi réttinda ef sjóðfélagi fellur frá.
5.	Makalífeyrir samtals	Áunnin og framreiknuð réttindi samtals.
6.	Greiðslutími	Hversu lengi er makalífeyrir greiddur. Í flestum tilvikum er makalífeyrir greiddur tímabundið en hjá sumum sjóðum er hann greiddur ævilangt eða á meðan eftirlifandi maki lifir. Í þeim tilvikum fellur makalífeyrisréttur niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband á ný.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum látinna sjóðfélaga sem voru virkir greiðendur eða nutu elli- eða örorkulífeyris við andlátið. Barnalífeyrir er greiddur til 18 ára aldurs hjá flestum lífeyrissjóðum en nokkrir greiða barnalífeyri lengur.


Á eyðublað 6.1 er safnað upplýsingum um barnalífeyrisrétt hjá lífeyrissjóðum við fráfall sjóðfélaga. Hér eru færðar inn eftirtaldar upplýsingar:

1.	Lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður sem myndi greiða barnalífeyri við fráfall.
2.	Fjárhæð barnalífeyris	Fjárhæð barnalífeyris.
3.	Greiðslutími	Greiðslutími eða aldur barns þegar barnalífeyrir fellur niður.

Við mat á lífeyrisgreiðslum við fráfall skal einnig taka tillit til inneignar í séreignarsjóði eða á lífeyrissparnaðarreikningi sem erfist við fráfall.

### Hvað kostar líftrygging?

Kostnaður sem % af launum við að tryggja ein árslaun



**Mynd 4.3** Hér er tekið dæmi um kostnað við líftryggingu sem greiðir dánarbætur sem jafngilda eins árs launum hins tryggða. Iðgjaldið er fyrir reyklaust fólk en það er hærra hjá þeim sem reykja. Myndin sýnir kostnað fyrir lágsta áhættuflokk. Kostnaður er settur fram sem hlutfall af launum. Iðgjaldið er breytilegt eftir kyni og aldri og ræðst af almennum dánarlíkum Íslendinga. Eins og sjá má hækka iðgjaldið verulega eftir fimmtugt.

Mörgum finnst maka- og barnalífeyrisréttindi duga skammt til að milda fjárhagslegt áfall þegar annað hjóna fellur frá. Auk þess hefur verið bent á að ef bæði hjón falla frá í einu þá sitji börnin eftir nánast réttindalaus því þá falla makalífeyrisréttindin niður. Af þessum ástæðum kaupa margir líftryggingu sem er greidd út í einu lagi beint til erfingja.

### Líftryggingar

Sífelld fleiri einstaklingar kaupa líftryggingar til að tryggja sínum nánustu tryggingabætur við fráfall. Flestir kaupa líftryggingar sjálfir en einnig eru dæmi þess að fólk njóti hóplíftrygginga samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningum. Líftrygging er greidd út hvort sem dánarorsök er slys eða sjúkdómur. Líftryggingabætur eru greiddar út í einu lagi og eru skattfrjálssar. Bætur eru greiddar þeim sem hinn tryggði skráir sem rétthafa bótanna. Líftryggingar einstaklinga gilda til 70 ára aldurs líftryggðs. Það þýðir að líftryggingafélag getur ekki fellt líftryggingu úr gildi eða hækkað iðgjald vegna breytinga á heilsufari á tryggingatímanum svo framfarlega sem réttar upplýsingar hafa verið gefnar þegar tryggingin var keypt og iðgjöld hafa verið greidd á réttum tíma.

Á eyðublað 6.2 er safnað saman upplýsingum um líftryggingar til þess að meta afkomu fjölskyldunnar við fráfall sjóðfélaga. Upplýsingar um tryggingarnar eru á

tryggingaskírteinum og í kjara- eða ráðningarsamningum njóti einstaklingur tryggingaverndar með þeim hætti. Hér á að færa upplýsingar um líftryggingar sem eru í gildi fyrir einstakling og maka.

1.	<b>Líftryggingafélag</b>	Hjá hvaða líftryggingafélagi er trygging keypt?
2.	<b>Líftryggingarbætur</b>	Gætið sérstaklega að því hvort fjárhæðin er verðtryggð eða ekki.
3.	<b>Rétthafar</b>	Bætur líftrygginga eru greiddar þeim sem einstaklingur skráir sem rétthafa bótanna hjá viðkomandi tryggingafélagi.

## Lokað vegna birgðatalningar


Flest verslunarfyrirtæki loka að minnsta kosti einu sinni á ári vegna birgðatalningar. Þá eru allar vörur fyrirtækjanna taldar og er það liður í því að meta afkomu og fjárhagslega stöðu fyrirtækjanna. Birgðatalning er eitt af mikilvægum verkefnum í uppgjörum fyrirtækja.

Einu sinni á ári þurfa allir fjárráða einstaklingar að skila inn skattskýrslu til skattstjóra. Á skattskýrslum eru upplýsingar um tekjur á síðasta almanaksári og eignir og skuldir í árslok. Skattskýrslurnar eru grundvöllur skattgreiðslna einstaklinga auk þess sem þær eru mikilvæg heimild um afkomu og fjárhagslega stöðu. Það færast til dæmis í vöxt að óskað sé eftir því að skattskýrslur fylgi með þegar sótt er um lán.

Hér að framan hefur verið farið yfir fimm spurningar sem hver og einn þarf að spyrja sig til þess að meta núverandi lífeyrisréttindi og væntanleg eftirlaun miðað við núverandi sparnað og greiðslur í lífeyrissjóð. Mat á núverandi stöðu er fyrsta skrefið í áttina að því að setja sér markmið um tekjur í starfslok og gera áætlun til þess að ná þeim. Með þessar upplýsingar í höndunum erum við tilbúin til að stíga næsta skref í átt að markvissri uppbyggingu eftirlaunasparnaðar. Í næsta kafla verður fjallað um nauðsyn þess að setja sér raunhæf markmið um tekjur á eftirlaunaárunum og um leiðir til að ná þeim. Þar verða einnig ráðleggingar varðandi það hvernig hægt er að tryggja fjárhagslegt öryggi á starfsævinni með persónutryggingum.

Á sama hátt og fyrirtæki telja birgðir sínar einu sinni á ári og einstaklingar taka saman skýrslu um eignir sínar og skuldir fyrir skattayfirvöld ætti að vera sjálfsagt mál að yfirfara verðmætustu eign sína einu sinni á ári. Við þá skoðun þarf að spyrja sömu spurninga og lagðar voru fyrir í þessum kafla. Til viðbótar þarf að skoða hvort lífeyrisréttindi og eftirlaunasparnaður hafi aukist í samræmi við áætlun og hvort þörf sé á að endurskoða áætlunina og auka eða minnka reglulegan sparnað. Það er góð regla að taka frá tíma til að skoða stöðuna í áunnum lífeyrisréttindum, viðbótarsparnaði og persónutryggingum einu sinni á ári.

Á meðan á því stendur getur maður sagt að það sé lokað vegna birgðatalningar.



## Hvert skal stefna og hvernig er hægt að komast þangað?

### 5

Í bók Lewis Carroll um Lísu í Undralandi spyr Lísa brosköttinn til vegar. „Vildir þú vera svo vænn að segja mér hvaða leið ég á að fara til að komast héðan?“

„Það fer nú ansi mikið eftir því hvert þú vilt komast,“ svaraði kötturinn.

„Mér er svo sem alveg sama hvert ...,“ svaraði Lísa.

„Þá gildir einu hvaða leið þú ferð,“ svaraði kötturinn.

„.....bara ef ég kemst eitthvert“ bætti Lísa við til skýringar

„O, þú kemst það áreiðanlega,“ sagði kötturinn, „ef þú heldur bara nógu lengi áfram.“

Þessi sígilda saga minnir okkur á að við erum fljótari að ná markmiðum okkar ef við vitum hver þau eru og þar með hvert við viljum stefna. Í þessum kafla er fjallað um nauðsyn þess að setja sér markmið um tekjur á eftirlaunaárunum og um leiðir til að ná þeim.

*Í þessum kafla:*

- Að setja sér raunhæf markmið
- Samanburður á markmiðum og núverandi stöðu
- Markviss og varleg áætlun
- Skjóðan er notadrjúg við útreikninga og áætlanagerð
- Leiðir til að auka eftirlaunin og tryggja fjárhagslegt öryggi
- Klöpp eða sandur
- Um það bil 8% af launum í viðbótarsparnað og tryggingar



## „Ég vil hætta að vinna 60 ára“

Vorið 1997 kom til mín 41 árs sjóðfélagi og bað mig um að hjálpa sér að gera áætlun sem gerði honum kleift að hætta að vinna 60 ára. „Ég er í mjög sérhæfðu starfi og sé fram á að ég geti ekki starfað áfram eftir sextugt. Ég vil því koma mér í þá stöðu að geta hætt ef mér líst ekki á önnur störf sem mér kunna að bjóðast þá.“

Það lifnaði yfir mér. Þetta fannst mér áhugavert dæmi að skoða. Maðurinn er langskólagenginn og tekjuhár en hann hafði ekki verið nema um það bil 10 ár á vinnumarkaði þegar hér var komið við sögu. Hann átti því tiltölulega lítil lífeyrisréttindi og tíminn til starfsloka var ekki nema 19 ár. Samkvæmt upplýsingum sem hann hafði aflað sér var hann búinn að tryggja sér rétt á 12% af þáverandi launum frá 67 ára aldri auk þess sem hann var búinn að byggja upp eftirlaunasjóð sem myndi tryggja honum 8% af launum í 10 ár.

Ég spurði hann fyrst hvað hann teldi sig þurfa í eftirlaun og hvort hann hefði sett sér einhver markmið þar að lútandi.

„Ég vil halda mínu lífsmynstri,“ sagði hann. „En til þess tel ég mig þurfa um 80% af núverandi launum. Ég átta mig hins vegar á að tíminn er naumur og því tel ég ásættanlegt að stefna að því að eftirlaunin lækki með aldrinum í áföngum í 50% af launum við 80 ára aldur.“

Ég settist nú niður og reiknaði dæmið. Niðurstaða mín var að hann þyrfti að leggja aukalega fyrir a.m.k. 22% af launum til 60 ára aldurs til þess að ná þessu markmiði sínu. Þetta er auðvitað mjög hár viðbótarsparnaður, sérstaklega ef haft er í huga að samtals næmi eftirlaunasparnaður (lífeyrissjóður + viðbótarsparnaður) þá 26% af launum. Sjóðfélaginn sagði mér að þetta væri meiri sparnaður en hann hefði reiknað með en hann ætlaði samt að reyna að fara að mínum ráðum.

Eftir að sjóðfélaginn var farinn frá mér fór ég að velta því fyrir mér hvernig dæmið hefði litið út ef hann hefði verið 10 árum yngri. Ég hélt því áfram að reikna og fann út að þá hefði viðbótarsparnaðurinn getað verið mun lægri eða um 9% af launum. Markmiðið hefði eftir sem áður verið háleitt en miklu viðráðanlegra en hið raunverulega dæmi.

Það borgar sig að gera ráðstafanir tímanlega ef einstaklingur vill stefna á góð eftirlaun eða að geta hætt snemma að vinna. Annars verða menn að velja milli þess að setta sig við lægri eftirlaun eða að spara verulegan hluta af launum sínum á síðari hluta starfsævinnar og taka þannig í raun á sig launalækkun.

## Að setja sér raunhæf markmið

Til þess að geta metið núverandi stöðu þarf að byrja á því að setja sér raunhæf markmið um eftirlaun í starfslok. Markmiðin þurfa að vera metnaðarfull en samt þannig að einstaklingur eða hjón geti náð þeim með því að skipuleggja fjármálin vel. Þegar markmiðin hafa verið sett er hægt að bera þau saman við hvert stefnir miðað við óbreyttar forsendur um eignir og sparnað.


Margir setja markmið á að tryggja óbreyttar tekjur eftir að vinnu lýkur en aðrir telja að þeir komist af með minni tekjur, ef til vill á bilinu 70–80% af núverandi tekjum. Það er vissulega margt sem bendir til þess að fólk geti sætt sig við nokkra launalækkun eftir að vinnu lýkur og nægir að nefna að þá falla niður greiðslur í lífeyrissjóð og annan sparnað auk þess sem ekki þarf lengur að kaupa viðbótartryggingar til að verjast tekjumissi. Í starfslok ættu líka flestar skuldir að vera uppgreiddar. Á móti kemur að ný útgjöld bætast við þegar aldurinn færast yfir. Það á einkum við um heilsugæslu- og lyfjakostnað. Með auknum frítíma eiga útgjöldin það líka til að aukast, eins og allir kannast við úr sumarleyfum og öðrum fríum. Þá hefur maður meiri tíma til að eyða og „margt smátt gerir eitt stórt“.

Hér er mælt með að skipta eftirlaunaárunum í tvo hluta og stefna að því að tryggja sér um það bil 80% af lokalaunum fyrstu tíu til fimmtán árin eftir að vinnu lýkur og 40–50% af lokalauninum til æviloka. Árafjöldinn í fyrri hlutanum fer eftir því hvenær hætt er að vinna – því fyrr sem það gerist á lífsleiðinni þeim mun lengri tíma vill fólk hafa nokkurn veginn óbreyttar tekjur. Þegar markmið er sett á 80% af lokalaunum verða ráðstöfunartekjur nánast jafn háar lokalauninum þar sem ekki er lengur verið að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða eða vegna persónutrygginga.

Til þess að þetta markmið náist þarf að tryggja að náðst hafi þau réttindi að lífeyrissjóður greiði um það bil 50% af launum ævilangt frá starfslokum og að tekist hafi að byggja upp viðbótarsparnað sem greiði eftirlaun sem nemi um 30% af launum á fyrri hluta eftirlaunaáranna. Ef hjón stefna að því að hætta að vinna áður en heimilt er að hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóðum þarf viðbótarsparnaðurinn að greiða öll eftirlaunin fyrstu árin.

Markmiðið er að tryggja óbreyttar ráðstöfunartekjur fyrstu 10 til 15 árin eftir að látið er af störfum. Þar er stefnt nokkuð hátt en það er ekki óeðlilegt því að fólk vill gjarnan halda sama lífsmynstri eftir að látið er af störfum. Algengast er að fólk vilji hafa meira milli handanna framan af eftirlaunaárunum en draga síðan úr eyðslunni. Margir vilja til dæmis geta ferðast nokkuð framan af eftirlaunaárunum og sinnt ýmsum öðrum áhugamálum sem reikna má með að síður verði geta eða löngun til að sinna á síðasta hluta ævinnar. Eftir 10 til 15 ár geta eftirlaunin því lækkað í 40 til 50% af launum. Þetta hlutfall ræðst meðal annars af því hversu há laun

## Markmið um eftirlaun



**Mynd 5.1** Mælt er með því að setja sér markmið um eftirlaun sem miða að því að tryggja óbreyttar ráðstöfunartekjur á fyrri hluta eftirlaunaáranna sem lækki síðan með hækkandi aldri, t.d. á aldursbilinu 75 til 80 ára. Þetta skal gert með því að viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður greiði verulegan hluta eftirlauna framan af og að tekjur úr lífeyrisjóðum tryggi fastar tekjur til æviloka sem nema um 40%–50% af launum.

einstaklingur hafði á starfsævinni. Sá sem hafði háar tekjur þarf lægra hlutfall af launum í lífeyrisgreiðslur til æviloka.

Hversu langan tíma ætti að áætla í fyrri hluta eftirlaunaáranna fer eftir því hvenær látið er af störfum. Sá sem hættir að vinna 65 ára ætti að miða við a.m.k. 15 ár og jafnvel lengri tíma ef heilsan er góð og ástæða er til að ætla að hún haldist þannig áfram. Þeir sem vilja stefna að því að hætta að vinna fyrir 65 ára aldur lengja þetta tímabil enn frekar og þurfa þar með að safna stærri sjóði til að greiða þau eftirlaun sem stefnt er að.

Tafla 5.1 sýnir hver sparnaður sem hlutfall af launum þarf að vera til þess að eignast sjóð sem getur greitt 30% af launum í 5, 10 eða 15 ár miðað við 4,5% raunvexti á ári. Til þess að eignast sjóð sem greiðir 30% af launum í 10 ár þarf að leggja fyrir 3,9% af launum í 30 ár og 7,6% af launum í 20 ár. Ef útborgunartíminn er 15 ár þarf sparnaðurinn að vera töluvert meiri eða 5,3% af launum í 30 ár og 10,3% af launum í 20 ár.

Taflan sýnir að þeir sem vilja tryggja sér góð eftirlaun þurfa annaðhvort að gera ráðstafanir tímanlega eða leggja fyrir umtalsverðan hluta af launum. Ef hvorki er langur tími til stefnu né svigrúm til að spara mikið verða markmið um eftirlaun að vera hófleg.

Þeir sem gera ráðstafanir tímanlega og hafa langan tíma til að safna eru í góðum

### Mánaðarlegur sparnaður í % af launum til að byggja upp sjóð sem greiðir 30% af launum í 5, 10 eða 15 ár

Sparnaðartími	Úttektartími		
	5 ár	10 ár	15 ár
5 ár	24,1%	43,4%	58,9%
10 ár	10,7%	19,3%	26,2%
20 ár	4,2%	7,6%	10,3%
30 ár	2,2%	3,9%	5,3%
40 ár	1,2%	2,2%	3,0%

Reiknað er með 4,5% vöxtum á ári


**Tafla 5.1** Í töflunni er miðað við 4,5% raunvexti á ári. Ekki er reiknað með neinu mótframlagi ríkis eða launagreiðanda.

málum því þá þarf viðbótarsparnaður ekki að vera mikill til að hækka eftirlaunin. Eftir því sem sparnaðartíminn er styttri verður erfiðara að ná settu marki. Ef hjón geta sparað í 30 ár þarf þannig aðeins að leggja fyrir 1,3% af launum til að safna sjóði sem greiðir 10% af launum í 10 ár í eftirlaun. Sparnaðurinn þarf þá að vera 2,6% til að greiða 20% af launum í eftirlaun, 3,9% til að greiða 30% af launum o.s.frv. Sé sparnaðartíminn hins vegar 20 ár þarf sparnaðurinn að vera 2,5% af launum til að byggja upp sjóð sem greiðir 10% launum í 10 ár og 6,4% af launum ef sparnaðartíminn er aðeins 10 ár.

Á síðari hluta eftirlaunaáranna er markmiðið að tryggja sér til æviloka tekjur sem nema u.þ.b. 40 til 50% af launum. Þar sem allir verða að greiða 10% af launum sínum í lífeyrissjóð ættu flestir að ná því að tryggja sér ævilangar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum sem eru nálægt þessu hlutfalli. Alltaf eru þó einhverjir í þeirri stöðu að hafa ekki greitt í lífeyrissjóð alla starfsævina þar sem það var ekki fyrr en á árinu 1999 sem tekið var upp eftirlit með lífeyrissjóðsgreiðslum hjá sjálfstæðum atvinnurekendum og einyrkjum. Auk þess hafa fæstir þeirra sem nú sjá hilla undir eftirlaunaaldur greitt lífeyrissjóðsiðgjöld af heildarlaunum allan tímann enda var það ekki almenn skylda fyrr en á árinu 1990. Þeir sem hækka verulega í launum á seinni hluta starfsævinnar og greiða í aldurstengdan lífeyrissjóð fá líka nokkru lægri lífeyrisgreiðslur en sem nemur þessu hlutfalli af þeim launum.

Þeir sem eiga tiltölulega lítil lífeyrisréttindi og sjá fram á að svo verði í starfslok verða að laga markmið sitt um ævilangar lífeyrisgreiðslur að þeirri staðreynd. Ef einstaklingur vill auka lífeyrisréttindi sín verulega og hækka greiðslur í lífeyrissjóð er ekki sjálfgefið að það sé hægt. Í fyrsta lagi er þak á iðgjaldi launþega í lífeyrissjóð (hámark 4% af launum samkvæmt skattareglum) þannig að ekki er hægt að hækka eigið framlag nema með því að ganga á heimild til að greiða iðgjald vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Í öðru lagi er alls ekki sjálfgefið að allir lífeyrissjóðir vilji taka

### Sparnaður sem % af launum til að byggja upp sjóð sem greiðir 10% af launum í 10 ár



**Mynd 5.2** Myndin sýnir hvað þarf að spara til að tryggja sér 10% af núverandi launum í eftirlaun í 10 ár, miðað við 4,5% raunvexti á ári. Ef ætlunin er að tryggja sér hærri eftirlaun er hægt að margfalda stuðlana með því hlutfalli sem stefnt er að deilt með 10% og finna þannig út hver sparnaðurinn þarf að vera. Sem dæmi má nefna ef einstaklingur vill safna sjóði á 20 árum sem greiðir 20% eftirlaun þá þarf hann að leggja fyrir 5% af launum ( $20/10 * 2,5\%$ ).


við hærri iðgjöldum en 10% af launum. Það gengur gegn grundvallarforsendum lífeyrissjóða með jafna réttindaávinnslu þar sem gert er ráð fyrir að sjóðfélagar greiði sama launahlutfall í sjóðinn alla ævi.

Þó eru til leiðir til að auka lífeyrisréttindin. Margir lífeyrissjóðir gera ekki athugasemdir við aukin lífeyrissjóðsiðgjöld og sumir bjóða sjóðfélögum sínum að greiða viðbótariðgjöldin í samtryggingarsjóð. Það á sérstaklega við um aldurstengda lífeyrissjóði. Loks má nefna að til eru lífeyrissjóðir sem bjóða sjóðfélögum að verja hluta af viðbótariðgjaldi eða inneign í séreignarsjóði til að kaupa ævilöng viðbótarellilífeyrisréttindi. Slíkum réttindum er hægt að safna upp á starfsævinni og eins er hægt að kaupa þau með eingreiðslu. Viðbótarellilífeyrisréttindi eru eingöngu ellilífeyrisréttindi, þ.e. þeim fylgja engin örorku-, maka- eða barnalífeyrisréttindi. Sá sem á slík réttindi á rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka frá viðmiðunarárdri en við andlát falla réttindin niður.

Deila má um það hversu háar lífeyrisgreiðslur til æviloka eiga að vera en hér er miðað við 40% til 50% af lokalaunum. Sumum kann að finnast þessar tekjur of lágar fyrir fólk sem heldur góðri heilsu lengi. Það má örugglega til sanns vegar færa í sumum tilvikum en flestum ætti að nægja 50% af lokalaunum á síðari hluta eftirlaunaáranna. Það má jafnvel gera ráð fyrir að það hlutfall sé óþarflega hátt þegar í hlut eiga einstaklingar sem hafa haft miklar tekjur á starfsævinni.

### Sparnaður sem % af launum til að eignast sjóð sem greiðir 30%, 40% eða 50% af launum í 10 ár

Markmið um lífeyrisgreiðslur í 10 ár



**Mynd 5.3** Myndin sýnir hvað þarf að leggja fyrir til að ná settum markmiðum um lífeyrisgreiðslur í 10 ár miðað við mismunandi langan sparnaðartíma. Eftir því sem sparnaðartíminn er lengri er bilið á milli línanna minna, þannig að sá sem gerir ráðstafanir í tíma þarf ekki að bæta miklu við til að hækka eftirlaunin. Ef sparnaðartíminn er stuttur þarf að leggja fyrir umtalsverðan hluta af launum til að byggja upp eftirlaunasjóð og bæta miklu við til að hækka eftirlaunin.

Einn aðalkosturinn við ofangreint markmið er sveigjanleikinn sem fæst með þessari samsetningu lífeyrisréttinda og viðbótarsparnaðar. Markmiðið byggist á því að auka vægi viðbótarsparnaðar en stærsti kosturinn við hann er einmitt að þannig hafa eftirlaunaþegar aukið svigrúm við töku lífeyris. Það hefur oft verið sagt að stærsti kosturinn við inneign í séreignarsjóðum sé að inneign erfist en það er ekki rétt. Lífeyrissparnaður gengur almennt út á að byggja upp sjóð til að greiða eftirlaun en ekki til að búa í haginn fyrir börn eða aðra eftirlifendur. Mun mikilvægara er því að viðbótarlífeyrissparnaður og séreignarsjóðir veita eigendum sínum sveigjanleika við útborgun lífeyris. Í staðinn fyrir að vera bundinn við fastar mánaðarlegar tekjur getur hver einstaklingur ráðið hvað hann tekur út hverju sinni og sótt aukagreiðslur þegar það hentar svo lengi sem hann er innan útborgunarreglna sem eru tiltölulega víðar.

### Samanburður á markmiðum og núverandi stöðu

Þegar búið er að skilgreina markmiðin og áætla tekjur í starfslok er komið að því að bera markmiðin saman við það hvert virðist stefna miðað við núverandi eignir og sparnað. Gott er að gera þetta með því að fylla út eftirfarandi töflu.

	Eftirlaun	Markmið	Áætlun	Mismunur
Þú	Lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum			
	Viðbótarlífeyrissparnaður (inneign í starfslok)			
	Annar sparnaður (eign í starfslok)			
Maðkí	Lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum			
	Viðbótarlífeyrissparnaður (inneign í starfslok)			
	Annar sparnaður (eign í starfslok)			

Hér eru markmiðin sett fram á mjög einfaldan hátt. Skoðum þau aðeins nánar:

**Lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum.** Hvað viltu tryggja þér í ævilangar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum? Við skilgreiningu á þessu markmiði verður að hafa í huga að sjóðfélagar í lífeyrissjóðum með jafnri réttindaávinnslu ávinna sér árlega rétt á 1,4 til 1,9% af þeim launum sem greitt er af. Réttindastuðullinn er mismunandi eftir sjóðum en flestir sjóðir hafa stuðul sem er nálægt 1,4%. Réttindastuðull í aldurstengdum sjóðum er breytilegur eftir aldri og lækkar með aldrinum. Markmið um tekjur úr lífeyrissjóðum þarf að taka mið af því hvernig réttindi ávinnast í þínum lífeyrissjóði og hvað er raunhæft að ávinna sér út frá þeim forsendum.

**Viðbótarlífeyrissparnaður (inneign í starfslok).** Hvað stefnir þú á að eiga mikla inneign í séreignarsjóði eða á vörslureikningi lífeyrissparnaðar í starfslok? Allir sem geta ættu að nýta sér heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar eins og kostur er og stefna að því að bæta sem mestu við eftirlaunin með því.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um það hvenær ætlunin er að hætta að vinna er ágætt að skipta eftirlaunaárunum í tvennt og reikna með að viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður greiði verulegan hluta af eftirlaunum á fyrri hluta eftirlaunaáranna. Að því loknu þarf að reikna út hversu mikið þurfi að eiga í sjóði og skipta honum milli viðbótarlífeyrissparnaðar og annars sparnaðar. Við þá skiptingu þarf að gæta að því að greiddur er tekjuskattur af útborgunum úr séreignarsjóði en ekki af öðrum sparnaði.

**Annar sparnaður (eign í starfslok).** Hvað stefnir þú á að eiga mikinn annan sparnað eða aðrar eignir til að greiða eftirlaun í starfslok? Annar sparnaður er þriðja lagið í eftirlaunasparnaði og sá sparnaður sem er að jafnaði alltaf laus. Annar sparnaður getur því verið varasjóður á starfsævinni og góð viðbót við eftirlaunin eftir að vinnu lýkur.

Þegar markmiðið um tekjur er sett þarf að taka ákvörðun um skiptingu viðbótar sparnaðar á milli viðbótarlífeyrissparnaðar og annars sparnaðar. Ekki er til einföld regla um hvernig er best að skipta sparnaðinum en við þá ákvörðun þarf að taka tillit til eftirfarandi atriða:

## Hvað þarftu mikið?

Hver þarf inneign að vera til að standa undir mánaðarlegum greiðslum í 10, 15 eða 20 ár?

Mánl. tekjur fyrir skatta	Inneign endurgreidd á		
	10 árum	15 árum	20 árum
Þús.kr.	inneign, m.kr.	inneign, m.kr.	inneign, m.kr.
100	10	13	16
200	19	26	32
300	29	39	48
400	39	53	64
500	48	66	80

M.v. 4,5% raunvexti á ári.

**Tafla 5.2** Til þess að tryggja sér 100 þúsund krónur á mánuði í 10 ár þarf að eiga 10 milljónir en 13 milljónir ef inneignin á að duga í 15 ár. Ef hjón vilja hafa 200 þúsund á mánuði í 15 ár þurfa þau að eiga 26 milljónir! Taflan sýnir hver inneign í séreignarsjóði eða á vörslureikningi lífeyrissparnaðar þarf að vera til að geta haft af henni tiltekna tekjur fyrir skatta. Þar sem ekki er greiddur tekjuskattur af öðrum sparnaði þarf lægri inneign til að tryggja sambærilegar tekjur eftir skatta. Hægt er að nálgast þá fjárhæð með því að margfalda inneign í töflunni með (100 – skattþrösenda). Ef tekjuskattur er t.d. 36% þurfa hjón að eiga 6,4 milljónir í öðrum sparnaði til að fá 100 þúsund krónur á mánuði í mánaðarlegar tekjur. Hér er ekki tekið tillit til 10% fjármagnstekjuskatts á vaxtatekjur.

- Er til varasjóður til að mæta fjárhagslegum áföllum? Allir ættu að eiga varasjóð sem nemur a.m.k. sex til níu mánaða launum. Ef ekki er til varasjóður borgar sig að byrja á að byggja hann upp.
- Viðbótarlífeyrissparnaður er hagstæðasti sparnaður sem völ er á vegna mótfamlags launagreiðanda og hagstæðra skattareglna. Þess vegna er æskilegt að nýta heimildir til hans að fullu. Ef hjón eiga varasjóð og geta lagt fyrir 4% af launum til viðbótarlífeyrissparnaðar ættu þau hiklaust að gera það. Það er alltaf hægt að lækka iðgjöldin síðar á starfsævinni ef það stefnir í að viðbótarlífeyrissparnaðurinn verði meiri en þörf er á.
- Viðbótarlífeyrissparnaður er bundinn til 60 ára aldurs og síðan á samkvæmt lögum og reglum að dreifa útborgunum á sjö ár. Annar sparnaður er hins vegar algerlega laus og því getur komið sér vel að eiga slíkt sparifé fyrstu árin eftir starfslok.

Almennt má segja að æskilegt sé að stefna að því að annar sparnaður verði álíka mikill að vöxtum og viðbótarlífeyrissparnaðurinn. Þess vegna er skynsamlegt að stefna að því að leggja fyrir reglulega 4% af launum til viðbótarlífeyrissparnaðar og önnur 4% af launum sem annan langtímasparnað. Það ræðst auðvitað af sparnaðartíma hver sparnaðurinn þarf að vera en þetta hlutfall hentar þeim sem geta sparað í langan tíma. Ef síðar verður útlit fyrir að eftirlaunasparnaður verði umfram markmið má alltaf draga úr sparnaðinum eða nota hluta hans í eitthvað annað. Ef



einhverjir treysta sér ekki til að leggja allt þetta fyrir lækka þeir auðvitað heildar-sparnaðinn en samt sem áður er ráðlegt að leggja jafnhátt hlutfall launa fyrir í formi viðbótarlífeyrissparnaðar og annars sparnaðar.

Þegar búið er að skrá markmiðin á öllum sviðum sparnaðar er hægt að bera þau saman við áætlun um tekjur og eignir í starfslok. Ef munurinn er lítill getur viðfangsefnið verið það eitt að nýta núverandi sparnað sem best. Ef mismunurinn er hins vegar mikill þarf að reikna hvað þarf að bæta miklu við til að ná settum markmiðum og meta hvort það sé raunhæft. Ef niðurstaðan verður sú að markmiðin séu of háleit þarf að setja sér hóflegri markmið sem búast má við að hægt sé að ná. Að því loknu þarf að gera vandaða áætlun og vinna skipulega að því að markmiðin náist.

### Markviss og varleg áætlun

Ef mismunur er á markmiðum og því hvert stefnir miðað við núverandi stöðu og sparnað þarf að gera áætlun til þess að brúa bilið. Viðfangsefnið er í sjálfu sér einfalt því besta og nánast eina leiðin til að bæta við eftirlaunin er að auka sparnað. Það eru ekki til neinar töfralausnir í fjármálum og það verður enginn ríkur á einni nóttu nema með því að vinna í happdrætti. Líkurnar á því eru litlar og þess vegna er farsælast að einbeita sér að því að byggja upp eignir á skipulegan hátt með aðhaldi og reglulegum sparnaði.

Önnur leið til að bæta við eftirlaunin er að nýta betur núverandi eignir og stefna t.d. að því að minnka eignir í starfslok til að draga úr útgjöldum og auka tekjur. Þessi leið getur vissulega verið fær og hluti af áætlun til að bæta við eftirlaunin. Það ber hins vegar að hafa í huga að erfitt getur verið að koma öðrum eignum í verð þegar á þarf að halda og það kann að vera erfitt að selja aðrar eignir þegar á reynir. Það getur til dæmis verið sárt að selja fasteignir og muni sem margar minningar tengjast.

Öruggasta leiðin er að vera varfærinn í áætlunum og leggja frekar meira fyrir en minna og reikna auk þess með hóflegri ávöxtun, til dæmis 3,5–4,5% á ári. Ef svo kemur í ljós þegar líður á starfsævina að það lítur út fyrir að eftirlaunasparnaður verði meira en stefnt er að getur fólk alltaf dregið úr sparnaði og ráðstafað fénu í annað.

### Skjóðan er notadrjúg við útreikninga og áætlanagerð

Með hverju eintaki þessarar bókar fylgir lykilorð sem veitir aðgang að netreiknivél-inni Skjóðunni sem er á slóðinni [www.skjodan.is](http://www.skjodan.is) og heimasíðu Almenna lífeyris-sjóðsins, [www.almenni.is](http://www.almenni.is). Skjóðuna er þægilegt að nota þegar verið er að áætla

eignir og lífeyrisgreiðslur í starfslok. Skjóðan er í raun samsett úr fjórum reiknivélum en í henni er hægt að reikna eftirfarandi:

<b>Lífeyrissjóðir.</b>	Áætlaðar lífeyrisgreiðslur til æviloka úr lífeyrissjóðum.
<b>Viðbótarlífeyrissparnaður.</b>	Verðmæti lífeyrissparnaðar í starfslok.
<b>Annar sparnaður.</b>	Verðmæti annars sparnaðar í starfslok.
<b>Samantekt.</b>	Eftirlaun samtals fyrir og eftir skatta. Eftirlaunaaldur og mismunandi samsetning eftirlauna eftir aldri. Eftirlaun sem hlutfall af meðallaunum og lokalaunum.

Skjóðan er mjög öflug reiknivél að því leyti að hún reiknar eftirlaun fyrir einstakling eða hjón út frá upplýsingum um núverandi eignir og áunnin lífeyrisréttindi og miðað við forsendur um áframhaldandi sparnað. Eftirtalin atriði eru slegin inn í vélinu:

- Áætlaður starfslokaaldur. Ef útreikningur er fyrir hjón er reiknað með því að þau fari bæði á eftirlaun á sama tíma.
- Áætluð laun til starfsloka. Hægt er að reikna með breytilegum launum á starfsævinni. Oft hækka laun þegar líður á starfsævina með aukinni reynslu og ábyrgð í starfi. Á seinni hluta starfsævinnar er algengt að fólk vilji draga úr vinnu en þá lækka launin. Þessar forsendur er hægt að slá inn í vélinu.
- Lífeyrissjóður sem greitt er í til starfsloka. Í reiknivélinni er gert ráð fyrir að einstaklingur greiði í einn og sama lífeyrissjóð til starfsloka en hægt er að reikna með að hjón greiði hvort í sinn lífeyrissjóð. Reiknivélin getur framreiknað réttindi fyrir hefðbunda stigastjóði með mismunandi réttindastuðlum, aldurstengda lífeyrissjóði og Almenna lífeyrissjóðinn.
- Ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar og annars sparnaðar.
- Iðgjald til lífeyrissparnaðar sem hlutfall af launum.
- Annar sparnaður. Hér er slegið inn verðmæti sparnaðar í byrjun tímabils og síðan hversu mikið er sparað með reglubundnum hætti. Hægt er að reikna með því að sú fjárhæð breytist þegar líður á starfsævina, meðal annars vegna þess að laun geta verið breytileg og þess vegna er eðlilegt að sparnaðurinn breytist í takt við launabreytingarnar.
- Aldur þegar taka lífeyris á að hefjast og mismunandi samsetning eftirlauna.

Í Skjóðunni eru lífeyrisréttindi og viðbótarlífeyrissparnaður reiknuð fyrir hvort hjóna um sig en hins vegar er annar sparnaður reiknaður saman fyrir bæði hjónin.

Skjóðan er mjög nákvæm þegar kemur að því að reikna út áætluð eftirlaun í starfslok. Hægt er að velja hvenær greiðslur úr lífeyrissjóðum hefjast samkvæmt viðmiðunaraldri eða fresta þeim eða flýta frá því viðmiði. Öll réttindi í lífeyrissjóðum eru þá reiknuð í starfslok miðað við sama aldur og síðan er til einföldunar reiknað með að reglur þess sjóðs, sem ætlunin er að greiða í til starfsloka, gildi um frestun og flýtingu

Address <http://www.skjodan.is/>

**SKJÓÐAN** ÍSLANDSBANKI | Hvar sem þú ert

Aldur og laun Lífeyrissjóðir Viðbótar lífeyrissparnaður Annar sparnaður Samantekt

A A+ A++ Forsíða Vista Hætta

Hér færir þú inn upplýsingar um (1) núverandi aldur og fjölda ára til starfsloka og (2) núverandi laun og áætlaða launabróun til starfsloka.

Forsendur	Þú	Maki
Fæðingardagur og ár:	1.1.1972	1.6.1973
Fjöldi ára til starfsloka:	34	
Mánaðarlaun:	210.000	190.000

Aldursbil	Þróun launa sem % af núverandi launum	
16-19	100 %	100 %
20-29	100 %	100 %
30-39	120 %	120 %
40-49	140 %	140 %
50-54	155 %	155 %
55-59	150 %	150 %
60-64	145 %	145 %
65-69	145 %	145 %

Útreiknað	Þú	Maki
Aldur	32,2	30,7
Áætlaður aldur við starfslok:	66,2	64,7

**Leiðbeiningar**

Sláðu inn upplýsingum um aldur og laun. Síðan þarf að ákveða hvað á að reikna með því að einstaklingur eða hjón vinni lengi eða hvenær farið er á eftirlaun. Sláðu inn fjölda ára til starfsloka og vélin reiknar þá út aldur í starfslok.

Reikna

lífeyrsgreiðslna. Síðan er hægt að breyta forsendum um útborgun viðbótarlífeyrissparnaðar og annars sparnaðar. Í vélinni eru innbyggðar reglur um útborgun viðbótarlífeyrissparnaðar þannig að greiðslurnar verða í samræmi við þær reglur.

Þegar eftirlaunagreiðslur eru reiknaðar með svona mörgum breytum er erfitt að stilla þær af þannig að eftirlaunin verði jöfn. Þannig er raunveruleikinn en með vélinni er hægt að breyta forsendum fram og til baka til þess að finna hvernig heppilegast er að haga samsetningu eftirlaunanna.

Með Skjóðunni er hægt að reikna hverju þarf að bæta við sparnaðinn til þess að ná settum markmiðum um eftirlaun í starfslok. Byrjað er á því að slá inn núverandi stöðu og eftirlaunin reiknuð miðað við núverandi sparnað. Síðan er hægt að prófa sig áfram, t.d. auka sparnaðinn eða breyta starfslokaaldri til að sjá hvaða áhrif það hefur á eftirlaunin. Í Skjóðunni er hægt að vista dæmi og skoða þau síðar. Þannig getur notandi reiknað fleiri en eitt dæmi og borið þau saman.

Samsetning eftirlaunasparnaðar er flókið mál og því er best að gefa sér tíma til að reikna nokkur dæmi áður en valin er einhver ein leið. Þá kemur í ljós hvaða leið hentar best. Munum að það skal vanda sem lengi á að standa.

## Leiðir til að auka eftirlaunin og tryggja fjárhagslegt öryggi

Hvernig er hægt að auka eftirlaunasparnað og hvaða leiðir eru bestar til þess? Hér eru nokkur hollráð þar að lútandi:

**Sparaðu reglulega.** Besta leiðin til að bæta við sig eftirlaunasparnaði er með reglulegum sparnaði sem getur hvort heldur verið viðbótarlífeyrissparnaður (séreignarsjóðir, lífeyrissparnaðarreikningar) eða annar sparnaður. Reglulegur sparnaður er þægilegasta og um leið árangursríkasta leiðin til að byggja upp eignir og sparnað. Fjárhæðin sem lögð er til hliðar reglulega þarf ekki að vera há og betra er að byrja með heldur lægri fjárhæð en spenna bogann of hátt í upphafi. Kúntin er að leggja allt af fyrir í hverjum mánuði hvað sem á gengur.

Best er að hafa sparnaðinn eins sjálfvirkan og hægt er. Það er til dæmis kostur við viðbótarlífeyrissparnaðinn að launagreiðandinn sér um að draga hann frá launum og senda hann til vörsluaðila. Annan sparnað er líka hægt að hafa sjálfvirkan þannig að hann sé millifærður sjálfkrafa milli reikninga, greiðist með boðgreiðslum eða af greiðslukorti.

**Byrjaðu strax.** Því fyrr sem þú treystir þér til þess að leggja hluta af ráðstöfunartekjunum fyrir þeim mun auðveldara verður að ná settum markmiðum um eftirlaun. Því lengri sem sparnaðartíminn er því minna þarf að leggja fyrir í einu og því meiri verða vextirnir.

**Nýttu þér heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar.** Vegna mótframlags launagreiðenda og hagstæðra skattareglna er viðbótarlífeyrissparnaður hagkvæmasta sparnaðarleið sem völ er á. Hins vegar verður að hafa það í huga að viðbótarlífeyrissparnaður er bundinn fram yfir 60 ára aldur. Af þessum sökum þarf að skoða vandlega hvort maður sjálfur eða fjölskyldan hafi bolmagn til þess að binda peningana svo lengi. Áður en sparnaður er bundinn til langs tíma er hyggilegt að koma sér upp varasjóði til að mæta áföllum í fjármálum.

**Líttu á viðbótarsparnað sem ósnertanlegan.** Forðastu að ganga á eftirlaunasparnaðinn nema í algjörum undantekningartilvikum. Viðbótarlífeyrissparnaður er bundinn til starfsloka en annar sparnaður er það ekki. Það er alltof algengt að einstaklingar freistist til að ganga á langtímasparnað um leið og hann er byrjaður að safnast upp. Algengt er að fólk ætli að endurgreiða úttektina fljótlega en oftast er ekki tekst það ekki þrátt fyrir einlægán ásetning. Eins og komið hefur fram þarf margar milljónir til að greiða góð eftirlaun og því má alls ekki ganga á sjóðinn nema sýnt þyki að hann verði meiri en stefnt er að.

**Kynntu þér vel mismunandi ávöxtunarleiðir.** Áður en sparnaðarleið eða vörsluaðili er valinn er mikilvægt að fá upplýsingar um fjárfestingarstefnu fyrirtækisins eða sjóðsins, með hvaða hætti verðbréf eru valin og hvornig eignirnar eru ávaxtaðar. Einnig er rétt að spyrja um árangur og bera hann saman við árangur annarra aðila sem bjóða sambærilegar ávöxtunarleiðir.

Bæði fjármálafræðin og reynslan segja okkur að eignasamsetning sparnaðar er lykilatriði. Til langs tíma litið hefur ekkert atriði jafnmikil áhrif á ávöxtun og ákvörðunin um það í hvaða verðbréfum eignirnar eru ávaxtaðar. Hlutabréf gefa hæstu ávöxtunina til langs tíma en þau sveiflast líka mest í verði. Sveiflurnar jafnast þó út á löngum tíma. Þar sem eftirlaunasparnaður er langtímasparnaður eru hlutabréf afar vænlegur ávöxtunarkostur. Þegar líður á starfsævina og sparnaðartíminn styttist er skynsamlegt að velja sparnaðarform sem gefur stöðugri ávöxtun, eins og til dæmis skuldabréf eða innlánsreikninga í bönkum og sparisjóðum. Hér er yfirlit yfir þær ávöxtunarleiðir sem í boði eru fyrir eftirlaunasparnað:

<b>Hlutabréf</b>	Eignarhlutdeild í hlutafélagi. Ávöxtun ræðst af arðgreiðslum og verðbreytingum á hlutabréfamarkaði. Á löngum tíma ræður arðsemi hlutafélaganna mestu um ávöxtun.
<b>Skuldabréf</b>	Loforð um fastar greiðslur í framtíðinni. Ávöxtun ræðst af markaðsvöxtum þegar skuldabréf er keypt og selt. Skuldabréf hækka (lækka) í verði ef markaðsvertir lækka (hækka).
<b>Ríkisvixlar og stutt skuldabréf</b>	Loforð um fastar greiðslur í náinni framtíð eða á næstu mánuðum. Ávöxtun ræðst af markaðsvöxtum þegar skuldabréf er keypt. Stutt skuldabréf gefa oftast lægri ávöxtun en löng en þau sveiflast tiltölulega lítið í verði við breytingar á markaðsvöxtum.
<b>Séreignarsjóðir</b>	Hlutdeild í sjóði sem fjárfestir í skuldabréfum og hlutabréfum. Ávöxtun séreignarsjóðs ræðst af ávöxtun verðbréfa í eigu sjóðsins að frádregnum rekstrarkostnaði. Séreignarsjóðir eru eingöngu fyrir viðbótarlífeyrissparnað eða sparnað sem er bundinn fram yfir 60 ára aldur. Séreignarsjóðir starfa samkvæmt lögum um lífeyrissjóði.
<b>Verðbréfasjóðir</b>	Hlutdeild í sjóði sem fjárfestir í skuldabréfum og hlutabréfum. Ávöxtun verðbréfasjóðs ræðst af ávöxtun verðbréfa í eigu sjóðsins að frádregnum rekstrarkostnaði. Verðbréfasjóðir geta verið margskonar og bæði fyrir skammtíma- og langtímasparnað. Verðbréfasjóðir starfa samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.
<b>Innlán í bönkum og sparisjóðum</b>	Bankar og sparisjóðir bjóða bundna innlánsreikninga fyrir langtímasparnað og greiða að jafnaði hæstu vexti hverju sinni á slíkum reikningum. Til lengri tíma má reikna með lægri vöxtum en á verðbréfamarkaði en höfuðstóll sveiflast ekki.
<b>Söfnunartryggingar</b>	Samningur um reglulegan sparnað með líftryggingu. Hluta af iðgjaldi er varið til að kaupa líftryggingu en tryggingin lækkar síðan eftir því sem höfuðstóll vex.

Annað lykilatriði við ávöxtun eftirlaunasparnaðar er áhættudreifing til að verjast sveiflum á verði verðbréfa eða tapi vegna gjaldþrota. Þar sem eftirlaunasparnaður á að vera helsta uppspretta tekna í starfslok verður seint lögð of mikil áhersla á nauðsyn þess að dreifa áhættu bæði innan einstakra verðbréfaflokka og milli þeirra. Áhættudreifing hlutabréfa næst með því að fjárfesta í mörgum hlutafélögum í mörgum atvinnugreinum og í mörgum löndum. Áhættudreifing í blönduðum verðbréfasöfnum næst hins vegar með því að fjárfesta í stuttum og löngum skuldabréfum, hlutabréfum og með því að hafa hluta eigna á innlánsreikningi.

Niðurstaðan er því að rétt sé að velja ávöxtunarleið með tilliti til sparnaðartíma og áhættudreifingar. Þannig er skynsamlegt að velja framan af ævinni ávöxtunarleiðir þar sem hlutabréf vega þungt en draga síðan úr vægi þeirra þegar líður að starfslokum. Nánar er fjallað um ávöxtun eftirlaunasparnaðar í næsta kafla.

**Athugið hvort það sé skynsamlegt að skipta ellilífeyrisréttindum.** Ef lífeyrisréttindi hjóna eða sambúðaraðila eru ójöfn getur verið skynsamlegt að skipta þeim til að tryggja hag beggja í starfslok. Ef annað hjóna á til dæmis fjórum sinnum meiri ellilífeyrisréttindi en hitt og fellur frá rétt fyrir starfslok, eða stuttu eftir þau, þá fær eftirlifandi maki greiddan makalífeyri tímabundið en síðan falla réttindin niður. Eftir það fengi makinn aðeins einn fimmta af þeim ellilífeyrisréttindum sem hjónin höfðu áunnið sér. Ef réttindum væri hins vegar skipt til helminga fengi makinn alltaf helminginn af réttindunum og makalífeyri að auki.

Helsti gallinn við skiptingu réttindanna er sá að ef tekjulægri makinn deyr á undan hinum þá hefur sá sem eftir lifir framselt helming réttinda sinna sem þá falla niður við andlát makans. Þetta hlýtur alltaf að vera matsatriði en ef miklu munar á lífeyrisréttindum hjóna er spurningin hvort skipting réttindanna sé ekki í raun nauðsynleg.

**Tryggðu fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar.** Það stoðar lítið að setja sér háleit markmið og vinna að þeim með skipulegum hætti ef ekki eru gerðar ráðstafanir til að tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar ef svo færi að forsendur breyttust vegna starfsorkumissis eða fráfalls. Þess vegna ættu persónuþryggingar að vera hluti af skipulagningu eftirlaunasparnaðar.

Tryggingaþörf einstaklinga er mismunandi vegna ólíkra fjölskylduáðstæðna og fjárhagsskuldbindinga. Almennt má segja að tryggingaþörfin sé meiri eftir því sem fleiri tekjulausir einstaklingar eru á heimilinu og eftir því sem skuldir eru meiri. Ef tekjur lækka eða falla niður vegna starfsorkumissis þarf samt áfram að framfleyta heimilinu og greiða af skuldum.

### Tryggingavernd lífeyrissjóða og ráðlagðar viðbótartryggingar


Tryggingavernd	Örorka / starfsorkumissir	Andlát
Lífeyrissjóðir	<b>Örorkulífeyrir</b> (nálægt 40–50% af launum) greiddur þar til sjóðfélagi fer á ellilífeyri sem er greiddur til æviloka	<b>Makalífeyrir</b> (nálægt 20–25% af launum), yfirleitt greiddur tímabundið
	<b>Barnalífeyrir</b> þar til yngsta barn nær 18–22 ára aldri	<b>Barnalífeyrir</b> þar til yngsta barn nær 18–22 ára aldri
Ráðlagðar viðbótartryggingar	<b>Afkomuþrygging</b> sem tryggir 70% af launum fyrstu 3 árin hjá þeim sem eru að hefja störf og 20–30% af launum til 65 ára eftir það <b>Sjúkra- og slysatrygging</b> sem greiðir ein árslaun við örorku <b>Sjúkdómatrygging</b> sem greiðir ein árslaun við greiningu alvarlegra sjúkdóma	<b>Líftrygging</b> sem greiðir langtímaskuldir og a.m.k. tvenn árslaun

**Tafla 5.3** Tryggingavernd lífeyrissjóða er mjög viðtæk og verðmæt. Þrátt fyrir það er mælt með því að einstaklingar bæti við sig viðbótartryggingum til að tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar. Taflan sýnir yfirlit um tryggingavernd lífeyrissjóða og ráðlagðar viðbótartryggingar. Athugið að tryggingavernd lífeyrissjóða er mismunandi og er stundum meiri eða minni en hér kemur fram.

### a) Viðbótarörorkutryggingar:

Þrátt fyrir full lífeyrissjóðsréttindi má halda því fram að flestir, ef ekki allir, hafi þörf fyrir viðbótarörorkutryggingar. Örorkulífeyrir lífeyrissjóða er í flestum tilvikum nálægt 50% af meðallaunum en yfirleitt mæla tryggingaráðgjafar með því að örorkubætur séu á bilinu 60% til 70% af núverandi launum. Mismunandi aðstæður valda því að tryggingaþörfin er ekki jafn mikil hjá öllum en færa má rök fyrir því að örorkubætur þurfi almennt að vera nálægt 70% af launum, sérstaklega framan af starfsævinni. Ef einstaklingur verður að hætta vinnu vegna örorku falla niður greiðslur í lífeyrissjóð (4% af launum) en önnur útgjöld halda sér að mestu og jafnvel má búast við því að útgjöldin hækki vegna örorkunnar.

#### Tryggingaþörf er mismunandi fyrir örorkutryggingar



**Mynd 5.4** Myndin sýnir dæmi um það hvernig hægt er að meta þörf fyrir tryggingu gegn tekjumiss vegna örorku. Lárétti skalinn sýnir starfsævina allt frá því að einstaklingur kemur á vinnumarkað þar til hann fer á eftirlaun. Á lóðréttá skalanum eru skuldbindingar einstaklingsins, bæði vegna barna og skulda. Rauða línan sýnir hvernig algengt er að tryggingaþörfin breytist eftir aldri. Hún er mikil fyrst á starfsævinni þegar hjón hafa nýlega stofnað heimili og skuldbetta sig og eiga ung börn. Á seinni hluta starfsævinnar eru börnin farin að heiman og skuldir hafa lækkað. Um leið minnkar tryggingaþörfin.

Óhætt er að ráðleggja fólki að gera ráðstafanir til að tryggja sér a.m.k. 70% af launum í örorkubætur ef tekjur skyldu falla niður vegna starfsorkumissis. Til viðbótar er skynsamlegt að bæta við sjúkra- og slysatryggingu og sjúkdómatryggingu og haga samsetningu viðbótarörorkutrygginga þannig að við orkutap komi eingreiðsla til að nota fyrstu mánuðina eða árin meðan verið er að aðlagast nýju lífi og nýjum aðstæðum. Fjárhæð eingreiðslubóta ætti að setja í samhengi við laun og miða við að bæturnar tryggi eins til tveggja ára laun. Með aldrinum minnkar þörfin á eingreiðslutryggingunum, eftir því sem eignir vaxa og skuldbindingar minnka. Sjá nánar í dæmi aftast í kaflanum.

Afar mikilvægt er fyrir þá sem eru að hefja störf á vinnumarkaði að verða sér strax úti um viðbótartryggingar því það tekur yfirleitt þrjú ár að ávinna sér full örorkulífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum eða rétti á framreikningi réttinda. Í lífeyrissjóðalögnum segir að örorkulífeyrir skuli framreiknaður samkvæmt reglum lífeyrissjóðs enda hafi sjóðfélagi greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum og þar af a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili. Vegna þessa ákvæðis er ungt fólk á vinnumarkaði nánast réttindalaust fyrstu ár starfsævinnar. Þetta er nauðsynlegt að gera sér ljóst og grípa til viðeigandi ráðstafana. Launagreiðendur gerðu rétt í að benda nýliðum í hópi starfsmanna sinna á þessa staðreynd.

<b>Afkomutrygging</b>	Af því að örorkutrygging lífeyrissjóða greiðir u.þ.b. 50% til 60% af launum sem er ekki nóg til að halda óbreyttum lífsgæðum.
<b>Sjúkra- og slysatrygging</b>	Af því að tryggingin greiðir dagpeninga við tímabundna örorku og hentar því sérstaklega vel fyrir þá sem greiða ekki í sjúkrasjóð stéttarfélaga. Af því að við varanlega örorku eru greiddar eingreiðslubætur sem nota má til að aðlagast breyttum aðstæðum vegna örorku.
<b>Sjúkdómatrygging</b>	Af því að við greiningu á erfiðum sjúkdómi eru greiddar eingreiðslubætur sem nota má til að aðlagast breyttum aðstæðum. Starfsgeta helst oft þrátt fyrir greiningu á erfiðum sjúkdómi.

**Tafla 5.4** Það er erfið lífsreynsla að missa starfsgetu vegna slyss eða sjúkdóms. Þótt lífeyrissjóðir greiði góðan örorkulífeyri við slíkar aðstæður er hann ekki nægur til að halda óbreyttum lífsgæðum eða til að standa undir útgjöldum sem oft fylgja örorku og veikindum. Þess vegna er ráðlegt að bæta við sig örorkutryggingum. Í þessari töflu kemur fram hvaða viðbótartryggingum er mælt með og hvers vegna það er gert.

Mjög skynsamlegt er að kaupa viðbótarörorkutryggingar sem byggjast á mánaðarlegum bótum. Það er best að gera með milligöngu lífeyrissjóðs. Nokkrir lífeyrissjóðir hafa heimild í samþykktum sínum til að draga tryggingaiðgjöld örorkutrygginga frá lífeyrisiðgjöldum en það þýðir að tryggingaiðgjöldin eru greidd óskattlögð eins og lífeyrisiðgjöldin. Ef örorkutrygging er keypt með þessum hætti lækka iðgjöldin sem nemur tekjuskattinum, eða um 38%, og munar um minna. Komi til greiðslu bóta er greiddur tekjuskattur af þeim eins og öðrum tekjum, sama hvort iðgjöldin eru greidd af óskattlögðu fé eða ekki.

#### *b) Líftrygging:*

Hvenær sem er á starfsævinni er mikilvægt að hafa líftryggingu. Hún er nauðsynleg fyrir fólk sem er með börn á framfæri og miklar fjárskuldbindingar en hún getur líka verið mikils virði fyrir eldra fólk sem er búið að koma börnum sínum á legg og borga niður skuldir sínar. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvers vegna tryggingin er mikilvæg fyrir ungt fólk með miklar skuldir. Þar er trygg-



ingin alger forsenda þess að hægt sé að greiða af lánnum og framfleyta fjölskyldunni ef önnur eða eina fyrirvinnan fellur frá. Ef um er að ræða ungt fólk með börn er makalífeyrir greiddur úr lífeyrissjóðum þar til yngsta barnið hefur náð 18 ára aldri (til 22 ára aldurs hjá sumum sjóðum) en ef börnin eru orðin fullorðin er makalífeyrir yfirleitt tímabundinn og greiddur í þrjú til fimm ár. Af þessari ástæðu og eins vegna þess að það kostar sitt að hefja nýtt líf án hins látna er líftrygging alltaf nauðsynleg en váttryggingarfjárhæðin getur verið mismunandi eftir aðstæðum og óskum hvers og eins.

### Af hverju líftrygging?

Til að tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldu við fráfall.
Líftryggingabætur eru greiddar í einu lagi og eru skattlausar. Líftryggingabætur hjálpa eftirlifandi maka og börnum að aðlagast nýjum aðstæðum og hefja nýtt líf.
Til að greiða skuldir sem áður var greitt af með launum hjónanna beggja.
Af því að maka- og barnalífeyrir lífeyrissjóða er ekki nema hluti af launum hins látna og er bara greiddur tímabundið.
Við fráfall beggja hjóna greiðist enginn makalífeyrir. Líftrygging er því alveg bráðnauðsynleg til að tryggja fjárhag barna ef báðir foreldrar falla frá.

| **Tafla 5.5** Fimm atriði sem mæla með líftryggingu.

Fyrirvinnur ættu alltaf að vera með líftryggingu. Ef fyrirvinnan fellur frá getur líftrygging skipt sköpum fyrir fjölskylduna á meðan hún er að koma undir sig fótunum og hefja nýtt líf. Ein ástæða þess að mælt er með líftryggingu er að við fráfall beggja hjóna greiða lífeyrissjóðir barnalífeyri en engan makalífeyri. Það sama gildir ef einstætt foreldri fellur frá. Þá er engu til að dreifa nema barnalífeyrinum til að framfleyta börnunum.

Miða ætti við að líftryggingarbæturnar nemi að minnsta kosti eins til tveggja ára launum viðkomandi fyrirvinnu eða að bótafjárhæðin dygði í það minnsta til að greiða upp langtímaskuldir og sem svaraði launum hins látna í eitt ár. Við mat á langtímaskuldum skal draga frá skuldir sem falla niður við andlát eins og námslán. Einnig skal draga frá skuldir með lánatryggingu sem greiðir upp lán við andlát skuldara.

Ef annað hjóna er heimavinnandi og fær því ekki launatekjur þarf einnig að líftryggja viðkomandi. Heimilisstörf eru verðmæt og fráfall maka veldur alltaf röskun. Þess vegna er ráðlegt að kaupa líftryggingu fyrir heimavinnandi maka til þess að mæta kostnaði við að aðlagast nýjum aðstæðum. Eðlilegt er að líftryggingarbæturnar séu sama fjárhæð og hjá þeim sem vinnur úti.

Líftryggingariðgjöld eru yfirleitt lægri en fólk heldur. Iðgjaldið ræðst af líftryggingarfjárhæð, kyni og aldri og fleiri atriðum. Á heimasíðum líftryggingafélaga er

hægt að fletta upp á iðgjaldatöflum eða reikna iðgjöldin í sérstökum reiknivélum. Líftryggingabætur eru greiddar út í einu lagi og eru skattfrjálsar.

*c) Almennar ráðleggingar um tryggingar:*

Áður en trygging er keypt er nauðsynlegt að gefa sér tíma til að kanna hvaða tryggingar eru í boði með því að hafa samband við tryggingafélög sem selja persónu-tryggingar eða fletta upp á vefsíðum þeirra. Það er góð regla að lesa alltaf skilmála trygginganna og spyrja spurninga sem vakna við lestur þeirra. Það er auðveldara en flestir halda að lesa þessa skilmála. Oft er talað um smáa letrið varðandi tryggingar og kvartað yfir undanþágutilvikum í skilmálum. Yfirleitt eru þessar kvartanir óréttmætar og fram komnar af því að viðkomandi las ekki skilmálana fyrir fram heldur eftir að fór að reyna á þá. Það er miklu betra að lesa skilmálana fyrir fram og vita hvað trygging bætir og hvað er undanskilið.

Við mat á tryggingarfjárhæðum er mikilvægt að gæta þess að taka ekki of lága tryggingu í upphafi því það er auðveldara að lækka tryggingu en að hækka hana. Ef einstaklingur kaupir til dæmis líftryggingu og vill hækka trygginguna síðar í kjölfar veikinda kann það að vera erfitt eða kosta hærra iðgjald vegna veikindanna. Þess vegna er betra að byrja frekar með tryggingabætur í hærri kantinum og lækka þær síðan þegar tryggingaþörfin minnkar.

Sá sem kaupir persónutryggingar þarf að gera sér grein fyrir því að það getur verið óhagstætt að skipta um tryggingafélag síðar. Þegar hann vill segja tryggingunni upp og kaupa nýja tryggingu hjá öðru félagi getur verið að forsendur hafi breyst. Heilsu hans kann að hafa hrakað og nýja félagið getur talið of áhættusamt að selja honum tryggingu. Eins er hugsanlegt að þó að nýja félagið samþykki að tryggja hann vilji það undanskilja bætur vegna sjúkdóms sem væntanlegur tryggingataki fékk eftir að hann tryggði sig hjá fyrra félaginu og féll undir skilmála þar. Við þessar aðstæður hefði verið betra að halda sig við gamla félagið. Það er því mikilvægt fyrir hvern og einn að velja strax tryggingafélag sem hann treystir og telur sig geta verið hjá til langs tíma.

Kannið hvað tryggingar kosta og gerið verðsamanburð. Þótt ein trygging sé ódýrari en önnur er ekki þar með sagt að hún sé betri kostur. Í sumum tilvikum liggur munurinn í því að skilmálar trygginganna eru mismunandi. Spyrjið því alltaf hvers vegna verðmismunur sé milli félaga og sannreynið síðan svarið með því að bera saman skilmálana. Í öðrum tilvikum kann munurinn að liggja í gæðum en tryggingafélög hafa mismunandi gjaldþol og þjónustu. Það er eins með tryggingafélögin og vörsluaðila sparnaðar að samningur váttrygðs og tryggingafélags er langtímasamningur sem verður að byggjast á trausti og stöðugleika. Kynnið ykkur því hverjir standa að félaginu og leggið mat á það hvort þið treystið þeim. Takið síðan ígrundaða ákvörðun um það hvaða tryggingafélag er skipt við.

Sótt er um persónutryggingar á þar til gerðum eyðublöðum hjá tryggingafélögum. Í umsókninni þarf umsækjandi að gefa heilsufarsyfirlýsingu. Ef sótt er um mjög háar tryggingabætur getur tryggingafélag óskað eftir því að umsækjandi fari í lækni skoðun og að yfirlýsing læknis fylgi með umsókninni. Jafnvel þótt sótt sé um lágar bætur getur tryggingafélag óskað eftir lækni skoðun, meðal annars vegna einhvers sem kemur fram í umsókninni. Síðan fer fram mat á umsókninni hjá tryggingafélagi og í framhaldi af því tekur félagið ákvörðun um það hvort það vill tryggja umsækjandann og á hvaða kjörum. Ef tryggingafélög telja áhættusamt að tryggja umsækjanda, til dæmis vegna veikinda fyrir á ævinni, getur verið að þau fari fram á sérstakt áhættuálag. Stundum hafna tryggingafélögin umsóknum um persónutryggingar.

Eftir að tryggingamálin hafa verið yfirfarin og viðbótartryggingar keyptar er ráðlegt að koma á þeirri vinnureglu að yfirfara tryggingamálin reglulega, t.d. á tveggja til þriggja ára fresti. Skoðið þá hvort tryggingaþörfin hefur breyst og hvort ástæða sé til að auka eða minnka tryggingaverndina.

Önnur leið til að auka tryggingaverndina er að auka greiðslur í lífeyrissjóð. Þessi leið er auðvitað háð því að lífeyrissjóður heimili sjóðfélögum að greiða viðbótariðgjald í samtryggingarsjóð. Mismunurinn á því að auka tryggingavernd með viðbótartryggingum eða greiða meira í lífeyrissjóð er að persónutryggingar er hægt að kaupa tímabundið og velja einstakar tryggingar. Í flestum lífeyrissjóðum eru réttindin hins vegar viðvarandi og yfirleitt er ekki hægt að velja einstakar tryggingar sérstaklega. Það eru því ýmis rök fyrir því að kaupa viðbótartryggingar sérstaklega.

**Farðu reglulega yfir samsetningu eigna.** Hyggilegt er að yfirfara reglulega samsetningu eigna með það fyrir augum að skoða möguleikana á að minnka við sig eignir til þess að auka tekjur og minnka gjöld. Þetta á sérstaklega við þegar fólk er komið á miðjan aldur og börnin farin að heiman enda minnkar þá gjarnan húsnæðisþörf fjölskyldunnar. Oft má fá ágæta fjárhæð í milli þegar skipt er á stórri og lítilli íbúð og þetta fé er hægt að ávaxta vel, t.d. í ríkisskuldabréfum.

Sagan segir okkur að fjárfesting í íbúðarhúsnæði sé ekki góð ávöxtunarleið því til lengri tíma litið gerir fasteignaverð ekki meira en að fylgja almennum verðlagsþækkunum og það er kostnaðarsamt að eiga fasteign. Eigendur fasteigna þurfa einnig að greiða fasteignagjöld sem eru á bilinu 0,5% til 0,6% af verðmæti eignar. Ekki má gleyma viðhaldinu en reikna má með að árlegt viðhald sé á bilinu 1,8% til 2,5% á ári eða jafnvel enn meira.

Tafla 5.6 sýnir dæmi um árleg útgjöld og tekjur tvennra hjóna, A og B, sem eiga jafnmiklar eignir en hafa ólíka eignasamsetningu. Hjón A eiga fasteign að verðmæti 20 milljónir króna en hjón B eiga fasteign að verðmæti 15 milljónir og 5 milljónir í ríkisskuldabréfum sem gefa af sér 4,5% vexti á ári.

### Dæmi um árleg útgjöld og tekjur tveggja fjölskyldna sem eiga jafnmiklar eignir en eru með ólíka eignasamsetningu

Fjölskylda		A	B
<b>Eignir</b>		<b>Þús.kr.</b>	<b>Þús.kr.</b>
Fasteign		20.000	15.000
Ríkisskuldabréf			5.000
<b>Eignir samtals</b>		<b>20.000</b>	<b>20.000</b>
<b>Árleg útgjöld (tekjur)</b>	<b>% á ári</b>	<b>Þús.kr.</b>	<b>Þús.kr.</b>
Eignarskattur	0,6%	63	33
Rekstur húsnæðis	0,5%	100	75
Fasteignagjöld	0,5%	100	75
Árlegt viðhald	1,8%	360	270
Tekjur af sparifé	4,5%	0	-225
<b>Útgjöld (tekjur) samtals</b>		<b>623</b>	<b>228</b>

**Tafla 5.6** Þetta dæmi sýnir hvað það getur borgað sig að minnka við sig eignir til að lækka gjöld og auka tekjur. Fjölskyldurnar tvær eiga jafn miklar eignir en fjölskylda B sparar 395 þúsund krónur á ári með því að búa í ódyrara húsnæði.

Dæmið sýnir að það getur verið mjög hagkvæmt að minnka við sig eignir. Hjón A þurfa að greiða 623 þúsund krónur á ári vegna fasteignar sinnar en útgjöld hjóna B eru 228 þúsund krónur á ári þegar búið er að draga frá tekjur af ríkisskuldabréfunum. Mismunurinn er 395 þúsund krónur á ári eða 33 þúsund krónur á mánuði. Því fyrr sem fólk getur minnkað við sig eignir því meiri verður ávinningurinn. Ef það sem sparast í dæminu hér að ofan er lagt fyrir mánaðarlega verður uppsafnaður orðinn að 5 milljónum á tíu árum og 8,4 milljónum á 15 árum.

Þetta dæmi er auðvitað mjög einfaldað. Undanfarin ár hafa fasteignir hækkað verulega í verði en í dæminu er ekki reiknað með neinni hækkun. Sú forsenda byggist á því að á mjög löngum tíma má búast við því fasteignir haldi verðgildi sínu og hækki ekki umfram það. Þessi forsenda á við í flestum tilvikum en ekki alltaf. Fasteignir geta til dæmis orðið verðmeiri með árunum vegna staðsetningar. Ekki er heldur reiknað með kostnaði við að skipta um fasteign en hann er oft umtalsverður, auk þess sem oft er erfitt að finna minni fasteign á lægra verði en með sama notagildi og núverandi eign. Loks má nefna að oft á tíðum eru minningar og tilfinningar tengdar einstökum eignum og slíkt verður vitaskuld ekki metið til fjár. Dæmið gefur engu að síður vísbendingu um að það getur borgað sig fjárhagslega að minnka við sig húsnæði.

**Dragðu úr skuldum og lækkaðu fjármagnskostnað.** Til viðbótar við markmið um eftirlaun og áætlun um sparnað til að ná þeim verður fólk að vera meðvitað um útgjöld eftir að vinnu lýkur. Hér að framan hefur verið lögð áhersla á nauðsyn þess

að safna eignum til að greiða eftirlaun, en það er líka skynsamlegt að gera ráðstafanir til að lækka útgjöldin eftir því sem hægt er. Það eru einkum stórir útgjaldaliðir sem skipta máli, eins og rekstur húsnæðis og fjármagnskostnaður hjá þeim sem skulda.

Það er dýrt að skulda og þeir sem það gera þurfa tekjur til að greiða af skuldunum. Þetta gildir auðvitað á starfsævinni, en ekki síður á eftirlaunaárunum. Þeir sem sjá fram á að skulda mikið þegar þeir setjast í helgan stein ættu að gera tvennt. Í fyrsta lagi ættu þeir að gæta að því við skilgreiningu á markmiðum sínum varðandi eftirlaun að gert sé ráð fyrir afborgunum af skuldunum. Ef þær eru mjög miklar geta þær valdið því að nauðsynlegt sé að vinna lengur en hugurinn stóð til, eða að síður sé hægt að draga úr vinnu á seinni hluta starfsævinnar. Í öðru lagi getur verið skynsamlegt að gera ráðstafanir til að lækka skuldirnar með því að greiða þær fyrr upp eða með því að minnka eignir og slá þannig tvær flugur í einu höggi: að lækka bæði fjármagns- og rekstrarkostnað.

Það má líka hugsa þetta á annan hátt í upphafi og forðast að hafa lánstíma skulda svo langan að enn sé verið að greiða af þeim á eftirlaunaaldri. Þeir sem skipta um húsnæði á miðjum aldri ættu til dæmis að hafa í huga að mikil skuldsetning til langs tíma dregur úr ráðstöfunartekjum á eftirlaunaárunum og getur leitt til þess að ekki verði hjá því komist að vinna meira eða fresta starfslokum um einhver ár.

Það getur líka borgað sig að yfirfara skuldir heimilisins reglulega. Stundum er hægt að lækka árlegar vaxtagreiðslur með því að breyta samsetningu skulda og stundum er besti sparnaðarkosturinn að greiða upp óhagstæð lán.

## Klökkja eða sandur

Það er mikilvægt að setja sér markmið um eftirlaun þegar gerð er áætlun um eftirlaunasparnað. Til þess að vita hvað þarf að spara mikið þarf fyrst að hafa hugmynd um hvað óskað er eftir að hafa mikil eftirlaun og reikna síðan út hvað þurfi að leggja mikið fyrir til að ná óskastöðunni. Ef markmiðið er hins vegar ekki nógu vel ígrundað er hugsanlegt að tekjur verði ekki nægar og að eftirlaunaárin verði ekki eins ánægjuleg og stefnt er að.

Algennt er þegar fólk er að setja sér markmið um eftirlaun að tekjuþörfin á efri árum sé vanmetin. Sumir telja að þeir þurfi minni tekjur eftir að þeir hætta að vinna og miða eftirlaunasparnaðinn við það. Í nýlegri skoðanakönnun í Bandaríkjunum voru þátttakendur spurðir um hvað þeir teldu sig þurfa að hafa í eftirlaun. Svárið kom á óvart því meira en helmingur svarenda taldi sig þurfa 50% af lokalaunum eða minna. Það getur vissulega gengið hjá sumum að tekjur lækki um helming en það er ólíklegt að fólk þyki það almennt ásættanlegt þegar á reynir. Það fer reyndar eftir tekjum og fjárhagsstöðu hvort það getur yfir höfuð gengið að lækka í launum við það

að hætta að vinna. Það er til dæmis afar ólíklegt að þeir sem hafa lægstu tekjurnar eða skulda mikið geti misst helming tekna sinna. Mun líklegra er að tekjur þurfi að vera á bilinu 75% til 80% af lokalaunum og margir halda því fram að tekjurnar þurfi að vera meiri, meðal annars vegna hærri lyfja- og læknskostnaðar og vegna þess að ýmis annar kostnaður hækkar með auknum frítíma.

Önnur algeng mistök eru vanmat á því hvað við lifum lengi. Í fyrrnefndri skoðanakönnun voru þátttakendur spurðir um líkurnar á því að 65 ára einstaklingur lifði lengur en til 85 ára aldurs. Yfir 60% þátttakenda töldu að líkurnar væru 25% eða minni. Rétt svar er hins vegar að 65 ára maður hefur um það bil 50% líkur á að lifa lengur en til 85 ára aldurs. Ef meðallífslíkur 65 ára einstaklinga eru 20 ár þýðir það að við 85 ára aldur verður helmingur hópsins enn lifandi og hinn helmingurinn fallinn frá. Þetta þýðir að helmingur þeirra sem hætta að vinna 65 ára og reikna með að eftirlaunasjóður þurfi að endast í 20 ár hefur rangt fyrir sér. Og það sem meira er, þeir sem verða á lífi 85 ára munu sumir lifa töluvert lengur. Þannig hefur 65 ára maður um það bil 30% líkur á að verða 90 ára og 4% líkur á að verða 100 ára.

Stundum er talað um að sitthvað geti valdið því að eftirlaunin verði lægri en stefnt var að. Það sem oftast er nefnt er hætta á því að ávöxtun verði lægri en búist var við, til dæmis vegna óhagstæðrar þróunar á verðbréfamörkuðum á sparnaðartímanum. Önnur áhætta er að lífeyrissjóður getur þurft að lækka lífeyrisréttindi vegna aukinnar lífeyrisbyrði, til dæmis vegna aukins langlífis eða meiri örorkulífeyrisgreiðslna.

Þessi áhætta er þó tiltölulega léttvæg á móti því sem gerist ef helsta forsenda áætlunar um eftirlaunasparnað er röng. Við getum varið okkur fyrir sveiflum á verðbréfamarkaði með því að reikna með hóflegri ávöxtun í áætlununum og með því að draga úr vægi áhættumeiri verðbréfa þegar líður að starfslokum. Við getum varið okkur fyrir áhættunni sem skapast af hugsanlegri þörf lífeyrissjóðsins okkar á að minnka réttindi sjóðfélaga með því að auka viðbótarsparnað. Það er hins vegar verra ef sú staða kemur upp að eftirlaunasjóðurinn klárast of snemma vegna þess að við töldum að við þyrftum minni tekjur en raun varð á eða ef við vanmátum lífslíkur okkar; og við stöndum uppi sprellum og vantar peninga til að njóta þess.


Það er því afar mikilvægt að vanda sig við skilgreiningu á markmiðum um eftirlaun og að setja sér raunhæf markmið um tekjur til æviloka. Með raunhæfu markmiði er átt við að það sé mögulegt að ná því með góðri fjármálastjórn og viðurðanlegum viðbótarsparnaði. Markmiðið er ekki bara tala út í loftið heldur mikilvæg forsenda sem getur haft úrslitaáhrif á fjárhagslega afkomu síðar á ævinni. Hér gilda sömu lögmál og þegar byggja á hús sem á að standa lengi. Undirstaðan þarf að vera traust og það er betra að byggja á klöpp en sandi.

## Um það bil 8% af launum í viðbótarsparnað og tryggingar

### Dæmi um lífeyrissparnað og tryggingar

Hvað þarf að spara mikið og hvað kosta tryggingarnar? Hér er gefið dæmi um hjón sem koma út á vinnumarkaðinn 25 ára og vinna til 65 ára aldurs. Þau leggja fyrir alla starfsævina og kaupa viðbótartryggingar sem mælt er með í töflu 5.3. Í dæminu er reiknað með 4,5% raunvöxtum og að laun hækki um 1% á ári. Tryggingaiðgjöld eru miðuð við lægsta áhættuflokk.

### Lífeyrisiðgjöld og viðbótarsparnaður



#### Lágmarksíðgjald í lífeyrissjóð

10% af launum (launþegi greiðir 4%, launagreiðandi 6%).

#### Viðbótarlífeyrissparnaður

2% af launum fyrir skatta 25 til 34 ára, 4% eftir það.

#### Annar sparnaður


2% af launum eftir skatta 25 til 34 ára, 4% eftir það.

#### Tryggingaiðgjöld

Iðgjöld fyrir tryggingar sbr. myndir 5.6 og 5.7.

**Mynd 5.5** Eins og aðrir launþegar greiða hjónin 4% af launum í lífeyrissjóð alla starfsævina. Þau ákveða strax að spara reglulega 2% af launum fyrir skatta í viðbótarlífeyrissparnað og önnur 2% af launum eftir skatta í annan óbundinn sparnað. Eftir 10 ár tvöfalda þau viðbótarsparnaðinn. Hjónin kaupa persónu-tryggingar alla ævina og greiða fyrir það um 2% af launum. Þannig greiða þau að meðaltali um 5,7% af launum fyrir skatta í viðbótarsparnað megnið af starfsævinni og um 2% til að tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar við starfsorkumissi eða fráfall.

### Líftrygging og viðbótarörorkutrygging



#### Líftrygging

Tryggir tvenn árslaun í eingreiðslu við fráfall hins tryggða til 44 ára aldurs, ein og hálf árslaun 45 til 54 ára og ein árslaun 55 til 64 ára.


#### Afkomutrygging

Tryggir 70% launa í örorkulífeyri fyrstu þrjú ár starfsævinnar, 20% launa á aldrinum 28–54 ára, 15% launa á aldrinum 55–60 ára og 10% launa á aldrinum 60–64 ára. Bætur eru greiddar mánaðarlega til 65 ára aldurs.

**Mynd 5.6** Hjónin kaupa líftryggingu til að tryggja fjölskyldunni bætur við fráfall. Fyrstu 20 ár starfsævinnar nema líftryggingabætur tvennum árslaunum en á seinni hluta ævinnar lækka þau bæturnar í tveimur áföngum í ein árslaun. Hjónin kaupa einnig afkomutryggingu til þess að verja sig fyrir tekjutapi vegna starfsorkumissis. Fyrstu þrjú ár starfsævinnar greiðir tryggingin mánaðarlegar örorkubætur sem nema 70% af launum en eftir að þau hafa tryggt sér full lífeyrissjóðsréttindi lækka bæturnar í 20% af launum og síðan aftur í 15% af launum á aldrinum 55 til 59 ára og í 10% á aldrinum 60 til 64 ára.

Dæmið sýnir að með viðbótarsparnaði alla starfsævina er hægt að byggja upp nægilega sterkan sjóð til að standa undir góðum eftirlaunum frá starfslokum til æviloka. Með slíkri fyrirhyggju er hægt að lifa vel – lengi.

## Heilsutryggingar



### Sjúkdómtrygging


Tryggir ein árslaun í eingreiðslu við greiningu á sjúkdómi. Trygging lækkar eftir því sem annar sparnaður vex.

### Sjúkra- og slysatrygging

Tryggir árslaun í eingreiðslu við 100% örorku. Trygging lækkar eftir því sem annar sparnaður vex.

**Mynd 5.7** Hjónin kaupa einnig sjúkdómtryggingu og sjúkra- og slysatryggingu til þess að tryggja fjölskyldunni eingreiðslu við greiningu á alvarlegum sjúkdómi eða við starfsorkumissi vegna slyss eða sjúkdóms. Eingreiðslubætur eru skattfrjálssar og nýtast vel til að aðlagast breyttum aðstæðum vegna alvarlegs sjúkdóms eða ef einstaklingur missir starfsgetu vegna veikinda eða slyss. Þar sem iðgjöld fyrir tryggingarnar hækka með aldrinum lækka þau sjúkdóma- og sjúkra- og slysatryggingarnar eftir því sem annar sparnaður vex.

## Eftirlaun



### Ellilífeyrir úr lífeyrissjóði

52% af lokalaunum frá 67 ára aldri til æviloka.

### Viðbótarlífeyrissparnaður

Inneign í starfslok jafngildir 4,7 árslaunum (lokalaun) og dugir til að greiða eftirlaun sem jafngilda 59% af mánaðarlaunum fyrir skatta í 10 ár eða 43% í 15 ár.

### Annar sparnaður

Inneign í starfslok jafngildir 2,6 árslaunum og dugir til að greiða 32% af lokalaunum eftir skatta í 10 ár og 24% í 15 ár.

**Mynd 5.8** Eftir 40 ár á vinnumarkaði hafa hjónin safnað lífeyrisréttindum í lífeyrissjóði sem tryggja þeim 52% af lokalaunum í ævilangar lífeyrisgreiðslur frá 67 ára aldri. Þau eiga einnig inneign á vörsloreikningi lífeyrissparnaðar sem nemur 4,7 árslaunum fyrir skatta og dugir til að greiða 43% af lokalaunum í 15 ár. Lífeyrissjóður og viðbótarlífeyrissparnaður tryggja þeim því samtals 87% af lokalaunum í 15 ár en auk þess eiga þau annan sparnað sem nemur 2,6 árslaunum.





## Um ávöxtun eftirlaunasparnaðar

### 6

Við vöndum okkur mikið þegar við kaupum fasteign eða aðrar dýrar eignir. Eftir að eign hefur verið keypt reynum við að varðveita verðgildi hennar með eftirliti og viðhaldi. Það sama ætti að gilda um eftirlaunasparnað. Það borgar sig að vanda sig við val á ávöxtunarleiðum og fylgjast síðan með og yfirfara eignirnar með reglulegu millibili. Það skiptir máli hvernig sparnaðurinn er samsettur og hvaða aðferðum er beitt við ávöxtunina.

Við ávöxtun eigna er stefnumótun jafnnauðsynleg og teikningar eru fyrir smíð sem er að byggja hús. Góður smiður getur að vísu byggt gott hús án teikninga en líkurnar á því að vel takist til aukast verulega með góðri hönnun og teikningum. Það sama á við um ávöxtun eftirlaunasparnaðar. Með góðum undirbúningi aukast líkurnar á að ná góðri ávöxtun til langs tíma.

Í fyrri hluta þessa kafla verður fjallað almennt um ávöxtun eftirlaunasparnaðar en í seinni hlutanum eru nokkur heilræði sem ættu að koma að gagni við þetta verkefni.

*Í þessum kafla:*

- Mikilvæg ákvörðun
- Langtímasparnaður er tækifæri
- Ávöxtun og áhætta haldast í hendur
- Eignasamsetning verðbréfasafna ræður mestu um ávöxtun
- Hvaða eignasamsetning hentar þér?
- Sjóðir eru heppilegir fyrir einstaklinga
- Séreignarsjóðir
- Verðbréfasjóðir
- Eignastýringaraðferðir
- Erlend verðbréf og gjaldmiðlaáhætta
- Um mótaðilaáhattu
- Nokkur góð ráð
- Nýjasta tækni og vísindi

## „Segðu mér bara hvað ég á að kaupa“

Eitt sinn kom til mín læknir og bað mig um að ráðleggja sér í hverju hann ætti að fjárfesta. Eins og venjulega þegar ég er spurður um þetta byrjaði ég að segja honum að það skipti máli hvenær hann ætlaði að nota peningana, hvað hann ætti fyrir af sparnaði og öðrum eignum, hvað hann væri tilbúinn að taka mikla áhættu og þess háttar. Ég sá strax að hann hafði ekki hugsað út í þessi atriði og eins að hann hafði ekki ætlað að stoppa lengi því hann fór fljótlega að líta á klukkuna. Þegar ég var búinn að telja upp allar spurningarnar sem hann þyrfti að svara sagði hann: „Æi, geturðu ekki bara sagt mér hvað ég á að kaupa? Getum við ekki haft þetta eins og í mínu starfi? Við læknarnir skrifum lyfseðilinn og sjúklingarnir taka lyfin.“

Ég vildi nú ekki fallast á það og sagði honum að það væri lyklatriði að hann væri sjálfur upplýstur um það hvaða ávöxtunarleiðir væru í boði svo að hann gæti metið hverjar þeirra hentuðu honum. Engin ávöxtunarleið væri örugg og þeim sem gefa hæstu ávöxtunina fylgdu oft heilmiklar sveiflur til skamms tíma lítið. Það færi eftir aðstæðum og áhættuþoli hjá hverjum og einum hvaða leiðir hentuðu best á hverjum tíma. Ég væri hins vegar tilbúinn til að ráðleggja honum en hann yrði að taka ákvörðun sjálfur enda væru þetta hans peningar.

Reyndar sagðist ég vera þeirrar skoðunar að það væri líka skynsamlegt að afla sér upplýsinga um öll lyf áður en þau væru tekin, jafnvel þó að læknir hefði ráðlagt notkun þeirra. Í dag er hægt að lesa um öll lyf í handbókum eða á vefnum en þar koma fram upplýsingar um virkni þeirra, hugsanlegar aukaverkanir og stundum eru ábendingar um leiðir til að draga úr þeim. Fólk getur verið mismunandi viðkvæmt fyrir aukaverkunum og svo eru læknar mannlegir og geta gert mistök. Þegar allt er lagt saman ber hver ábyrgð á sjálfum sér og verður að vera tilbúinn að taka afleiðingum hvernar ákvörðunar.

Læknirinn horfði á mig og sagði að líklega væri þetta rétt hjá mér. Því næst tók hann upp farsímann sinn og hringdi heim til láta vita að sér seinkaði. Að því loknu fórum við yfir nokkrar ávöxtunarleiðir og hann tók sína ákvörðun.

## Mikilvæg ákvörðun

Eitt er alveg öruggt þegar rætt er um ávöxtun eftirlaunasparnaðar. Það er ekki til nein áhættulaus fjárfesting. Það er með öðrum orðum ekki hægt að komast hjá því að taka einhverja áhættu með sparnaðinn sinn. Hins vegar er hægt stýra áhættunni með því að velja fjárfestingarstefnu sem tekur mið af eigin áhættuþoli á hverjum tíma og eins er hægt að draga úr áhættu með því að velja öruggari sparnaðarformin sem að öðru jöfnu gefa þá minni ávöxtun.

Eftirlaunasparnaður getur verið þrenns konar. Lífeyrissjóðir ávaxta lágmarksiðgjald sem er það iðgjald sem allir eru skyldugir að greiða í lífeyrissjóð af launum sínum til að tryggja sér lágmarksréttindi. Flestir verða að greiða í lífeyrissjóð sem er tilgreindur í kjara- eða ráðningarsamningi og hafa því ekkert val um það hvernig lágmarksiðgjöldin þeirra eru ávöxtuð. Hins vegar geta sjóðfélagar fylgst með og fengið upplýsingar á ársfundum og gert athugasemdir ef þeim líkar ekki fjárfestingarstefnan eða árangur sjóðsins. Önnur tegund eftirlaunasparnaðar er viðbótarlífeyrissparnaður. Hann er frjáls sparnaður og getur hver og einn ráðið því hvaða ávöxtunarleið hann velur og hvar. Viðbótarlífeyrissparnaður er mest í sjóðum og innlánum en þessi sparnaðarform henta best vegna þess hve færslurnar eru margar og fjárhæðirnar lágar í hvert sinn. Þriðja leiðin, annar sparnaður, er einnig frjáls sparnaður og getur verið í hvaða formi sem er. Algengast er þó að fólk velji innlán og verðbréfasjóði.

Val á ávöxtunarleið er ein mikilvægasta ákvörðunin sem þarf að taka varðandi eftirlaunasparnað. Fæst okkar hafa val um ávöxtun lágmarksiðgjalds en viðbótaríðgjald og annan sparnað getum við ávaxtað þar sem við viljum. Ákvörðun um ávöxtunarleið getur haft afgerandi áhrif á afkomu okkar á stórum hluta ævinnar og þess vegna borgar sig að vanda hana vel og það er ástæðulaust að rasa um ráð fram. Þvert á móti á maður að gefa sér góðan tíma til að velja ávöxtunarleið og vörsluaðila fyrir sparnaðinn sinn.


### Ávöxtunarleiðir fyrir eftirlaunasparnað

Lífeyrissjóðir	Viðbótarlífeyrissparnaður	Annar sparnaður
Skuldabréf	Séreignarsjóðir	Skuldabréf
Hlutabréf	Innlánsreikningar	Hlutabréf
Verðbréfasjóðir	Verðbréfasjóðir	Verðbréfasjóðir
Innlánsreikningar	Fjárvarsla	Fjárvarsla
Afleiður til að draga úr áhættu	Lífeyrissjóðir	Innlánsreikningar Söfnunartryggingar

**Tafla 6.1** Eftirlaunasparnaður er þrískiptur.

- Lífeyrissjóðir tryggja lágmarksréttindi.
- Viðbótarlífeyrissparnaður er bundinn til sextugs.
- Annar sparnaður er alltaf laus en hluti af honum getur verið sjóður til að bæta við eftirlaunin.

### Hvert prósent skiptir máli Á löngum tíma getur munað milljónum



**Mynd 6.1** Hvert prósent skiptir máli við ávöxtun fjármuna og getur munað verulegum fjárhæðum þegar sparað er í langan tíma. Myndin sýnir hvernig höfuðstóll vex ef 15 þúsund kr. eru lagðar fyrir mánaðarlega og raunvextir eru 4%, 5% og 6%. Ef sparað er í 30 ár munar 2 milljónum á höfuðstól eftir því hvort vextir eru 4% eða 5% en munurinn er rúmlega 4,8 milljónir ef sparnaðartíminn er 40 ár. Munurinn er enn meiri ef vextir eru 5% og 6% en þá munar 2,4 milljónum eftir 30 ár og 6,4 milljónum kr. eftir 40 ár.

Þetta er viðfangsefnið í þessum kafla. Í fyrri hlutanum verður fjallað almennt um eftirlaunasparnað og ávöxtun fjármuna til langs tíma. Í seinni hluta kaflans er lögð áhersla á ávöxtun lífeyrissjóða og viðbótarlífeyrissparnaðar en minna fjallað um aðrar ávöxtunarleiðir. Þeim sem vilja lesa nánar um eignastýringu og ávöxtun fjármuna er bent á bókina *Hlutabréf og eignastýring*<sup>1</sup> þar sem ítarlega er farið í þá hluti.


### Langtímasparnaður er tækifæri

Eftirlaunasparnaður er langtímasparnaður. Það er sérstaða hans og í því felast mikil tækifæri. Í fyrsta lagi gefur langtímasparnaður færi á að fjárfesta í verðbréfum sem sveiflast í verði en gefa háa ávöxtun til langs tíma. Í öðru lagi byggist langtímasparnaður yfirleitt upp á reglulegum sparnaði sem dregur úr líkum á að sparnaðurinn sé allur lagður fyrir þegar verð á verðbréfum er hátt. Reglulegur sparnaður er líka hagkvæm leið til að byggja upp sparnað af því að hún leiðir til þess að sparifjáreigandinn greiðir á löngum tíma lægra verð fyrir verðbréfin en nemur meðalverði á

<sup>1</sup> Hlutabréf og eignastýring. Íslandsbanki, október 2003.

### Stærsti hluti inneignar í starfslok eru vextir

Á löngum tíma verða vextir meiri en innborganir



**Mynd 6.2** Hlutfall vaxta af inneign vex með sparnaðartíma og vaxtastigi. Myndin sýnir samsetningu inneignar ef 15 þúsund krónur eru lagðar fyrir í 40 ár og raunvextir eru 4,5%. Í starfslok er hlutfall vaxta 63% en ef vextirnir hefðu verið 5,5% væri hlutfallið 71%.


markaði á sama tíma, eins og sjá má á dæmi í 3. kafla. Í þriðja lagi þýðir langur sparnaðartími hærri vexti og meiri vaxtavexti en áhrif þeirra stigmagnast með tíma.

Sparnaðartími eftirlauna er mismunandi eftir uppruna og tegund sparnaðar. Samkvæmt lögum verða allir sem vinna að greiða alla starfsævina í lífeyrissjóð. Það þýðir að flestir greiða í lífeyrissjóð í 35 til 45 ár. Sparnaðartími viðbótarlífeyris er ekki eins langur og hjá lífeyrissjóðum þar sem margir gera ekki samning um viðbótarlífeyrissparnað fyrr en þeir eru búnir að eignast heimili og koma sér upp varasjóði fyrir heimilið. Hins vegar fjölgar þeim stöðugt sem leggja reglulega fyrir til langs tíma í það sem við köllum annan sparnað. Því fyrr sem einstaklingar hefja langtímasparnað því meira tækifæri hafa þeir til að ná góðri ávöxtun.

Á löngum tíma munar ákaflega mikið um hvert prósent í ávöxtun og þess vegna skiptir miklu að nýta tækifærið sem felst í sparnaðartímanum. Mynd 6.1 sýnir dæmi um það hvernig eignir byggjast upp ef 15.000 krónur eru lagðar fyrir mánaðarlega og vextir eru 4%, 5% eða 6%. Mismunurinn er ef til vill ekki mikill fyrstu árin en á löngum tíma getur hann numið milljónum króna og bilið eykst eftir því sem vextirnir eru hærri. Ef vextir eru 4% verður sparnaðurinn 10,3 milljónir eftir 30 ár en ef vextir eru 5% hækkar höfuðstóllinn um 2 milljónir. Ef sparnaðartíminn er 40 ár og vextir eru 5% verður sparnaðurinn í lok tímabils 22,2 milljónir en 28,6 milljónir ef vextir eru 6%. Mismunurinn eru 6,4 milljónir og munar um minna.

Hvers vegna munar svona um hvert prósentustig í ávöxtun? Svarið liggur í vaxta-

### Þróun verðbréfavísitalna í Bandaríkjunum 1926–2002



**Mynd 6.3** Hlutabréf gefa hæstu ávöxtunina til langs tíma. Fjárfestir sem lagði fyrir 1 dollara í ársbyrjun 1926 ætti nú 2.058 dollara höfuðstól ef hann hefði keypt hlutabréf, 57 dollara ef hann hefði keypt ríkisskuldabréf en 18 dollara hefði hann keypt ríkisvíxla.

vöxtunum sem eru vextir sem reiknast af vöxtum og bætast við höfuðstólinn ár hvert. Vaxtavextir valda því að sparnaður vex hlutfallslega meira ár frá ári, auðvit- að að því tilskildu að ekki sé gengið á hann á tímabilinu. Áhrifin eru ekki mikil fyrstu árin en með tímanum magnast þau eftir því sem hlutfall vaxta af inneigninni vex. Áhrifin eru líka meiri eftir því sem vextir eru hærri því þá verða áhrifin af margfeldi vaxtavaxtanna enn meiri.

Mynd 6.2 sýnir hvernig sparnaðurinn þróast ef 15.000 krónur eru lagðar fyrir mánaðarlega í 40 ár og vextir eru 4,5%. Á myndinni er höfuðstól skipt í innborg- anir og vexti og má sjá að á löngum tíma verður meirihluti höfuðstóls vextir. Í þessu dæmi er hlutfall innborgana og vaxta jafnt eftir tæp 30 ár en eftir 40 ár er vægi vaxta 63%. Áhrifin magnast með hærri vöxtum og má nefna að hlutfall vaxta eftir 40 ár fer yfir 80% ef vextir eru 7% eða meiri.

### Ávöxtun og áhætta haldast í hendur


Þegar peningar eru ávaxtaðir til eftirlaunaáranna eru margir möguleikar í boði. Þeir sem gefa hæstu ávöxtun eru ekki endilega alltaf þeir bestu því þeim fylgir venjulega meiri áhætta. Þegar litið er á áhættu og ávöxtun saman kemur í ljós að ávöxtunarleiðir henta misvel fyrir einstaklinga enda eru viðhorf til áhættu, óskir og aðstæður þeirra ólíkar. Sumir vilja og geta tekið mikla áhættu og fengið þannig

## Ávöxtun og áhætta haldast í hendur

Söguleg ávöxtun verðbréfa í Bandaríkjunum og á Íslandi

### Ávöxtun verðbréfa í Bandaríkjunum 1926–2003


	Meðal-ávöxtun	Staðal-frávik	Hæsta ávöxtun	Lægsta ávöxtun
Hlutabréf	12,2	20,9	69,0	-47,5
Ríkisskuldabréf	5,8	8,6	35,4	-10,3
Ríkisvixlar	3,8	3,2	14,4	0,0



**Mynd 6.4** Á myndunum hér að ofan er hlutabréfavisitalan S&P 500 (500 stærstu fyrirtækin á skráðum hlutabréfamarkaði) notuð til að mæla ávöxtun hlutabréfa í Bandaríkjunum en vísitala aðallista á Íslandi. Langtímaskuldabréf eru notuð sem mælikvarði á ávöxtun skuldabréfa en ríkisvixlar fyrir verðbréf sem gefa jafna og stöðuga ávöxtun. Upplýsingarnar eru fyrir mislöng tímabil. Í Bandaríkjunum eiga viðskipti með verðbréf sér langa sögu en segja má að viðskipti á skipulögðum verðbréfamarkaði hafi ekki hafist á Íslandi fyrr en upp úr 1990. Fyrir þann tíma eru ekki til marktækar tölur um ávöxtun verðbréfa hér á landi.

### Ávöxtun verðbréfa á Íslandi 1993–2003

	Meðal-ávöxtun	Staðal-frávik	Hæsta ávöxtun	Lægsta ávöxtun
Hlutabréf	16,8	25,5	57,0	-23,3
Ríkisskuldabréf	9,3	6,3	17,0	0,4
Ríkisvixlar	8,1	2,0	11,4	4,8



Meðalávöxtunin er góður mælikvarði á langtímaávöxtun en staðalfrávik mælir sveiflur í kringum meðalávöxtunina. Staðalfrávik er algengasti mælikvarðinn á gengissveiflur verðbréfa en samkvæmt tölfræðinni er árleg ávöxtun í u.þ.b. tveimur þriðju tilvika innan eins staðalfráviks (plús eða mínus) frá meðalávöxtun. Hæsta og lægsta ávöxtun á einstökum tímabilum er annar mælikvarði á áhættu og sveiflur. Eins og sjá má er útkoman svipuð á báðum mörkuðunum. Hlutabréf gáfu hæstu ávöxtunina en staðalfrávik ávöxtunar þeirra var líka mest. Ríkisvixlar gáfu lægstu ávöxtunina en eins og staðalfrávik þeirra sýnir var ávöxtun þeirra jöfnust.

hærrí ávöxtun á löngum tíma en aðrir kjósa fremur öryggi og þá um leið minni ávöxtun. Stundum er auðveldara að taka áhættu en annars. Það á til dæmis við um ungt fólk sem hefur langan tíma til stefnu til að vinna upp tímabundnar niðursveiflur á verðbréfamarkaði.

Verðbréf eru besti kosturinn fyrir langtímasparnað. Sú ávöxtunarleidd getur verið fólgin í annaðhvort hlutabréfum, sem gefa hæstu ávöxtunina til langs tíma eða skuldabréfum, eða blöndu af hvoru tveggja. Sá sem kaupir hlutabréf eignast hlut í viðkomandi hlutafélagi og verður einn af hluthöfum þess. Hluthafar samþykkja að eign þeirra greiðist á eftir öðrum kröfum í þrotabú fyrirtækisins komi til gjaldþrots



Þess en í staðinn ætlast þeir til þess að fá viðunandi ávöxtun á hlutfé sitt. Skuldabréf er skuldaviðurkenning þar sem skuldari lofar að greiða eiganda skuldabréfs eða handhafa til baka höfuðstól ásamt vöxtum á fyrir fram ákveðnum tíma sem er tiltekinn í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréf sem ganga kaupum og sölum á verðbréfamarkaði eru venjulega með föstum vöxtum. Skuldabréf með föstum vöxtum eru með ákveðið greiðslufæði og þess vegna eru þau oft kölluð verðbréf með föstum tekjum.


Eðli verðbréfa er að verð þeirra sveiflast en til lengri tíma litið hækka verðbréfin að jafnaði í verði. Verðbreytingar eru mismunandi miklar eftir tegundum verðbréfa en almennt má segja að því meiri sem sveiflurnar eru því hærri verður ávöxtunin. Innlend og erlend hlutabréf gefa t.d. hærri ávöxtun til lengri tíma en skuldabréf. Sagan segir að hlutabréf gefi að jafnaði um 5% hærri ávöxtun en skuldabréf en hins vegar eru sveiflur í ávöxtun hlutabréfa meiri en skuldabréfa. Til skamms tíma draga skuldabréf í verðbréfasöfnum úr sveiflum en að sama skapi lækkar ávöxtunin. Ef sparnaðartíminn er langur, vegur há ávöxtun hlutabréfa þyngra en sveiflujöfnunaráhrif skuldabréfa og þess vegna er eftirsóknarvert að hafa vægi hlutabréfa mikið.

Sá sem kaupir skuldabréf með föstum vöxtum og á það til gjalddaga fær þá ávöxtun sem miðað var við þegar skuldabréfið var keypt. Markaðsverð skuldabréfa breytist hins vegar þegar vextir á markaði breytast og þess vegna sveiflast ávöxtun skuldabréfs frá kaupdegi til gjalddaga. Verðbreytingar skuldabréfa ráðast af breytingu á markaðsvöxtum og lánstíma skuldabréfanna. Því meira sem markaðsvextir breytast og því lengri sem lánstíminn er því meiri verða verðbreytingarnar og öfugt. Stutt skuldabréf sveiflast því minna í verði en löng og henta því betur ef menn vilja leggja áherslu á stöðuga og jafna ávöxtun.

Verð skuldabréfa hækkar þegar markaðsvextir lækka en verðið lækkar ef vextirnir hækka. Á tímum lækkandi vaxta eru löng skuldabréf mjög góður kostur til að læsa inni núverandi vaxtastig og njóta góðs af vaxtalækkunum með hækkandi skuldabréfaverði. Á hinn bóginn eru löng skuldabréf ekki góður kostur þegar vextir fara hækkandi því að þá lækka þau í verði og eigandinn hefur læst inni vexti sem eru lægri en hann gæti fengið síðar. Af þessum sökum er hyggilegt að dreifa áhættunni við kaup á skuldabréfum og kaupa mörg skuldabréf með mismunandi lánstíma.

Á innlánsreikningum banka og sparisjóða breytist höfuðstóllinn ekkert þótt breytingar verði á markaðsvöxtum. Við vaxtabreytingar breyta innlánsstofnanir vöxtum á innlánsreikningum og gilda þá nýir vextir eftir það. Til langs tíma má búast við því að innlánsstofnanir geti boðið sparifjáreigendum svipaða vexti og eru á markaðsskuldabréfum hverju sinni. Til þess að innlánsreikningar borgi sig verða bankarnir að geta lánað peningana á hærri vöxtum en þeir greiða sparifjáreigendum og útlánsvextir geta aldrei annað en endurspeglað markaðsvexti á hverjum tíma.

### Lánstími ræður mestu um verðsveiflur skuldabréfa










**Mynd 6.5** Myndin sýnir dæmi um breytingar sem verða á gengi (verði) þriggja skuldabréfa með mismunandi lánstíma þegar markaðsvextir breytast. Því lengri sem lánstíminn er þeim mun meira breytist gengi skuldabréfa við breytingar sem verða á vöxtum. Einn af kostunum við skuldabréf er að þau tryggja eiganda sínum fasta vexti til gjalddaga. Ef eigandinn getur hins vegar ekki átt skuldabréfin til gjalddaga ræðst ávöxtunin af þróun markaðsvaxta. Löng skuldabréf henta vel í verðbrefasöfn þegar sparnaðartíminn er langur. Sé sparnaðartíminn hins vegar stuttur, eða hugsanlegt að selja þurfi skuldabréf fyrir gjalddaga er skynsamlegt að kaupa stutt skuldabréf sem breytast minna í verði við vaxtabreytingar.

Það munu alltaf koma tímabil þar sem vextir á innlánsreikningum eru hærri eða lægri en markaðsvextir en til lengdar munu þeir ekki víkja langt frá þeim. Við ávöxtun eftirlaunaspárnaðar er skynsamlegt að geyma hluta sparnaðarinnar á innlánsreikningum af því að höfuðstóllinn breytist ekki við breytingar á markaðsvöxtum. Innlánsreikningum fylgir hins vegar nokkur áhætta. Í samanburði við skuldabréf draga þeir úr áhættu á gengistapi vegna vaxtahækkana en á hinn bóginn missir eigandi þeirra af gengishækkun skuldabréfa ef vextir lækka.

### Eignasamsetning verðbrefasafna ræður mestu um ávöxtun

Verðbrefasafn eða sjóður samanstendur bæði af skuldabréfum og hlutabréfum. Við ávöxtun eftirlaunaspárnaðar geta einstaklingar valið á milli fjölmargra verðbrefasafna með mismunandi eignasamsetningu. Mjög mikilvægt er að skilja samband ávöxtunar og áhættu. Ákvörðun um eignasamsetningu ræður mestu um ávöxtun til langs tíma og sveiflur í ávöxtun eða flökt til skamms tíma. Sá sem velur að ávaxta fé sitt í verðbrefasafni með háu vægi hlutabréfa og tekur á sig mikið flökt má búast við neikvæðri ávöxtun einstök ár en hærri meðalávöxtun til lengri tíma lítið. Á

**Auknar sveiflur – hærri ávöxtun**

Verðbréf	Árleg ávöxtun að jafnaði	Versta árið	Fjöldi ára með neikvæða ávöxtun
 10% hlutabréf 80% skuldabréf 10% laust fé	6,2%	-6,7% (1969)	10
 20% hlutabréf 80% skuldabréf	7,0%	-10,1% (1931)	13
 40% hlutabréf 60% skuldabréf	8,1%	-18,4% (1931)	16
 50% hlutabréf 50% skuldabréf	8,7%	-22,5% (1931)	17
 60% hlutabréf 40% skuldabréf	9,1%	-26,6% (1931)	19
 80% hlutabréf 20% skuldabréf	10,0%	-34,9% (1931)	21
 100% hlutabréf	10,7%	-43,1% (1931)	22

**Tafla 6.2** Í töflunni er sýnd ávöxtun sjö verðbréfasafna með mismunandi eignasamsetningu á bandarískum verðbréfamarkaði á árunum 1926 til 2001 eða í 76 ár. Ávöxtun hlutabréfa byggist á S&P 500 vísitölunni sem mælir verðbreytingar 500 stærstu fyrirtækjanna í Bandaríkjunum. Ávöxtun skuldabréfa er byggð á skuldabréfum fyrirtækja með hátt láns hæfi og ávöxtun lausafjár er byggð á ávöxtun 3ja mánaða ríkisvíxla. Þegar fjárfest er í verðbréfum má alltaf búast við sveiflum í ávöxtun og jafnvel neikvæðri ávöxtun einstök ár. Til lengri tíma má búast við að verðbréfasöfn með hátt hlutfall hlutabréfa skili betri ávöxtun og að einstaklingum sem fjárfesta í slíkum söfnum verði umbunað fyrir áhættuna með hærri ávöxtun.

hinn bóginn má reikna með að verðbréfasafn sem fjárfestir að mestu í skuldabréfum skili lægri meðalávöxtun til langs tíma og minni sveiflum.

Tafla 6.2 sýnir ávöxtun sjö verðbréfasafna í Bandaríkjunum á árunum 1926 til 2001. Eignasamsetning safnanna er mismunandi eða allt frá því að skuldabréf séu 80% safnsins í að það sé eingöngu samsett af hlutabréfum. Taflan sýnir meðalávöxtun safnanna á tímabilinu, hvaða ár ávöxtunin var lægst og hver hún var það árið og loks fjölda ára sem ávöxtunin var neikvæð. Á töflunni má m.a. sjá að verðbréfasafn með jöfnu vægi skuldabréfa og hlutabréfa gaf að jafnaði 8,7% ávöxtun á ári á tímabilinu. Tímabilið nær yfir samtals 76 ár og af þeim var ávöxtun safnsins neikvæð 17 sinnum eða fjórða til fimmta hvert ár.

## Hvaða eignasamsetning hentar þér?

Þessar tölur sýna að val á ávöxtunarleið eða eignasamsetningu sparnaðar er mjög mikilvægt. Rannsóknir styðja þessa fullyrðingu en í frægri grein frá 1986<sup>2</sup> var sýnt fram á að ákvörðunin um eignasamsetningu réði 90% af ávöxtunarmismun milli sjóða. Önnur atriði, eins og tímasetning verðbréfavíðskipta, mismunandi eignastýringaraðferðir og eignabreytingar, hafa mun minni áhrif. Þess vegna borgar sig að gefa sér tíma og vanda sig sérstaklega vel við ákvörðun um ávöxtunarleið fyrir eftirlaunasparnaðinn. Val á ávöxtunarleið ræðst af áhættuþoli einstaklinga sem aftur ræðst af þremur þáttum sem eru sparnaðartími, fjárhagsstaða og viðhorf til áhættu.

Sparnaðartími segir til um það hversu lengi sé hægt að binda sparnaðinn. Hvað er langt þangað til þarf að nota hann? Verður hann tekinn út í einu lagi eða á lengri tíma? Almenna reglan er sú að því lengur sem hægt er að binda peningana því meiri áhættu er hægt að taka með því að fjárfesta í hlutabréfum. Rétt er að hafa í huga að sparnaðartími eftirlaunasparnaðar er yfirleitt lengri en sá tími sem er frá deginum í dag til starfsloka. Eftirlaunaárin eru oft um þriðjungur eða fjórðungur af fullorðinsárunum og geta varað í 15 til 25 ár. Þessi staðreynd hefur áhrif á sparnaðartímann og eykur áhættuþolið.

Fjárhagsstaða einstaklinga hefur áhrif á áhættuþol þeirra. Almennt má segja að því meiri sem skuldir eða fjárhagsskuldbindingar eru þeim mun minna er áhættuþolið. Að sama skapi skiptir starfsöryggi máli. Sá sem býr við óvissu í þeim efnum getur ekki tekið jafn mikla áhættu og sá sem er öruggur um vinnuna sína. Þessi atriði eiga fyrst og fremst við um óbundinn annan sparnað en rétt er að skoða alltaf eignasamsetningu sparnaðarins í heild. Ef viðbótarlífeyrissparnaður er að mestu bundinn í hlutabréfum ætti vægi þeirra að vera minna í öðrum sparnaði og öfugt.

Að lokum má nefna viðhorf til áhættu sem ræður auðvitað heilmiklu og stundum jafnvel mestu um hvaða ávöxtunarleið verður fyrir valinu. Ef eigandi sparifjárins getur ekki hugsað sér að sjá höfuðstólinn lækka einstök ár ætti hann að forðast verðbréf og leggja peningana sína á innlánsreikninga í banka. Ef hann hins vegar þolir vel sveiflur í ávöxtun og passar upp á áhættudreifingu sparnaðarins getur hann fjárfest í verðbréfum og freistað þess að fá þannig hærri ávöxtun til langs tíma.

<sup>2</sup> „Determinants of Portfolio Performance“ eftir Gary P. Brinson, L. Randolph Hood og Gilbert L. Beehower.

## Sjóðir eru heppilegir fyrir einstaklinga

Verðbréf eru yfirleitt keypt og seld fyrir háar fjárhæðir en reglulegur eftirlaunasparnaður einstaklinga byggist upp með mánaðarlegum sparnaði og tiltölulega lágum fjárhæðum í hvert skipti. Til þess að spara í verðbréfum þurfa einstaklingar því að leggja sparnaðinn í séreignarsjóði eða verðbréfasjóði sem fjárfesta í verðbréfum. Þetta á sérstaklega við framan af starfsævinni þegar eignir eru litlar en þegar líður á ævina má hugsa sér að hluti eigna sé færður yfir í einhver tiltekin verðbréf.

Séreignarsjóðir og verðbréfasjóðir eru góðir kostir fyrir einstaklinga. Með því að fjárfesta í sjóðum njóta einstaklingar ávöxtunar á verðbréfamarkaði auk þess sem þeir eignast hlutdeild í eignadreifingu sem þeir geta ekki náð á eigin spýtur. Þar sem eftirlaunasparnaður er helsta uppspretta tekna í starfslok er góð dreifing eigna mjög mikilvæg, bæði til að draga úr áhættu á lækkun eigna vegna gjaldþrots og til að draga úr sveiflum í ávöxtun. Sá sem fjárfestir í tiltölulega fáum hlutafélögum getur tapað miklu ef eitt þeirra verður gjaldþrota en með því að fjárfesta í mörgum verðbréfum hefur gjaldþrot hlutafélags eða eins útgefanda skuldabréfs lítil áhrif á eignir.

Sjóðirnir eru líka yfirleitt reknir af sérhæfðum eignastýringarfyrirtækjum sem fylgjast stöðugt með á verðbréfamarkaði og velja verðbréfin saman með ákveðnum eignastýringaraðferðum. Framboð og úrval verðbréfa er mjög mikið og því er það mikill kostur fyrir einstaklinga að hafa aðgang að sjóðum sem er stýrt af fagfólki. Loks má nefna að kostnaður við fjárfestingu í sjóðum er fremur lágur fyrir einstaklinga. Ástæðan er sú að verðbréfavíðskipti eru tiltölulega dýr þegar höndlað er með smærri fjárhæðir en kostnaðarhlutfallið lækkar eftir því sem fjárhæðirnar hækka. Þess njóta sjóðfélagar í sjóðum hvort sem það eru lífeyrissjóðir, séreignarsjóðir eða verðbréfasjóðir.

## Séreignarsjóðir

Séreignarsjóðir, sem starfa samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eru hluti af starfsemi lífeyrissjóða og oftast starfræktir sem sérstakar séreignardeildir við hlið samtryggingarsjóðs (sameignarsjóðs). Séreignarsjóðir taka við viðbótariðgjöldum og inneignin er bundin til 60 ára aldurs eigandans. Hún er síðan greidd út með jöfnum greiðslum á sjö árum eða lengri tíma að vali sjóðfélaga. Séreignarsjóðir mega einnig taka við séreignarhluta lágmarksiðgjalds frá lífeyrissjóðum sem heimila að hluti lágmarksiðgjalds sé greiddur í séreignarsjóð. Þessi hluti lágmarksiðgjaldsins er yfirleitt ætlaður til að greiða hluta af lögboðnum lágmarksellífeyri sem sjóðfélagar fá greiddan á aldrinum 70 til 80 ára. Séreignarsjóður sem er bundinn til lengri tíma

en hefðbundinn viðbótarlífeyrissparnaður kallast almennt skilyrtur séreignarsjóður en hjá nokkrum sjóðum er hann nefndur bundin séreign.

Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru algjörlega hans eign en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Flestir séreignarsjóðir eru reknir með svokölluðu einingafyrirkomulagi. Í því felst að sjóðfélagar eignast einingar með innborgunum í sjóðinn en verðmæti eininganna er mælt með gengi sem er reiknað daglega (stundum vikulega eða mánaðarlega). Aðrir séreignarsjóðir reikna ávöxtun eftir á og deila henni út hlutfallslega eftir inneign og tíma.

### Gengi einingasjóðs

$$\text{Gengi} = (\text{Eignir} - \text{Kostnaður}) / \text{Einingar}$$

þar sem

#### Eignir

eru samtala eigna sjóðsins og bankareikninga =  
skuldabréf + hlutabréf + innlánsreikningar + aðrar eignir.

#### Kostnaður

er samtala rekstrarkostnaðar og annars kostnaðar.

#### Einingar

eru heildarfjöldi útistandandi eininga.

**Tafla 6.3** Flestir séreignarsjóðir nota svokallað einingakerfi til að halda utan um eignir sjóðfélaga á séreignarreikningum. Hjá þessum sjóðum eignast sjóðfélagar einingar í sjóðnum með innborgunum en verðmæti eininganna er mælt með gengi sem oftast er reiknað daglega. Gengi einingasjóðs er fundið með því að deila heildarfjölda eininga í heildarverðmæti sjóðs.

Séreignarsjóðir hafa sömu fjárfestingarheimildir og lífeyrissjóðir og er fjallað um þær í 36. grein lífeyrissjóðalaganna. Samkvæmt greininni verða lífeyrissjóðir og séreignarsjóðir að fjárfesta a.m.k. 90% af eignum sínum í skráðum verðbréfum en 10% mega vera óskráð verðbréf. Undantekning frá þessari reglu eru veðskuldabréf en engin takmörk eru á vægi þeirra af eignum. Sjóðirnir verða þó að gæta þess að veðsetningarhlutfall (skuldsetning deilt með verðmæti fasteignar) fari ekki yfir ákveðin mörk sem eru 65% af íbúðarhúsnæði og 35% af sérhæfðu atvinnuhúsnæði.

Hlutabréf mega mest vera 50% af eignum sem þýðir að helmingur eigna verður alltaf í skuldabréfum eða á innlánsreikningum banka og sparisjóða. Erlend verðbréf mega mest vera 50% af eignum. Lífeyrissjóðir geta fjárfest allar eignir í verðbréfasjóðum en verða að skipta verðbréfum þeirra á aðra liði og taka þá tillit til ofangreindra takmarkana. Hámarks fjárfesting í einum verðbréfasjóði er 25% af eignum hans. Tafla 6.4 sýnir fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og séreignarsjóða.

### Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða/séreignarsjóða

Verðbréf	Skráð lágmark	Óskráð hámark	Hámark af eignum
Ríkisskuldabréf og víxlar	a.m.k. 90%	10%	
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga		10%	50% *
Skuldabréf fjármálastofnana		10%	50% *
Hlutabréf fyrirtækja		10%	50% *
Verðbréfasjóðir		10%	
Önnur verðbréf		5%	50% *
Veðskuldabréf			*
Innlán í bönkum og sparisjóðum			*

\* Samanlögð eign hjá einum aðila eða samsteypu má ekki veða meira en 10 % af eignum lífeyrissjóðs.

#### Önnur skilyrði

- Heimilt er að fjárfesta í afleiðum til að draga úr áhættu
- Veðsetning veðskuldabréfa má vera mest 65% í fasteignum og 35% í sérhæfðu atvinnuhúsnæði
- Verðbréfum verðbréfasjóða skal skipt á aðra liði m.t.t. takmarkana
- Hámark 15% hlutafjár í einu fyrirtæki
- Hámark 25% af hlutdeildarskírteinum útfengnum af sama verðbréfasjóði
- Hámark 50% í erlendum gjaldmiðlum
- Óheimilt að fjárfesta í fasteignum nema fyrir starfsemi lífeyrissjóðs
- Heimilt að eignast fasteignir til að tryggja fullnustu kröfu
- Óheimilt að taka lán nema til fjárfestingar í eigin húsnæði eða til að jafna fjárstreymi í skamman tíma

**Tafla 6.4** Taflan sýnir fjárfestingarheimildir lífeyris- og séreignarsjóða samkvæmt 36. grein lífeyrissjóðalaganna nr. 129 frá 1997. Fjármálaeftirlitið fylgist með að sjóðirnir fari eftir fjárfestingarheimildum og verða þeir að skila inn sundurliðuðum upplýsingum um fjárfestingar fjórum sinnum á ári.

Lífeyrissjóðir og séreignarsjóðir verða árlega að yfirfara fjárfestingarstefnu sína og setja hana fram í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Fjárfestingarstefnan skal fylgja með ársreikningi sem lagður er fram á ársfundi lífeyrissjóðsins. Á fundinum skal stjórnin kynna fjárfestingarstefnuna og helstu forsendur hennar. Sjóðfélagar í lífeyrissjóðum og séreignarsjóðum ættu að reyna að sækja þessa fundi til að fylgjast með fjárfestingarstefnunni og spyrja spurninga ef eitthvað er óljóst eða gagnrýna hana ef þeir telja ástæðu til. Þeir hafa mikilla hagsmuna að gæta varðandi það hvernig tekst til við ávöxtun og því er mikilvægt að mæta á fundina til að fylgjast með þessari verðmætu eign sinni. Sjóðfélagar geta flutt inneign í séreignarsjóði ef þeim líkar ekki við fjárfestingarstefnuna eða eignastýringaraðferðir viðkomandi sjóðs en hins vegar geta þeir ekki flutt réttindi á milli samtryggingarsjóða.

Kostnaður við rekstur séreignarsjóða er rekstrarkostnaður og eignastýringarkostnaður. Hjá sjóðum sem eru starfræktir á vegum fjármálafyrirtækja er rekstrar-kostnaður yfirleitt gefinn upp sem umsýslulaun til rekstraraðila og er þá gjarnan settur í samhengi við meðaleignir. Stundum er eignastýringarkostnaður innifalinn

í umsýslulaununum en svo er ekki alltaf. Hjá lífeyrissjóðum með eigin rekstur er rekstur séreignardeildar fjárhagslega aðskilinn frá rekstri lífeyrissjóðs og greiðir séreignardeildin fyrir rekstur sinn. Upplýsingar um kostnað koma þá fram í ársreikningi. Ekki er víst að eignastýringarkostnaður sé innifalinn, til dæmis ef eignir deildarinnar eða hluti þeirra er í sjóðum eða í fjárvörslu hjá eignastýringarfyrirtæki. Í þeim tilvikum kemur kostnaðurinn við fjárvörsluna ekki fram sem kostnaður hjá viðkomandi deild eða séreignarsjóði.

Séreignarsjóðir og séreignardeildir eru yfirleitt hagkvæmur kostur fyrir einstaklinga. Þannig er rekstrar- og eignastýringarkostnaður tiltölulega sanngjarn í alþjóðlegum samanburði og sjóðfélagar greiða ekki upphafskostnað af innborgunum.

## Verðbréfasjóðir

Verðbréfasjóðir starfa samkvæmt lögum nr. 30 frá 2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af sérstökum rekstrarfélögum sem eru starfrækt á vegum banka og verðbréfafyrirtækja. Verðbréfasjóðir hafa mun rýmri heimildir til fjárfestinga en lífeyrissjóðir og séreignarsjóðir. Þeir geta verið hreinir skuldabréfasjóðir sem fjárfesta eingöngu í skuldabréfum, hreinir hlutabréfasjóðir sem fjárfesta eingöngu í hlutabréfum eða blandaðir sjóðir sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Fjárfestingarstefna verðbréfasjóðs eða sjóðsdeildar, ef sjóður starfrækir margar deildir, skal koma fram í reglum hans sem eru staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

Einstaklingar sem fjárfesta í verðbréfasjóðum eignast svokölluð hlutdeildarskírteini sem eru nokkurs konar skilríki fyrir eignarréttindum í viðkomandi verðbréfasjóði. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða er markaðsvirði samlagðra eigna að frádregnum skuldum og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum sem er deilt niður á heildarfjölda útgefna og óinnleysta hlutdeildarskírteina.

Seljendur verðbréfasjóða birta daglega kaup- og sölugengi þeirra. Kaupgengi er það gengi sem fyrirtækin eru tilbúin að kaupa hlutdeildarskírteinin á en sölugengi er söluverð þeirra. Mismunurinn á kaup- og sölugengi er sölukostnaður sem kaupendur hlutdeildarskírteina greiða. Mismunurinn, sem er stundum kallaður gengismunur eða upphafsgjald, er mismunandi milli sjóða. Gengismunurinn ræðst meðal annars af því í hvaða verðbréfum viðkomandi sjóður fjárfestir og er til dæmis yfirleitt hærri í hlutabréfasjóðum en skuldabréfasjóðum. Gengismunurinn hefur been áhrif á eignartíma hlutdeildarskírteina eða þann tíma sem borgar sig að eiga þau en almennt má segja að því meiri sem kostnaðurinn er því lengur þarf að gera ráð fyrir að eiga viðkomandi skírteini.

Framboð verðbréfasjóða er mikið enda eru þeir mjög vinsælt sparnaðarform



viðast hvar. Verðbréfasjóðir eru góður kostur til ávöxtunar viðbótarlífeyrissparnaðar og annars eftirlaunaspárnaðar en með þeim geta einstaklingar búið til sjóð samkvæmt eigin fjárfestingarstefnu.

### Eignastýringaraðferðir


Það er eðli verðbréfa að sveiflast í verði til skamms tíma en reynslan sýnir að á löngum tíma eru verðhækkningar meiri en verðlækkningar. Verðbreytingarnar eru mismunandi miklar og stundum breytist verð verðbréfa í gagnstæðar áttir, þ.e. sum lækka í verði þegar önnur hækka í verði. Hlutverk eignastýringar er að velja saman verðbréf í söfn og leitast við að hámarka ávöxtun miðað við tiltekna áhættu. Sjóðum er yfirleitt stýrt með virkum eða hlutlausum eignastýringaraðferðum en stundum er hægt að velja sjóði sem nota blandaðar aðferðir. Við val á sjóðum er mikilvægt að skilja hvaða aðferðir eru notaðar við eignastýringu til þess að geta metið árangur sjóða, kostnað og áhættu.

Með virkum fjárfestingaraðferðum er reynt að ná hámarksávöxtun með því að velja verðbréf sem líklegt er að skila muni hærri ávöxtun en önnur. Sjóðstjórar sjóða sem beita virkri stýringu leitast við að velja saman verðbréf til þess að ná hærri ávöxtun en einhver tiltekin viðmiðun sem er yfirleitt vísitala markaðarins. Til þess að gera betur en markaðurinn reyna sjóðstjórar að finna fyrirtæki sem eru vanmetin eða eru líkleg til að hækka meira í verði en markaðurinn. Til þess að finna vanmetin hlutabréf byggja sjóðstjórar á tölulegri greiningu og huglægu mati á fyrirtækjum, framtíðarhorfum og stjórnendum. Þegar vanmetin hlutabréf hafa síðan hækkað í verði eða það kemur í ljós að þau muni ekki standa undir væntingum er þeim skipt út og önnur vænleg hlutabréf keypt í staðinn. Af þessum sökum er veltuhlutfall virkra sjóða nokkuð hátt og eru dæmi um að virkir sjóðir velti öllum eignum á einu ári.

Fjárfestir sem velur að nota hlutlausar aðferðir leitast við að fjárfesta í sömu hlutföllum og ákveðin viðmiðun sem er oftast hlutfall verðbréfa á markaði eða vísitala markaðarins. Sumir sjóðir fjárfesta í öllum fyrirtækjum í viðkomandi vísitölu en stundum velja sjóðir úrtak og reyna að líkja eftir ávöxtun markaðarins með þeim hætti. Sjóðir sem nota hlutlausar eignastýringaraðferðir og miða eignasetningu sína við markað eru yfirleitt kallaðir markaðstengdir sjóðir eða vísitölusjóðir. Markmið markaðstengdra sjóða er að ná sömu ávöxtun og markaðurinn með því að kaupa verðbréf í sömu hlutföllum og hann. Markaðstengdir sjóðir byggja á því að kaupa og eiga verðbréf og því er velta hjá þeim mjög lág.

Flestar greinar um fjármál og rannsóknir benda til þess að það sé mjög erfitt að ná hærri ávöxtun en markaðurinn. Margir virkir sjóðir standa sig vel einstök ár en á löngum tíma er erfitt að finna sjóði sem gera betur en markaðurinn eða markaðs-

### Hlutfall sjóða með lakari árangur en heimsvísitala hlutabréfa



Heimild: Standard and Poor's Fund Services og The Vanguard Group

**Mynd 6.6** Það er erfitt að gera betur en markaðurinn sjálfur. Myndin sýnir árangur hlutabréfasjóða sem bera sig saman við heimsvísitölu Morgan Stanley. Súlurnar sýna hlutfall sjóða með lakari árangur en vísitalan en línan sýnir fjölda sjóða í úrtakinu. Dökku súlurnar sýna samanburð einstök ár en ljósbláu súlurnar sýna samanburð yfir lengri tímabil eða 3, 5, 10 og 15 ár. Myndin sýnir greinilega að það eru afar fáir sjóðir sem gera ár eftir ár betur en markaðurinn. Sem dæmi má nefna að ef litid er yfir 10 ára tímabil voru yfir 80% af virkum sjóðum með lakari árangur en vísitalan.

tengdir sjóðir ár eftir ár. Ástæðan fyrir góðum árangri markaðstengdra sjóða er meðal annars sú að þeir hafa það forskot að vera ódýrari en virkir sjóðir. Yfirleitt er kostnaður markaðstengdra sjóða nálægt 0,5% af eignum en sambærileg tala fyrir virka sjóði er um 1,5%. Til viðbótar er veltukostnaður mun lægri í markaðstengdum sjóðum en hjá virkum sjóðum og getur munurinn verið allt að 1% af eignum á ári. Virkir sjóðir þurfa því að vinna upp nálægt 2% á ári til þess að gera betur en markaðurinn og það er erfitt að ná þeim árangri á hverju ári.

Önnur ástæða fyrir góðum árangri markaðstengdra sjóða er að eignasamsetning þeirra endurspeglar samsetningu markaðarins á hverjum tíma og það er engin tilviljun hvernig markaðurinn er. Samsetning hans ræðst af árangri fyrirtækja og væntingum um arðsemi og verðbreytingar í framtíðinni. Til þess að meta fyrirtækin notar markaðurinn upplýsingar og á bak við eignasamsetningu hans eru allar upplýsingar sem hann hefur. Við það er erfitt fyrir virka sjóði að keppa þó svo þeir hafi aðgang að öflugum greiningardeildum.

Markaðstengdir sjóðir henta sérstaklega vel fyrir eftirlaunasparnað. Þeir eru ódýrir en skila samt betri árangri til langs tíma en flestir virkir sjóðir. Til viðbótar er áhættudreifing eigna þeirra mjög mikil þar sem þeir fjárfesta yfirleitt í öllum fyrirtækjum á markaði. Markaðstengdir sjóðir eru líka alveg lausir við svokallaða

sjóðstjóraáhættu sem er hættan á að sjóðstjóri taki ranga ákvörðun og veðji um of á einstök eða fá fyrirtæki eða jafnvel á einstakar atvinnugreinar.

Virkir sjóðir geta einnig verið góður kostur fyrir eftirlaunasparnað. Sumum finnst markaðstengdir sjóðir ekki spennandi og vilja freista þess að ná hærri ávöxtun en markaðurinn. Stundum ná slíkir sjóðir að skila umtalsvert betri árangri en vísitala markaðarins og það eru til sjóðir sem hafa skilað betri árangri í langan tíma. Þess vegna getur verið skynsamlegt að velja einnig virka sjóði en í minna mæli en markaðstengdu sjóðina.

Blandaðir sjóðir nota báðar aðferðirnar við val á verðbréfum og oftast í ákveðnum hlutföllum sem eru skilgreind í fjárfestingarstefnu þeirra. Algengt er til dæmis að lífeyrissjóðir og séreignarsjóðir stefni að því að ákveðið hlutfall hlutabréfa sé valið með hlutlausum eignastýringaraðferðum og afgangurinn með virkri stýringu. Í raun gilda sömu sjónarmið um valið á milli aðferða fyrir sjóði og fyrir einstaklinga. Með hliðsjón af kostum hlutlausra eignastýringaraðferða er mjög gott fyrir langtímafjárfesta eins og lífeyrissjóði og séreignarsjóði að meirihluti eigna sé valinn með þessum aðferðum og að sjóðirnir noti síðan virkar eignastýringaraðferðir til þess að freista þess að hækka ávöxtun. Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða skulu koma fram upplýsingar um þessa skiptingu í fjárfestingarstefnu sjóðanna þannig að þær eiga að vera aðgengi-  
legar fyrir sjóðfélaga.


Til eru vörsluaðilar sem segjast ekki nota neina sérstaka aðferð. Þeir velji bara þau verðbréf sem þeir telji best hverju sinni. Líklega verður að flokka aðferð sem byggir á þessari hugmyndafræði til virkrar stýringar en það verður samt að gera upp á milli hennar og markvissra aðferða við virka stýringu. Að velja verðbréfin sem fást á bestum kjörum hverju sinni getur leitt til góðs árangurs í skamman tíma en á löngum tíma er það ekki vænlegt til árangurs. Við eignastýringu þarf að taka bæði tillit til ávöxtunar og áhættu og velja saman verðbréf með það í huga. Þannig er hugsanlegt að aðferð sem byggist á því að velja þau verðbréf sem talin eru á bestu kjörum núna leiði til þess að vægi einstakra verðbréfa eða flokks verðbréfa verði mjög hátt og að það geti leitt til þess að síðar komi fram miklar sveiflur í ávöxtun og jafnvel tap.

## Erlend verðbréf og gjaldmiðlaáhætta

Frá því að íslenskir fjárfestar fengu heimild til að kaupa erlend verðbréf árið 1994 hefur vægi þeirra í fjárfestingum og eignasöfnum farið vaxandi. Tilgangurinn með slíkum fjárfestingum er tvíþættur en með þeim er leitast við að hækka ávöxtun og draga úr áhættu til langs tíma.

Íslenskur verðbréfamarkaður er ekki nema lítið brot af alþjóðlegum verðbréfa-

### Myntkarfa íslensku krónunnar



**Mynd 6.7** Myntkarfa íslensku krónunnar tekur mið af utanríkisviðskiptum á hverju ári. Evrópa vegur langþingst eða 71%.


markaði. Með aðgengi að erlendum mörkuðum bjóðast margfalt fleiri og fjölbreyttari fjárfestingarkostir og þannig eykst möguleikinn á betri ávöxtun.

Almennt er talið að það sé góð áhættudreifing fyrir langtímafjárfesta að fjárfesta erlendis en með því er verið að dreifa áhættu á fleiri hagkerfi en það íslenska sem er bæði smátt og fremur einhæft. Með því að kaupa erlend verðbréf þurfa fjárfestar ekki að treysta eingöngu á íslensk fyrirtæki og atvinnulíf. Erlend verðbréf gefa þeim sem eru að byggja upp eignir til eftirlaunaáranna kost á mikilvægri áhættudreifingu. Stór hluti af neysluvörum okkar er innfluttur auk þess sem margir dvelja erlendis margar vikur og jafnvel mánuði á hverju ári. Með því að eiga verðbréf í erlendum myntum verjum við okkur fyrir þeirri áhættu að íslenska krónan veikist, til dæmis vegna samdráttar hér heima eða hagvaxtar í viðskiptalöndum okkar.

Íslenska krónan er körfumynt og er myntsamsetningin ákveðin af Seðlabanka Íslands einu sinni á ári. Hlutföll einstakra mynta miðast við vægi þeirra í utanríkisviðskiptum Íslendinga á næstliðnu ári. Gengi krónunnar ræðst af framboði og eftirspurn. Þannig hefur greiðsluflæði til og frá landinu vegna vöruviðskipta eða fjármagnsflutninga stöðugt áhrif á gengið. Þegar íslenska krónan styrkist (gengisvísitalan lækkar) verða erlendar myntir ódýrari og þar af leiðandi lækkar verð á erlendum vörum í krónum. Þegar krónan veikist verða erlendar vörur hins vegar dýrari.

Til lengri tíma litið ræðst gengi og hlutfallslegt verð gjaldmiðla af því hversu sterk efnahagskerfi landa eru, af hagvexti og framleiðni. Búast má við að fjármagn leiti til landa þar sem hagvöxtur er og fyrirtæki skila góðri arðsemi. Í kjölfarið styrkjast gjaldmiðlar viðkomandi landa.

### Samanburður við heimsvísitölu hlutabréfa




**Mynd 6.8** Margir fjárfestar miða eignasamsetningu erlendra hlutabréfa við heimsvísitölu hlutabréfa sem endurspeglar stærð hlutabréfamarkaða. Bandaríkin vege þyngst í heimsvísitölunni eða 55%.

Þótt fjárfestingar á erlendum mörkuðum dragi þannig úr áhættu kemur það á móti að áhætta eykst vegna sveiflna í gengi gjaldmiðla. Breytingar á gengi gjaldmiðla hafa bein áhrif á verðmæti verðbréfa í viðkomandi mynt. Ávöxtun fjárfesta er því bæði háð verði erlendu verðbréfanna og gengi viðkomandi gjaldmiðils þegar bréfin eru seld og skipt yfir í krónur. Þar sem sveiflur í verði gjaldmiðla eru mjög miklar getur þessi áhætta verið afdrifarík til skemmri tíma. Þessari staðreynd verða fjárfestar að gera sér grein fyrir. Þeir ættu því að kynna sér hvernig vörsluðili eða lífeyrissjóður metur gengisáhættuna og hvernig henni er mætt. Þetta á sérstaklega við um þá sem eru farnir að nálgast eftirlaunaaldur eða hafa stuttan sparnaðartíma.

Sveiflur í gengi krónunnar hafa aukist eftir að fastgengisstefna Seðlabankans var afnumin árið 2001 og Seðlabankinn skipti yfir í flotgengisyfirirkomulag en með því ræðst gengi krónunnar alfarið af framboði og eftirspurn á markaði. Seðlabankinn getur haft áhrif á gengið til skamms tíma með stýrivöxtum sínum eða beinum inngrípum á gjaldeyrismarkaðinn. Mynd 6.9 sýnir þróun dollara, evru, gengisvísitölu og vísitölu neysluverðs á árununum 1994 til 2004. Myndin sýnir vel breytinguna frá 2001 en einnig að gjaldmiðlaáhætta getur haft verulega áhrif á ávöxtun í íslenskum krónum til skamms tíma litið.

Fjárfesta skiptir það máli hvort sjóður eða vörsluðili fjárfestir erlendis og í hvaða myntum. Hægt er að breyta gjaldmiðlaáhættu eignasafna með gengisvörn-um og því þarf samsetning erlendu verðbréfanna ekki að endurspeglar gjaldmiðla-áhættuna. Innbyrðis hreyfingar erlendra gjaldmiðla hafa áhrif á verðbréfasöfn og sjóði sem eru ekki í sömu mynthlutföllum og gengisvísitalan. Með því að láta

### Gengi gjaldmiðla og þróun vísitölu neysluverðs 1994–2004



Mynd 6.9 Sveiflur í gengi gjaldmiðla gagnvart krónu hafa aukist verulega á síðustu árum.

erlendar fjárfestingar endurspeglar myntsamsetningu gengisvísitölu krónunnar má draga úr og eyða gjaldmiðlaáhættu vegna innbyrðis breytinga erlendra gjaldmiðla.

Fjárfestar og sjóðir geta einnig dregið úr gjaldmiðlaáhættu í heild með gengisvörnum og einskorðað þannig áhættudreifingu sína við markaðsáhættu verðbréfa. Gengisvarnir geta verið dýrar og því hafa margir sjóðir farið bil beggja og kosið að verja hluta af erlendra verðbréfaeign sinni fyrir sveiflum í gengi gjaldmiðla. Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins um form og efni fjárfestingarstefnu eiga upplýsingar um myntsamsetningu og stefnu sjóðsins að vera opinberar og aðgengi- legar fyrir einstaklinga.

Sömu sjónarmið gilda um gjaldmiðlaáhættu og gengisáhættu verðbréfa. Farsæl- ast er fyrir fjárfesta að dreifa áhættunni og byggja upp erlendar eignir með reglu- legum kaupum. Þegar kemur að því að selja borgar sig að gera það einnig í áföng- um. Fyrir þá sem hafa góðan sparnaðartíma skiptir þessi áhætta ef til vill ekki svo miklu máli þar sem búast má við að á löngum tíma muni bæði koma tímabil þar sem krónan verður veik og sterk. Fyrir þá sem eru farnir að nálgast eftirlaunaaldur borgar sig að draga úr gjaldmiðlaáhættu tímanlega og velja sjóð með lágt hlutfall erlendra verðbréfa eða sjóð sem beitir gengisvörnum til að draga úr gengisáhættu.

### Um mótaðilaáhættu

Mótaðilaáhætta er hættan á að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem inna á af hendi greiðslu. Fjárfestar þurfa alltaf að huga vel að mótaðila-

áhættu. Það á alveg sérstaklega við um eftirlaunasparnað þar sem sparnaðartíminn getur verið mjög langur og höfuðstóllinn er oft verulegur hluti af eignum. Á löngum tíma geta forsendur breyst og það sem er öruggt í dag verður ef til vill ekki eins öruggt í framtíðinni. Enginn fjárfestir má við því að tapa verulegum hluta eigna sinna og allra síst þeir sem hafa í langan tíma lagt fyrir til að byggja upp eftirlaunasjóð.

Af þessum sökum eru sjóðir (verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir, séreignarsjóðir) sérstaklega heppilegir fyrir eftirlaunasparnað og annan langtímasparnað. Eignum þeirra er yfirleitt dreift á mikinn fjölda verðbréfa og útgefenda og það dregur verulega úr mótaðilaáhættu.







Mótaðilaáhætta er hins vegar mun meiri á bankareikningum þar sem hún einskorðast við þann banka eða sparisjóð sem geymir innlánið.

Eigendur innlana í bönkum og sparisjóðum bera fjárhagslega áhættu af gjaldþroti viðkomandi banka eða sparisjóðs. Hins vegar eru ríkar kröfur gerðar til viðskiptabanka og sparisjóða um nægilega áhættudreifingu, innra skipulag og lágmarkshlutfall eigin fjár. Þá er opinbert eftirlit með rekstri og áhættustýringu viðskiptabanka og sparisjóða. Bankar og sparisjóðir starfa samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og í þeim eru ítarleg ákvæði um eigið fé, áhættustýringu og innra eftirlit sem miða að því að treysta rekstur og draga úr hættu á gjaldþroti. Bankar og sparisjóðir starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem fylgist með fjárhagsstöðu þeirra og hefur heimild til að grípa til vissra aðgerða ef fjárhagsstaðan versnar. Meðal annars getur Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi viðskiptabanka ef eigið fé hans fer undir 8% af áhættugrunni. Það er því ljóst að mörg öryggisnet þurfa að bila áður en innlánseigendur tapa peningunum sínum.

Verði viðskiptabanki eða sparisjóður gjaldþrota skiptast eignir hans á milli kröfuhafa en það sem upp á vantar til að innlán greiðist að fullu greiðist úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda. Hrökkvi eigið fé Tryggingarsjóðs ekki til greiðslu krafna innlánseigenda getur inneign eða hluti hennar tapast. Tryggingarsjóður innstæðueigenda starfar samkvæmt lögum númer 98 frá 1999. Eigið fé sjóðsins var um 3,2 milljarðar í árslok 2002. Eigið fé skal vera 1% af meðaltali tryggðra innstæðna hjá sjóðnum. Ef aðildarfyrirtæki er ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu er sjóðnum skylt að greiða kröfuhafa. Ef eignir sjóðsins nægja ekki, eru kröfur innan við 1,7 milljón krónur greiddar fyrst og því sem er umfram er skipt hlutfallslega milli annarra.

Stærstu viðskiptabankarnir hafa nú tekið upp þann góða sið að láta erlend láns-hæfisfyrirtæki gera úttekt á starfsemi sinni og birta lánsþæfismat sem segir til um fjárhagslegan styrk þeirra og segir til um líkur á því að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þessar upplýsingar eru mjög gagnlegar fyrir fjárfesta og þeir sem eiga stórar fjárhæðir á bankareikningum ættu því að fylgjast vel með fréttum af þessum úttektum.

## Sparnaðartími og tillögur um eignasamsetningu

Sparnaðartími	Þumalfingursregla (viðmiðun)	Tillaga um eignasamsetningu
Stuttur, styttri en 5 ár	Ef sparnaðartíminn er stuttur, t.d. styttri en fimm ár, borgar sig ekki að fjárfesta í hlutabréfum vegna sveiflna í ávöxtun.	 <b>0 til 5 ár</b> 100% skuldabréf, víxlar og innlánsreikningar
Langur, lengri en 20 ár	Ef sparnaðartíminn er verulega langur, t.d. 20 ár eða lengri, er eðlilegt að stefna að því að meirihluti sparnaðarins sé bundinn í hlutabréfum eða sjóðum sem fjárfesta í hlutabréfum.	 <b>25 ár og lengur</b> 80% hlutabréf 20% skuldabréf
		 <b>20 til 25 ár</b> 60% hlutabréf 40% skuldabréf
Meðal, 5 til 20 ár	Ef sparnaðartíminn er hvorki stuttur né langur, t.d. 10 til 15 ár, borgar sig að fjárfesta í blönduðum verðbréfasöfnum sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum.	 <b>15 til 20 ár</b> 50% hlutabréf 50% skuldabréf
		 <b>10 til 15 ár</b> 40% hlutabréf 60% skuldabréf
		 <b>5 til 10 ár</b> 20% hlutabréf 80% skuldabréf

Tafla 6.5

### Nokkur góð ráð

Hvernig er best að ávaxta eftirlaunasparnaðinn til að tryggja að markmið um eftirlaun náist? Hér á eftir verður reynt að svara þessari spurningu.

**Fjárfestingarstefna taki mið af aldri.** Fólk er alla starfsævina að spara til eftirlaunaáranna og það fé er síðan að verulegu leyti áfram í ávöxtun eftir að þau hefjast. Því er gott að láta ávöxtunarleiðina taka mið af aldri. Sparnaðartími er ein af þeim viðmiðunum sem notaðar eru til að meta áhættuþol og almennt má segja að því lengri tími sem er til stefnu þeim mun meiri áhættu sé hægt að taka og öfugt. Verðbréfasafn með hátt hlutfall hlutabréfa hentar vel fyrir ungt fólk þar sem iðgjöld þess eiga eftir að ávaxtast mjög lengi og það hefur því tíma til að sitja af sér lækkun á verði hlutabréfa. Fyrir fólk sem er farið að nálgast eftirlaunaaldur eða byrjað að taka lífeyri er hins vegar skynsamlegt að hafa hátt vægi skuldabréfa eða innlána sem gefa jafna og stöðuga ávöxtun.

Ef eignasamsetning á að taka mið af aldri er gott að hafa til viðmiðunar þrjár þumalfingursreglur. Yfirleitt borgar sig ekki að fjárfesta í hlutabréfum ef sparnaðartíminn er styttri en fimm ár. Ef sparnaðartíminn er hins vegar lengri en 20 ár er



skynsamlegt að meirihluti eigna sé hlutabréf. Ef sparnaðartíminn er milli 5 og 20 ára borgar sig að fjárfesta í blönduðum verðbréfasöfnum. Tafla 6.5 sýnir tillögur um heppilega eignasamsetningu fyrir mismunandi langan sparnaðartíma.

Margir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar og mörg fjármálafyrirtæki bjóða einstaklingum að velja aldurstengd verðbréfasöfn eða söfn þar sem eignum er raðað saman eins og þær eru taldar henta best fyrir mismunandi aldursþópa. Hjá þessum aðilum bjóðast þá gjarnan 3 til 5 söfn fyrir mismunandi aldurs skeið og er hægt að velja að eignir flytjist á milli safna við tiltekin aldursmörk. Þessar sparnaðarleiðir eru mjög heppilegar fyrir einstaklinga sem vilja að fjárfestingarstefna þeirra taki mið af aldri en hafa ekki getu eða tíma til að setja upp eigið verðbréfasöfn.


**Áhættudreifing er lykilatriði.** Eftirlaunasparnaður ræður mestu um fjárhagslega afkomu í starfslok. Þess vegna er áhættudreifing eitt af lykilorðunum við ákvörðun um eignasamsetningu. Einfalt ráð dugir í því efni. Best er að fjárfesta í blönduðum verðbréfasöfnum (með hlutabréfum, skuldabréfum og innlánnum) og dreifa áhættunni innan hvers verðbréfaflokks með því að fjárfesta í mörgum verðbréfum eða hjá mörgum útgefendum.

Áhættu við verðbréf er oft skipt í tvennt, markaðsáhættu og fyrirtækjaáhættu. Með markaðsáhættu er átt við þá hættu sem fylgir öllum markaðnum og kemur niður á öllum fyrirtækjum og útgefendum verðbréfa. Dæmi um það er til dæmis hættan á að óhagstæðir hafstraumar valdi hruni fiskistofna og minnkandi þjóðarframleiðslu. Ef það gerðist hefði það áhrif á öll fyrirtæki landsins og myndi lækka hlutabréfaverð almennt. Fyrirtækjaáhætta er á hinn bóginn tengd einstökum fyrirtækjum og er hættan á að illa gangi hjá einu þeirra, það lendi í rekstrarerfiðleikum sem valdi lækkun á hlutabréfum eða gjaldþroti. Samkvæmt fjármálafræðinni er hægt að losna að mestu leyti við þessa áhættu með því að fjárfesta í mörgum fyrirtækjum en undan markaðsáhættunni verður ekki komist. Innlendir fjárfestar geta hins vegar dreift áhættunni með því að fjárfesta líka erlendis. Með því breytist markaðsviðmiðunin og markaðurinn verður stærri og fjölbreyttari. Alheimsáhættan er minni en innlend markaðsáhætta.

Leiðir til að draga úr áhættu eru:

- Fjárfestu í sjóðum. Með því að fjárfesta í sjóðum eignast einstaklingar hlutdeild í dreifðari eignasöfnum en þeir geta náð sjálfir.
- Fjárfestu í markaðstengdum sjóðum eða vísitölusjóðum sem fjárfesta í sömu hlutföllum og vægi verðbréfa á markaði. Áhættan sem fylgir slíkum sjóðum er markaðsáhætta.
- Fjárfestu í innlendum og erlendum verðbréfum. Með því að fjárfesta í erlend-

### Kostnaður skiptir máli



**Mynd 6.10** Myndin sýnir dæmi um mann sem leggur fyrir 200.000 krónur og fjárfestir til helminga í sjóðum A og B. Í sjóði A er heildarkostnaður 1,5% en í sjóði B er kostnaðarhlutfallið 1,0%. Ef reiknað er með 8% nafnvöxtum fyrir kostnað hjá báðum sjóðum verður inneignin í sjóði A 353 þúsund krónur eftir 20 ár en 387 þúsund krónur í sjóði B. Mismunurinn er 35 þúsund krónur eða 9%.

um verðbréfum dreifist áhættan á fleiri hagkerfi en það íslenska sem er bæði smátt og einhæft.

- Fjárfestu í nokkrum sjóðum eða hjá nokkrum vörsluaðilum. Til að ná enn frekari áhættudreifingu getur verið skynsamlegt að dreifa fjárfestingunni á allt að fjóra sjóði. Sé það gert þarf að gæta þess að missa ekki sjónar á heildar-eignasamsetningu sparnaðarins. Þessi leið er þó óþörf ef vörsluaðilinn sem þú velur getur sýnt fram á fullnægjandi eignadreifingu.
- Geymdu hluta af sparnaðinum á innlánsreikningum. Kosturinn við innlánsreikninga er að höfuðstóll sveiflast ekki. Þess vegna er gott að geyma hluta af sparnaðinum á innlánsreikningi og alveg sérstaklega þegar líður á starfsævina. Í samanburði við verðbréfasöfn er mótaðilaáhættan yfirleitt meiri þar sem á bak við bankareikning er einn aðili en í verðbréfasöfnum er fjárfestingunni dreift á mörg verðbréf og útgefendur. Því kann að vera ráðlegt að dreifa áhættunni með því að eiga innlánsreikninga í fleiri en einum banka eða sparisjóði. Önnur leið til draga úr mótaðilaáhættu er að velja fjárhagslegan sterkan mótaðila með sterkt lánshæfismat.

**Kostnaður skiptir verulegu máli.** Kostnaður dregst frá ávöxtun og hefur því áhrif á uppsöfnun sparnaðar til langs tíma. Ef tvær ávöxtunarleiðir gefa sömu ávöxtun fyrir kostnað en kostnaður er mismunandi verður nettó ávöxtun breytileg sem því

nemur. Þess vegna er mikilvægt að fylgjast vel með kostnaði og gera sér grein fyrir mikilvægi þess að halda honum sem lægstum.

Þótt hér sé bent á að gæta vel að kostnaðinum má ekki gleyma því að kostnaður er óhjákvæmilegur. Við greiðum fyrir þjónustu fjármálafyrirtækja og sjóða. Starfsmenn fyrirtækjanna eru sérfróðir á sínu sviði og með því að nýta þekkingu og krafta þeirra höfum við meiri tíma til að sinna öðrum störfum og áhugamálum. Það er hins vegar bráðnauðsynlegt að vera meðvitaður um þennan lið og bera saman kostnað og þóknunir hjá fjármálafyrirtækjunum. Það eykur samkeppni milli fyrirtækjanna sem kemur neytendum til góða. Kostnaðaraðhaldið knýr fyrirtækin til að leita leiða til að hagræða og gera þjónustuna meira virði fyrir neytendur.

Það er ekki alltaf rétt að velja þann vörsluaðila sem býður lægsta kostnaðinn. Í fyrsta lagi þarf þjónustan að vera sambærileg til þess að kostnaðurinn sé samburðarhæfur. Það er til dæmis eðlilegt að eignastýringarkostnaður markaðstengdra sjóða sé lægri en hjá sjóðum sem byggja á virkri stýringu. Hjá markaðstengdum sjóðum eru verðbréf valin saman í sömu hlutföllum og vægi þeirra er á markaði en hjá virkum sjóðum velja sjóðstjórar verðbréfin saman og beita við það ýmsum aðferðum sem taka tíma og greiningu sem er kostnaðarsöm. Í öðru lagi þarf að huga að gæðum þjónustunnar sem er oft mjög mismunandi.

Kostnaði við sparnað má skipta í tvo flokka: rekstrarkostnað og veltukostnað. Með rekstrarkostnaði er átt við þóknun sem vörsluaðilar sparnaðar taka fyrir að geyma sparnaðinn og annast hann. Dæmi um rekstrarkostnað eru umsýslulaun sjóða, þóknun fyrir fjárvörslu, eignastýringarkostnaður og innheimtukostnaður. Veltukostnaður er kostnaður sem fellur til við hreyfingar eða eignabreytingar, t.d. kostnaðurinn við að kaupa og selja verðbréf eða innleysa bankainnstæður eða inneign í sjóðum. Tafla 6.6 sýnir yfirlit um helstu kostnaðarliði vegna sparnaðar.

Áður en vörsluaðili fyrir lífeyrissparnað eða annan sparnað er valinn er nauðsynlegt að afla sér upplýsinga um þær þóknunir sem hann tekur. Þegar sparað er til langs tíma skiptir kostnaður verulegu máli og því er rétt að gæta þess að óska eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað við hverja sparnaðarleið. Ef ráðgjafi eða sölumaður geta ekki veitt fullnægjandi svör um rekstrarkostnað og annan kostnað er best að sleppa því að skipta við viðkomandi aðila. Það á að vera grundvallarsjónarmið við að gæta fjármuna annarra aðila að fara vel með fé og geta veitt nákvæmar upplýsingar um kostnaðinn.

Leiðir til að lækka kostnað eru:

- Berðu saman rekstrarkostnað og árangur vörsluaðila. Ef eignastýringaraðferðir eru sambærilegar ætti kostnaður að vera svipaður. Ef svo er ekki er ástæða til að leita skýringa.

## Yfirlit um kostnaðarliði við sparnað

Rekstrarkostnaður	Veltukostnaður
<p><b>Umsjónarlaun</b> Árlegur kostnaður við að reka verðbréfa- eða líffeyrissjóð. Kostnaðurinn dregst árlega frá ávöxtun og getur verið allt að 2%.</p> <p><b>Eignastýringarkostnaður</b> Það sem greitt er fyrir eignastýringu. Kostnaðurinn er ekki alltaf sýnilegur þar sem eigandinn greiðir hann ekki sérstaklega heldur dregst hann frá ávöxtun.</p> <p><b>Innheimtu- og vörslukostnaður</b> Þóknun fyrir vörslu verðbréfa á vörslureikningi eða fjárvörslureikningi. Vörsluþóknun er ýmist hlutfall af eignum í vörslu eða föst fjárhæð. Innheimtukostnaður er þóknun til þess sem innheimtir skuldabréf. Þóknun er oftast greidd af greiðanda bréfsins en í sumum skuldabréfum er ákvæði um að greiðandi borgi ekki innheimtukostnað, t.d. á ríkisskuldabréfum. Þóknun er yfirleitt föst fjárhæð við hvern gjaldþaga.</p>	<p><b>Upphafskostnaður</b> Kostnaður við að koma samningi á. Dæmi eru um að einstaklingar þurfi að greiða allt að 8 mánaða iðgjöld í upphafskostnað.</p> <p><b>Upphafsgjald / gengismunur</b> Kostnaður við að kaupa einingar í verðbréfasjóðum. Kostnaðurinn er venjulega breytilegur eftir því í hvaða verðbréfum viðkomandi verðbréfasjóður fjárfestir og getur verið á bilinu 0,5% til 5%.</p> <p><b>Sölulaun</b> Þóknun til fjármálafyrirtækis fyrir að kaupa eða selja verðbréf.</p> <p><b>Kostnaður við að flytja inneign til annars vörsluaðila</b> Kostnaður sem réttthafi greiðir ef hann óskar eftir að flytja inneign til annars vörsluaðila. Getur verið föst fjárhæð eða hlutfall af inneign, t.d. 1%.</p> <p><b>Úttektarkostnaður</b> Kostnaður við að taka út eða innleysa sparnað.</p>

**Tafla 6.6** Það kostar að spara. Taflan sýnir yfirlit yfir helstu kostnaðarliði sem tengjast því að spara. Rekstrarkostnaður er kostnaður sem fellur til vegna vörslu og umsýslu fjármuna en veltukostnaður er kostnaður vegna viðskipta og hreyfinga.

- Veldu markaðstengda sjóði sem grunn. Markaðstengdir sjóðir kaupa verðbréf í samræmi við vægi þeirra á markaði. Helsti kosturinn við þessa sjóði er að þeir eru ódýrir og hafa því forskot á aðra sjóði sem nemur kostnaðarmismuninum. Dýrir sjóðir þurfa því fyrst að vinna upp kostnaðarmismuninn og helst að gera betur til að réttlæta muninn. Annar kostur er að hjá markaðstengdum sjóðum er veltukostnaður í lágmarki. Við uppbyggingu langtímasparnaðar er eðlilegt að stefna að því að vægi markaðstengdra sjóða sé a.m.k. 2/3 af verðbréfum og jafnvel meira.
- Spyrðu um veltukostnað. Er tekið upphafsgjald þegar sparnaður er lagður fyrir? Hvað kostar að gera eignabreytingar hjá vörsluaðila? Hvað kostar að færa sparnaðinn til annars vörsluaðila? Og kostar eitthvað að leysa sparnaðinn út í starfslok?
- Forðastu veltukostnað. Markviss eignastýring krefst þess að stöðugt sé vakað yfir sparifénu en hafa verður í huga að tíðar og stórfelldar eignabreytingar leiða til mikils kostnaðar sem skila ekki alltaf árangri. Flestar rannsóknir á árangri við eignastýringu sýna að það er mjög ólíklegt að tíðar eignabreyting-

ar skili eigendum hærrí ávöxtun í samanburði við stefnu sem byggist á því að kaupa verðbréf og eiga þau til lengri tíma. Af þessum sökum er ráðlegt að vera íhaldssamur og forðast miklar eignabreytingar.

**Ekki fara á taugum við slæmar fréttir.** Ekki er ástæða til að breyta um fjárfestingarstefnu þótt ávöxtun sé lág vegna sveiflna á markaði. Eftirlaunasparnaður er langtímasparnaður og á löngum tíma koma alltaf tímabil þar sem verðbréf hækka eða lækka í verði. Hins vegar eru allar líkur á að ávöxtun á tímabilum verðhækkana vinni upp slæma ávöxtun þegar verð lækkar. Eftir því sem sparnaðartíminn eða eignartíminn er lengri minnka líkurnar á lágri ávöxtun eða neikvæðri ávöxtun.


Það er algengt að sparifjáreigendur verði órólegir og áhyggjufullir þegar verð verðbréfa lækkar. Stundum ofmeta þeir aðstæður og selja verðbréfin þegar verð þeirra er lágt eða hætta við að fjárfesta vegna lágrar ávöxtunar undanfarið. Algengustu mistökina á verðbréfamarkaði eru einmitt þau að kaupa verðbréf sem sýna hæstu ávöxtun, þ.e. þegar verð er hátt, og selja þau svo aftur þegar ávöxtun er í lágmarki, þ.e. þegar verð er lágt.

Það er dýrt að kaupa og selja verðbréf og af þeirri ástæðu einni ætti fólk að forðast eignabreytingar. En það sem skiptir enn meira máli er að reynslan sýnir að það er nánast ógerlegt að tímasetja markaðinn og hagnast á eignabreytingum. Í gegnum tíðina hafa fjölmargir fjárfestar farið flatt á þessu og stundum endað með lægri ávöxtun en þeir hefðu getað fengið með því að geyma sparnaðinn á óbundnum innlánsreikningi. Á verðbréfamarkaði gerast hlutirnir hratt og það getur verið dýrt að missa af dögnum þegar verð hækkar mest en þeir eru yfirleitt fáir og koma oftast ekki þegar enginn býst við miklum hækkunum.

Það merkilega við langtímasparnað er að tímabundnar verðlækkningar eru ekki vonda fréttir fyrir fjárfesti heldur góðar. Langtímasparnaður byggist upp á reglulegum sparnaði og þegar verð á markaði lækkar fær fjárfestirinn fleiri einingar en hann fékk fyrir verðlækkun. Á löngum tíma hafa verðlækkningar því góð áhrif á ávöxtun en það er lykilatriði að breyta ekki fjárfestingarstefnunni heldur að þrauka og kaupa sem mest þegar verðið er lágt.

**Veldu vörsluaðila af kostgæfni.** Lífeyrissparnaður er langtímasparnaður og samningur við vörsluaðila er til langs tíma, stundum margra áratuga. Til þess að slíkur samningur komist á þarf að ríkja traust á milli aðila. Hverjum treystir þú til að geyma sparnaðinn í langan tíma? Sem betur fer er hægt að segja samningnum upp og flytja sparnaðinn til annars vörsluaðila en það getur verið dýrt. Í fyrsta lagi þarf yfirleitt að greiða þóknar fyrir flutning milli vörsluaðila og í öðru lagi geta mistök við eignastýringu verið dýr. Það er því mikilvægt að gefa sér góðan tíma og vanda sig við val á vörsluaðila.

### Ávöxtun verðbréfa í Bandaríkjunum 1926–1997



Heimild: Scudder Investments.

**Mynd 6.11** Myndin sýnir ávöxtun hlutabréfa og skuldbréfa í Bandaríkjunum árin 1926 til 1997. Ef einn dollari hefði verið lagður til hliðar og keypt hlutdeild í 500 stærstu hlutafélögum hefði hann vaxið í 1.370 dollara árið 1997. Ef fjárfestirinn hefði keypt skuldbréf hefði sparnaðurinn vaxið í 93 dollara. Ef fjárfestirinn hefði hins vegar keypt hlutabréf en misst af 43 bestu mánuðunum á tímabilinu (samtsals 852 mánuðir) væri verðmæti sparnaðarins aðeins 7 dollarar.

### Ávöxtun S&P 500 vísitölunnar 1.1.1987 til 10.10.2003

	Ávöxtun á ári %	„Tap“ sem % af heildarárvöxtun
<b>Fjárfestingartímabil</b>		
Allt tímabilið, 6.127 dagar (16,8 ár)	11,72	0
Mínus 10 dagarnir með mestu hækkunina	9,54	19
Mínus 20 dagarnir með mestu hækkunina	8,14	31
Mínus 30 dagarnir með mestu hækkunina	5,71	51
Mínus 40 dagarnir með mestu hækkunina	0,05	100

Heimild: Ibbotson Associates.

**Tafla 6.7** Lítum á tölur frá öðru tímabili sem segja svipaða sögu. Taflan sýnir ávöxtun S&P 500 vísitölunnar í Bandaríkjunum á árunum 1987 til 2003. Á tímabilinu var ávöxtun hlutabréfa að jafnaði 11,7% á ári en ef 10 til 40 bestu dagarnir eru dregnir frá lækkar ávöxtunin og hverfur alveg eftir 40 daga. Það getur verið dýrt að fara af markaði og missa af bestu dögum auk þess sem ávöxtun aðra daga er annað hvort lág eða neikvæð.

Þegar kemur að því að velja vörsluaðila þarf að taka tillit til allra þeirra atriða sem hafa verið talin upp hér að framan. Í hnotskurn þarf að fá svör við eftirtöldu:

- Spyrðu um núverandi eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu. Ef eignir eru ekki í samræmi við fjárfestingarstefnuna skaltu fá skýringu á því.
- Spyrðu um dreifinguna innan hvers verðbréfaflokks og hvernig verðbréf séu valin og af hverjum.
- Spyrðu um kostnað, bæði rekstrarkostnað og veltukostnað sem þú þarft að greiða við viðskipti eða eignabreytingar.
- Spyrðu um hvaða aðferðir vörsluaðili noti við eignastýringu. Notar hann virkar, hlutlausar eða blandaðar aðferðir?

Til viðbótar þessum atriðum þarf að fara yfir þann árangur sem náðst hefur á liðnum árum og bera saman árangur þeirra fyrirtækja sem til greina koma. Samanburðurinn er vandasamur. Góður árangur í fortíð segir sitt um vörsluaðila þótt hann sé

ekki ávísun á góðan árangur í framtíð. Engu að síður gefur árangurinn vísbendingu. Nauðsynlegt er að flokka ávöxtunarleiðir eftir eignasamsetningu sem ræður mestu um ávöxtun og áhættu. Best er ef hægt er að fá ávöxtunartölur sem ná yfir langt tímabil, að minnsta kosti 5 ár. Samanburður yfir stutt tímabil getur verið tilviljana-kenndur. Ef ávöxtun er borin saman yfir langt tímabil þarf að gæta að því hvort eignasamsetningin hafi breyst á tímabilinu en það getur haft afgerandi áhrif á árangurinn. Það er til dæmis mjög erfitt að bera saman lífeyrissjóði hér á landi síðustu ár vegna þess að eignasamsetning þeirra hefur verið að breytast með auknu frelsi og heimildum til að fjárfesta erlendis. Á Íslandi er ekki neinn aðili sem sérhæfir sig í samanburði á ávöxtunarleiðum en þó má benda á að á vefsíðunni [www.sjodir.is](http://www.sjodir.is) er að finna upplýsingar um ávöxtun verðbréfasjóða og lífeyrissparnaðarreikninga.

Ennfremur þarf að skoða önnur atriði sem eru huglæg en ekki síður mikilvæg. Það er svipað að velja vörsluaðila og barnfóstru fyrir barnið þitt að því leyti að þú velur þann sem þú treystir best. Við valið er alltaf lagt huglægt mat á þá sem til greina koma. Það mat þarf hins vegar að byggjast á staðreyndum og þegar um vörsluaðila er að ræða þarf að þekkja stjórnendurna, söguna og fjárhagslegan styrkleika þeirra.

Hverjir stýra fyrirtækinu og hvaða starfsmenn eru ábyrgir fyrir viðkomandi starfsemi? Hafa þeir verið lengi og hvaða orð fer af þeim? Það er ekki gott að velja vörsluaðila þar sem sífellt er verið að skipta um stjórnendur og ábyrgðaraðila. „Nýjum herrum fylgja nýir síðir,“ og við skipti á stjórnendum og starfsfólki geta aðferðir, vörur og þjónusta breyst. Slíkar breytingar hafa áhrif á forsendur sem lagðar eru til grundvallar við val á vörsluaðila og ávöxtunarleið.

Hversu stöðug eða samfelld hefur starfsemin verið? Það kann ekki góðri lukku að stýra ef sífellt er verið að breyta vörum og þjónustu. Hversu lengi hefur sjóður verið starfræktur og hefur hann breyst mikið frá því hann hóf starfsemi eða á síðustu árum? Hefur fjárfestingarstefnan breyst oft á liðnum árum? Það er mjög mikilvægt að fjárfestingarstefna sé stöðug og að henni sé ekki breytt oft. Sérstaklega er veikt ef vörsluaðili breytir fjárfestingarstefnunni oft eftir þróun á verðbréfamörkuðum.

Að lokum er mikilvægt að meta fjárhagslegan styrkleika vörsluaðila. Sérstaklega er mikilvægt að skoða þetta atriði ef sparnaður er lagður á innlánsreikning en það hefur minni áhrif ef sparnaðurinn er greiddur í sjóði. Það er mjög erfitt að meta tapsáhættu en rétt er þó að benda á að innlendir bankar eru núna reglulega metnir af erlendum lánsþáttgjafum og hægt er að nálgast niðurstöður þessara úttekta hjá þeim. Það er góð regla að fá að skoða ársreikning vörsluaðila áður en gerður er við hann samningur og nálgast þar upplýsingar um efnahag og rekstur. Þeir sem ekki treysta sér til að lesa ársreikninga ættu eingöngu að velja aðila sem hafa verið metnir af til þess hæfum aðilum.

## Gátlisti við val á vörsluaðila fyrir eftirlaunasparnað

Áður en þú velur vörsluaðila skaltu fara yfir þessi atriði	
<b>Hlutlæg atriði</b>	
Eignasamsetning og fjárfestingarstefna	Ræður mestu um ávöxtun og áhættu til langs tíma. Segir einnig til um áhættudreifingu.
Aðferðir	Eru notaðar virkar, hlutlausar eða blandaðar aðferðir?
Kostnaður	Hver er rekstrar- og veltukostnaður?
Árangur	Hver hefur árangurinn verið?
<b>Huglæg atriði</b>	
Stjórnendur og starfsfólk	Fáðu upplýsingar um starfsreynslu og orðspor.
Stöðugleiki	Hversu stöðug hefur starfsemin verið?
Lánshæfi / mótaðilaáhætta	Eru líkur á að aðili geti farið á hausinn og fé tapist?

**Tafla 6.8** Það borgar sig að gefa sér góðan tíma til að velja vörsluaðila fyrir eftirlaunasparnað. Í töflunni eru talin upp atriði sem nauðsynlegt er að skoða áður en ákvörðun er tekin.

Einhverjum kann að finnast þetta löng upptalning sem geri það jafnvel erfiðara að velja vörsluaðila. Þeim til hægðarauka má benda á að það er ef til vill ekki bráð-nauðsynlegt að safna öllum þessum upplýsingum. Hins vegar eru þetta atriði sem gott er að hafa til hliðsjónar. Aðalatriðið er að eftirlaunasparnaður kemur til með að vera ein verðmætasta eign hvers einstaklings og því er ómaksins vert að vanda valið. Það er því ástæðulaust að semja við fyrsta aðilann sem farið er til heldur ætti að vera sjálfsgott mál að fara á milli nokkurra aðila og gera samanburð. Aðalatriðið er að velja aðila sem maður treystir. Ef erfitt reynist að velja á milli aðila er hægt að skipta sparnaðinum á milli þeirra. Síðar meir, þegar búið er að kynnast þessum aðilum og þjónustu þeirra er hægt að fækka þeim. Enginn ætti hins vegar að semja við aðila sem geta ekki veitt greinargóðar upplýsingar um fyrirtækið og þær ávöxt-unarleidir sem það býður.

## Nýjasta tækni og vísindi

Fjármálafræði er núorðið kennd í flestum háskólum í heiminum. Fjöldmargir háskólamenn stunda rannsóknir og skrifa lærðar greinar um viðfangsefnið í fræðitímarit. Um fjármálafræði og hinar ýmsu undirgreinar hennar hefur verið skrifaðar fjöldi bóka af fræðimönnum og sérfræðingum sem hafa unnið á fjármálamarkaði í skemmri eða lengri tíma.

Fjármálafræðin skiptist í margar undirgreinar. Þær helstu eru:

- Verðbréfasafnafræði (portfolio theory) sem fjallar um val á verðbréfum í verðbréfasöfn og leiðir til að hámarka ávöxtun við tiltekna áhættu.



- Fyrirtækjafjármál (corporate finance) sem fjalla um fjármögnun fyrirtækja og um helstu tegundir verðbréfa.
- Alþjóðafjármál (international finance) sem fjalla um fjármagnsflæði milli landa og gjaldeyrisstýringu.
- Reikningshald og greining ársreikninga (financial statement analysis), bókhaldsgreinar sem fjalla um reikningsskil og greiningu ársreikninga fyrirtækja.
- Greiðsluflæðistjórnun (cash management) sem fjallar um stýringu á lausu fé og ávöxtun í skamman tíma.
- Afleiður og afleiðuviðskipti (derivatives) sem fjalla um viðskipti með afleiður og hvernig hægt er að nota þær til að draga úr áhættu.

Í þessari fræðigreinin eins og mörgum öðrum hafa orðið miklar framfarir á síðustu árum og áratugum. Sífellt fleiri stunda nám í fjármálafræði og eignastýringu og með fjölgun fræðimanna og auknum áhuga á þessum greinum fjölgar rannsókn-um sem leiða til framfara. Betri tölvutækni og aukid upplýsingaflæði hafa líka komið greininni til góða, meðal annars vegna þess að með meiri reiknigetu er auðveldara að leggja mat á áhrif ákvarðana á ávöxtun og áhættu í sjóðum og nýta sér útreikningana til að taka ákvörðun. Allir vita að framfarir í læknávisindum hafa leitt til betra heilsufars vestrænna þjóða og aukins langlífis. Það hafa ekki síður orðið miklar framfarir í fjármálafræðum þó svo að þær séu ef til vill ekki jafnaugljósar og betra heilsufar. En ef betur er að gáð koma framfarirnar í ljós. Fjárfestum þjóðast til dæmis fleiri ávöxtunarkostir en áður og þeir geta valið að taka litla eða mikla áhættu. Hér á landi er stutt síðan opnað var fyrir fjárfesting- ar í verðbréfum á heimsvísu og skammt er síðan innlendir hlutabréfamarkaður kom til sögunnar. Upplýsingar um ávöxtunarleiðir eru einnig meiri og aðgengi- legri en áður sem auðveldar fjárfestum að taka upplýsta ákvörðun. Sparnaður hefur líka aukist mikið og milljónamæringum fjölgar stöðugt. Að sama skapi hefur þeim einnig fjölgað sem hafa náð að byggja upp sjóð sem tryggir þeim eftir- laun í starfslok.

Margir gera sér ekki grein fyrir því hvað eignastýring er viðamikid viðfangsefni og flókið. Mörg dæmi eru um að fjárfestar hafi tapað fé á verðbréfamarkaði með ákvörðunum byggðum á tilfinningu eða tískustraumum og illa ígrunduðum fjár- festingum. Það er til dæmis algengt að fjárfestar elti hver annan og leitist við að velja þá ávöxtunarleið eða þann vörsluaðila sem gefur hæstu ávöxtunina þá stundina. Í slíkum tilvikum er ekki spurt um fjárfestingarstefnu, eignastýringaraðferðir og áhættu eða um menntun og reynslu þeirra sem sjá um eignastýringuna. Slíkar skyndiakvarðanir koma oftast í bakið á fjárfestum, meðal annars vegna þess að hárrí ávöxtun fylgir yfirleitt mikil áhætta og meiri en flestir eru tilbúnir til að taka.

Sem dæmi má nefna „tækni og internetbóluna“ undir lok tuttugustu aldarinnar en þá fjárfestu mjög margir í óþekktum tæknifyrirtækjum eða tæknisjóðum og gleymdu alveg grundvallaratriðum eins og áhættudreifingu. Þegar „bólun sprakk“ í byrjun 21. aldarinnar kom í ljós að margir voru ekki undir það búnir að taka áhættuna sem fólst í því að fjárfesta í einni atvinnugrein og oft á tíðum í fyrirtækjum sem áttu eftir að sanna sig á markaði.

Sem betur fer er eignastýring og ávöxtun fjármuna ekki óviðráðanlegt viðfangs efni og með góðum undirbúningi eða með aðstoð ráðgjafa geta almennir fjárfestar nýtt sér viðurkenndar aðferðir við ávöxtun peninga. Lykilatriðið er að flýta sér hægt og taka engar skyndiákvarðanir. Fjárfestir verður alltaf að vita í hverju hann er að fjárfesta, hver mótaðilaáhættan er og á hvaða bili líkleg ávöxtun er.

Það er jafn sjálfsgagt fyrir almenna fjárfesta að nýta sér menntun og sérþekkingu fjármálaráðgjafa og þegar almenningur leitar til annarra sérfræðinga, eins og lækna eða hönnuða. Ef maður byggir hús leitar hann fyrst til arkitekts varðandi hönnun og síðar til byggingatæknifræðings eða verkfræðings til að láta teikna allt sem snertir burðarþol, lagnir og rafmagn. Á sama hátt getur verið skynsamlegt að leita til fjármálaráðgjafa til að fá aðstoð við að skipuleggja sparnað sinn eða semja við vörsluaðila um fjárvörslu og eignastýringu.



## ... svo er hægt að eyða



Allt er gott sem endar vel. Eftirlaunaárin eru stundum kölluð „gullnu árin“ vegna þess að þá gefst tími til að sinna ýmsum skemmtilegum málum sem hafa setið á hakanum á langri starfsævi. Það er mikil gæfa að geta notið lífsins á þessu æviskeiði.

Á eftirlaunaárunum breytist margt. Í stað þess að fá greidd laun er komið að því að fá greiddan lífeyri. Í stað þess að safna upp eignum er komið að því að ganga á eignir. Áfram þarf þó að vanda sig í fjármálunum. Hér á eftir skoðum við nánar hvernig tekjurnar geta verið á þessu æviskeiði og hvernig eftirlaunin eru samsett.

Það eina sem við getum verið viss um í lífinu er að eitt sinn skal hver maður deyja. Við þurfum að búa okkur undir það eins og annað. Í lok kaflans verður fjallað um fráfall maka og flutning eigna milli kynslóða.

*Í þessum kafla:*

- Að spila vel úr spilunum
- Ellilífeyrir almannatrygginga
- Ellilífeyrir lífeyrissjóða
- Um útborgun viðbótarlífeyrissparnaðar
- Sérkjör og ýmiss konar afsláttur fyrir eldri borgara
- Um eignasamsetningu í starfslok
- Fráfall maka
- Flutningur eigna milli kynslóða
- Samantekt og ráðgjöf
- „Það er líf eftir bankann“

### „Ég hef aldrei haft jafnmikið að gera“

Mínir uppáhaldsviðskiptavinir eru þeir sem eru hættir að vinna og byrjaðir að taka lífeyri. Oftast hafa þeir góðan tíma og koma reglulega við til að fara yfir stöðuna eða bara til að spjalla yfir kaffibolla. Ég hef alltaf kappkostað að hafa nægan tíma til að taka á móti þessum viðskiptavinum og hef líka haft ánægju af að ráðleggja þeim hvernig þeir geti best hagað sínum málum. Þá hef ég ekki síður lagt mig eftir því að hlusta og læra af reynslu þeirra. Það er mikil ábyrgð að varðveita eftirlaunasparnað fólks og ég vil endurgjalda traustið með því að vera til staðar þegar fólk vill koma og fara yfir sín mál.

Þegar spurt er eftir líðan eftirlaunaþega og hvað þeir geri eru svörin auðvitað misjöfn. Flestir eru þó ánægðir með lífið og hafa nóg fyrir stafni. Eins og gengur eru þó alltaf einhverjir sem eru vansælir. Stundum er það vegna þess að þeir voru ekki tilbúnir að hætta að vinna vegna lágra eftirlauna og stundum vegna þess að þeir voru einfaldlega ekki tilbúnir að stjórna öllum deginum sjálfir í stað þess að fara í vinnuna.

Sem betur fer eru þeir miklu fleiri sem láta vel afsér og ég man sérstaklega eftir manni sem ég vitna oft til. Í fyrsta skipti sem hann kom til mín eftir að hann hætta að vinna spurði ég hvernig hann hefði það. „Ég hef það mjög gott og mér líður vel. Það eina sem angrar mig er að ég sé mikið eftir því að hafa ekki hætt að vinna fyrr því ég hef aldrei haft jafn mikið að gera,“ svaraði hann og þetta hefur hann endurtekið nánast í hvert skipti sem hann hefur komið síðan.

Þessi maður er ekki einn um þessa reynslu. Yfirleitt hefur fólk nóg við að vera þó vinnan hætta að vera miðpunktur daglegs lífs og það er gott að geta notið lífsins eftir farsæla starfsævi og gott ævistarf.

## Að spila vel úr spilunum

Það er komið að starfslokum og eftirlaunaárin eru framundan. Lengd þessa æviskeiðs fer eftir því hvenær hætt er að vinna og hversu lengi fólki endist líf. Eftirlaunaárin geta varað í áratugi og því þarf að gæta þess að ganga ekki of hratt á uppsafnaðan eftirlaunasparnað. Samkvæmt tölum um meðalævilengd þarf að reikna með að eftirlaunasjóður verði að duga í að minnsta kosti 20 ár ef starfsævinni lýkur við 65 ára aldur. Lífeyrissjóðir tryggja lífeyrisgreiðslur til æviloka og því er viðfangsefnið að ákveða samsetningu eftirlaunanna og hversu hratt eða með hvaða hætti eigi að ganga á viðbótarsparnaðinn.

### Meðalævilengd frá 50, 65 og 80 ára aldri

Aldur	Karlar	Konur
50 ára	30,5	33,5
65 ára	17,6	20,4
80 ára	7,8	9,1

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt á mannfjöldatölum frá árunum 1971 til 2002

**Tafla 7.1** Taflan sýnir meðalævilengd frá 50, 65 og 80 ára aldri. Eins og sjá má verður hún meiri því hærri aldri sem er náð. Sem dæmi má nefna að konur sem eru 50 ára verða að jafnaði 83 ára en 65 ára konur verða að meðaltali 85 ára.

Sömu sjónarmið eiga við á eftirlaunaárunum og á fyrri æviskeiðum. Áfram þarf að gæta að eignasamsetningu, áhættudreifingu og kostnaði við allar ákvarðanir um eftirlaunasparnaðinn. Hins vegar er áhættan meiri núna en áður því nú gefst ef til vill ekki tími til að vinna upp lækkanir á höfuðstól vegna óhagstæðrar þróunar á mörkuðum eða vegna mistaka við eignastýringu.

Það er margt sem þarf að ákveða þegar eftirlaunaárin byrja. Meðal annars þarf að taka ákvörðun um

- hvenær á að hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóðum?
- hvenær á að byrja að ganga á viðbótarlífeyrissparnað og hversu hratt á að taka inneign út?
- hvenær á að byrja að ganga á annan sparnað og hversu hratt á að innleysa hann?
- hvernig á eignasamsetning eftirlaunasparnaðarins að vera?

Þegar kemur að töku lífeyris er ráðlegt að gera vandlega áætlun um lífeyrisgreiðslur og samsetningu þeirra. Það eru mörg atriði sem hafa áhrif á eftirlaunin og þess vegna borgar sig að vanda sig, meðal annars með það að markmiði að tryggja að tekjustreymið verði jafnt og að eftirlaunasjóðurinn tæmist ekki of fljótt. Í Skjóð-

unni er hægt að reikna hver eftirlaunin verða miðað við mismunandi forsendur varðandi það hvenær taka lífeyris úr lífeyrissjóðum hefst og hvernig gengið er á viðbótarlífeyrissparnað og annan sparnað.

Markmiðið með þessum kafla er að hjálpa lesandanum að taka ákvarðanir um samsetningu eftirlauna. Eftirlaunin eru lífeyrisgreiðslur almannatrygginga og lífeyrissjóða og viðbótarsparnaður. Grundvallaratriði er að þekkja rétt sinn til eftirlauna og þær reglur sem gilda um úttekt viðbótarsparnaðar til þess að hægt sé að spila sem best úr þeim spilum sem maður hefur á hendi.

## Ellilífeyrir almannatrygginga


Almannatryggingakerfið er opinbert lífeyriskerfi sem greiðir flatan ellilífeyri eða tekjutengdan lágmarkslífeyri og er hann fjármagnaður með sköttum. Meginmarkmið almannatryggingakerfisins er tekjujöfnun og samtrygging. Tekjujöfnunin næst fram með því að greiða grunnlífeyri sem er óháður tekjum á starfsævinni og markmið um samtryggingu næst með því að greiða tekjutengdan lágmarkslífeyri til þeirra sem eiga lítil eða engin önnur lífeyrisréttindi.

Vægi almannatryggingakerfisins hefur farið minnkandi í greiðslu ellilífeyris á síðustu árum vegna vaxandi lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóðanna og aukinnar tekjutengingar við lífeyrisgreiðslur. Flestir lífeyrissjóðir hófu starfsemi um 1970 og sífellt fleiri einstaklingar sem eru hættir að vinna fá nú lífeyrisgreiðslur frá þeim. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra lækkaði hlutfall einstaklinga, sem hafa engar aðrar tekjur en lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar verulega frá árinu 1991 til ársins 2001 eða úr 3,9% í 1,2%. Þessi breyting stafar fyrst og fremst af því hvað þeim hefur fjölgað sem fá lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum.

Ef lítið er til nýlegrar mannfjöldaspár Hagstofunnar er líklegt að ellilífeyrir almannatrygginga lækki í framtíðinni. Samkvæmt spánni verður hlutfall aldraðra, það er að segja þeirra sem eru 60 ára eða eldri af íbúum 20–59 ára, 55% árið 2040 en hlutfallið var 28% í byrjun 21. aldarinnar. Þar sem almannatryggingakerfið er fjármagnað með samtímasköttum hlýtur þessi þróun að hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur og má búast við að þær lækki eða að notkun tekjutengingar aukist. Af þessum sökum er ástæða til að ráðleggja þeim sem eru að safna og byggja upp eftirlaun sjóð að líta framhjá lífeyrisgreiðslum almannatrygginga í áætlunum sínum. Fyrir þá sem eru hættir að vinna eða reikna með að hætta á næstu árum er sjálfsagt að kynna sér vandlega hverjar þessar lífeyrisgreiðslur eru og taka tillit til þeirra við gerð áætlunar um eftirlaun í starfslok.

Þeir sem eiga lítil lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum og hafa engar aðrar tekjur, geta aukið eftirlaunin með lífeyrisgreiðslum frá almannatryggingum. Fyrir fólk í þessari stöðu skiptir hver króna máli og því er mikilvægt að fara vandlega yfir réttindi sín

### Mannfjöldi 1. janúar 2003 og 2040 eftir kyni og aldri



Heimild: Hagstofa Íslands. Framreikningur mannfjöldans 2003 til 2040.

**Mynd 7.1** Hlutfall aldraðra, reiknað sem hlutfall 60 ára og eldri af íbúum 20–59 ára, hefur hækkað í flestum löndum Evrópu á síðustu áratugum. Á Íslandi er hlutfallið lágt, 28% samanborið við 38% í Evrópusambandslöndunum. Samkvæmt framreikningi mun Ísland ná hlutfalli þessara landa í kringum 2020.

til ellilífeyrisgreiðslna og nýta þau. Þessi réttindi hafa meðal annars áhrif á það hvernig borgar sig að ganga á viðbótarlífeyrissparnað og annan sparnað.

Ellilífeyrir almannatrygginga skiptist í grunnlífeyri og lágmarkslífeyri. Grunnlífeyrir er greiddur til allra sem hafa búið á Íslandi í a.m.k. þrjú ár á aldrinum 16 til 67 ára en lágmarkslífeyrir (tekjutrygging, tekjutryggingarauki og heimilisuppbót) er eingöngu greiddur til einstaklinga eða hjóna sem hafa litlar aðrar tekjur og eiga lítil eða engin lífeyrisréttindi. Á heimasíðu Tryggingastofnunar, [www.tr.is](http://www.tr.is), er alltaf hægt að finna nýjustu upplýsingar um fjárhæð lífeyrisgreiðslna en í töflu 7.2 eru upplýsingar um mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur í janúar 2004.

#### Grunnlífeyrir

Rétt til grunnlífeyris almannatrygginga eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og hafa búið hér á landi eða starfað í öðru EES-landi í a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Íslendingur sem hefur verið búsettur annars staðar á Norðurlöndum eða hefur starfað í aðildarlöndum EES getur átt rétt á ellilífeyrisgreiðslum frá þeim. Grunnlífeyrir er greiddur mánaðarlega og er sama fjárhæð greidd til allra óháð starfstekjum og lífeyrisréttindum. Grunnlífeyrir skerðist vegna búsetu og tekna.

- Óskertur grunnlífeyrir greiðist til þeirra sem hafa verið búsettir hér á landi í 40 ár á aldrinum 16 til 67 ára. Ef búsetutíminn er styttri skerðist hann hlut-



## Ellilífeyrir almannatrygginga

Mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur í janúar 2004

Ellilífeyrir	Fyrir hverja	Mánaðarlegar bætur	
		Einstaklingur	Hjón
Grunnlífeyrir	Alla sem eru 67 ára og eldri og hafa búið hér á landi í a.m.k. 3 ár á aldrinum 16–67 ára.	21.249	42.498
	Skerðist ef aðrar tekjur en lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða fara yfir 143.002 kr. og fellur niður við 213.832 kr.		
Tekjutrygging	Viðbót við grunnlífeyri fyrir tekjulága.	41.655	83.310
	Skerðist ef lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða og aðrar tekjur fara yfir 45.888 kr. og fellur niður við 138.454 kr.		
Heimilisuppbót	Viðbót við grunnlífeyri og tekjutryggingu ef lífeyrisþegi býr einn. Skerðist á sama hátt og tekjutrygging.	17.469	0
Tekjutryggingarauki	Viðbót við grunnlífeyri og tekjutryggingu til tekjulágra.	20.540	32.976
	<b>Samtals</b>	<b>100.913</b>	<b>158.784</b>

**Tafla 7.2** Ellilífeyrir almannatrygginga skiptist í grunnlífeyri, sem er greiddur til allra, og aðrar bætur (tekjutrygging, heimilisuppbót og tekjutryggingarauki), sem eru greiddar til tekjulágra.

fallslega. Hjá hjónum er miðað við það hjóna sem hefur búið lengur á Íslandi.

- Skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, greiðslur frá Tryggingastofnun, húsaleigubætur og fjárhagsleg aðstoð sveitarfélaga skerða ellilífeyri ef þær fara yfir viss mörk. Tekjur maka skerða ekki grunnlífeyri. Helmingur fjármagnstekna skerðir grunnlífeyri. Fjármagnstekjur eru vaxtatekjur, arður, söluhagnaður og leigutekjur.

### Lágmarkslífeyrir

Lífeyrisþegi getur átt rétt á svokallaðri tekjutryggingu ef hann á lítil lífeyrisréttindi og hefur engar aðrar tekjur. Tekjutrygging er greidd mánaðarlega sem viðbót við grunnlífeyri og fer fjárhæðin eftir lífeyrissjóðsgreiðslum og öðrum tekjum. Fari tekjur lífeyrisþega og maka hans, að undanskildum greiðslum frá Tryggingastofnun, húsaleigubótum og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, ekki yfir ákveðna upphæð, svokallað tekjumark (frítekjumark), á hann rétt á óskertri tekjutryggingu. Tekjutrygging skerðist vegna búsetu og tekna eins og ellilífeyrir.

- Óskert tekjutrygging greiðist til þeirra sem hafa verið búsettir hér á landi í 40 ár á aldrinum 16 til 67 ára. Ef búsetutíminn er styttri skerðist hann hlutfallslega. Hjá hjónum er miðað við það hjóna sem hefur búið lengur á Íslandi.
- Skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerða tekjutryggingu og reiknast skerðingin sem 45% af mismun á raunverulegum tekjum og frítekjumarki eða tekj-

um umfram frítekjumark. Lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum og endurgreiðsla viðbótarlífeyrissparnaðar skerða tekjutrygginguna. Helmingur fjármagnstekna skerðir einnig greiðslur á sama hátt. Greiðslur frá Tryggingastofnun, húsaleigubætur og fjárhagsleg aðstoð sveitarfélaga skerða ekki tekjutrygginguna. Tekjumörk (frítekjamörk) breytast 1. september ár hvert.

Ellilífeyrisþegar sem búa einir og fá tekjutryggingu geta sótt um heimilisuppbót sem er mánaðarleg viðbótarlífeyrisgreiðsla líkt og tekjutryggingin. Heimilisuppbót skerðist á sama hátt og tekjutrygging og fellur niður þegar einstaklingur býr ekki lengur einn, þegar tekjutrygging fellur niður eða ef einstaklingur flytur úr landi. Tekjutryggingarauki er einnig viðbótarlífeyrisgreiðsla til tekjulágra einstaklinga. Þegar sótt er um tekjutryggingu fylgir tekjutryggingarauki sjálfkrafa til tekjulágra einstaklinga. Heimilt er að greiða frekari uppbót á lífeyri, ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framsfleytt sér án þess. Við mat á því skal taka tillit til eigna og tekna bótaþega og kostnaðar. Til þess að geta notið uppbótar á lífeyri verður viðkomandi að hafa einhverja tekjutryggingu. Uppbót á lífeyri er heimildarbótaflokkur og er upphæð hennar metin í hverju tilviki.

Tekjuviðmiðun almannatrygginga miðast við árstekjur og eru lífeyrisgreiðslur ársins gerðar upp miðað við tekjur sama árs. Tekjur fyrra árs eru þó notaðar sem tekjuviðmið til bráðabirgða innan ársins eða á meðan ekki koma fram neinar upplýsingar um að þær hafi breyst. Þetta þýðir að tekjutengdar bætur eru greiddar miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar frá fyrra ári en í ágúst eða september ár hvert er fyrra ár gert upp miðað við raunverulegar tekjur samkvæmt skattframtali.

Allar nánari upplýsingar um bætur almannatrygginga er hægt að fá hjá þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins eða á heimasíðu stofnunarinnar, [www.tr.is](http://www.tr.is). Á heimasíðunni er mjög aðgengileg reiknivél þar sem hægt er að slá inn mismunandi forsendur um tekjur og reikna út ellilífeyri almannatrygginga miðað við þær. Sótt er um ellilífeyri í þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar í Reykjavík eða í umboðum TR hjá sýslumannsembættum utan Reykjavíkur.

## Ellilífeyrir lífeyrissjóða

Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum skal lífeyrissjóður hefja útborgun ellilífeyris þegar sjóðfélagi hefur náð 65 til 70 ára aldri og er lífeyrissjóði heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris um allt að fimm ár. Í samþykktum lífeyrissjóða koma fram upplýsingar um það við hvaða aldur lífeyrisréttindi miðast hjá hverjum sjóði og hvaða heimildir sjóðfélagar hafa til að flýta lífeyrisgreiðslum eða seinka þeim frá viðmiðunaraldri. Oftast miðast réttindin við 67 ára aldur og geta sjóðfélagar flýtt töku lífeyris til 65 ára eða frestað til 70 ára aldurs. Ef töku lífeyris

er flýtt lækka mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur en lífeyrisgreiðslurnar hækka ef töku lífeyris er frestað.


Sumir sjóðir breyta lífeyrisgreiðslum samkvæmt sérstökum töflum í samþykktum en aðrir um tiltekna prósentu fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er flýtt eða frestað. Ef viðmiðunaraldur sjóðs er 67 ár og prósentustigið er 0,6% fyrir hvern mánuð lækkar fjárhæð mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna um 14% ef lífeyrisgreiðslur hefjast við 65 ára aldur en hækkar um 22% ef lífeyrisgreiðslur hefjast við 70 ára aldur. Sjóðfélagi sem er búinn að ávinna sér rétt á 100 þúsund krónum í ævilangan lífeyri frá 67 ára aldri lækkar í 86 þúsund krónur ef hann hefur töku lífeyris 65 ára en hækkar hins vegar í 122 þúsund krónur ef hann frestar töku lífeyris til 70 ára aldurs.

Ákvæði um flýtingu og frestun eru mismunandi milli sjóða bæði hvað varðar aldursbil og áhrif flýtingar eða frestunar á lífeyrisgreiðslur. Hjá A-deild Lífeyris-sjóðs starfsmanna ríkisins er viðmiðunaraldurinn til dæmis 65 ár en sjóðfélagar hafa heimild til að flýta greiðslum til 60 ára aldurs eða seinka þeim til 70 ára aldurs. Ef töku lífeyris er frestað frá 65 ára aldri hækkar upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs, um 0,75% fyrir hvern mánuð sem lífeyris-töku er frestað. Ef taka lífeyris hefst hins vegar fyrir 65 ára aldurinn lækkar áunninn lífeyrisréttur um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á að 65 ára aldri sé náð. Hjá lífeyrissjóðum sem skipta lágmarksiðgjaldi á milli séreignar- og samtryggingarsjóða miðar samtryggingarsjóður oftast við 70 ára aldur en sjóðfélagar geta flýtt töku lífeyris til 65 ára aldurs. Í Almenna lífeyrissjóðnum hefur flýting lífeyris mismunandi mikil áhrif eftir því hvenær taka lífeyris hefst. Þannig lækka lífeyrisgreiðslur um 0,8% fyrir hvern mánuð ef töku lífeyris er flýtt til 65 ára fyrir aldursbilið 65 til 66 ára, 0,7% fyrir aldursbilið 66 til 67 ára, 0,6% fyrir aldursbilið 67 til 68 ára, 0,55% fyrir aldursbilið 68 til 69 ára og um 0,5% fyrir aldursbilið 69 til 70 ára.

Markmið lífeyrissjóða með þessum reglum varðandi heimildir til að flýta eða fresta töku lífeyris frá viðmiðunaraldri er að tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs haldist óbreytt þrátt fyrir ákvörðun sjóðfélaga. Þetta þýðir að sjóðurinn reiknar með að sjóðfélagar í heild lifi jafnlengi og meðalævilengd segir til um. Fyrir hvern og einn sjóðfélaga getur ákvörðunin hins vegar leitt til hærri eða lægri heildarlífeyrisgreiðslna. Ef sjóðfélagi lifir „eðlilega“ lengi eða jafnlengi og lífslíkur segja til um er hann jafnsettur hvort sem hann byrjar að taka lífeyrinn fyrr eða seinna. Ef hann lifir stutt kemur betur út fyrir hann að flýta töku lífeyris en ef hann verður svo „óheppinn“ að lifa lengi tapar hann á því að byrja fyrr.

En hvenær borgar sig að hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóðum? Borgar sig að flýta töku lífeyris og fá lægri lífeyrisgreiðslur í lengri tíma eða borgar sig að seinka töku lífeyris og fá hærri greiðslur í styttri tíma? Þessar spurningar eru viðeigandi hvort sem einstaklingur er enn í vinnu eða er hættur að vinna. Ef hann er enn í vinnu og

### Flyting eða frestun lífeyrisgreiðslna



**Mynd 7.2** Lífeyrissjóðir bjóða sjóðfélögum nokkurn sveigjanleika þegar kemur að töku lífeyris. Myndin sýnir hvaða áhrif flyting eða frestun hefur á lífeyrisgreiðslur hjá lífeyrissjóði sem miðar við 67 ára aldur en heimiljar sjóðfélögum að hefja töku lífeyris 65 ára eða fresta lífeyrisgreiðslum til 70 ára aldurs. Ef sjóðfélaginn hefur töku lífeyris 66 ára fær hann 93% af áunnum réttindum sem miðast við 67 ára aldur en ef hann frestar töku lífeyris til 68 ára aldurs fær hann 107%.

er kominn á lífeyrisaldur kemur til greina að hefja töku lífeyris og leggja lífeyrinn fyrir þangað til vinnu lýkur. Ef hann er hættur að vinna er líka hugsanlegt að hann velji að ganga á viðbótarlífeyrissparnað og annan sparnað áður en hann fer að taka lífeyri úr lífeyrissjóðum.

Það fer bæði eftir aðstæðum hjá hverjum og einum sjóðfélagi og reglum hjá hverjum lífeyrissjóði hvenær það borgar sig að hefja töku lífeyris. Hér verða nefnd fjögur dæmi.

- Ef einstaklingur er ekki heilsuhraustur og hefur ástæðu til að ætla að hann lifi ekki lengi er líklegt að það borgi sig að hefja töku lífeyris sem fyrst.
- Ef einstaklingur er heilsuhraustur og það er langlífi í ætt hans kann að vera skynsamlegt að bíða til viðmiðunaraldurs eða jafnvel að fresta töku lífeyris umfram það.
- Ef einstaklingur á lítil lífeyrisréttindi er hugsanlegt að það borgi sig að byrja fyrr og auka þannig líkur á því að fá tekjutengdan lágmarkslífeyri frá almannatryggingum.
- Ef makalífeyrisréttindi eru hlutfall af ellilífeyri kann að vera skynsamlegt að seinka lífeyrisgreiðslum og freista þess að auka réttindi makans ef til þess kæmi að þörf yrði á makalífeyri.

Að öllu jöfnu er ráðlegt að hefja töku lífeyris sem fyrst, eða um leið og samþykktir lífeyrissjóðs heimila. Þannig fær einstaklingur meiri lífeyri til ráðstöfunar framan af eftirlaunaárunum eða þegar mestar líkur eru á því að heilsan sé góð og fjárþörfin því mest. Einnig má benda á að hjá flestum lífeyrissjóðum þurfa einstaklingar að ná háum aldri til að tapa á því að flýta töku lífeyris eins og sjá má af mynd 7.3. Þetta er þó einstaklingsbundið. Stundum getur verið hagstæðara að hefja töku lífeyris síðar, til dæmis ef menn hafa ástæðu til að ætla að þeir lifi lengur en meðalaldur segir til um, eða ef menn eru áfram í launaðri vinnu.

Sækja þarf um lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða á þar til gerðum eyðublöðum sem eru fánleg á skrifstofum sjóðanna eða á heimasíðum þeirra. Hjá lífeyrissjóðum sem eru aðilar að samkomulagi lífeyrissjóða er nægjanlegt að sækja um lífeyrisgreiðslur hjá einum sjóði og sér hann þá um að safna greiðslum frá öðrum sjóðum sem sjóðfélagi á réttindi hjá. Yfirleitt er þá miðað við að sjóðfélagi sækji um lífeyri hjá þeim sjóði sem hann greiddi síðast til eða þar sem hann á mest réttindi.

### Um útborgun viðbótarlífeyrissparnaðar

Samkvæmt lífeyrissjóðalögnum er viðbótarlífeyrissparnaður bundinn til 60 ára aldurs. Þá má hefja útborgun inneignar og er hún greidd með jöfnum greiðslum til 67 ára aldurs eða á lengri tíma eftir vali réttihafa. Tekjuskattur er dreginn af útborgunum eins og af venjulegum launagreiðslum og sér vörsluaðili um að draga skattinn frá lífeyrisgreiðslum og skila honum til skattýfirvalda.

Með jöfnum greiðslum er átt við að réttihafi fái á hverju ári jafnháar greiðslur sem skiptast í afborganir og vexti. Greiðslurnar eru samsettar af afborgunum af inneign í upphafi tímabils og vöxtum á endurgreiðslutímanum og reiknast vextirnir af inneign í ársbyrjun hverju sinni. Af þessu leiðir að vextir veга þyngra framan af endurgreiðslutímabilinu en með árunum minnkar vægi þeirra en hlutfall höfuðstóls eykst. Útreikningurinn á árlegri greiðslu er gerður með eftirfarandi formúlu:

$$\text{Greiðsla} = \text{Höfuðstóll} / ((1/r) - (1/r * (1+r)^t))$$


þar sem  $r$  = vextir á ári og  $t$  = fjöldi ára.

Í lögnum er ekkert sagt til um hvaða vexti eigi að nota. Það verður hins vegar að teljast eðlilegt að nota sömu vexti og reiknað er með í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóða eða 3,5% vöxtum á ári. Verði vextirnir hærrí á tímabilinu munu greiðslur hækka en ef vextir verða lægri lækka greiðslurnar.

Réttihafar geta ráðið hvernig þeir taka út inneign sína m.t.t. ofangreindra reglna. Kosturinn við séreignarsjóði og lífeyrissparnaðarreikninga er að réttihafar hafa mikið svigrúm til að taka út inneign sína og getur hver og einn valið það fyrir-

### Hvenær borgar sig að hefja töku ellilífeyris úr lífeyrissjóðum?

Mismunur á núvirdi uppsafnaðra lífeyrisgreiðslna hjá einstaklingi sem flytjur töku lífeyris til 65 ára aldurs eða frestar til 70 ára aldurs



**Mynd 7.3** Myndin sýnir hagnað eða tap af því að flyta eða fresta töku ellilífeyris frá 67 ára aldri. Sá sem flytjur töku lífeyris tapar á því ef hann lifir lengur en til 84 ára aldurs en sá sem frestar töku lífeyris hagnast á því ef hann lifir lengur en til 94 ára aldurs. Í dæminu er reiknað með að einstaklingur eigi rétt á 100 þúsund krónum frá 67 ára aldri og miðað við 4,5% vexti.

komulag útborgunar sem hentar honum best. Með jöfnum greiðslum eru reiknuð efri mörk á greiðslum sem heimilt er að taka út á aldursbilinu 60 ára til 67 ára en réttthafar geta tekið lægri fjárhæð ef þeim sýnist svo. Reynslan er að flestir taka út lægri fjárhæð en heimilt er og dreifa því útborgun á lengri tíma en sjö ár. Margir vörsluhafar bjóða rétthöfum líka upp á mikinn sveigjanleika við úttekt sem er sjálf-sögð þjónusta. Þannig geta réttthafar breytt mánaðarlegum útborgunum eða sótt aukagreiðslur þegar þeim hentar, svo lengi sem árlegar greiðslur fara ekki yfir efri mörk. Sjóðfélagar geta einnig óskað eftir lengra bili á milli greiðslna, t.d. ársfjórðungslegum eða árlegum greiðslum.

Eftir að 67 ára aldri er náð geta réttthafar fengið inneignina greidda í einu lagi ef þeir vilja. Sótt er um útborgun viðbótarlífeyrissparnaðar hjá vörsluaðila.

### Sérkjör og ýmiss konar afsláttur fyrir eldri borgara

Mörg fyrirtæki og stofnanir bjóða einstaklingum sem eru orðnir 67 ára afslátt og sérkjör á ýmsum vörum og þjónustu. Það er sjálfsagt að nýta sér sérkjörin og drýgja þar með eftirlaunin. Þó þarf að gæta sín á því að láta ekki sérkjörin hvetja til aukinnar eyðslu með því að kaupa vöru eða þjónustu eingöngu vegna þess að hægt er að fá hana á lægra verði.

Dæmi um afslátt og sérkjör sem bjóðast eldri borgurum þegar þetta er ritað, í desember 2003, er afsláttur af fasteignagjöldum hjá sumum sveitarfélögum, afsláttur af verði aðgöngumiða í mörgum sundlaugum, afsláttur af fargjöldum almennings-samgangna og afsláttur af áskriftargjöldum nokkurra fjölmiðla. Stundum bjóða flugfélög og ferðaskrifstofur einnig sér fargjöld eða afslátt fyrir eldri borgara og kemur það sér vel fyrir þá sem vilja ferðast. Þeim sem eru í félögum eldri borgara býðst líka oft afsláttur á vörum og þjónustu hjá fyrirtækjum, svo sem gleraugnaverslunum, fiskbúðum, bókabúðum og hárgreiðslustofum. Félögin eru hagsmunasamtök eldri borgara og standa auk þess fyrir margvíslegri starfsemi fyrir félagana sína. Hægt er að skrá sig í félögin við 60 ára aldur. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi félaganna má benda á heimasíðu Félags eldri borgara í Reykjavík á slóðinni [www.feb.is](http://www.feb.is).


### Um eignasamsetningu í starfslok

Áður en farið er á eftirlaun er mikilvægt að fara yfir eignasamsetningu eftirlaunasparnaðarins. Á eftirlaunaárunum er markmiðið ekki að fá hæstu ávöxtun, heldur að draga úr sveiflum og fá jafna og stöðuga ávöxtun. Því markmiði er hægt að ná með því að geyma stærstan hluta sparnaðarins í stuttum skuldabréfum, víxlum og á innlánsreikningum. Sem fyrr er áhættudreifing lykilaðri og því þarf að gæta að því að fjárfestingum sé dreift á marga útgefendur og innlánsstofnanir.

Margir vilja halda því fram að hlutabréf séu of áhættusöm fyrir eftirlaunaþega. Þetta þarf ekki að vera rétt þar sem eftirlaunaárin er oft mjög langur tími, 20 ár og jafnvel lengri tími hjá þeim sem hætta snemma og/eða lifa mjög lengi. Það kann því að vera mjög skynsamlegt að hafa einhvern hluta af eftirlaunasjóði í hlutabréfum til að byrja með, t.d. 10% til 20%, og draga síðan úr vægi þeirra með aldrinum. Það er líka hyggilegt að draga smám saman úr vægi hlutabréfa til að draga úr áhættunni við að selja á óhagstæðum tíma. Reynslan sýnir afdráttarlaust að það er nánast ógerlegt að tímasetja markaðinn eða segja til um hvenær er best að selja eða kaupa. Þetta á við um bæði sérfræðinga á markaði og leikmenn. Þess vegna hefur yfirleitt reynst vel að minnka vægi hlutabréfa í áföngum. Þetta á sérstaklega við um þá sem eiga hlutabréf í eftirlaunasjóði við starfslok. Óhætt er að mæla eindregið með því að þeir geri áætlun um að minnka vægi hlutabréfanna eða selji þau í áföngum á nokkrum árum.

Annað markmið er að tryggja sér ávöxtun umfram verðbólgu. Hér á landi hafa fjárfestar ekki þurft að hafa svo miklar áhyggjur af þessu þar sem hægt hefur verið að kaupa verðtryggð skuldabréf og leggja fé inn á verðtryggða innlánsreikninga. Þrátt fyrir að framboð verðtryggðra skuldabréfa hafi minnkað á síðustu árum er líklegt að hægt verði að kaupa þau áfram um sinn. Eins er um hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í verðtryggðum skuldabréfum. Á meðan fjárfestar geta geymt fé í verðtryggðum sparnaðarformum er það góður kostur fyrir þá og alveg sérstaklega á

### Útborgun viðbótarlífeyrissparnaðar með jöfnum árlegum greiðslum



**Mynd 7.4** Samkvæmt lögum skal viðbótarlífeyrissparnaður greiddur út til réttihafa með jöfnum greiðslum sem eru samsettar úr vöxtum og afborgunum. Vextir hverju sinni reiknast af höfuðstól í ársbyrjun og þess vegna minnkar vægi þeirra á útborgunartímabilinu. Myndin sýnir árlegar greiðslur af 10 milljóna króna inneign í 15 ár eða frá 65 ára aldri til 79 ára aldurs. Árleg greiðsla er 868 þúsund krónur sem jafngildir því að sjóðfélagi fái á mánuði 72 þúsund krónur fyrir skatta. Í dæminu er reiknað með 3,5% vöxtum á ári.

eftirlaunaárunum þegar verið er að ganga á eftirlaunasparnað. Notkun verðtryggðra skuldabréfa og innlánsreikninga hefur hvergi í heiminum tíðkast jafnmikið og á Íslandi en í reynd er verðtrygging fjárskuldbindinga sjaldgæf. Í löndum þar sem ekki hafa boðist verðtryggð skuldabréf þykja hlutabréf góð vörn gegn verðbólgu til lengri tíma en skuldabréf þykja hins vegar góð vörn gegn verðbólgu í stuttan tíma.

Á Íslandi hafa vextir á innlánsreikningum verið afar hagstæðir á síðustu árum. Bankar og sparisjóðir hafa t.d. boðið viðskiptavinum sínum að leggja fé inn á verðtryggða innlánsreikninga með 4% til 6% vöxtum umfram verðtryggingu. Þessi kjör eru auðvitað mjög góð fyrir eftirlaunaþega og er óhætt að mæla með innlánsreikningum á meðan kjörin eru með þessum hætti. Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga að skuldabréfasjóðir gefa hærri ávöxtun á tímum lækkandi vaxta, auk þess sem áhættudreifingin er meiri í þeim. Skuldabréfasjóðir fjárfesta í skuldabréfum með föstum vöxtum en þannig ná eigendur að læsa inni núverandi vaxtastig og fá gengishagnað ef vextir lækka. Það er því skynsamlegt að hafa hluta fjárfestingarinnar í skuldabréfum eða skuldabréfasjóðum en draga úr vægi þeirra með aldrinum. Núverandi kjör á innlánsreikningum eru í takt við markmið eftirlaunaþega um jafna og stöðuga ávöxtun og því er hagstætt að hafa vægi þeirra hátt á eftirlaunaárunum og auka það þegar á líður.

Skattar hafa áhrif á eignasamsetningu eftirlauna í starfslok. Inneign í séreignar-



sjóðum og á lífeyrissparnaðarreikningum er ekki eignarskattskyld og ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum. Hins vegar er greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum af öðrum sparnaði og í sumum tilvikum eignarskattur. Þess vegna kann að vera skynsamlegt að ganga fyrst á annan sparnað og treina sér viðbótarlífeyrissparnaðinn.

Eignarskattur var 0,6% af eignum umfram 4,7 milljónir króna hjá einstaklingi á árinu 2003. Þótt skatturinn hafi lækkað mikið munar enn talsvert um hann og því er rétt að taka tillit til hans við ákvörðun um samsetningu annars sparnaðar. Bankainnstæður og skuldabréf útgefin af ríkinu eru eignarskattfrjálsumfram skuldir og hafa því forskot umfram önnur sparnaðarform að þessu leyti. Hlutabréf eru skattlögð á nafnverði en önnur verðbréf á markaðsverði. Hlutabréf með hátt markaðsverð umfram nafnverð eru því hagstæð en eins og áður var komið að valda sveiflum í ávöxtun hlutabréfa því að ekki er ráðlegt að eiga mikið af stökum hlutabréfum í starfslok.

## Fráfall maka


Það er ófrávikjanleg staðreynd lífsins að öll eigum við eftir að deyja. Það þarf því að hugsa fyrir dauðanum eins og öðru. Fráfall maka veldur yfirleitt röskun á fjármálum og því er nauðsynlegt að hyggja að því fyrir fram hvaða áhrif það hefur á tekjur eftirlifandi einstaklings. Sumir vilja einnig ganga þannig frá málum að við fráfall færist sem mest af eignum til næstu kynslóðar og byrja jafnvel að undirbúa það tímanlega.

Við lát annars hjóna á eftirlifandi maki rétt á að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja nema hið látna hafi mælt svo fyrir að skipti skyldu fara fram. Því hjóna, sem lengur lifir, er einnig heimilt að sitja í óskiptu búi með ófjarráða niðjum hins látna, sem eru ekki niðjar hins eftirlifandi, ef lögráðandi barnanna samþykkir það og hið látna hefur ekki fyrirskipað í erfðaskrá að skipti skuli fara fram. Þá er því hjóna, sem lengur lifir, heimilt að sitja í óskiptu búi með fjarráða stjúpniðjum sínum, ef þeir samþykkja það. Annað hjóna eða bæði geta einnig mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra sem lengur lifir skuli hafa heimild til setu í óskiptu búi með börnum beggja hvort sem þau eru fjarráða eða ófjarráða. Ef eftirlifandi maki situr ekki í óskiptu búi verður að skipta þeim hluta búsins sem tilheyrði hinum látna.

Ef einstaklingur á enga skylduerfingja (maka eða afkomendur) getur hann ráðstafað öllum eignum sínum með erfðaskrá. Ef viðkomandi á hins vegar skylduerfingja má hann ráðstafa þriðjungi eigna sinna með erfðaskrá. Ef engin erfðaskrá er til staðar og skipti fara fram skiptast hjúskapareignir þannig að helmingur fer beint til maka og hinn helmingurinn skiptist þannig að maki fær 1/3 og börn 2/3.

Í skattalögum eru sérstök ákvæði sem gilda við fráfall maka. Við andlátíð nýttist

### Skipting hjúskapareignar við andlát



**Mynd 7.5** Við fráfall maka skiptist hjúskapareign þannig að eftirlifandi maki fær helming eigna en hinn helmingurinn skiptist þannig að makinn fær 1/3 en börnin 2/3.

Ef erfðaskrá er til að dreifa eftir hinn látna maka, þar sem ráðstafað er 1/3 hluta eigna, fær eftirlifandi maki fyrst helming eignanna. Síðan er arfinum ráðstafað samkvæmt erfðaskránni og að því loknu er eftirlifandi maki 1/3 af því sem eftir er og börnin 2/3.

persónuafsláttur makans í 9 mánuði frá og með andlátsmánuði. Eignarskattur er greiddur af eignarskattstofni umfram 4,7 milljónir króna miðað við einstakling og 9,4 milljónir hjá hjónum. Við fráfall er eftirlifandi maka heimilt að nýta sér hjónafrádrátt í 5 ár eftir andlát makans. Þannig má segja að við fráfall maka sé gefinn 5 ára aðlögunartími til þess að eftirlifandi maki geti minnkað við sig eignir eða lagað sig á annan hátt að breyttum aðstæðum.

Við fráfall fær maki greiddan makalífeyri úr lífeyrissjóðum hins látna. Makalífeyrisréttindi eru mismunandi milli lífeyrissjóða en venjulega er hann greiddur tímabundið í tvö til þrjú ár. Nokkrir lífeyrissjóðir greiða makalífeyri ævilangt. Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum telst maki vera sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum lífeyrissjóðs.

Inneign í séreignarsjóði eða á vörslureikningi lífeyrissparnaðar erfist við fráfall og er skipt samkvæmt erfðareglum. Reglur eru ekki alveg skýrar um hvort telja beri inneign í séreignarsjóði til hjúskapareignar eða ekki. Hins vegar hafa bæði fjármálaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið túlkað lög og reglur þannig að inneign skuli teljast til hjúskapareignar og einnig hefur gerðardómur komist að sömu niðurstöðu. Samkvæmt því fær maki helming inneignarinnar sem hjúskapareign en afganginum er síðan skipt samkvæmt þeim erfðareglum sem skýrðar voru hér að framan.

Reglur eru heldur ekki skýrar um skilgreiningu á maka við skipti á inneign í séreignarsjóði. Samkvæmt lífeyrissjóðalögum skal inneign skipt samkvæmt erfðalögum, en í þeim er maki eingöngu sá sem var í hjúskap með hinum látna við andlát. Í lífeyrissjóðalögum er skilgreiningin hins vegar víðari og tekur einnig til óvígðrar sambúðar eða staðfestrar samvistar, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í að minnsta kosti tvö ár. Spurningin er hvort skilgreina eigi maka samkvæmt erfðalögum eða lífeyrissjóðalögum. Að minnsta kosti einu sinni hefur komið upp ágreiningur um þetta atriði en þá úrskurðaði Fjármálaeftirlitið að skilgreiningin í lífeyrissjóðalögum næði einnig yfir inneign í séreignarsjóði eða á vörslureikningi lífeyrissparnaðar.

Inneign í séreignarsjóðum rennur ekki í dánarbú og skal því skipt við andlát. Maki getur því ekki gengið á alla inneignina á þeim grundvelli að hann sitji í óskiptu búi. Stundum vilja börn að eftirlifandi foreldri fái alla inneignina og samkvæmt íslenskum lögum er erfingja almennt heimilt að afsala sér arfi að hluta eða öllu leyti. Ef inneign í séreignarsjóði er framseld með þessum hætti greiðir sá sem tekur við greiðslunum frá sjóðnum tekjuskatt af þeim. Inneign sem erfist greiðist til maka á minnst sjö árum eða á þeim tíma sem maka vantar upp í 67 ára aldur. Inneign greiðist til barna á þeim tíma sem þau vantar upp á 18 ára aldur eða á fimm árum. Ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka eða börn er inneign að frádregnum tekjuskatti greidd í dánarbúið.

## Flutningur eigna milli kynslóða

Tilgangurinn með þessari bók er að aðstoða lesandann við að tryggja sér góð eftirlaun og fjárhagslegt öryggi á starfsævinni. Það er samt full ástæða til að láta fylgja með að fólk þarf að vera meðvitað um reglur um erfðamál og flutning á eignum milli kynslóða. Til dæmis er hugsanlegt að hjón eða einstaklingar sem telja sig hafa safnað óþarflega miklu til eftirlaunaáranna vilji gera ráðstafanir til þess að flytja hluta af eignum sínum til næstu kynslóðar.

Samkvæmt erfðalögum nr. 8/1962 erfa lögerfingjar eignir hins látna ef ekki er til nein erfðaskrá. Í lögum eru lögerfingjar eftirtaldir aðilar:

1. Maki hins látna.
2. Börn hins látna og aðrir afkomendur.
3. Foreldrar hins látna og afkomendur þeirra.
4. Föðurfóreltrar og móðurfóreltrar hins látna og börn þeirra.

### Hvert renna eignir ef engin erfðaskrá er til?

1.	Ef þú átt maka og börn	Maki fær fyrst helming af hjúskapareign og afgangi er síðan skipt þannig að maki fær 1/3 og börn 2/3
2.	Ef þú átt maka en engin börn	Maki fær allt
3.	Ef þú átt börn en engan maka	Börn og afkomendur fá allt
4.	Ef þú átt hvorki maka né börn eða afkomendur	(1) Foreldrar (2) Foreldri og systkini ef annað foreldri er látið (3) Systkini eða afkomendur þeirra ef báðir foreldrar eru látnir
5.	Ef þú átt hvorki maka, börn, foreldra, systkini né systkinabörn	(1) Afi og amma (2) Ef annað eða bæði eru látin erfa börn þeirra en ekki aðrir fjarskyldir ættingjar
6.	Ef þú átt enga lögerfingja	Allt til ríkisins

**Tafla 7.3** Hvað verður um eignir þínar þegar þú deyrð? Ef ekki er til erfðaskrá er eignum ráðstafað til lögerfingja í þeirri röð sem kemur fram í töflunni. Ef einstaklingur á enga lögerfingja renna eignirnar til ríkisins.

Maki og börn eru skylduerfingjar og er hvorki hægt að skerða arf þeirra meira en sem nemur 1/3 hluta af eignum hins látna með erfðaskrá né dánargjöfum. Í töflu 7.3 sést hvert eignir renna ef ekki er til nein erfðaskrá.

Í erfðalögunum eru sambýlifsfolk, stjúpbörn og fósturbörn ekki talin með lögerfingjum þrátt fyrir nán tengsl við hinn látna. Í lífeyrissjóðalögunum er réttur þessara aðila hins vegar tryggður með því að tilgreina að þessir aðilar eigi rétt á maka- og barnalífeyri við fráfall.

Við skipti á eignum eða dánarbúi er greiddur erfðafjárskattur í ríkissjóð. Núgildandi lög eru síðan 1984 en í desember 2003 lagði fjármálaráðherra fram stjórnarfrumvarp um breytingar á lögunum um erfðafjárskatt. Stefnt er að því að frumvarpið verði afgreitt á vörþingi 2004 og að það verði að lögum 1. júlí 2004 og taki til búskipta þar sem andlát á sér stað eftir að lögin taka gildi.

Maki, sambýlismaður eða sambýliskona greiða ekki erfðafjárskatt en aðrir erfingjar greiða erfðafjárskatt af öllum verðmætum sem við skiptin renna til þeirra. Samkvæmt gildandi lögum skiptast aðrir erfingjar í þrjá hópa:

1. Niðjar hins látna (afkomendur manns í beinan legg (börn, barnabörn o.s.frv.)), kjörbörn og stjúpbörn.
2. Foreldrar arfleifanda og niðjar þeirra, sem falla ekki undir lið 1.
3. Afar og ömmur arfleifanda og börn þeirra, svo og fjarskyldir eða óskyldir aðilar.

Fjárhæð erfðafjárskatts ræðst af tengslum erfingja við hinn látna og fjárhæðum sem erfast. Samkvæmt núgildandi lögum greiða þeir sem falla undir 1. flokk 5 til 10% erfðafjárskatt, þeir sem falla undir 2. flokk greiða 15 til 25% og þeir sem falla undir

3. flokk greiða 30 til 45%. Skatthlutfallið er stighækkandi eftir fjárhæðum og greiðist lægsta prósentan fyrir eignir undir 830 þúsund krónum og hæsta hlutfallið fyrir eignir yfir 4,1 milljónum króna.

Í frumvarpi um breytingar á lögum skiptast aðrir erfingjar en maki og sambýlismaður eða sambýliskona hins vegar í tvo flokka.

1. Niðjar hins látna, kjörbörn, stjúpbörn, fósturbörn og niðjar þeirra, svo og þeir sem hafa fengið ráðstafað fé samkvæmt erfðaskrá og skylduerfingjar eru á lífi.
2. Allir þeir sem ekki falla undir fyrri flokkinn, þar með taldir þeir sem fá arf samkvæmt erfðaskrá ef enginn skylduerfingi er á lífi.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem falla undir 1. flokk greiði 5% erfðafjárskatt og aðrir 10%. Maki og sambýlismaður eða sambýliskona verða áfram undanþegin greiðslu erfðafjárskatts.

Greiða skal erfðafjárskatt af öllum arfi, þar með talið af fyrirframgreiddum arfi, dánargjöfum og tilteknum gjöfum. Skuldir og kostnaður vegna útfarar dragast frá eignum áður en skatturinn er gerður upp. Við ákvörðun erfðafjárskatts eru fasteignir metnar á fasteignamatsverði, bifreiðar á áætluðu markaðsverði, innbú á matsverði, búpeningur samkvæmt landbúnaðarskýrslu, hlutabréf á nafnverði, skuldabréf, kröfur og innlánsreikningar á nafnverði auk vaxta og verðbóta og hugverkaréttindi á matsverði.

En skyldu vera til leiðir til að flytja eignir milli kynslóða án þess að þær rýrni? Svárið við þessari spurningu er að í lögum eru engar heimildir til að lækka erfðafjárskattinn. Í áhugaverðri grein eftir Margréti Sveinsdóttur<sup>1</sup> er hins vegar bent á leiðir sem mögulegt er að fara til að lækka skatta vegna erfða. Þær eru:

1. Framsal á arfi til þriðju kynslóðar. Ef erfingjar eru börn sem telja sig ekki þurfa á arfinum að halda kemur til greina að framselja arfinn til barnabarna eða annarra afkomenda. Með þeim hætti er greiddur einfaldur erfðafjárskattur í stað þess að greiða hann tvisvar ef börnin eignast arfinn fyrst og hann erfist síðan aftur.
2. Lækka eignarskatt með fyrirframgreiddum arfi. Ef einstaklingar greiða eignarskatt getur borgað sig að flytja eignir strax til erfingja og lækka þannig eignarskattsstofninn. Rétt er að hafa í huga að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ætlar samkvæmt stefnuyfirlýsingu að fella eignarskattinn niður. Verði sú breyting að veruleika er þessi aðgerð óþörf.

<sup>1</sup> Flutningur eigna milli kynslóða, erfðamál og skattlagning arfs. VÍB, febrúar 1997.

3. Gera eignabreytingar til þess að lækka erfðafjárskattstofn. Hlutabréf eru til dæmis talin fram á nafnvirði og því getur borgað að sig að selja önnur verðbréf og kaupa hlutabréf þar sem nafnverð er tiltölulega lágt hlutfall af verðmæti.

Þörfin fyrir ofangreindar aðgerðir minnkar verulega ef frumvarp til breytinga á erfðafjárskatti verður að lögum og skatthlutfallið lækkar eins og þar er lagt til.

Einhver kann að spyrja hvort ekki sé hægt að gefa afkomendum sínum eignir og færa þær þannig á milli kynslóða án þess að á þær leggist skattar. Því er til að svara að gjafir eru tekjuskattskyldar hjá þeim sem tekur við þeim. Samkvæmt skattalögum eru það bara „hæfilegar tækifærisgjafir“ sem eru skattfrjalsar.

## Samantekt og ráðgjöf

Helstu atriðin sem vert er að hafa í huga við skipulagningu á fjármálunum á eftirlaunaárunum eru samkvæmt framansögðu þessi:

***Þekktu rétt þinn til eftirlauna eða annarra friðinda.*** Byrjaðu á því að safna saman upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi og um tilhögun lífeyrisgreiðslna í þeim lífeyrissjóðum sem þú átt réttindi hjá. Taktu einnig saman hvaða viðbótarsparnað þú átt og hvaða aðrar eignir þú hyggst nota til að drýgja eftirlaunin. Kynntu þér hjá Tryggingastofnun ríkisins hvort þú átt rétt á lífeyrisgreiðslum umfram grunnlífeyri.

***Gerðu áætlun um lífeyrisgreiðslur.*** Þegar þú hefur safnað upplýsingum um lífeyrisréttindi og önnur réttindi skaltu gera áætlun um lífeyrisgreiðslur og hvernig þú hyggst ganga á viðbótarsparnað og aðrar eignir. Markmiðið er að tryggja jafnt tekjustreymi og að viðbótarsparnaðurinn gangi ekki of fljótt til þurrðar.

Það eru margir þættir sem hafa áhrif á samsetningu eftirlauna eða hvenær borgar sig að hefja töku lífeyris og með hvaða hætti.

- Einstaklingar sem eiga lítil lífeyrisréttindi ættu til dæmis að vera búnir að leysa viðbótarlífeyrissparnaðinn út fyrir 67 ára aldur því annars skerðir hann tekjutryggingu almannatrygginga.
- Ef fólk á annan sparnað og óinnleystan uppsafnaðan gengishagnað borgar sig á sama hátt að innleysa hagnaðinn fyrir 67 ára aldur því helmingur fjármagnstekna skerðir tekjutrygginguna.
- Það fer eftir aðstæðum hjá hverjum og einum og reglum lífeyrissjóða hvenær borgar sig að hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóðum. Þótt reglur sjóðanna séu hugsaðar þannig að það eigi ekki að skipta máli hvenær taka lífeyris hefst má stundum færa rök fyrir því að það borgi sig að flýta eða fresta töku lífeyris frá

### Tekjur á eftirlaunaárunum

Eftirlaun	Taka lífeyris	Ábendingar
Ellilífeyrir almanna-trygginga	Greiddur frá 67 ára aldri til æviloka. Tekjur yfir ákveðnum mörkum skerða mánaðarlegar greiðslur.	Sækja þarf um töku lífeyris og ekki er hægt að sækja um aftur í tímann.
Ellilífeyrir lífeyrissjóða	Greiddur frá 65–70 ára aldri til æviloka. Venjulega er hægt að flýta eða fresta töku lífeyris um nokkur ár.	Það fer eftir aðstæðum hjá hverjum og einum hvenær borgar sig að hefja töku lífeyris. Það er nóg að sækja um lífeyrisgreiðslur hjá einum lífeyrissjóði.
Viðbótarlífeyris-sparnaður	Laus til útborgunar frá 60 til 67 ára aldurs en réttahafar geta tekið inneign út á lengri tíma.	Yfirleitt er hagstæðara að ganga á annan sparnað á undan viðbótarlífeyrissparnaði vegna hagstæðra skattareglna (enginn fjármagnstekjuskattur og eignarskattur og ekki erfðafjárskattur til maka og barna).  Fyrir þá sem hafa lág eftirlaun getur borgað sig að nota inneignina fyrir 67 ára aldur þannig að hún skerði ekki tekjutengdar bætur frá almannatryggingum.
Annar sparnaður	Óbundinn sparnaður sem er laus til útborgunar samkvæmt vali eiganda.	Fólk þarf að gæta að því að tæma ekki varasjóð.  Fyrir þá sem hafa lág eftirlaun getur borgað sig að innleysa uppsafnaðan gengishagnað af verðbréfaeign fyrir 67 ára aldur þar sem vaxtatekjur geta skert tekjutengdar bætur almannatrygginga.
Aðrar eignir	Eignir seldar til að auka tekjur og lækka gjöld.	Ráðlegt að losa eignir sem ekki er þörf fyrir. Best er að gera það sem fyrst ef viðunandi verð fæst fyrir eignirnar.


**Tafla 7.4** Þegar komið er á eftirlaunaaldur þarf að taka ákvörðun um það hvenær á hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóðum og með hvaða hætti á að taka út viðbótarlífeyrissparnað og annan sparnað. Ef ætlunin er að ganga á aðrar eignir þarf einnig að ákveða með hvaða hætti það verður gert. Markmiðið er að tryggja tekjur til æviloka og að tekjur verði sem jafnastar eða í samræmi við óskir lífeyrisþega.

viðmiðunaraldri. Oftast er hægt að mæla með því að sjóðfélagar hefji töku lífeyris um leið og þeir geta.

- Þar sem ekki er greiddur eignarskattur og fjármagnstekjuskattur af viðbótarlífeyrissparnaði borgar sig yfirleitt að ganga á annan sparnað á undan honum.

**Farðu yfir eignasamsetningu eftirlaunasparnaðarins.** Skoðaðu vel hvernig eftirlaunasparnaðurinn er samsettur og gerðu ráðstafanir til að tryggja jafna og stöðuga ávöxtun. Eftirlaunaárin geta varað í 20 ár og stundum lengur og því borgar sig að hafa hluta sparnaðarins í hlutabréfum en minnka síðan vægi þeirra í áföngum á 5 til 10 árum. Verðtryggðir innlánsreikningar eru mjög góður kostur fyrir eftirlaunaþega en til þess að læsa inni núverandi vaxtastig borgar sig að eiga hluta af eignum í skuldabréfum eða skuldabréfasjóðum. Haldist kjör á innlánsreikningum áfram jafn góð og þau hafa verið á undanförunum árum er skynsamlegt að hafa stærstan hluta eigna í þeim og auka vægi þeirra með aldrinum. Eins og áður borgar sig að dreifa áhættunni með því að fjárfesta hjá mörgum aðilum.

## Dæmi um samsetningu eftirlauna



**Mynd 7.6** Það getur verið dálítið „púsluspil“ að skipuleggja samsetningu eftirlaunanna þannig að tekjustreymið verði jafnt eða í samræmi við eigin óskir. Myndin sýnir dæmi um samsetningu eftirlauna eftir skatta hjá hjónum sem hætta störfum þegar maki A er 65 ára og maki B er 62 ára. Þau voru með samtals 338 þúsund krónur á mánuði í laun fyrir skatta við starfslok. Þau áttu samtals 9,1 milljón á vörslureikningum viðbótarlífeyrissparnaðar og 8 milljónir í öðrum sparnaði. Þau höfðu bæði greitt í lífeyrissjóð alla starfsævina og höfðu áunnið sér rétt á 61% af lokalaunum en 56% af meðallaunum í ævilangan lífeyri frá 67 ára aldri. Til einföldunar er ekki reiknað með ellilífeyri almanna-trygginga í þessu dæmi.

Eftir vandlega skoðun og yfirlegu ákveða þau að haga samsetningu eftirlauna með eftirfarandi hætti:

- Þau ganga fyrst á annan sparnað og innleysa hann á 5 árum.
- Maki A hefur töku lífeyris úr lífeyrissjóði 65 ára en maki B við 67 ára aldur.
- Maki A byrjar að taka út viðbótarlífeyrissparnað 70 ára og maki B 67 ára. Bæði taka út inneignina á 15 árum.

Með þessari samsetningu fá þau 84% af lokalaunum eftir skatta á aldrinum 65 til 69 ára, 77% af lokalaunum 70 til 80 ára, 74% af lokalaunum 80 til 84 ára og 61% af lokalaunum frá 85 ára til æviloka.

**Vertu viðbúinn breytingum á fjármálum vegna andláts maka.** Kynntu þér hvaða áhrif fráfall annars hjóna hefur á fjármálin hjá hinu. Stundum þarf að gera ráðstafanir til þess að tryggja betur hag þess sem lifir og þá getur borgað sig að gera það fyrr en seinna.

**Undirbúðu flutning eigna milli kynslóða.** Ef þú vilt að eignir færast til afkomenda skaltu kynna þér reglur sem gilda um flutning á eignum og gera ráðstafanir til þess að eignirnar rýrni sem minnst við flutninginn.

Það gildir einu á hvaða æviskeiði einstaklingur er þegar ákveðið er hverju eyða megi í neytluvörur eins og mat, föt, áhugamál, gjafir og þess háttar. Alltaf þarf að gera áætlanir fram í tímann, athuga hverjar tekjurnar eru og verða og hvað hægt sé að leyfa sér að eyða miklu. Sé þetta gert áfram á eftirlaunaárunum og þess gætt að lifa ekki um efni fram er hægt að láta sér líða vel, jafnvel þó tekjurnar lækki nokkuð frá fyrri æviskeiðum. Ef heilsan er góð geta „gullnu árin“ þá staðið vel undir nafni.



### „Það er líf eftir bankann“

Ég varð dapur þegar samstarfsmaður, sem ég hafði haft mikil samskipti við til margra ára, tilkynnti að hann hygðist láta af störfum og fara á eftirlaun. Þessi starfsfélagi minn er á besta aldri og hefði átt að geta unnið nokkur ár í viðbót. Hann hafði verið mjög farsæll í starfi sínu og þó að alltaf komi maður í manns stað vissi ég að ég myndi sjá mikið eftir honum.

En svo fór ég að hugsa málið betur. Starfsmaðurinn hafði ekki bara staðið sig vel við meðhöndlun fjármuna á vinnustað heldur líka varðandi sín eigin fjármál. Ég hafði einhvern tíma heyrt hann lýsa því hvernig hann hefði lagt fyrir alla starfsævina og þannig tekist að byggja upp eignir og eftirlaunasjóð. Eftir nokkra umhugsun sá ég að fyrri afstaða mín byggðist á eigingirni en ekki á því að samgledjast honum yfir að hafa tekist að koma sér í þá aðstöðu að geta tekið ákvörðun um starfslok þegar hann var tilbúinn til þess. Það rann upp fyrir mér að hann var lýsandi dæmi um allt það sem ég hef verið að ráðleggja í þessari bók.


Í kveðjuhófi sem efnt var til þegar hann hætti tók ég í höndina á honum og þakkaði honum fyrir samstarfið í gegnum árin og óskaði honum síðan til hamingju með ákvörðunina. Ég spurði hvað hann ætlaði að taka sér fyrir hendur og hvort hann væri kannski búinn að ráða sig til vinnu á öðrum vettvangi. Hann sagði að það hefði aldrei komið til greina. Hann ætlaði að helga sig áhugamálum sínum sem væru mörg og tímafrek. Hann hefði stefnt að þessu lengi og nú væri hann tilbúinn að stíga skrefið til fulls. Hann sagðist þó áskilja sér rétt til að skipta um skoðun ef hann yrði ekki ánægður. En hann ætti síður en svo von á því. Hann sagði það vissulega hafa verið erfiða ákvörðun að yfirgefa vinnustaðinn sinn og samstarfsfólkið sem væri líka vinir hans. Hann sagðist hins vegar vera mjög sáttur við þessa ákvörðun og að hann hlakkaði mikið til þeirra verkfna sem biðu hans.

Ég var mjög hugsí á leiðinni heim eftir kveðjuhófið. Það er alltaf eftirsjá í góðu fólki og öllum breytingum og óvissu sem tengist þeim fylgir bæði kvíði og spenna. Ég velti því fyrir mér hver tæki við af félagi mínum og hvort nýr maður yrði jafn farsæll í starfi. Ég var hins vegar spenntur og glaður fyrir hönd hans og hugsaði með mér að ég skyldi reyna eftir föngrum að halda tengslum og fylgjast með honum. Á leiðinni minntist ég orða

samstarfsmanns í Íslandsbanka sem hefur unnið mikið í starfsmannamálum og átt töluverð samskipti við fyrrverandi starfsmenn bankans. Þessi ágæti samstarfsmaður sagði einhvern tíma við mig þegar við vorum að undirbúa fund um lífeyrismál starfsmanna að hann hefði komist að því að „það er líf eftir bankann“.

Þó að þessi orð væru sögð í gamni vissi ég að þeim fylgdi nokkur hugsun og alvara. Það er gott að starfa á góðum vinnustað og hafa tækifæri til að sinna spennandi verkefnum og vinna með góðu fólki. Þeim sem hafa verið lengi á sama vinnustað finnst stundum að þeir hafi lagt sitt af mörkum við að byggja hann upp og þá menningu sem þar ríkir. Af þeim sökum getur verið erfitt að hætta en einhvern tíma lýkur öllum sögum og nýjar taka við. Það er stórkostlegt að fá tíma og tækifæri til að sinna fjölskyldu, vinum og áhugamálum af heilum hug.

Við eigum bara eitt líf og við verðum að nota það vel. Stundum er of seint að taka ákvörðun um að leggja meira fyrir á starfsævinni til að geta hætt fyrr. Og við getum líka beðið of lengi með að taka ákvörðun um að hætta á meðan heilsan er góð og við getum notið þess að eiga nægan frítíma.



# VIÐAUKI I

## *Um lífeyriskerfi annarra þjóða*

### *Helstu atriði:*

- Lífeyrismál þjóða og starfsmanna sem vinna erlendis
- Þriggja stoða lífeyriskerfi
- Lífeyriskerfi í nokkrum löndum
  - Bandaríkin • Bretland • Danmörk • Finnland • Frakkland
  - Holland • Spánn • Svíþjóð • Sviss • Þýskaland • Japan
- Um Íslendinga sem vinna erlendis
- Um útlendinga sem vinna á Íslandi



## Lífeyrismál þjóða og starfsmanna sem vinna erlendis

Víðast hvar hefur verið litið svo á að það sé ein af skyldum þjóðfélagsins að tryggja öldruðum fjárhagslegt öryggi þegar ævistarfi þeirra lýkur. Þjóðir hafa hins vegar farið ólíkar leiðir til þess og eru misjafnlega í stakk búnar til að ná þessu markmiði. Hér á eftir verður fjallað um lífeyriskerfi nokkurra þjóða og hvernig þær leitast við að tryggja öldruðum eftirlaun. Fyrst verður farið almennt yfir þessi mál en síðan yfir skipulag lífeyrismála í nokkrum löndum.

Einn af fylgifiskum alþjóðavæðingar samtímans er að það verður sífellt algengara að einstaklingar vinni í fleiri en einu landi á starfsævinni. Þegar horft er til þess verða lífeyrismálum hér á landi ekki gerð nægileg skil nema litið sé einnig á lífeyrismál Íslendinga sem vinna erlendis og útlendinga sem vinna tímabundið á Íslandi.

### Þriggja stoða lífeyriskerfi

Algengast er að skipta lífeyriskerfum þjóða í tvo flokka, annars vegar gegnumstremiskerfi og hins vegar sjóðsöfnunarkerfi.

Í gegnumstremiskerfi fá eftirlaunaþegar lífeyri beint af samtímatekjum þeirra sem eru vinnandi. Hugmyndafræðin á bak við kerfið gerir ráð fyrir að ein kynslóð greiði fyrir aðra eða að vinnandi menn greiði af sköttum fyrir foreldra sína og njóti svo í staðinn sambærilegra greiðslna frá börnum sínum eftir að sest er í helgan stein.

Kostirnir við gegnumstremiskerfi eru að hægt er að greiða lífeyrisþegum góðan lífeyri strax við upptöku kerfisins, kerfið er tiltölulega ódýrt í rekstri og nær til allra. Gallinn er hins vegar að aldurssamsetning þjóða er breytileg og þess vegna leggst lífeyrisbyrðin misþungt á kynslóðir. Mörgum þessara kerfa var komið á þegar hlutfall aldraðra var tiltölulega lágt og þá var hægt að greiða þeim góðan lífeyri með lágum sköttum eða iðgjöldum. Þessi kerfi standa hins vegar frammi fyrir miklum vanda vegna fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóða og aukins hlutfalls aldraðra á næstu áratugum.

Sjóðsöfnunarkerfi byggist hins vegar á því að hver kynslóð sparar og safnar sjóði til að standa undir eigin eftirlaunum þegar vinnu lýkur. Kosturinn við sjóðsöfnunarkerfi er að hver kynslóð sér um sig og leggur ekki byrðar á næstu kynslóðir – það er óháð aldurssamsetningu þjóðarinnar. Gallinn við kerfið er hins vegar sá að það tekur mjög langan tíma, marga áratugi, að byggja upp sjóð sem greiðir góð eftirlaun.

Lífeyriskerfi sem byggja á sjóðsöfnun eru yfirleitt talin eftirsóknarverð. Á hinn bóginn er erfitt fyrir þjóðir að skipta um kerfi þar sem langan tíma tekur að byggja upp sjóðsöfnunarkerfi. Lífeyriskerfi þjóða eru þó sjaldnast annaðhvort hrein gegn-

umstremiskerfi eða hrein sjóðsöfnunarkerfi. Yfirleitt eru þau blönduð, þannig að hluti af lífeyrisgreiðslum er greiddur af sköttum og hluti úr lífeyrissjóðum eða öðrum frjálsum lífeyrissparnaði sem byggist á sjóðsöfnun.

Alþjóðabankinn hefur lagt til að lífeyriskerfi landa byggist á þremur meginstoðum:

### **Stoð 1.**

Opinbert almannatryggingakerfi. Kerfi með skylduaðild sem greiðir flatan grunnlífeyri eða tekjutengdan lágmarkslífeyri. Kerfið er fjármagnað með samtímasköttum. Meginmarkmiðið er tekjuföfnun og samtrygging.

### **Stoð 2.**

Lífeyrissjóðir. Sjálfstætt lífeyriskerfi með skylduaðild sem byggist á sjóðsöfnun í einstaklingsbundnu eða starfstengdu sparnaðarkerfi. Meginmarkmiðið er sparnaður til að standa undir ellilífeyri og samtryggingu.

### **Stoð 3.**

Frjáls einstaklingsbundinn sparnaður. Meginmarkmiðið er sparnaður til elliáranna og einstaklingsbundin elli- og örorkutrygging.

Rök Alþjóðabankans fyrir þessum tillögum eru byggð á því að lífeyriskerfi eigi að örva hagvöxt og vera jafnframt félagslegt öryggisnet. Þau eiga að hjálpa eftirlaunaþegum og auðvelda fólki að jafna tekjur á ævinni með því að færa tekjur frá fyrri æviskeiðum til efri árunna með sparnaði eða öðru fyrirkomulagi. Þau eiga einnig að veita tryggingar gegn margs konar áhættu sem hinir eldri standa einkum frammi fyrir.

Flestar þjóðir Vesturlanda búa við þriggja stoða lífeyriskerfi. Almannatryggingakerfi eru í fyrstu stoð og eru yfirleitt rekin með gegnumstremisfyrirkomulagi en þó eru til nokkur kerfi sem byggjast að hluta á sjóðsöfnun.

Í annarri stoð er lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda sem byggist oftast á sjóðsöfnun með föstum réttindum (*defined benefits*) eða föstum iðgjöldum (*defined contribution*). Með föstum réttindum er átt við að iðgjöld séu greidd í lífeyrissjóð sem lofar sjóðfélögum sínum lífeyrisréttindum á grundvelli iðgjaldsins eða að fyrirtæki lofi starfsmönnum réttindum á grundvelli vinnuframlags. Lífeyrissjóðir með föstum réttindum eru annaðhvort með ábyrgð launagreiðanda eða án hennar. Með föstum iðgjöldum er hins vegar átt við að iðgjöldin séu greidd í séreignarsjóð eða á vörslureikning lífeyrissparnaðar til ávöxtunar og lífeyrisgreiðslur byggist alfarið á ávöxtun iðgjaldanna. Útfærslan á lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda er mjög mismunandi milli þjóða. Oftast er kvöð á launagreiðendum um að skipuleggja og bjóða launþegum upp á að greiða í lífeyrissjóð eða á sérstaka vörslureikninga fyrir lífeyrissparnað.

Þriðja stoðin byggist oftast á frjálsum sparnaði einstaklinga sem njóta skattalegra fríðinda gegn því að sparnaðurinn sé bundinn til starfsloka.

Íslenska lífeyriskerfið er svipað og Alþjóðabankinn hefur lagt til. Í fyrstu stoðinni er almannatryggingakerfið sem er gegnumstreymiskerfi. Kerfið er fjármagnað með tryggingagjaldi sem launagreiðendur greiða og beinum framlögum frá ríkinu af fjárlögum hvers árs. Tryggingagjaldið var 5,73% af launum 2004. Í annarri stoðinni eru lífeyrissjóðirnir sem byggjast á sjóðsöfnun og skylduáðild. Iðgjöld eru 10% af launum og greiða launagreiðendur yfirleitt 6% og launþegar 4%. Í þriðju stoðinni er frjálst viðbótarlífeyrissparnaður sem byggist einnig á sjóðsöfnun. Launþegar geta greitt 4% af launum í viðbótarlífeyrissparnað og yfirleitt greiða launagreiðendur 2% mótframlag.


Eins og fram kom í 2. kafla er íslenska lífeyriskerfið mjög sterkt og eru eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af landsframleiðslu með því hæsta sem þekktist í heiminum. Önnur vísbending um styrkleika íslenska lífeyriskerfisins er að útgjöld ríkissjóðs til lífeyrismála eru með minnsta móti í samanburði við önnur lönd. Samkvæmt upplýsingum frá OECD voru útgjöldin 2,4% af vergri landsframleiðslu árið 2000 en til samanburðar má nefna að hlutfallið var 6,4% í Danmörku, 9,5% í Finnlandi og 11,1% í Svíþjóð. OECD hefur einnig spáð því hvert hlutfallið verði árið 2030 og er búist við að það vaxi í 4,2% á Íslandi, 10,9% í Danmörku, 17,8% í Finnlandi og 15% í Svíþjóð. Þessar tölur byggjast á framreikningi á útgjöldum ríkisins til lífeyrismála í 20 löndum. Framreikningurinn styðst við mannföldaspár og gerir ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi almannatryggingakerfis í hverju landi. Forsendur eru svipaðar milli landa en þó getur verið örlitill blæbrigðamunur á þeim. Engu að síður gefa tölurnar góða vísbendingu um mismunandi þunga lífeyrisbyrði ríkisins og um áhrif fyrirsjáanlegrar breytingar á aldurssamsetningu þjóða. Í þessum útreikningum OECD er ekki tekið tillit til þess að miðað við núverandi fyrirkomulag almannatrygginga á Íslandi munu tekjutengdar lífeyrisgreiðslur lækka í framtíðinni um leið og lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna aukast. Staða Íslands í alþjóðlegu samhengi er því enn sterkari en þessar tölur gefa til kynna.

Lífeyriskerfi í heiminum eru víða í endurskoðun vegna aukins kostnaðar og eins vegna þess að breytingar eru að verða á aldurssamsetningu flestra þjóða vegna minni viðkomu og aukins langlífis. Búist er við að hlutfall eftirlaunaþega hækki hjá flestum vestrænum þjóðum á næstu áratugum.

Um aldamót voru að meðaltali 3,5 vinnandi á móti hverjum lífeyrisþega í Evrópu en búist er við að hlutfallið lækki í 2,5 árið 2020. Þessi þróun er mjög óhagstæð fyrir þjóðir sem byggja lífeyriskerfi sitt að mestu leyti á gegnumstreymiskerfi. Vegna þessarar þróunar er fyrirsjáanlegt að útgjöld vegna almannatrygginga fari almennt vaxandi og vöxturinn verði mestur hjá þessum þjóðum. Sem dæmi má




## Aldurssamsetning þjóða heims er að breytast



Á næstu áratugum er því spáð að aldurssamsetningu vestrænna þjóða breytist og hlutfall eftirlaunapega vaxi verulega.

## Lífeyrisbyrði þjóða er misjöfn



Ólíki lífeyrisbyrði ríkja endurspeglar mismunandi vægi almannatryggingakerfis og einkasparnaðar með eða án þátttöku launagreiðenda. Í samræmi við spár um breytta aldurssamsetningu þjóðanna er búist við að lífeyrisbyrðin vaxi hjá öllum þjóðum.

nefna að búist er við að útgjöldin vaxi úr 9,8% af vergri landsframleiðslu í Frakklandi árið 2000 í 13,5% árið 2030 eða um 38%.

Í flestum ríkjum virðast menn vera að komast á þá skoðun að nauðsynlegt sé að auka þátt einkasparnaðar í greiðslu ellilífeyris til að draga úr álagi á skattkerfin. Markmiðið er að hlutfall einkasparnaðar sé nægjanlega mikið til að hlutverk almannatryggingakerfisins verði fyrst og fremst að greiða þeim lífeyri sem hafa ekki haft tæk á að byggja upp eigin sparnað. Af þessum sökum hafa breytingar á lífeyriskerfum almennt verið í þá átt að efla aðra og þriðju stöðina sem byggjast á sjóðsöfnun. Sú umbreyting tekur hins vegar langan tíma.

Þrátt fyrir sameiginlegt markmið um að tryggja öldruðum fjárhagslegt öryggi eru lífeyriskerfi þjóða jafn margvísleg og þjóðirnar eru margar. Við samanburð á lífeyriskerfum milli landa kemur í ljós að heildarskipulagið er víða svipað og flest ríki búa við þriggja stöða lífeyriskerfi í einhverri mynd. Vægi stöðanna og útfærsla á hverri stöð er hins vegar breytileg. Skattfríðindi fylgja yfirleitt öllum tegundum lífeyrissparnaðar og setja svip á áherslur og markmið sem hvert land vill setja sér.

## Lífeyriskerfi í nokkrum löndum

Á næstu síðum verður gefin stutt lýsing á lífeyriskerfum nokkurra þjóða í þremur heimsálfum. Tilgangurinn er að gefa lesandanum innsýn í mismunandi skipulag

lífeyriskerfa og það hvernig þessum málum er háttað í nokkrum þeirra landa sem algengast er að Íslendingar starfi í um lengri eða skemmri tíma. Þau lönd sem hér um ræðir eru Bandaríkin, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Holland, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Þýskaland og Japan.

Í Bandaríkjunum nær almannatryggingakerfið til um 96% launþega. Útgjöld ríkisins til þess hafa vaxið hratt á síðustu árum. Þau tvöfölduðust á árunum 1970 til 2000. Þar eru ríkisútgjöld vegna ellilífeyris samt með því lægsta sem þekktist í vestrænum ríkjum. Hlutfallið var 4,2% árið 2000. Með fyrirsjáanlegri breytingu á aldurssamsetningu þjóðarinnar er búist við að þetta hlutfall hækki og verði orðið 6,6% árið 2030.

Þótt ellilífeyrisbyrði almannatryggingakerfisins í Bandaríkjunum sé lág í alþjóðlegum samanburði getur væntanlegur vöxtur lífeyrisgreiðslna leitt til mikils álags á kerfið í framtíðinni. Vegna þessarar þróunar er hugsanlegt að ellilífeyrir almanna-trygginga lækki og það eru ekki góðar fréttir fyrir launþega þar sem aðeins um helmingur þeirra greiðir í lífeyrissjóði eða tekur þátt í lífeyrissparnaði í annarri og þriðju stoð lífeyriskerfisins.

Lífeyriskerfið í Evrópu einkennist af mikilli þátttöku ríkisins og sterkri fyrstu stoð. Þar er almannatryggingakerfið grunnurinn að flestum lífeyriskerfum. Í byrjun 21. aldarinnar komu að meðaltali 88% af lífeyrisgreiðslum þaðan, 7% frá starfsgreina- eða fyrirtækjalífeyrissjóðum en aðeins 1% frá einkalífeyrissjóðum eða frjálsum lífeyrissparnaði einstaklinga.

Japanska lífeyriskerfið hefur átt undir högg að sækja á undanförunum árum vegna þess hve þjóðin eldist hratt, hagvöxtur er lítill og vextir lágir. Af þessum ástæðum hefur reynst mjög erfitt að tryggja almannatryggingakerfinu nægilegt fjármagn til að geta staðið undir lífeyrisgreiðslum í framtíðinni. Á liðnum árum hefur því verið gripið til ýmissa ráðstafana til að draga úr lífeyrisbyrðinni. Meðal annars hafa lífeyrisréttindi verið lækkuð, iðgjöld hækkuð og eftirlaunaaldur hækkaður í áföngum úr 60 í 65 ára aldur.

Lítum nú aðeins nánar á lífeyriskerfi í nokkrum löndum.

### **Bandaríkin**

Í Bandaríkjunum er lífeyriskerfið sett saman úr þremur stoðum. Fyrsta stoðin er almenna lífeyriskerfið sem er venjulega kallað almannatryggingar. Önnur stoðin eru lífeyrissjóðir eða vörslureikningar styrktir af launagreiðendum og þriðja stoðin er frjáls viðbótarlífeyrissparnaður. Sumir tala um fjórðu stoðina sem eru laun til starfsmanna sem eru að draga úr vinnu eða fá greidd laun fyrstu árin eftir starfslok.

Almannatryggingakerfið er gegnumstreymiskerfi. Kerfið er fjármagnað með launaskatti og greiða launþegi og launagreiðandi báðir 7,65% af launum. Af því greiðast 5,3% frá hvorum aðila til að safna ellilífeyrisréttindum, 0,9% í örorku-



## Bandaríkin

Fólksfjöldi	280,6 milljónir í júlí 2002.		
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2002</b>	<b>Áætlun 2030</b>
	0–14 ára	21%	18%
	15–64 ára	66%	61%
	65 ára og eldri	13%	21%
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	% af VLF	4,3%	6,6%

Heimild: OECD og Swiss Life.

### 1. stoð. Almannyggingakerfi

Fyrir hverja	Fyrir alla vinnandi menn.
Tegund kerfis	Gegnumstreymiskerfi. Skylduaðild.
Iðgjöld/skattar	12,4% af launum í elli-, örorku- og makalífeyri. 2,9% í sjúkratryggingu (medicare). Greitt að jöfnu af launagreiðanda og launþega, hvor aðili greiðir 7,65%.
Eftirlaunaaldur	65 til 67 ára eftir því hvenær viðkomandi er fæddur. Mun hækka í áföngum í 67 ár á tímabilinu 2003 til 2027 hjá þeim sem eru fæddir eftir 1938. Hægt að flýta töku lífeyris til 62ja ára og fresta til sjötugs.
Ellilífeyrir	Áætlaður meðallífeyrir hjá einstaklingi sem hætti að vinna 65 ára árið 2003 voru 20.892 dollarar á ári.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Fyrir alla vinnandi menn eldri en 18 ára, yfirleitt eftir tiltekinn biðtíma.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnunarkerfi. Frjáls aðild.
Iðgjöld	Sum kerfi eru fjármögnuð algerlega af launagreiðanda en þátttaka launþega fer vaxandi.
Eftirlaunaaldur	65 ára. Hægt að flýta til 59,5 ára.
Ellilífeyrir	Byggist á sjóðsöfnun og að mestu á föstum iðgjöldum.
Aðrar bætur	Í sumum tilvikum er greiddur örorkulífeyrir í lengri eða skemmri tíma. Mörg kerfi eru með líftryggingu fyrir starfsmenn.

### 3. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðenda.

Fyrir hverja	Fyrir alla vinnandi menn undir 70,5 ára aldri.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnunarkerfi.
Iðgjöld	Skilgreint hámarksíðgjald samkvæmt skattalögum. Hámarksíðgjald árið 2003 var um 3000 dollarar á ári en réttthafar sem eru eldri 50 ára geta greitt meira, eða 3.500 dollara á ári.
Eftirlaunaaldur	59,5 ára.
Ellilífeyrir	Byggist á sjóðsöfnun og föstum iðgjöldum.

### Skattareglur

Iðgjöld	Iðgjöld launagreiðenda til almannatryggingakerfisins eru frádráttarbær kostnaður. Iðgjöld launagreiðenda til viðurkenndra vörsluaðila starfstengdra lífeyrissjóða eða reikninga eru frádráttarbær. Iðgjöld launþega eru yfirleitt greidd af skattlögðum launum en til eru sérstök kerfi þar sem iðgjöldin greiðast óskattlögð (401k). Iðgjöld á IRA eða Keogh reikninga að skilgreindu hámarki samkvæmt skattalögum eru frádráttarbær.
Lífeyrisgreiðslur	Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar sem hverjar aðrar launatekjur.

### Heimildir

The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003.  
Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999.  
Richard Disney and Paul Johnson. Pension Systems and Retirement Incomes across OECD Countries. Edward Elgar 2001.

tryggingu og 1,45% í sjúkratryggingar (medical care, kallað medicare). Áætlaður meðallífeyrir hjá einstaklingi sem hætti 65 ára árið 2003 var 20.892 dollarar á ári.

Í annarri stoðinni eru lífeyrissjóðir og vörslureikningar sem eru flestir tengdir launagreiðendum en lúta sérstökum lögum um lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda og opinberu eftirliti. Lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda eru algeng í Bandaríkjunum en flest fyrirtæki bjóða launþegum sínum upp á slík kerfi.

Um aldamót voru um 50% launþega í einkafyrirtækjum aðilar að sjálfstæðum lífeyriskerfum en um miðja öldina var hlutfallið 25%.

Á undanförunum árum hafa lífeyriskerfi sem byggjast á föstum iðgjöldum verið mjög eftirsótt. Dæmi um lífeyriskerfi eru 401k og 403b vörslureikningar, hlutabréfavilnanir og ágóðahlutdeildarkerfi. Vinsældir slíkra reikninga hafa aukist gífurlega á síðustu áratugum og þá einkum og sér í lagi 401k reikninga.

401k reikningarnir eru það lífeyriskerfi sem launþegar og launagreiðendur vilja helst nota. Nafnið 401k er tekið úr reglugerð og er númer á kafla sem fjallar um þessa vörslureikninga. Stjórnvöld kalla reikningana eftirlaunareikninga með skattfrestun en allir aðrir nota nafnið 401k. Reikningarnir eru meðal annars vinsælir vegna hagstæðra skattareglna sem hvetja til sparnaðar. Einn kostur við kerfið er að það hjálpar launagreiðendum að ná betri tengslum við launþega með því að styðja þá í því að leggja fyrir til eftirlaunaáranna. Helstu kostir 401k reikninganna eru eftirfarandi:

- Iðgjöld greiðast óskattlögð og inneign vex án skatta.
- Þægilegur sparnaður. Launagreiðandi greiðir iðgjöldin.
- Launþegar geta tekið lán út á eigin vörslureikning og sett eignir á vörslureikningi að veði.
- Launþegar geta flutt reikninga með sér ef þeir skipta um vinnu.
- Hægt er að taka út af reikningum án refsingar áður en eftirlaunaaldri er náð við viss skilyrði, t.d. ef eigandinn verður fyrir miklum fjárútlátum vegna veikinda eða heilsugæslukostnaðar. Þótt engin slík skilyrði séu fyrir hendi getur fólk tekið út inneign sína en greiðir þá 10% af henni sem úttektargjald.

401k er frjáls persónubundinn lífeyrissparnaður sem byggist á sparnaði á vörslureikningi sem launagreiðandi býður launþega. Venjulega semur launagreiðandi við fjármálafyrirtæki um að bjóða starfsmönnum vörslureikninga þar sem þeir geta valið á milli verðbréfasjóða. Launþegi greiðir iðgjaldið en launagreiðandi greiðir oftast fasta fjárhæð sem mótframlag samkvæmt tiltekinni formúlu. Iðgjöld eru greidd fyrir skatta en skattur er greiddur af útborgunum. Vegna skattalegs hagræðis er þak á framlagi launþega.

401k vörslureikningar eru frjálsir að því leyti að launþegi hefur val um það hvort hann greiðir iðgjöld og þá hvaða ávöxtunarleið hann notar. Þegar hann hefur valið reikninginn getur hann valið á milli nokkurra fjármálafyrirtækja (líftryggingafélög, bankar eða verðbréfasjóðir). Samkvæmt reglugerð þarf launagreiðandi að bjóða að minnsta kosti þrjár ávöxtunarleiðir með mismunandi áhættu, einn innlendan hlutabréfasjóð, einn blandaðan sjóð og einn skuldabréfasjóð. Aðrar vinsælar ávöxtunarleiðir eru meðal annars fastvaxtasamningar við líftryggingarfélag, hlutabréfa-

sjóðir sem fjárfesta í smáum fyrirtækjum og alþjóðlegir hlutabréfasjóðir. Flest fyrirtæki bjóða starfsmönnum að fjárfesta hluta af sparnaðinum í fyrirtækinu sjálfu og geta starfsmenn þá valið að fjárfesta í skuldabréfum eða hlutabréfum.

Rétthafar á 401k vörslureikningum taka virkan þátt í að velja eignasamsetningu en yfirleitt geta þeir valið á milli margra sjóða og ávöxtunarleiða. Undanfarin ár hafa þó blönduð eignasöfn fyrir mismunandi aldurshópa orðið æ vinsælli.

Samkvæmt reglugerð um 401k eru launagreiðendur skyldugir til að fræða þátttakendur/rétthafa um vörslureikningana og um fjárfestingar almennt. Rétthafar fá yfirlit og fréttabréf fjórum sinnum á ári með upplýsingum um ávöxtun og umsögn sjóðstjóra. Rétthafar geta líka hringt og fengið upplýsingar um daglega ávöxtun en einnig er hægt að fletta upp á þessum upplýsingum á vefsíðum. Margt bendir til þess að rétthafar fylgist vel með og geri samanburð á þeim kostum sem í boði eru.

Árið 2003 var hámarksframlag launþega inn á 401k reikning 12.000 dollarar. Launþegar 50 ára og eldri máttu þó bæta við 2000 dollurum til þess að hækka eftirlaunasjóðinn sinn. Lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðanda er einnig til fyrir starfsmenn stofnana og opinberra fyrirtækja og kallast vörslureikningarnir 403b.

Þriðja stoðin í lífeyriskerfi Bandaríkjanna er frjálss sparnaður einstaklinga sem getur verið hefðbundinn annar sparnaður eða bundnir vörslureikningar sem njóta sérstakrar skattalegrar meðhöndlunar. Dæmi um slíka reikninga eru IRA (individual retirement account) reikningar og Keogh kerfið.

IRA reikningarnir voru heimilaðir með sérstökum lögum árið 1974. Tilgangurinn með lögnum var m.a. að heimila einstaklingum, sem ekki höfðu aðgang að lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda, að greiða óskattlögð iðgjöld inn á sérstaka eftirlaunareikninga. Iðgjöld eru frádráttarbær frá skattskyldum tekjum upp að vissu marki og inneign vex óskattlögð. Rétthafi getur valið sér nánast hvaða ávöxtunarleið sem er. Eftirlaunaaldur er 59,5 ár en rétthafi verður að vera búinn að taka út inneign 70,5 ára annaðhvort með því að nota hana til að kaupa jafngreiðslubréf eða með venjulegum úttektum. Einstaklingar með 401k reikninga geta einnig stofnað IRA reikninga.

Keogh kerfið er fyrir sjálfstæða atvinnurekendur og starfsmenn þeirra. Þeir draga nafn sitt af Eugene J. Keogh sem var frumkvöðull að lagabreytingu 1962 sem heimilaði sjálfstæðum atvinnurekendum að ávaxta eftirlaunasparnað með óskattlögðu fé. Keogh kerfið getur verið heldur fastiðgjaldakerfi eða fastréttinda-kerfi.

Í Bandaríkjunum hafa menn vaxandi áhyggjur af síaukinni lífeyrisbyrði almannatryggingakerfisins. Margar tillögur hafa litið dagsins ljós til að draga úr skuldbindingum ríkisins. Þegar er búið að ákveða að eftirlaunaaldur verði hækkaður í áföngum en einnig hafa komið fram tillögur um að hækka skatta til almanna-tryggingakerfisins og um að heimildir launþega til lífeyrissparnaðar verði auknar.



## Bretland

Fólksfjöldi	59,8 milljónir í júlí 2002.		
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2002</b>	<b>Áætlun 2030</b>
	0–14 ára	19%	17%
	15–64 ára	65%	60%
	65 ára og eldri	16%	23%
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	% af VLF	4,6%	5,5%

Heimild: OECD og Swiss Life.

### 1. stoð. Almennatryggingakerfi

Fyrir hverja	Fyrir alla íbúa Bretlands yfir 16 ára aldri og undir 60–65 ára aldri (karlar 65 ára, konur 60 ára).
Tegund kerfis	Gegnumstreymiskerfi. Grunnlífeyrir með skylduaðild. Viðbótarlífeyrir fyrir launþega en þeir geta samið sig frá viðbótarlífeyri almennatrygginga með greiðslum á aðra „viðurkennda“ lífeyrisreikninga.
Iðgjöld	Launþegar greiða 11% af launum á tilteknu bili og 1% af tekjum yfir efri tekjumörkum. Launa-greiðendur greiða 12,8% af launum yfir neðri tekjumörkum.
Eftirlaunaaldur	65 ára hjá körlum, 60 ára hjá konum. Eftirlaunaaldur verður hækkaður í áföngum í 65 ár hjá konum til ársins 2020. Engar reglur eru um flýtingu eða frestun lífeyris.
Ellilífeyrir	Flatur grunnlífeyrir. Fullur grunnlífeyrir ef iðgjöld hafa verið greidd 90% af starfsævinni, annars lækkar lífeyrir í hlutfalli við greiðslutíma. Viðbótarlífeyrir hjá þeim sem greiða iðgjald til viðbótarlífeyris.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda.

Fyrir hverja	Fyrir alla eldri en 16 ára. Aðild er valfrjál. Tæplega 50% launþega eru í kerfinu.
Tegund kerfis	Flest ný kerfi byggjast á föstum iðgjöldum en sum eru fastréttindakerfi.
Iðgjöld	Framlag launþega er 4–5% af launum.
Eftirlaunaaldur	65 ár. Venjulega er hægt að flýta töku lífeyris um 10 ár.
Ellilífeyrir	Í fastréttindasjóðum ávinna sjóðfélagar sér 1,66% af lokalaunum á ári. Fastiðgjaldasjóðir eru algengir.

### 3. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðenda.

Fyrir hverja	Fyrir þá sem vilja bæta við lífeyrisréttindum eða býst ekki að greiða í starfstengdan lífeyrissjóð.
Tegund kerfis	Einkalífeyrisreikningar. Byggjast á föstum iðgjöldum.
Iðgjöld	Breytileg eftir aldri. Til dæmis að hámarki 17,5% af launum hjá 35 ára en 40% af launum hjá 61 til 74 ára.
Eftirlaunaaldur	65 ár. Venjulega er hægt að flýta töku lífeyris um 10 ár.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiðslu iðgjalda og ávöxtun.

### Skattareglur

Iðgjöld	Iðgjöld launagreiðenda til almennatryggingakerfisins eru frádráttarþær kostnaður. Iðgjöld launþega eru hins vegar greidd eftir skatta.
Lífeyrisgreiðslur	Iðgjöld launþega og launagreiðenda í starfsgreinatengdan lífeyrissjóð eða reikning eru frádráttarþær. Viðbótariðgjöld launþega eru frádráttarþær að skilgreindum mörkum í skattalögum.
	Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar sem hverjar aðrar launatekjur. Eingreiðsla af hlutdeildarreikningi er skattfrjál.

### Heimildir

The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003.  
 Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999.  
 Richard Disney and Paul Johnson. Pension Systems and Retirement Incomes across OECD Countries. Edward Elgar 2001.  
 Study on pension schemes of the member states of the European Union. Mai 2000.

## Bretland

Í Bretlandi er fyrsta stoð samsett af grunnlífeyri almennatrygginga og viðbótarlífeyri sem ræðst af tekjum á starfsævinni (the State Earnings Related Pension Scheme (SERPS), the State Second Pension frá 2002). Bæði kerfin eru gegnumstreymiskerfi. Iðgjöld til kerfisins greiðast í tryggingarsjóð sem greiðir lífeyri. Launþegar geta í sumum tilfellum samið um að greiða frekar í starfstengdan lífeyrissjóð eða einka-

lífeyrissjóð sem uppfyllir tiltekin skilyrði og sleppt því að greiða iðgjald til viðbótarlífeyris almannatrygginga.

Allir launþegar með laun yfir tilteknum mörkum verða að greiða iðgjöld til grunnkerfis almannatrygginga. Þeir sem eru atvinnulausir geta fengið að skulda iðgjöld og þeir sem eru með laun undir tekjumörkum geta greitt ef þeir vilja.

Bæði launþegar og launagreiðendur borga iðgjöld. Þau eru breytileg og ráðast af atvinnustöðu og tekjum. Launþegar greiða 11% af launum á tilteknu launabili og 1% af launum fyrir ofan efri tekjumörk. Launagreiðendur greiða 12,8% af öllum tekjum yfir neðri tekjumörkum. Ef launþegi er með viðbótarlífeyri hjá starfstengdum lífeyrissjóði eða einkalífeyrissjóði lækkar iðgjaldið.

Eftirlaunaaldur karla er 65 ár en kvenna 60 ár. Frá árinu 2010 verður viðmiðunaraldri kvenna breytt í áföngum og verður hann orðinn sá sami og hjá körlum árið 2020. Til þess að fá fullar lífeyrisgreiðslur verður fólk að hafa greitt iðgjöld að minnsta kosti 90% af starfsævinni. Þeir sem hafa greitt iðgjöld 25–90% af starfsævinni fá minni bætur og þá í hlutfalli við lengd starfstímans, en þeir sem hafa greitt skemur en fjórðung þessa tíma fá ekki lífeyrisgreiðslur.

Árið 2003 var fullur grunnlífeyrir 77,45 brekka pund á viku hjá einstaklingi. Til viðbótar grunnlífeyrinum fá lífeyrisþegar viðbótarlífeyri í hlutfalli við greidd iðgjöld.

Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda er í boði fyrir flesta launþega en ekki er um skylduaðild að ræða. Kerfið byggist upp á starfstengdum lífeyrissjóðum eða lífeyrisreikningum. Tæplega 50% launþega greiða iðgjöld til kerfisins. Launagreiðandi ræður því hvort hann býður starfsmönnum sínum upp á vörslureikninga, lífeyrissjóð sem byggist á föstum iðgjöldum eða lífeyrissjóð sem gefur föst réttindi.

Eftirlaunaaldur er sá sami og hjá almannatryggingum en þó er hægt að hefja töku lífeyris fyrr og eru dæmi um að hægt sé að flýta töku lífeyris um allt að 10 ár frá viðmiðunaraldri. Lífeyrisgreiðslur eru mismunandi eftir lífeyrissjóðum eða vörslureikningum en samkvæmt skattareglum mega lífeyrisgreiðslur ekki vera meiri en 2/3 af lokalaunum. Hjá flestum lífeyrissjóðum sem byggjast á föstum réttindum ávinna sjóðfélagar sér 1,66% (1/60) af lokalaunum á ári eða af meðaltali launa síðustu árin. Flestir nýir starfstengdir lífeyrissjóðir byggjast hins vegar á föstum iðgjöldum. Lífeyrissjóðurinn verður að vera óháður launagreiðandanum og með aðskildar eignir. Flestir vörslureikningarnir eða lífeyrissjóðirnir byggjast á sjóðsöfnun.

Iðgjöld eru breytileg eftir reikningum og sjóðum. Samkvæmt skattalögum verður launagreiðandi að greiða minnst 10% af iðgjaldinu og algengast er að hann greiði meira en launþeginn; jafnvel allt iðgjaldið. Launagreiðendur sem bjóða launþegum sínum að greiða á vörslureikninga eða í lífeyrissjóð geta farið

fram á að launþegarnir þurfi ekki að greiða iðgjald til viðbótarlífeyris almanna-trygginga.

Stjórnendur vörslureikninga eða lífeyrissjóða verða að tilnefna tryggingafræðing og endurskoðanda og í flestum tilvikum umsjónarmann til að sjá um ávöxtun eigna. Eignastýringafyrirtæki, bankar eða líftryggingafélög geta verið umsjónaraðilar.

Líftryggingafélög, bankar, verðbréfasjóðir og fjárfestingafélög mega einnig bjóða lífeyrisreikninga eða lífeyrissjóði með opinni aðild. Oftast byggjast reikningarnir á séreignarsparnaði.

Iðgjöld í starfstengda lífeyrissjóði og í lífeyrissjóði á vegum tryggingafélaga, banka eða verðbréfasjóðafyrirtækja eru skattfrjáls ef reikningarnir uppfylla viss skilyrði og hafa verið staðfestir af skattayfirvöldum. Hins vegar er greiddur skattur af lífeyrisgreiðslum.

Stjórnvöld í Bretlandi kynntu hlutdeildarlífeyri (stakeholder pension) í apríl 2001 sem nýjan og ódýran kost í lífeyrismálum. Kerfið leggur áherslu á sveigjanleika að því leyti að réttthafar geta flutt innstæður á milli reikninga án kostnaðar. Hlutdeildarlífeyrir byggist á reglulegum sparnaði og geta réttthafar tekið út einn fjórða hluta sparnaðarins í starfslok með skattfrjálsri eingreiðslu. Hlutdeildarreikningar skulu vera með lágmarkskostnaði og mega vörsluaðilar að hámarki taka 1% af eignum í árleg umsjónarlaun.

Iðgjöld eru óskattlögð og enginn fjármagnstekjuskattur er greiddur af vaxtatekjum. Lífeyrisgreiðslur eru hins vegar skattlagðar eins og aðrar launatekjur. Heimilt er að greiða iðgjöld á hlutdeildarlífeyrisreikning og í starfstengdan lífeyrissjóð á sama tíma. Undantekning frá þessu eru félagar í lífeyrissjóðum sem byggjast á föstum réttindum og hafa meiri tekjur en 30.000 bresk pund á ári eða eru stjórnendur fyrirtækja.

Heimilt er að greiða allt að 3.600 bresk pund á ári á hlutdeildarreikninga án tillits til launa. Í sumum tilvikum er heimilt að greiða meiri iðgjöld ef aldur og tekjur eru utan viðmiðunarmarka. Heimilt er að verja allt að 10% af iðgjaldinu til að kaupa líftryggingu þar sem líftryggingabætur lækka eftir því sem inneign vex. Launagreiðendur mega greiða iðgjöld inn á hlutdeildarlífeyrisreikninga en þeir eru ekki skyldugir til þess.

Launagreiðandi sem er með fleiri en fimm starfsmenn og býður þeim ekki starfstengdan lífeyri verður að bjóða þeim hlutdeildarlífeyri. Það hefur hins vegar gengið treglega að fá launagreiðendur til þess að bjóða hlutdeildarlífeyri og á árinu 2003 áttu um 30.000 fyrirtæki yfir höfði sér sekt þar sem þau höfðu ekki sinnt þessari kvöð.

Bæði launþegar og launagreiðendur geta stofnað einkalífeyrisreikninga. Launþegar geta gert það í staðinn fyrir að greiða í starfstengda lífeyrissjóði eða í staðinn fyrir að greiða til viðbótarlífeyris almannatrygginga. Hámarksframlag á einkalífeyr-



isreikning er 17,5% af árlegum launum fyrir 35 ára einstakling en hámarkið hækkar með aldrinum og getur einstaklingur á aldrinum 61 til 74 ára greitt allt að 40% af launum sínum. Hámarkslaun sem miðað er við eru 136 þúsund evrur á ári. Venjulega er ekki hægt að greiða bæði í starfstengda lífeyrissjóði og á einkalífeyrisreikning á sama tíma.

### **Danmörk**

Almannatryggingakerfið í Danmörku er með skylduaðild fyrir alla danska ríkisborgara. Almannatryggingakerfið greiðir tvenns konar ellilífeyri, grunnlífeyri með tekjutengdum lágmarkslífeyri sem er fjármagnaður með gegnumstreymisfyrirkomulagi og viðbótarlífeyri sem byggist á sjóðsöfnun (annars vegar eldra kerfi sem nefnist ATP og hins vegar kerfi frá 1999 sem kallast SP). ATP kerfið er sjóðsöfnunarkerfi fyrir alla launþega sem vinna meira en 9 klst. á viku.

Ólíkt öðrum löndum í Evrópusambandinu greiða launagreiðendur og launþegar óveruleg iðgjöld til kerfisins. Ellilífeyrir (grunnlífeyrir og tekjutengdur lágmarkslífeyrir) og aðrar bætur eru því að stórum hluta fjármagnaðar með almennum tekjum ríkissjóðs. Fyrir vikið er greiðslubyrði danska ríkisins af almannatryggingum með því þyngsta sem gerist í Evrópu.

Allir Danir sem hafa búið í Danmörku í 40 ár á aldrinum 15 til 67 ára eiga rétt á ellilífeyri almannatrygginga. ATP kerfið greiðir viðbótarlífeyri frá 67 ára aldri og SP kerfið frá 65 ára og ráðast lífeyrisgreiðslur af framlögum hvers og eins.

ATP kerfinu var komið á árið 1964. Iðgjöld í sjóðinn byggjast á föstu árlegu gjaldi sem launþegar og launagreiðendur greiða (launþegar 895 danskar krónur og launagreiðendur 1789 danskar krónur). Samanlögð iðgjöld launþega og launagreiðenda nema um 1% af heildarlaunum í Danmörku. ATP lífeyrissjóðurinn er einn af stærstu lífeyrissjóðum í Danmörku og nema eignir hans um 25% af landsframleiðslu.

SP kerfið er fyrir alla launþega á aldrinum 16 til 64 ára. Iðgjöld í SP kerfinu eru um 1% af heildarlaunum. Iðgjöld eru greidd á sérgreinda reikninga og er höfuðstóll og vextir greiddir út við 65 ára aldur.

Önnur stoð danska lífeyriskerfisins er fastiðgjaldakerfi og greiða launþegi og launagreiðandi mánaðarlega fasta fjárhæð af launum. Almennt eru launþegar skyldugir til að greiða iðgjöld í starfstengda lífeyrissjóði eða inn á vörslureikninga. Skylduaðildin byggist á samkomulagi í kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Fyrir nokkrum árum var aðeins hluti af launþegum með þetta ákvæði í kjarasamningum en í framhaldi af kjarasamningum 1989 og 1991 hefur þátttakan aukist mikið og er talið að um 80% af vinnandi fólki leggi fyrir með þessum hætti (fastiðgjaldakerfið nær ekki til sjálfstæðra atvinnurekenda). Iðgjöld launþega og launagreiðanda eru á bilinu 3–20% af launum.



## Danmörk

Fólksfjöldi	5,4 milljónir í júlí 2002.		
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2002</b>	<b>Áætlun 2030</b>
	0–14 ára	19%	17%
	15–64 ára	66%	60%
	65 ára og eldri	15%	23%
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	% af VLF	6,6%	10,9%
			Heimild: OECD og Swiss Life.

### 1. stoð. Almennatryggingakerfi

Fyrir hverja	Grunnlífeyrir er fyrir alla íbúa. Fullur lífeyrir er greiddur eftir 40 ára búsetutíma. Viðbótarlífeyrir: Fyrir alla vinnandi menn 16 til 66 ára. ATP kerfi. Sérstakur lífeyrir: Fyrir alla vinnandi menn 16 til 64 ára. SP kerfi.
Tegund kerfis	Grunnlífeyrir er greiddur úr gegnumstreymiskerfi. Viðbótarlífeyrir úr ATP kerfi og SP kerfi byggist á sjóðsöfnun.
Iðgjöld	Óveruleg. Eftirlaun og aðrar bætur eru að stærstum hluta fjármagnaðar með almennum tekjum ríkissjóðs. Iðgjöld til ATP kerfisins byggjast á föstu mánaðarlegu iðgjaldi sem launþegar og launagreiðendur greiða. Iðgjöld til SP kerfisins eru 1% af launum.
Eftirlaunaaldur	65 ára. Hægt að flýta töku lífeyris til 60 ára.
Ellilífeyrir	Grunnlífeyrir + tekjutengdur lífeyrir ef einstaklingur hefur litlar aðrar tekjur. Ef íbúi hefur búið skemur en 40 ár í landinu er fjárhæð margfölduð með fjölda ára / 40.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, heilsugæsla.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Vinnandi fólk á aldrinum 18 til 65 ára. 80% launþega eru í kerfinu.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnunarkerfi. Skylduaðild.
Iðgjöld	Iðgjöld eru venjulega 12–15% af heildarlaunum. Launagreiðandi greiðir 2/3 og launþegi 1/3.
Eftirlaunaaldur	65 ára. Hægt er að flýta töku lífeyris til 60 ára aldurs.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiddum iðgjöldum. Ellilífeyrir er greiddur með eingreiðslu eða með samningum um jafnar greiðslur (annuity).
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir (hóprýgging), líftrygging (hóprýgging), barnalífeyrir og heilsutrygging.

### 3. stoð. Viðbótarlífeyrissparnaður. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Vinnandi fólk.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun, oft með tryggingum. Vörslureikningar í umsjón banka, lífeyrissjóða og tryggingafélaga.
Eftirlaunaaldur	60 ár.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiðslu iðgjalda.
<b>Skattareglur</b>	
Iðgjöld	Iðgjöld til ATP kerfisins og sjálfstæðra lífeyrissjóða eða reikninga eru frádráttarþær fyrir bæði launþega og launagreiðendur. Iðgjöld launþega verða að greiðast með milligöngu launagreiðenda.
Lífeyrisgreiðslur	Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar sem hverjar aðrar launatekjur. Eingreiðslur eru skattlagðar með flatrí prósentu, 40% árið 2003.
Heimildir	The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003. Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999. Nefnd um sveigjanleg starfslok. Lokaskýrsla í október 2002. Forsætisráðuneytið. Study on pension schemes of the member states of the European Union. Maí 2000.

Vörslureikningarnir eru í umsjón lífeyrissjóða, banka og tryggingafélaga og byggja á sjóðsöfnun. Í Danmörku eru tvenns konar lífeyrissjóðir. Starfstengdir sjóðir sem ná til allra innan tiltekinnar starfsgreinar og fyrirtækjasjóðir sem ná eingöngu til starfsmanna viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtækjasjóðir eru tiltölulega fáir. Þeir eru sjálfstæðir og óháðir fyrirtækinu. Um það bil tveir þriðju af starfstengdum lífeyrisreikningum eru í umsjón líftryggingafélaga en afgangurinn er hjá bönkum og lífeyrissjóðum. Algengt er að hluta iðgjalds sé varið til að kaupa líftryggingu.

Danskir launþegar eiga möguleika á að leggja fyrir frjálsan viðbótarlífeyrissparnað og fá skattaávilnun eftir vissum reglum. Til þess að eiga rétt á skattaafslætti þarf starfsmaður að undirgangast reglur sem kveða á um að lífeyrir sé greiddur út á 10 ára tímabili eftir að 60 ára aldri er náð.

### **Finnland**

Allir ríkisborgarar í Finnlandi eru með skylduaðild að almannatryggingakerfinu frá 16 ára aldri. Almennatryggingar greiða lágmarksellilífeyri til eftirlaunaþega sem fá ekki lífeyrisgreiðslur úr starfsgreinalífeyrissjóðum eða fá lág eftirlaun greidd úr þeim. Ellilífeyrir almennatrygginga er um það bil 20% til 24% af launum. Ellilífeyrir er tengdur tekjum úr starfsgreinasjóðum en ekki öðrum tekjum. Ekki er tekið tillit til tekna maka í kerfinu.

Ellilífeyrir almennatrygginga er fjármagnaður með samtímaiðgjöldum eða sköttum og er iðgjald launagreiðanda um 2,4 til 4,9% af launum. Ekkert þak er á launum sem greitt er af.

Eftirlaunaaldur er 65 ára. Ef töku lífeyris er frestað hækka lífeyrisgreiðslur um 0,6% fyrir hvern mánuð sem líður þar til þær hefjast. Hægt er að flýta töku lífeyris til 60 ára aldurs en þá lækka lífeyrisgreiðslur um 0,4% fyrir hvern mánuð sem lífeyrisgreiðslum er flýtt frá 65 ára aldri. Fullur lífeyrir er greiddur ef lífeyrisþegi hefur búið í Finnlandi í 40 ár. Lífeyrisgreiðslur lækka ef búsetutíminn er skemmri. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna ræðst ekki bara af búsetutíma heldur einnig af búsetustað, hjúskaparstöðu og tekjum úr starfsgreinalífeyrissjóðum.

Í Finnlandi er skylduaðild að starfstengdum lífeyrissjóðum. Launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur eiga aðild að sjóðunum sem byggjast á föstum réttindum og sjá tryggingafélög oftast um rekstur þeirra. Starfsgreinasjóðirnir geta verið gegnumstreymissjóðir eða byggst á sjóðsöfnun. Starfsgreinasjóðir fyrir launaþega eru venjulega blanda af gegnumstreymisfyrirkomulagi og sjóðsöfnum. Launagreiðendur greiða að meðaltali 16,7% af launum og launþegar 4,4%. Ekkert þak er á iðgjöldum.

Eftirlaunaaldur er 65 ár. Hægt er að flýta töku lífeyris en þá lækkar fjárhæð lífeyrisgreiðslna fyrir hvert ár sem henni er flýtt. Í starfsgreinasjóðum sem byggjast á frjálsri aðild er hægt að flýta töku lífeyris til 55 ára aldurs.

Fjárhæð lífeyrisgreiðslna er reiknuð í hlutfalli af fjölda ára á vinnumarkaði. Einstaklingar byrja að safna réttindum frá 23 ára aldri. Fyrir 1. júlí 1962 var réttindaávinnsla 0,5% af launum sem var greitt af en eftir þann tíma er réttindaávinnslan 1,5%. Frá 60 ára aldri er réttindaávinnslan 2,5%. Hámarksréttur er 60% af meðallaunum síðustu 10 ára á vinnumarkaði. Ekkert þak er á fjárhæð lífeyrisgreiðslna.

Iðgjöld launagreiðenda í starfstengda lífeyrissjóði eru frádráttarbær kostnaður.



## Finnland

Fólksfjöldi	5,2 milljónir árið 2002.		
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2002</b>	<b>Áætlun 2030</b>
	0–14 ára	18%	17%
	15–64 ára	67%	58%
	65 ára og eldri	15%	25%
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	% af VLF	9,7%	17,8%

Heimild: OECD og Swiss Life.

### 1. stoð. Almennatryggingakerfi

Fyrir hverja	Fyrir alla íbúa, þ.m.t. útlendinga sem hafa átt heima í Finnlandi í 5 ár (fyrir íbúa Evrópusambandsríkja er miðað við 3 ár). Skylduaðild.
Tegund kerfis	Gegnumstreymiskerfi.
Iðgjöld	Launagreiðendur greiða 2,4% til 4,9% af launum.
Eftirlaunaaldur	65 ára.
Ellilífeyrir	Grunnlífeyrir að hámarki 495 evrur. Ellilífeyrir lækkar vegna annarra lífeyrisgreiðslna en ekki vegna atvinnu- eða fjármagnstekna. Fjárhæð ræðst af iðgjöldum, fjölskylduáðstæðum og búsetutíma.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, sjúkratrygging.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Fyrir alla vinnandi menn.
Tegund kerfis	Gegnumstreymiskerfi og sjóðsöfnun, mismunandi eftir sjóðum. Skylduaðild. Lífeyrissjóðir byggjast á föstum réttindum.
Iðgjöld	Launagreiðendur greiða að meðaltali 16,7% af launum. Launþegar greiða 4,4% af launum.
Eftirlaunaaldur	65 ára, hægt að flýta til 60 ára.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiðslum á starfsævinni. Hámarksréttur er 60% af meðallaunum síðustu 10 starfsáranna.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir.

### 3. stoð. Viðbótarlífeyrissparnaður. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Fyrir þá sem vilja auka lífeyrisréttindi með viðbótarsparnaði.
Tegund kerfis	Fastiðgjaldakerfi. Vörslureikningar hjá líftryggingafélögum.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiddum iðgjöldum og ávöxtun.

#### Skattareglur

Iðgjöld	Iðgjöld launagreiðenda og launþega til almennatryggingakerfis, starfsgreinasjóða og viðbótar-sparnaðar eru alltaf frádráttarbær.
Lífeyrisgreiðslur	Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar eins og aðrar launatekjur.

#### Heimildir

The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003.  
 How will aging affect Finland? OECD. Maí 2001.  
 Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999.  
 Nefnd um sveigjanleg starfslok. Lokaskýrsla í október 2002. Forsætisráðuneytið.  
 Study on pension schemes of the member states of the European Union. Maí 2000.

Skilyrði fyrir frádráttarbærni mótframlaga launagreiðenda til lífeyrissjóða er að ellilífeyrir sé greiddur í fyrsta lagi við 55 ára aldur og að lífeyrisgreiðslur fari ekki yfir 66% af launum einstaklings. Iðgjald launþega má vera að hámarki 75% af heildariðgjöldum.

Vegna samtengingar ellilífeyris almennatryggingakerfisins og lífeyris úr starfstengdu lífeyrissjóðunum er stundum talað um að kerfið sé formlega samþætt. Af þessari ástæðu eru lífeyrisgreiðslur starfstengdu sjóðanna taldar með tölum OECD um útgjöld ríkisins til lífeyrismála sem voru 9,5% fyrir árið 2000. Í raun eru bein útgjöld ríkisins miklu minni eða um 2,5% árið 2000. Á hinn bóginn benda áætlanir til þess að starfstengdu lífeyrissjóðirnir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar miðað við núverandi iðgjöld. Útreikningar benda til þess að iðgjöldin þurfi að

hækka um 10 prósentustig. Að öðrum kosti er talið að eignir sjóðanna verði uppnarnar árið 2030. Margir telja að atvinnulífið í Finnlandi þoli ekki svo mikla hækkun og að ríkið verði því að taka á sig auknar skuldbindingar.

Einstaklingar geta sparað sjálfir til eftirlaunaáranna með því að greiða inn á vörslureikninga sem líftryggingafélög bjóða upp á. Þessi sparnaður hefur vaxið um 20% á ári undanfarin ár og nýta um 7% starfsmanna sér þennan möguleika.

### **Frakkland**

Allir launþegar eru í almannatryggingakerfinu sem skiptist í þrjú kerfi. Almennu kerfi, kerfi opinberra starfsmanna og kerfi sjálfstæðra atvinnurekenda. Fjármögnun er byggð á samtímasköttum og er mismunandi milli deilda. Árið 1998 voru heildargreiðslur 16,35% af launum, þar af voru 9,8% greidd af launagreiðendum og 6,55% af launþegum. Ellilífeyrisaldur og lífeyrisgreiðslur eru mismunandi milli kerfa. Almenna kerfið lofar launþegum 60 ára og eldri sem hafa greitt a.m.k. 15 ársfjórðunga (38,75 ár) 50% af meðallaunum 15 bestu árána sem þeir greiddu í kerfið.

Saga franska almannatryggingakerfisins nær alveg aftur til ársins 1945 þegar almenna kerfið var stofnað. Fyrir þann tíma voru til starfsgreinalífeyrissjóðir sem byggðust á sjóðsöfnun en þeir lutu í lægra haldi fyrir verðbólgu fyrir og eftir síðustu heimsstyrjöld. Þegar ákveðið var að almannatryggingakerfið skyldi vera gegnumstreymiskerfi var horft til þessarar reynslu auk þess sem þá þurfti að finna lausn til að geta hafið eftirlaunagreiðslur þegar í stað. Kosturinn við gegnumstreymiskerfi er einmitt að hægt er að hefja lífeyrisgreiðslur strax.

Í Frakklandi er skylda að allir launþegar í einkafyrirtækjum greiði í starfstengt lífeyriskerfi. Kerfið, sem er fjármagnað með samtímaiðgjöldum, lofar launþegum viðbótarlífeyri í hlutfalli af launum. Stjórnendur safna réttindum í svokölluðu AGIRC kerfi (Association Generale des Institutions de Retraite des Cadres) og aðrir starfsmenn í kerfi sem kallast ARRCO (Association pour le Regime de Retraite Complementaire).

Bæði AGIRC og ARRCO eru gegnumstreymiskerfi sem eru fjármögnuð með samtímaiðgjöldum. Iðgjöld í ARRCO eru 6,25% af launum og greiðir launagreiðandi 3,75% af launum en launþegi 2,5%. Iðgjöld í AGIRC eru hærri. Í það greiða bæði launagreiðandi og launþegi 8,75% af launum. Lífeyrisréttindi eru mæld í stigum. Iðgjöld er reiknuð yfir í stig og fjárhæð lífeyrisgreiðslna ræðst af heildarfjölda stiga.

Samanlagður lífeyrir úr almannatryggingakerfinu og starfstengda viðbótarlífeyriskerfinu er mismunandi eftir störfum og launum. Lífeyrir er nálægt 70% af meðallaunum hjá skrifstofufólki og stjórnendum.

Í Frakklandi er einnig til frjálst viðbótarlífeyriskerfi. Þetta eru starfstengdir reikningar og oftast tengdir einstökum fyrirtækjum. Þeir eru skipulagðir fyrir alla



## Frakkland

Fólksfjöldi	59,3 milljónir árið 2002.		
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2002</b>	<b>Áætlun 2030</b>
	0–14 ára	19%	17%
	15–64 ára	65%	60%
	65 ára og eldri	16%	23%
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	% af VLF	9,8%	13,5%

Heimild: OECD og Swiss Life.

### 1. stoð. Almennatryggingakerfi

Fyrir hverja	Þrjú kerfi: Almennt kerfi, m.a. fyrir starfsmenn einkafyrirtækja og landbúnaðarfyrirtækja. Kerfi opinberra starfsmanna. Kerfi sjálfstæðra atvinnurekanda.
Tegund kerfis	Gegnumstremiskerfi. Skylduaðild.
Iðgjöld	Launagreiðendur greiða 9,8% og launþegar 6,55%.
Eftirlaunaaldur	65 ára, hægt að flýta lífeyrisgreiðslum til 60 ára aldurs.
Ellilífeyrir	Ræðst af iðgjöldum. Getur orðið 50% af meðallaunum 15 bestu árunna miðað við greiðslur í 38,75 ár.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, eingreiðsla við fráfall, heilsugæsla.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Fyrir alla starfsmenn einkafyrirtækja.
Tegund kerfis	Gegnumstremiskerfi með skylduaðild (ARRCO og AGIRC). Viðbótarlífeyrir sem byggist á sjóðsöfnun og frjálsri aðild.
Iðgjöld	ARRCO. 6,25% af launum, launagreiðandi greiðir 3,75 og launþegi 2,5%. AGIRC. 17,5% af launum. Launagreiðandi og launþegi greiða 8,75% hvor.
Eftirlaunaaldur	65 ára, hægt að flýta lífeyrisgreiðslum til 60 ára aldurs.
Ellilífeyrir	Ellilífeyrir í ARRCO og AGIRC er breytilegur og ræðst af greiðslum og áunnum stigum sem ráðast af greiðslum ár hvert deilt með viðmiðunarlaunum.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, eingreiðsla við fráfall.

### 3. stoð. Viðbótarlífeyrissparnaður. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Fyrir þá sem vilja auka lífeyrisréttindi með viðbótarsparnaði.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun. Séreignarsparnaður.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiddum iðgjöldum og ávöxtun.
<b>Skattareglur</b>	
Iðgjöld	Iðgjöld launagreiðanda og launþega í almennatryggingakerfið eru frádráttarbær. Iðgjöld launagreiðanda í starfsgreinatengda kerfið eru frádráttarbær. Iðgjöld launþega í kerfið einnig frádráttarbær en með vissum skilyrðum.
Lífeyrisgreiðslur	Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar eins og aðrar launatekjur. Sérstök skattprósenta gildir fyrir eingreiðslur.
<b>Heimildir</b>	The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003. Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999. Richard Disney and Paul Johnson. Pension Systems and Retirement Incomes across OECD Countries. Edward Elgar 2001. Study on pension schemes of the member states of the European Union. Mai 2000.

starfsmenn fyrirtækisins eða fyrir sérstaka hópa innan þeirra, t.d. stjórnendur. Kerfið getur byggst á skuldbindingum fyrirtækisins á efnahagsreikningi eða verið stýrt af fyrirtækjum sem bjóða viðbótarlífeyrissparnað. Það er hins vegar lítil hluti af launþegum einkafyrirtækja sem sparar með þessum hætti.

Einnig er til frjálst viðbótarkerfi fyrir opinbera starfsmenn, sjálfstæða atvinnurekendur og bændur. Kerfið er rekið af stofnunum samkvæmt tilskipun um tryggingafélög.

Einstaklingar geta greitt skattlaus iðgjöld í viðbótarlífeyrissparnað að eigin vild.

Það eru einkum líffryggingafélög sem selja slíka reikninga. Sumarið 2003 voru samþykkt ný lög um viðbótarlífeyrissparnað. Markmið laganna er að örva einkasparnað með hagstæðum skattareglum til að draga úr útpenslu almannatryggingakerfisins.

Franska almannatryggingakerfið er mjög viðtækt öryggisnet fyrir launþega. Kerfið stendur hins vegar frammi fyrir miklum fjárhagsvanda vegna aukinnar lífeyrisbyrði og aukins kostnaðar vegna heilbrigðismála. Útgjöld ríkisins hafa aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og þótt skattar hafi verið hækkaðir hefur það haft lítið að segja. Í mörgum opinberum skýrslum um vandamálið hefur niðurstaðan orðið sú sama: að lífeyrisgreiðslur verði að lækka og eftirlaunaaldur að hækka.

### **Holland**

Allir Hollendingar eru aðilar að almannatryggingakerfinu. Útlendingar sem vinna í Hollandi eru einnig skyldugir til að eiga aðild að kerfinu ef þeir greiða launaskatt. Almannatryggingakerfið er gegnumstreymiskerfi. Launþegar greiða iðgjald en ekki launagreiðendur. Iðgjöldin eru greidd í sjálfstæðan sjóð – AOW sjóðinn (Algemene Ouderdomswet) – og lífeyrisgreiðslur eru ekki greiddar af fjárlögum ríkisins. Á síðustu árum hefur ríkið greitt af fjárlögum í sérstaka sjóði sem verða notaðir til að styðja við AOW sjóðinn í framtíðinni.

Iðgjald launþega til almannatryggingakerfisins árið 2000 var 17,9% af launum en iðgjald er greitt af launum allt að 22 þúsund evrur á ári. Iðgjald er dregið frá launum um leið og skattar.

Eftirlaunaaldur er 65 ár. Ekki er hægt að flýta greiðslum né fresta þeim. Lífeyrisgreiðslur eru háðar hjúskaparstöðu og óháðar tekjum á starfsævinni. Árið 2003 var ellilífeyrir einstaklinga 11.400 evrur á ári og hjóna 15.700 evrur. Þetta er hámarks-greiðsla og er miðuð við 50 ára búsetu í Hollandi. Lífeyrisgreiðslur lækka um 2% fyrir hvert ár sem búsetutíminn er styttri en það.

Í Hollandi eru launagreiðendur ekki skyldugir til að bjóða starfsmönnum sínum lífeyriskerfi. Ef fyrirtæki gerir það eru iðgjöldin greidd í lífeyrissjóð sem er óháður fyrirtækinu eða til tryggingafélags sem fyrirtækið semur við. Samkvæmt lögum er innanríkisráðherra heimilt að skylda alla launþega og sjálfstæða launagreiðendur í tiltekinni atvinnugrein til að greiða í starfstengdan lífeyrissjóð eða iðgjald á vörslureikning hjá tryggingafélagi. Frumkvæði að aðildarskyldu þarf að koma frá samtökum launþega og launagreiðenda í viðkomandi grein. Fyrirtæki sem bjóða launþegum starfstengdan lífeyrissjóð eða vörslureikninga eru þó undanþegin slíkri aðildarskyldu. Rúmlega 90% vinnuafis í Hollandi greiða í starfstengda lífeyrissjóði og njóta þar tryggingaverndar.

Fjárhæð iðgjalds er ákveðin í hverju lífeyriskerfi eða hverjum lífeyrissjóði fyrir sig. Venjulega greiða bæði launagreiðandi og launþegi iðgjald en í nokkrum tilvik-



## Holland

Fólksfjöldi	16,2 milljónir í janúar 2003.		
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2003</b>	<b>Áætlun 2030</b>
	0–14 ára	18%	15%
	15–64 ára	68%	59%
	65 ára og eldri	14%	26%
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	% af VLF	5,8%	11,2%

Heimild: OECD og Swiss Life.

### 1. stoð. Almennatryggingakerfi

Fyrir hverja	Fyrir alla íbúa.
Tegund kerfis	Gegnumstreymiskerfi. Skylduaðild.
Iðgjöld	Iðgjöld eru eingöngu greidd af launþegum. Iðgjald var 17,9% árið 2000 en hámarkslaun sem greitt var af voru 22.233 evrur á ári.
Eftirlaunaaldur	65 ára.
Ellilífeyrir	Flatur grunnlífeyrir. 11.400 evrur á ári til einstaklings 15.700 til hjóna. Ef búsetutíminn er styttri en 50 ár lækkar ellilífeyrir um 2% fyrir hvert ár.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, sjúkratrygging.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Fyrir alla vinnandi menn 25 ára og eldri.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun. Stundum skylduaðild, ekki alltaf. Fastréttindakerfi er algengast. Rúmlega 90% launþega eru í kerfinu.
Iðgjöld	Fastréttindasjóðir. Launþegi greiðir um 1/3 af iðgjaldi og er algengt að hann greiði 4–7% af launum. Fastiðgjaldasjóðir. Iðgjald ræðst af markmiði lífeyriskerfis. Launþegi greiðir 0–50% af iðgjaldi.
Eftirlaunaaldur	65 ára.
Ellilífeyrir	Fastréttindasjóðir. Árleg réttindaávinnsla er 1,75% á ári. Fastiðgjaldasjóðir. Iðgjöld mega ekki tryggja starfsmönnum meira en 70–80% af launum.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, eingreiðsla við fráfall.

### 3. stoð. Viðbótarlífeyrissparnaður. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Fyrir þá sem vilja auka lífeyrisréttindi með viðbótarsparnaði.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun. Vörslureikningar hjá líftryggingafélögum.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiddum iðgjöldum og ávöxtun.
Skattareglur	Iðgjöld eru frádráttarbær.
Lífeyrisgreiðslur	Lífeyrisgreiðslur er skattlagðar eins og hverjar aðrar launatekjur.
Heimildir	The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003. Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999. Richard Disney and Paul Johnson. Pension Systems and Retirement Incomes across OECD Countries. Edward Elgar 2001. Study on pension schemes of the member states of the European Union. Mai 2000.

um greiðir eingöngu launagreiðandi. Starfstengdur lífeyrir er viðbót við ellilífeyri almennatrygginga.

Flest lífeyriskerfi miða við lokalaun. Almennt er gert ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur nemi 70% af lokalaunum miðað við 40 ára inngreiðslutíma sem þýðir að árleg réttindaávinnsla er 1,75% á ári. Ellilífeyrir almennatrygginga er innifalinn í 70%.

Flestir sjóðir miða við 65 ára aldur en sífellt fleiri sjóðir bjóða sjóðfélögum að hefja töku lífeyris fyrr.

Starfstengdir lífeyrissjóðir byggja á sjóðsöfnun. Samkvæmt lögum um lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda er um þrjár leiðir að velja: Fyrirtækjasjóði, starfsgreinasjóði eða tryggingafélög.



- Fyrirtækjasjóðir eru söfnunarsjóðir til að greiða starfsmönnum fyrirtækis eða margra fyrirtækja lífeyri. 45% af 874 fyrirtækjasjóðum eru að fullu endurtryggðir hjá tryggingafélögum en 55% að hluta.
- Starfsgreinasjóðir eru lífeyrissjóðir, með eða án skylduaðildar, þar sem safnað er í sjóð til að greiða starfsmönnum innan atvinnugreinarinnar lífeyri. 19% af 79 starfsgreinasjóðum eru að fullu endurtryggðir en 81% að hluta eða ekki.
- Hóplíftrygging er líftryggingarsamningur milli launagreiðanda og líftryggingarfélag. Í Hollandi eru um 45.000 lífeyriskerfi hjá líftryggingafélögum.

Venjulega byggjast lífeyriskerfi, sem er stýrt af lífeyrissjóði eða tryggingafélagi, á föstum réttindum.

Einstaklingar geta greitt viðbótarlífeyrissparnað inn á sérstaka vörslureikninga hjá líftryggingafélögum.

### **Spánn**

Almannatryggingakerfið á Spáni greiðir rífleg eftirlaun og aðrar bætur. Kerfið er mjög dýrt og þess vegna hafa stjórnvöld neyðst til þess að auka framlög til þess á síðustu árum. Með nýjum lögum (Toledo Pact.) sem tóku gildi árið 2002 voru samþykktar breytingar á kerfinu þar sem skilyrði fyrir lífeyrisgreiðslum og öðrum bótum voru hert á ýmsum sviðum. Lögin voru unnin í samráði og sátt við aðila vinnumarkaðarins.

Almannatryggingakerfið lofar þátttakendum lífeyrisgreiðslum og ýmissi annarri þjónustu á eftirlaunaárunum. Almannatryggingakerfið er gegnumstreymiskerfi og eru launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur skyldugir til að eiga aðild að því. Launagreiðandi greiðir í iðgjöld 30,8% og launþegi 6,4% af launum á ákveðnu launabili. Lágmarkslaun sem greitt var af á árinu 2003 voru 526 evrur á mánuði og hámarkslaun 2.652 evrur. Iðgjöldin eru til að fjármagna lífeyrisgreiðslur, atvinnuleysisbætur, aðrar bætur og starfsþjálfun.

Eftirlaunaaldur er 65 ár en hægt er að flýta töku lífeyris til 60 ára. Þá lækka lífeyrisgreiðslur um 8% fyrir hvert ár sem töku lífeyris er flýtt. Ef lífeyrisgreiðslum er seinkað hækka þær um 2% fyrir hvert ár.

Fjárhæð ellilífeyrisgreiðslna tekur mið af þeim launum sem greitt hefur verið af, af fjölda ára sem greitt hefur verið og meðallaunum síðustu 15 ár fyrir töku lífeyris. Meðallaunin eru margfölduð með hlutfallsstuðli sem er 50% eftir 15 ára iðgjaldagreiðslur en hækkar síðan um 3% fyrir hvert ár á bilinu 16 til 25 ár og um 2% fyrir hvert ár á bilinu 26 til 35 ár. Ef einstaklingur hefur greitt í meira en 35 ár hækkar hlutfallið í 100%. Sá sem er með tekjur á milli lágmarks- og hámarkslauna fær því full meðallaun sín í lífeyri. Ef tekjur eru umfram það lækkar hlutfallið.

Starfstengt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda er tiltölulega nýtt og er enn



## Spánn

Fólksfjöldi	40,1 milljón í júlí 2002.		
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2002</b>	<b>Áætlun 2030</b>
	0–14 ára	15%	11%
	15–64 ára	68%	63%
	65 ára og eldri	17%	26%
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	% af VLF	9,8%	14,1%

Heimild: OECD og Swiss Life.

### 1. stoð. Almannytryggingakerfi

Fyrir hverja	Fyrir alla launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga.
Tegund kerfis	Gegnumstremyiskerfi. Skylduaðild.
Iðgjöld/skattar	Launagreiðandi greiðir 30,8% og launþegi 6,4% af launum.
Eftirlaunaaldur	65 ár, hægt að flýta töku lífeyris til 60 ára aldurs. Einnig hægt að fresta töku lífeyris.
Ellilífeyrir	Fjárhæð ræðst af greiðslutíma og tekjum sem greitt hefur verið af.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, heilsugæsla, húsnæðiskostnaður o.fl.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Fyrir launþega á aldrinum 18 til 65 ára. Launþegar þurfa að vinna í 2 ár áður en þeir byrja að safna réttindum.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun. Frjáls aðild.
Iðgjöld	Launagreiðandi greiðir iðgjöld sem eru breytileg eftir kerfum. Launþegar greiða einstöku sinnum iðgjöld (sjaldgæft) sem eru 3–5% af launum.
Eftirlaunaaldur	65 ár. Ný kerfi stefna á að heimila réttihöfum að flýta töku lífeyris.
Ellilífeyrir	Í fastréttindasjóðum ávinna sjóðfélagar sér rétt á 2% af launum sem greitt er af. Í fastiðgjaldasjóðum geta launþegar valið á milli lífeyrisgreiðslna eða eingreiðslu.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, eingreiðsla við fráfall.

### 3. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðenda.

Fyrir hverja	Fyrir þá sem vilja auka lífeyrisréttindi með viðbótarsparnaði.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun. Föst iðgjöld eða föst réttindi.
Ellilífeyrir	Breytileg eftir vörsluáðilum.

### Skattareglur

Iðgjöld	Iðgjöld launagreiðenda og launþega til almannatryggingakerfisins eru frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Iðgjöld til starfstengds lífeyriskerfis eru frádráttarbær ef kerfið hefur verið staðfest af yfirvöldum. Hámarksíðgjöld eru 25% af 8.000 evrum á mánuði.
Lífeyrisgreiðslur	Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar eins og aðrar launatekjur. Eingreiðslur eru skattfrjálssar að tilteknum mörkum.

### Heimildir

The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003.  
Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999.  
Study on pension schemes of the member states of the European Union. Mai 2000.

í mótun. Kerfið byggist á frjálsri aðild launþega og voru um 15% þeirra aðilar að því árið 2003. Starfsmenn sem hafa unnið tvö ár hjá launagreiðanda geta verið með og eru iðgjöld yfirleitt greidd af launagreiðanda.

Samningar milli fyrirtækja og launþega geta innihaldið ákvæði sem skylda launagreiðendur til að bjóða starfsmönnum að greiða í lífeyrissjóð eða til líftryggingarfélag. Fyrirtækin verða að greiða iðgjöldin þar sem það er bannað að mynda eftirlaunaskuldbindingu í fyrirtækinu sjálfu. Líftryggingafélög, verðbréfasjóðafélög og lífeyrissjóðir hafa leyfi til að taka við iðgjöldum. Kerfið byggist á sjóðsöfnun.

Einstaklingar geta greitt iðgjöld sem viðbótarlífeyrissparnað inn á vörslureikninga með mismunandi binditíma og reglur um útborgun. Viðbótarlífeyrissparnað-ur getur bæði byggst á föstum iðgjöldum og föstum réttindum.

## **Svíþjóð**

Almannatryggingakerfið í Svíþjóð var stofnað árið 1947 og var fyrsta eftirlauna-kerfið í heiminum sem ekki byggðist á tekjutengingum. Árið 1968 var bætt við það viðbótarlífeyri og árið 1998 voru gerðar breytingar sem munu leiða til þess að öll lífeyriskerfi hins opinbera verða sameinuð.

Allir sem hafa búíð í Svíþjóð í 40 ár eða greitt iðgjald til almannatryggingakerfisins í 30 ár eiga rétt á ellilífeyri almannatrygginga. Ef búsetutíminn er styttri lækkar lífeyririnn um 1/40 fyrir hvert ár og ef greiðslutíminn er styttri lækkar lífeyririnn um 1/30 fyrir hvert ár. Sú regla sem er hagstæðari fyrir launþega gildir. Fjárhæð ellilífeyris ræðst af tekjum frá 16 ára aldri. Launþegi safnar réttindum á grundvelli þeirra tekna sem iðgjöld eru greidd af.

Frá árinu 2000 hefur eftirlaunahluti almannatryggingakerfisins verið fjármagnaður með 18,5% framlagi af launum sem launþegi og launagreiðendur greiða. Ellilífeyrir almannatrygginga er samsettur úr grunnlífeyri, viðbótarlífeyri og lágmarkslífeyri.

- Grunnlífeyrir er greiddur á grundvelli iðgjalda sem greidd hafa verið til gegnumstremiskerfis á starfsævinni. Með greiðslum sem nema 16% af launum safna launþegar sér réttindum og ræðst fjárhæð grunnlífeyris af þeim.
- Viðbótarlífeyrir. Af 18,5% iðgjaldi til eftirlaunahluta almannatryggingakerfisins eru 2,5% af launum lögð til hliðar á einstaklingsbundna vörslureikninga sem opinber umsjónaraðili sér um en fjárvarsla er í höndum fjármála- og tryggingafyrirtækja sem starfsmaðurinn getur valið sjálfur. Hægt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum sem uppfylla ákveðin skilyrði en ef einstaklingur velur ekki vörsluaðila sjálfur er fjárfest beint í sérstakri deild hjá Ríkislífeyrissjóði Svíþjóðar sem fjárfestir eftir sömu reglum og gilda um sænska verðbréfasjóði. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna ræðst af greiddum iðgjöldum og ávöxtun.
- Lágmarkslífeyrir almannatryggingakerfisins er greiddur til þeirra sem ekki hafa haft neinar tekjur á starfsævinni eða tekjur undir tilteknu lágmarki. Lágmarkslífeyrir hjóna var 11.800 sænskar krónur á mánuði árið 2003 og einstaklingar fengu 6.500 krónur.

Til viðbótar við almannatryggingakerfið er til starfstengt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda. Kerfið byggist á samningum launþegasamtaka og samtaka atvinnurekenda og eru launþegar sem starfa samkvæmt kjarasamningum þessara aðila með skylduaðild að kerfinu. Rúmlega 90% launþega í Svíþjóð eiga aðild að starfstengdu lífeyriskerfi.

Fjölmennasta kerfið er svokallað ITP kerfi sem er fyrir iðnaðar- og verslunarfólk. Aðrar atvinnugreinar, svo sem arkitektar, bankamenn, samvinnustarfsmenn, starfs-



## Svíþjóð

Fólksfjöldi	8,9 milljónir árið 2000.		
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2000</b>	<b>Áætlun 2030</b>
	0–14 ára	18%	16%
	15–64 ára	65%	59%
	65 ára og eldri	17%	25%
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	% af VLF	11,4%	15,0%

Heimild: OECD og Swiss Life.

### 1. stoð. Almennatryggingakerfi

Fyrir hverja	Alla íbúa.
Tegund kerfis	Grunnlífeyrir. Gegnumstremiskerfi. Viðbótarlífeyrir. Sjóðsöfnun.
Iðgjöld	Heildarframlag launagreiðenda var 32,82% af launum árið 2002. Af því voru 18,5% greidd til eftirlaunakerfisins.
Eftirlaunaaldur	65 ára. Hægt er að flýta töku lífeyris til 61 árs og fresta til 70 ára aldurs.
Ellilífeyrir	Grunnlífeyrir er háður tekjum og fjölda ára á vinnumarkaði. Lægsta fjárhæð er 79.549 sænskar krónur á ári fyrir ógifta einstaklinga en 72.917 fyrir einstaklinga í hjónabandi. Fjárhæðir lækka ef töku lífeyris er flýtt en hækka ef töku lífeyris er frestað. Viðbótarlífeyrir ræðst af iðgjöldum.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, sjúkratrygging.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Flestir launþegar eru með skylduáðild að ITP kerfinu (starfsgreina lífeyristrygging). Forstjórar og stjórnendur geta ráðið því hvort þeir taka þátt í kerfinu eða ekki.
Tegund kerfis	Að stærstum hluta sjóðsöfnunarkerfi sem byggist á föstum réttindum. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna er með gegnumstremiskerfi.
Iðgjöld	ITP kerfið er fjármagnað algerlega af launagreiðenda. Iðgjald er einstaklingsbundið og er að meðaltali 12,5% af launum.
Eftirlaunaaldur	65 ára. Hægt að flýta töku lífeyris til 55 ára aldurs. Frestun er möguleg.
Ellilífeyrir	Breytilegur eftir lífeyriskerfum. Í ITP kerfinu sem er fjölmennast er ellilífeyrir reiknaður sem 10% af árslaunum undir 289.500 sænskum krónum, 65% af launum á milli 291.000 og 20 x grunnlaun og síðan 32,5% af launum umfram það. Fullur lífeyrir er greiddur eftir 30 ára aðild en réttindi lækka um 1/360 fyrir hvern mánuð sem vantar upp á 30 ára aðild.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, eingreiðsla við fráfall.

### 3. stoð. Viðbótarlífeyrissparnaður. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Fyrir þá sem vilja auka lífeyrisréttindi með viðbótarsparnaði.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun með tryggingum eða án þeirra.
Iðgjöld	Iðgjöld eru ákveðin í samningum einstaklings og vörsluáðila.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiddum iðgjöldum og ávöxtun.

### Skattareglur

Iðgjöld	Iðgjald launagreiðenda til almennatryggingakerfisins er frádráttarþætt og ekki talið fram sem tekjur hjá launþega. Iðgjald launagreiðenda og launþega til lífeyrissjóða er frádráttarþætt að vissu marki.
---------	---

Lífeyrisgreiðslur	Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar sem hverjar aðrar launatekjur.
-------------------	--

Heimildir	The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003. Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999. Nefnd um sveigjanleg starfslok. Lokaskýrsla í október 2002. Forsætisráðuneytið. Study on pension schemes of the member states of the European Union. Maí 2000.
-----------	---

fólk tryggingafélaga og blaðamenn greiða í svipað kerfi. Stjórnendur greiða í sérstakt kerfi sem nefnist AMF.

Starfstengda lífeyriskerfið er algerlega fjármagnað af launagreiðenda. Iðgjald er einstaklingsbundið og var að meðaltali 12,5% af launum árið 2003. Eftirlaunaaldur er 65 ár en hægt er að flýta lífeyrisgreiðslum til 55 ára aldurs.

Til þess að eiga rétt á fullum ellilífeyrisgreiðslum úr ITP kerfinu þurfa launþega-

ar að hafa greitt í það í 30 ár, annars lækkar lífeyrir um 1/360 fyrir hvern mánuð sem vantar í 30 árin. Réttindi ávinnast frá 28 ára aldri. Ellilífeyrir er reiknaður sem 10% af árslaunum undir 289.500 sænskum krónum, 65% af launum á milli 291.000 og 20 x grunnlaun og síðan 32,5% af launum umfram það.

Starfstengdum lífeyriskerfum opinberra starfsmanna er stjórnað af sveitarfélögum eða opinberum fyrirtækjum. Starfstengdur lífeyrir til opinberra starfsmanna byggist á gegnumstreymiskerfi.

Til viðbótar við starfsgreinalífeyri er hægt að stofna vörslureikninga fyrir einstaklinga eða fyrirtæki hjá tryggingafélögum og bönkum eða beint hjá verðbréfafyrirtækjum. Þessir vörslureikningar byggjast á sjóðsöfnun. Iðgjöld eru ákveðin í hverju tilviki fyrir sig. Sparnaðinum getur fylgt líftrygging. Samkvæmt lögum um einstaklingsbundinn lífeyrissparnað getur einstaklingur lagt lífeyrissparnað í banka eða verðbréfasjóð með aðstoð vörsluaðila sem hefur fengið starfsleyfi fyrir lífeyrissparnað. Aðeins viðurkenndir vörsluaðilar fá slíkt starfsleyfi.

### **Sviss**

Almannatryggingakerfið í Sviss var stofnað 1. janúar 1948. Síðan hafa verið gerðar tíu breytingar á lögum um það, síðast árið 1997 þegar allir einstaklingar voru skyldaðir til að eiga aðild að almannatryggingakerfinu og greiða iðgjöld. Áður þurftu heimavinnandi eiginkonur, ekkjur og tekjulausar fjölskyldur ekki að greiða iðgjöld. Önnur breyting sem gerð var á lögum 1997 var að skipta iðgjöldum hjóna í tvennt til þess að geta reiknað sjálfstæðan lífeyri fyrir hvorn maka fyrir sig.

Grunnlífeyrir er samsettur úr tveimur hlutum. Sá fyrri byggist á fjölda ára sem viðkomandi einstaklingur hefur greitt til kerfisins og sá síðari á meðallaunum á starfsævinni. Einstaklingar sem hafa greitt iðgjöld alla ævi fá fullar lífeyrisgreiðslur, að lágmarki 12.660 svissneska franka á ári en að hámarki 25.320 svissneska franka. Hjón fá einn og hálfan einstaklingslífeyri. Þeir sem hafa ekki greitt iðgjöld í einhvern tíma fá hlutfallslega lægri lífeyri. Þar sem kerfið byggist á skylduaðild er algengast að menn hafi greitt til kerfisins alla ævina og fái þar með fullan lífeyri.

Önnur stoð lífeyriskerfisins byggist á lífeyrissjóðum með skylduaðild og þátttöku launagreiðenda. Skylduaðildin var lögleidd árið 1985 til þess að draga úr vægi og vexti almannatryggingakerfisins. Samkvæmt lögum verða allir launagreiðendur að bjóða launþegum upp á að greiða í lífeyrissjóði sem tryggja tiltekna lágmarks-tryggingavernd og er hún skilgreind í lögum. Þótt kerfið sé með skylduaðild má í raun segja að það sé blanda af skylduaðild og valfrjálsum kerfi þar sem flestir launagreiðendur bjóða launþegum betri lífeyrisréttindi en lög kveða á um.

Iðgjöld eru greidd af launagreiðendum og launþegum og verður launagreiðandi að greiða að minnsta kosti helming iðgjaldanna. Iðgjöld fyrir áhættulífeyri



## Sviss

Fólksfjöldi	7,3 milljónir í júlí 2002.		
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2002</b>	<b>Áætlun 2030</b>
	0–14 ára	17%	16%
	15–64 ára	68%	59%
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	65 ára og eldri	15%	25%
Heimild: OECD og Swiss Life.			

### 1. stoð. Almennatryggingakerfi

Fyrir hverja	Alla íbúa eldri en 20 ára (17 ára ef einstaklingur er á vinnumarkaði).
Tegund kerfis	Gegnumstremyiskerfi. Skylduaðild.
Iðgjöld	Hjá launþegum er iðgjaldið 9,8% af launum og greiðist til helminga af launagreiðendum og launþegum. Hjá sjálfstæðum atvinnurekendum er iðgjaldið 9,8% af launum.
Eftirlaunaaldur	65 ár hjá körlum, 63 hjá konum (hækkar í 64 ár 2005).
Ellilífeyrir	Lágmark 12.660 svissneskir frankar á ári; hámark 25.320 fyrir ógifta einstaklinga. Hámark fyrir hjón 37.980
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Fyrir vinnandi fólk. Frá aldrinum 17 til 24 tryggir kerfið sjóðfélögum áhættulífeyri en söfnun ellilífeyrisréttinda hefst við 25 ára aldur.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun. Skylduaðild.
Iðgjöld	Launagreiðandi greiðir a.m.k. helming iðgjalda.
Eftirlaunaaldur	65 ár hjá körlum, 62 ár hjá konum.
Ellilífeyrir	Kerfið byggist á föstum iðgjöldum. Ellilífeyrir ræðst af iðgjöldum og ávöxtun en stjórnvöld skilgreina lágmarksávöxtun.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, eingreiðsla við fráfall.

### 3. stoð. Viðbótarlífeyrissparnaður. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Sjálfstæða launagreiðendur, launþega sem eru utan lífeyrissjóða og aðra launþega sem vilja auka við lífeyrisréttindi sín með viðbótarlífeyrissparnaði.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun. Valfrjálst.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiddum iðgjöldum og ávöxtun.
<b>Skattareglur</b>	
Iðgjöld	Öll iðgjöld eru frádráttarþær, bæði hjá launagreiðendum og launþegum.
Lífeyrisgreiðslur	Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar eins og aðrar launatekjur. Eingreiðslur eru skattlagðar sérstaklega og er skattprósenta mismunandi milli umdæma.
<b>Heimildir</b>	The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003. Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999. The Swiss Multi-pillar Pension System: Triumph of Common Sense? Monica Queisser and Dimitri Vittas. The World Bank. Agúst 2000.

(örorku-, maka- og barnalífeyri) eru um 3% af launum. Iðgjöld til ellilífeyris eru breytileg eftir aldri og eru eftirfarandi:

Aldur (karlar)	Aldur (konur)	Iðgjöld (% af launum)
25–34	25–31	7%
35–44	32–41	10%
45–54	42–51	15%
55–65	52–62	18%

Eins og í öðrum löndum þar sem eru sjálfstæð lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda eru starfandi margir fyrirtækja- og starfsgreinalífeyrissjóðir. Lífeyrissjóðir eru ýmist byggðir upp sem sjálfseignarstofnanir, samvinnufélög eða hlutafélög. Þó eru einungis starfsgreinalífeyrissjóðir hlutafélög. Árið 1996 voru starfandi 39

lífeyrissjóðir sem samvinnufélög og 168 sem hlutafélög. Langflestir sjóðanna, eða 11.600, voru sjálfseignarstofnanir. Lífeyrissjóðum hefur fækkað með sameiningum á síðustu árum en þeir voru 17.500 árið 1980.

Árið 1996 voru 80% starfandi lífeyrissjóða í Sviss fastiðgjaldasjóðir. Eignir þeirra vógu 70% af heildareignum lífeyrissjóða og hafði hlutfallið hækkað úr 57% árið 1987. Þróunin úr fastréttindasjóðum í fastiðgjaldasjóði hefur haldið áfram og má nefna að lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna og Zürichborgar tilkynntu seint á síðasta áratug að framvegis skyldu nýir starfsmenn safna eftirlaunasjóði í fastiðgjaldasjóði.

Ellilífeyrir byggist yfirleitt á föstum iðgjöldum. Lífeyrisgreiðslur eru jafnar uppsöfnuðum iðgjöldum ásamt vöxtum (lágmarksvextir ákveðnir af stjórnvöldum eru 3,25% á ári) margfölduð með réttindastuðli (7,2% árið 2003) að viðbættum 20% fyrir hvert barn á framfæri sjóðfélaga. Réttindastuðullinn lækkar ef sjóðfélagar hefja töku lífeyris fyrir lífeyrisaldur.

Ellilífeyrir er almennt greiddur með reglulegum lífeyrisgreiðslum frekar en eingreiðslu en undantekningar eru gerðar ef inneignin er lág. Eingreiðslur eru einnig greiddar ef launþegi skiptir um starf og gerist sjálfstæður atvinnurekandi eða ef hann flytur alfarið frá Sviss. Í öllum tilvikum þarf samþykki maka. Við hjónaskilnað er inneign skipt á milli hjóna. Inneign til greiðslu ellilífeyris erfist ekki við andlát sjóðfélaga, meðal annars vegna skilgreindrar lágmarksávöxtunar. Hins vegar er greiddur barnalífeyrir með börnum sem eru á framfæri sjóðfélaga í starfslok.

Þriðja stoðin í svissneska lífeyriskerfinu er fyrir sjálfstætt starfandi atvinnurekendur og aðra launþega sem hafa ekki aðgang að lífeyrissjóðum með þátttöku launagreiðenda. Kerfið er einnig fyrir alla launþega sem vilja leggja aukalega fyrir til eftirlaunaáranna. Bundinn viðbótarlífeyrissparnaður getur aðeins verið hjá líftryggingafélögum og sérstökum bankastofnunum sem hafa fengið leyfi til að bjóða lífeyrisreikninga. Einstaklingar verða að gera samning við vörsluaðila.

Bæði launagreiðendur og launþegar geta greitt iðgjald til viðbótarlífeyrissparnaðar og eru þau iðgjöld frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Einstaklingar sem eru í lífeyrissjóðum geta þó aðeins greitt óskattlögð iðgjöld sem nema 8% af launum að hámarki 72.360 svissneskum frönkum á ári. Hjá þeim sem ekki eru í lífeyrissjóðum er hámarkið 20% af launum en þó að hámarki 40% af fyrrnefndum viðmiðunarlaunum.

### ***Þýskaland***

Lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum eru uppistaðan í lífeyriskerfi Þýskalands. Árið 1995 skiptust tekjur lífeyrisþega þannig:

- Rúmlega 70% voru lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum.
- U.þ.b. 7% komu frá starfstengdum lífeyrissjóðum.



## Þýskaland

Fólksfjöldi	82,4 milljónir í desember 2002.			
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2002</b>	<b>Áætlun 2030</b>	
	0–14 ára	15%	14%	
	15–64 ára	68%	60%	
	65 ára og eldri	17%	26%	
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	% af VLF	11,6%	16,5%	Heimild: OECD og Swiss Life.

### 1. stoð. Almennatryggingakerfi

Fyrir hverja	Fyrir alla launþega nema þá sem vinna minna en 15 klst. á viku eða hafa lægri laun en 325 evrur á mánuði.
Tegund kerfis	Gegnumstreymiskerfi. Skylduaðild.
Iðgjöld/skattar	19,5% af launum. Launagreiðendur greiða 9,75% og launþegar 9,75%. Hámarkslaun sem greitt er af eru 61.200 evrur á ári.
Eftirlaunaaldur	65 ára. Hægt að flýta lífeyrisgreiðslum til 62 ára aldurs. Einnig má fresta töku lífeyris.
Ellilífeyrir	Skilyrði er að einstaklingur hafi greitt í a.m.k. 5 ár. Fjárhæð ellilífeyris ræðst af tekjum og iðgjaldagreiðslum. Tekjur einstaklinga sem hafa greitt í 45 ár eru að meðaltali um 35% af launum.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, sjúkratrygging.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðenda

Fyrir hverja	Venjulega fyrir launþega á aldrinum 25 ára til 60 ára.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun. Frjáls aðild.
Iðgjöld	Fjármagnað af launagreiðendum. Launþegar greiða ekkert af launum undir viðmiðunartekjum almennatryggingakerfisins en stundum 5% til 6% af launum yfir þeirri fjárhæð.
Eftirlaunaaldur	65 ára. Hægt að flýta lífeyrisgreiðslum til 60 ára aldurs.
Ellilífeyrir	Fastréttindasjóðir. Árleg réttindaávinnsla 0,2% til 0,5% af launum undir viðmiðunarlaunum almennatryggingakerfisins. 1,4% til 1,75% af launum yfir því. Fastiðgjaldasjóðir. Inneign (iðgjöld + vextir) varið til að kaupa samning um lífeyrisgreiðslur til æviloka með makalífeyri.
Aðrar bætur	Örorkulífeyrir. Makalífeyrir. Barnalífeyrir, eingreiðsla við fráfall.

### 3. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðenda.

Fyrir hverja	Fyrir þá sem vilja auka lífeyrisréttindi með viðbótarsparnaði.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun. Nánast öll sparnaðarform í boði en ólíkar reglur um binditíma og mismunandi fjárfestingaráhætta.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiddum iðgjöldum og ávöxtun.

#### Skattareglur

Iðgjöld	Iðgjöld launagreiðenda til almennatrygginga eru frádráttarþær og iðgjöld í starfstengt lífeyriskerfi eru það yfirleitt líka en það veltur þá á því kerfi sem er valið.
Lífeyrisgreiðslur	Iðgjöld launþega til almennatryggingakerfisins eru greidd af launum eftir skatta. Skattaleg meðferð iðgjalda launþega í starfstengt lífeyriskerfi er mismunandi eftir kerfum.
Lífeyrisgreiðslur	Lífeyrisgreiðslur almennatrygginga eru skattfrjálsar nema ef þær fara yfir ákveðin tekjumörk. Skattaleg meðferð lífeyrisgreiðslna úr starfstengdu lífeyriskerfi er mismunandi eftir kerfum.

#### Heimildir

The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003.  
 Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999.  
 Richard Disney and Paul Johnson. Pension Systems and Retirement Incomes across OECD Countries. Edward Elgar 2001.  
 Study on pension schemes of the member states of the European Union. Mai 2000.

- U.þ.b. 8% frá líftryggingafélögum.
- U.þ.b. 14% voru tekjur af öðrum eignum, s.s. vextir, arðgreiðslur af hlutabréfum, leigugreiðslur af húsnæði o.fl.

Í Þýskalandi er skylduaðild að almennatryggingakerfi sem er rekið af mörgum ríkis- og svæðisbundnum stofnunum. Opinberir starfsmenn, verkafólk, bændur



o.fl. eru með skylduaðild að mismunandi kerfum. Sjálfstæðir atvinnurekendur, eins og skattaráðgjafar, lögfræðingar og lækningar, eru með skylduaðild að lífeyriskerfum sem eru rekin af fagfélögum. Þessar stofnanir eru sjálfstæðir lögaðilar eða hlutafélög. Launþegar sem eru tryggðir hjá fagfélögum þurfa ekki að greiða til almanna-tryggingakerfisins.

Almannatryggingakerfið er gegnumstreymiskerfi. Lögboðið iðgjald fyrir launa-fólk er 19,5% af launum og er það greitt til helminga af launþega og launagreiðanda. Árið 2003 voru hámarks-laun sem iðgjald var greitt af 61.200 evrur á ári. Iðgjöld opinberra starfsmanna eru greidd af ríkinu. Lífeyrisréttindi fagfélaga eru fjármögnuð á grunni sérstakra reglna og skiptast iðgjöld til helminga á milli launþega og launagreiðenda. Iðgjaldið er svipað og hjá þorra launþega.

Eftirlaunaaldur er 65 ár. Lög heimila nokkrum hópum að hefja töku lífeyris fyrir (konur, atvinnulausir, öryrkjar, fólk sem hefur greitt iðgjöld mjög lengi). Lífeyrisgreiðslur lækka ef töku lífeyris er flýtt. Stefnt er að því að eftirlaunaaldur karla og kvenna verði sá sami í framtíðinni. Lífeyrisgreiðslur lækka um 0,3% á mánuði ef töku lífeyris er flýtt nema ef lífeyrisþegi er öryrki. Hægt er að seinka töku lífeyris og hækka þá lífeyrisgreiðslur um 0,5% fyrir hvern mánuð.

Fjárhæð elli lífeyris almannatrygginga ræðst af fjölda ára og þeim tekjum sem greitt hefur verið af. Tekjur einstaklings sem hefur greitt í 45 ár eru að meðaltali um 35% af lokalaunum.

Starfstengt lífeyriskerfi sem styður við almannatryggingakerfið er byggt á frumkvæði launagreiðenda og er valfrjálst fyrir launþega. Fátítt er að slíkt kerfi byggist á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og eru launagreiðendur yfirleitt ekki skyldugir að bjóða launþegum upp á lausnir í lífeyrismálum. Hlutfall launþega sem taka þátt í einhvers konar lífeyriskerfi sem er skipulagt af launagreiðendum er misjafnt eftir atvinnugreinum. Um það bil 66% starfsmanna iðnfyrirtækja eru þátttakendur en ekki nema um 28% verslunarfólks. Opinberir starfsmenn eru allir í lífeyrissjóði samkvæmt kjarasamningi og er kerfið gegnumstreymiskerfi. Það er engin regla um eftirlaunaaldur starfstengdra lífeyriskerfa en í flestum tilvikum er hann þó 65 ár.

Í Þýskalandi eru fjórar tegundir af starfstengdum lífeyriskerfum: réttindakerfi (direct entitlement), lífeyrissjóðir, stuðningssjóðir (support funds) og söfnunartryggingar (direct insurance). Í stórum fyrirtækjum er réttindakerfi algengast en söfnunartryggingar eru hins vegar alltaf að verða vinsælli hjá minni fyrirtækjum. Um það bil 50% launþega eiga aðild að starfstengdu lífeyriskerfi en þátttakan hefur farið minnkandi á síðustu árum. Þátttakan er meiri hjá starfsmönnum stærri fyrirtækja en minni.

Algengasta form starfstengds lífeyriskerfis er réttindakerfi (direct entitlement). Þá eru lífeyrisgreiðslur greiddar beint úr sjóðum fyrirtækis til eftirlaunaþega. Skuldbinding fyrirtækjanna er þá skuldfærð í bókum þeirra jafnóðum og launþeg-

ar ávinna sér réttindi. Á þennan hátt eru iðgjöldin frádráttarbær án þess að hafa áhrif á lausafé fyrirtækjanna. Lífeyrisgreiðslur eru síðan greiddar af lausafé fyrirtækjanna. Ólíkt því sem gerist hjá lífeyrissjóðum eru engar eignir keyptar og geymdar til að nota síðar til að greiða lífeyri heldur haldast fjármunir hjá fyrirtækjunum. Hjá fyrirtækjunum eru eignir ekki aðskildar og ekki er farið fram á það af hálfu löggjafans. Hins vegar eru fyrirtækin skyldug til að tryggja sig gegn gjaldþroti. Þótt launþegi greiði engin iðgjöld öðlast hann réttindi en fyrirtækin bera ábyrgðina. Þessu lífeyriskerfi má því lýsa sem fastréttindakerfi með ábyrgð launagreiðenda.

Lífeyrissjóðir eru sjálfstæðir lögaðilar sem eru venjulega stofnaðir af einum eða fleiri launagreiðendum með það að markmiði að safna eignum til að greiða lífeyri síðar. Iðgjöld launagreiðenda til lífeyrissjóða eru frádráttarbær kostnaður. Launþegar greiða stundum iðgjald. Með iðgjaldagreiðslum eignast launþegar réttindi í viðkomandi sjóðum sem eru fastréttindasjóðir.

Stuðningssjóðir eru sambærilegir við lífeyrissjóði að því leyti að þeir safna upp eignum sem eru aðskildar frá launagreiðendum. Ólíkt lífeyrissjóðum eignast launþegar ekki réttindi í slíkum sjóðum. Af þessari ástæðu eru sjóðirnir ekki undir eftirliti tryggingaeftirlitsins og eru ekki skyldugir til að tryggja sig gegn gjaldþroti. Iðgjöld launagreiðenda eru ekki frádráttarbær fyrr en kemur að greiðslu lífeyris.

Söfnunartryggingar (direct insurance) eru þannig upp byggðar að launagreiðandi kaupir söfnunarlíftryggingu fyrir hönd launþega. Launagreiðandi er ábyrgur fyrir greiðslu iðgjalda sem er frádráttarbær kostnaður. Launþegi getur greitt viðbótariðgjöld.

Almennt má nota hvaða sparnaðarform sem er fyrir viðbótarlífeyrissparnað en reglur eru mismunandi varðandi binditíma og fjárfestingaráhætta er breytileg.

### **Japan**

Lífslíkur eru hærri í Japan en í vestrænum löndum. Japanska þjóðin eldist líka hraðar en aðrar þjóðir vegna minni viðkomu en víða annars staðar. Spáð er að árið 2030 verði hlutfall 65 ára og eldri 27% í Japan samanborið við 21% í öðrum OECD löndum. Hlutfall 80 ára og eldri vex enn hraðar og töluvert hraðar en í öðrum löndum. Búist er við að hlutfall þeirra verði 10% í Japan árið 2030 en var 1% árið 1960.

Almannatryggingakerfið í Japan greiðir grunnlífeyri til allra íbúa og starfstengd- an lífeyri til vinnandi fólks. Almannatryggingakerfið tryggir alla íbúa á aldrinum 20 til 60 ára. Bætur kerfisins eru grunnlífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir við starfsorkumissi og fjölskyldulífeyrir við fráfall. Öllum vinnandi mönnum, einnig útlendingum, eru jafnframt tryggð starfstengd réttindi.

Eftirlaunaaldur grunnlífeyris er 65 ár en hægt er að flýta lífeyrisgreiðslum til 60



## Japan

Fólksfjöldi	127 milljónir í júlí 2002.		
Aldurssamsetning	<b>Aldurshópur</b>	<b>2002</b>	<b>Áætlun 2030</b>
	0–14 ára	15%	14%
	15–64 ára	67%	59%
	65 ára og eldri	18%	27%
Útgjöld ríkisins til lífeyrismála	% af VLF	7,9%	13,4%

Heimild: OECD og Swiss Life.

### 1. stoð. Almennatryggingakerfi

Fyrir hverja	Grunnlífeyrir fyrir alla á aldrinum 20 til 60 ára. Starfstengdur lífeyrir fyrir alla vinnandi menn.
Tegund kerfis	Grunnlífeyriskerfið er gegnumstreymiskerfi. Starfstengdur lífeyrir er gegnumstreymiskerfi en byggist að hluta á sjóðsöfnun.
Iðgjöld	Grunnlífeyrir. 13.300 japönsk jen á mánuði (frá apríl 2002 til mars 2003). Starfstengdur lífeyrir. 17,35% af launum sem greiðist til helminga af launagreiðanda og launþega.
Eftirlaunaaldur	Grunnlífeyrir miðast við 65 ára aldur. Starflífeyrir miðast við 65 ára aldur eftir 25 ár á vinnumarkaði. Í báðum tilvikum er hægt að flyta töku lífeyris til 60 ára aldurs.
Ellilífeyrir	Grunnlífeyrir. Flatur ellilífeyrir fyrir alla. Starfstengdur lífeyrir. Tekjutengdur ellilífeyrir.
Aðrar bætur	Grunnlífeyrir. Lágmarksörorkulífeyrir og fjölskyldulífeyrir. Starfstengdur lífeyrir. Tekjutengdur örorku- og fjölskyldulífeyrir. Sjúkratrygging.

### 2. stoð. Sjálfstætt lífeyriskerfi með þátttöku launagreiðanda

Fyrir hverja	Starfsmenn einkafyrirtækja og sjálfstæða launagreiðendur.
Tegund kerfis	Blandað kerfi. Gegnumstreymiskerfi sem byggist að hluta á sjóðsöfnun.
Iðgjöld	Breytileg.
Eftirlaunaaldur	65 ár.
Ellilífeyrir	Tekjuháður lífeyrir. Oftast eingreiðsla í starfslök en stundum tímabundnar eða ævilangar greiðslur. Undanfarin ár hefur vægi fastiðgjaldakerfis vaxið en þar ráðast lífeyrisgreiðslur af iðgjöldum og ávöxtun þeirra.
Aðrar bætur	Tekjutengdur örorku- og fjölskyldulífeyrir.

### 3. stoð. Viðbótarlífeyrissparnaður. Sjálfstætt lífeyriskerfi án þátttöku launagreiðanda

Fyrir hverja	Fyrir þá sem vilja auka lífeyrisréttindi sín.
Tegund kerfis	Sjóðsöfnun og séreignarsparnaður.
Iðgjöld	Breytileg.
Ellilífeyrir	Ræðst af greiddum iðgjöldum og ávöxtun.
<b>Skattareglur</b>	
Iðgjöld	Iðgjöld launagreiðanda eru frádráttarbær frá tekjum. Iðgjöld launþega eru skattfrjálslu að vissu marki.
Lífeyrisgreiðslur	Lífeyrisgreiðslur og eingreiðslur eru skattlagðar eins og aðrar launatekjur.

**Heimildir**  
Douglas Ostrom. Aging and Pensions in Japan: Economic issues. Japan Economic Institute, 1997.  
The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zürich 2003.  
Richard Disney and Paul Johnson. Pension Systems and Retirement Incomes across OECD Countries. Edward Elgar 2001.

ára aldurs. Ef lífeyrisgreiðslum er flýtt lækkar fjárhæð mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna. Grunnlífeyrir er greiddur öllum sem hafa búið a.m.k. 25 ár í Japan og starfstengdur lífeyrir þeim sem hafa unnið þar a.m.k. 25 ár. Grunnlífeyrir byggist á iðgjaldagreiðslum en einstaklingur þarf að hafa greitt til almennatryggingakerfisins í 40 ár til að fá fullan lífeyri. Íbúar sem hafa tekjur undir 26% af landsmeðaltali þurfa ekki að greiða iðgjöld og ávinna sér 1/3 af réttindum sem þeir tekjuhærri ávinna sér með árlegum greiðslum.

Fullur grunnlífeyrir getur verið 19% af meðallaunum og réttindin eru verðtryggt. Iðgjöldin voru 13.300 japönsk jen á mánuði á tímabilinu apríl 2002 til mars 2003.

Starfstengdur lífeyrir er önnur af tveimur meginundirstöðunum í japanska lífeyriskerfinu. Kerfið er með skylduaðild og þurfa fyrirtæki yfir ákveðinni stærð að greiða til kerfisins fyrir starfsmenn sína. Iðgjöld eru samtals 17,35% af launum og er þeim skipt til helminga milli launagreiðenda og launþega. Ellilífeyrir er tekjuháður en einnig er greiddur örorkulífeyrir við starfsorkumissi og fjölskyldulífeyrir við fráfall.

Starfstengdur lífeyrir er tekjuháður og ávinnur starfsmaður sér 0,7125% af launum fyrir hvert ár á vinnumarkaði (var 0,75% en var breytt árið 2000). Eftir 40 ár getur lífeyrir orðið samtals 28,5% af meðallaunum. Þak er á iðgjöldum og launum og er miðað við 168% af landsmeðaltali meðallauna. Til viðbótar við tekjuháðan lífeyri er greiddur viðbótarlífeyrir sem tekur tillit til fjölskyldustærðar. Viðbótarlífeyrir er greiddur samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fyrir maka	231.400 japönsk jen á ári
1. og 2. barn	231.400 japönsk jen á ári
Önnur börn	77.100 japönsk jen á ári

Ríkið ábyrgist greiðslu grunnlífeyris og starfstengds lífeyris. Í byrjun 21. aldarinnar reiða 60% lífeyrisþega sig eingöngu á ellilífeyri frá þessum hluta lífeyriskerfisins.

Fjárhæðir lífeyrisgreiðslna úr almannatryggingakerfinu hafa hækkað verulega síðustu tvo áratugi í Japan en duga þó hvergi nærri fyrir eftirlaunþega og eftirlífendur þeirra. Einstaklingsbundinn eftirlaunasparnaður með eða án þátttöku launagreiðenda er því nauðsynlegur til að tryggja góð eftirlaun og fjölskyldulífeyri við fráfall.

Önnur stoð japanska lífeyriskerfisins byggist á frjálsri aðild að lífeyrissjóðum á vegum einkafyrirtækja eða söfnunarsjóðum fyrir sjálfstæða atvinnurekendur þar sem ríkið ábyrgist skuldbindingar. Fyrirtækjasjóðirnir eru reknir á vegum fyrirtækjanna en starfstengdur lífeyrir og tryggingar almannatryggingakerfisins eru hluti af lífeyrisréttindum starfsmanna. Til viðbótar við almannatryggingakerfið og starfsgreinalífeyrissjóði geta einstaklingar verið með eigin viðbótarlífeyrissparnað hjá líftryggingafélögum og fjármálafyrirtækjum.

Um það bil 90% af einkafyrirtækjum í Japan bjóða starfsmönnum sínum aðgang að lífeyriskerfi. Kerfið getur byggst á eingreiðslu í starfslok, ævilöngum eða tímabundum lífeyrisgreiðslum eða hvoru tveggja. Flestir vilja fá eingreiðslu í starfslok en vægi ævilangra eða tímabundinna lífeyrisgreiðslna hefur þó aukist á síðustu árum. Kerfi sem byggist á föstum iðgjöldum býður launagreiðendum og launþeg-

um aukinn sveigjanleika. Starfsmönnum einkafyrirtækja býðst yfirleitt að velja á milli þess hvort þeir vilja greiða í fastréttindasjóði eða fastiðgjaldasjóði.

Fyrirtæki með fleiri en 500 starfsmenn geta stofnað lífeyrissjóð fyrir starfsmenn sína. Á árinu 2003 greiddi um einn þriðji hluti starfsmanna til þessara sjóða. Kerfið byggist á því að fyrirtæki stofna sjóð sem starfar með starfstengdum hluta almannatryggingakerfisins og er markmiðið að hækka lífeyrisgreiðslur í starfslok. Lífeyrissjóðurinn fær iðgjöld á bilinu 1,6–1,9% af launum, bæði frá launagreiðanda og launþega. Lífeyrissjóðirnir tengjast hinum starfstengda hluta almannatryggingakerfisins að því leyti að þeir taka að sér hluta lífeyrisgreiðslna og trygginga fyrir hönd almannatryggingakerfisins. Sjóðirnir eru því blandaðir, bæði ríki og fyrirtæki ábyrgjast skuldbindingar.

Eingreiðsla er vinsælasta form lífeyrisréttinda í japanska lífeyriskerfinu. 47,5% launþega eiga aðild að kerfi sem gerir ráð fyrir eingreiðslu í starfslok. Fjárhæð eingreiðslunnar er mismunandi eftir vinnustað en algengt er að starfsmenn fái 39 til 46 mánaða laun sem eingreiðslu. Starfsmennirnir þurfa að hafa unnið í fyrirtækinu alla starfsævina (38 ár ef starfsmaður er með háskólagráðu en 42 ár ef hann er með stúdentspróf eða grunnskólapróf).

Fastiðgjaldakerfið er tiltölulega nýtt. Kerfið byggist annars vegar á vörslureikningum fyrir sjálfstæða launagreiðendur og hins vegar á vörslureikningum fyrir launþega þar sem launagreiðandi greiðir öll iðgjöldin. Fyrirtækin hafa tekið fastiðgjaldakerfinu vel og hafa fjölmörg þeirra hætt að bjóða launþegum lífeyriskerfi sem byggist á föstum réttindum. Ástæða þess er að mörg fyrirtæki vilja losna við ábyrgð sína á lífeyrisgreiðslum í framtíðinni. Það hefur ýtt undir þessa þróun að ný bókhaldslög skylda fyrirtæki til að láta skuldbindinguna koma fram á efnahagsreikningi. Önnur ástæða þessarar þróunar er að húsbóndahollusta japanskra starfsmanna er ekki eins mikil og áður var og sífellt fleiri starfsmenn færa sig á milli fyrirtækja. Einn af kostum séreignarsparnaðar er að hægt er að flytja inneign á milli reikninga.

## Um Íslendinga sem vinna erlendis

Með aukinni útrás íslenskra fyrirtækja og meiri menntun og fleiri starfstækifærum færast það í vöxt að Íslendingar vinni um lengri eða skemmri tíma erlendis. Eitt af því sem fólk þarf þá nauðsynlega að huga að er hvernig lífeyrismálum verður hátt að á meðan dvalist er í öðru landi.

Það er mikið átak að flytja burt af landinu og alveg sérstaklega ef fjölskyldan flytur með. Að mörgu er að hyggja. Finna þarf húsnæði fyrir fjölskylduna og gera ráðstafanir varðandi núverandi íbúð og búslóð. Ef börn eru komin á skólaaldur þarf að finna skóla sem hentar þeim. Gera þarf nákvæma áætlun um flutninga og

ferðatilhögun. Og ekki má gleyma pappírsvinnunni. Það þarf að passa upp á vegabréf, atvinnuleyfi og tilkynna brottflutninginn til viðeigandi aðila hér heima og erlendis í tæka tíð, svo nokkuð sé nefnt.

Fjármálin eru auðvitað mikilvægur þáttur og lífeyris- og tryggingamál eru hluti af þeim. Fólk þarf að tryggja að sú tryggingavernd sem fjölskyldan nýtur með aðild að almannatryggingakerfi og lífeyrissjóði haldist. Ef fjölskyldan er með viðbótartryggingar þarf einnig að gera ráðstafanir til að þær verði áfram í gildi og hugsanlega þarf að auka tryggingaverndina. Einnig er mikilvægt að söfnun til eftirlaunaáranna haldi áfram, meðal annars vegna þess að brottflutningi fylgir alltaf ákveðin óvissa um það hvenær komið verði aftur heim.

### **Hvaða almannatryggingar gilda?**

Það fyrsta sem hægt er að ráðleggja þeim sem eru að fara að starfa erlendis er að ganga úr skugga um það hvaða almannatryggingar gilda í nýja landinu. Til viðbótar ellilífeyri greiða almannatryggingakerfi bætur vegna slysa og veikinda, örorkubætur, fæðingarorlof, sjúkra- og læknskostnað o.fl. Reglur eru mismunandi milli landa og því er nauðsynlegt að kynna sér þessi mál til þess að vita um helstu réttindi og skyldur ef veikindi eða slys ber að höndum. Tryggingastofnun ríkisins er tengiliður við sambærilegar stofnanir í öðrum löndum og annast samskipti við þær og því er best að leita eftir þessum upplýsingum hjá henni.

Almenna reglan um almannatryggingar er að einstaklingur á aðeins að vera tryggður samkvæmt almannatryggingakerfi eins lands hverju sinni. Ferðamenn og námsfólk sem dvelur tímabundið í öðrum löndum er samkvæmt reglunni tryggt í heimalandi sínu. Hins vegar eiga launþegar að vera tryggðir í almannatryggingakerfi starfslandsins, óháð því hvar þeir eiga lögheimili.

Til er mikilvæg undantekning frá þessari reglu varðandi launþega. Hún á við um útsenda starfsmenn sem starfa í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu (samkvæmt EES-samningnum) í stuttan tíma eða til skiptis í tveimur eða fleiri löndum. Undantekningin felur í sér að launþegi sem er sendur til starfa í öðru EES-ríki í skemmri tíma en 12 mánuði heldur áfram að tilheyra almannatryggingakerfi heimalandsins með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Ýmsum skilyrðum þarf að fullnægja til þess að reglan um útsendingu geti átt við, sjá nánar á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins, [www.tr.is](http://www.tr.is).

Sá sem fer til starfa í landi á Evrópska efnahagssvæðinu og fellur undir reglurnar um útsenda starfsmenn á að hafa með sér svonefnt E-101 vottorð en með því er staðfest að hann sé áfram tryggður á Íslandi þrátt fyrir starf í öðru EES-ríki. Sá sem fær þetta vottorð greiðir áfram tryggingagjöld og í lífeyrissjóði samkvæmt íslenskum reglum og getur átt rétt á bótum frá Íslandi. Launagreiðandi fyllir út beiðni um E-101 vottorð og sendir til alþjóðadeildar Tryggingastofnunar. Útsendur starfs-

maður á einnig að hafa svonefnt E-128 vottorð um sjúkratryggingu meðferðis. Það veitir honum rétt til nauðsynlegrar lækniþjónustu á vegum hins opinbera í starfslandi á sömu kjörum og íbúar landsins njóta. Almannatryggingar í viðkomandi starfslandi endurkrefja Tryggingastofnun um útlagðan kostnað vegna starfsmannsins eftir ákveðnum reglum.

### **Hvert er farið?**

Áður en einstaklingur flytur til útlanda þarf hann að kanna hvort Ísland hafi gert milliríkjasamning við landið sem hann flytur til eða hvaða reglur gilda um samskipti þjóðanna í trygginga- og lífeyrismálum. Dæmi um milliríkjasamning sem Ísland hefur gert er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningurinn, sem gildir fyrir launþega í þeim löndum sem samningurinn nær til.

EES-samningurinn á að tryggja að flutningar fólks innan EES-svæðisins hafi ekki áhrif á rétt þess til bóta. Með samningnum eru almannatryggingakerfi aðildarríkjanna ekki sameinuð heldur er markmiðið að tryggja samræmda og samfellda beitingu löggjafar aðildarríkjanna gagnvart launþegum og sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem skipta um vinnu- eða dvalarstað innan svæðisins. Almannatryggingareglur EES-samningsins hafa að geyma eftirfarandi fjórar meginreglur:

- **Jafnræðisreglan** á að tryggja að launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar standi jafnfætis ríkisborgurum þess lands sem þeir vinna eða dvelja í, hvað varðar greiðslur almannatrygginga og aðgang að þeim.
- **Samlagningarreglan** á að tryggja að launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar missi ekki áunnin réttindi eða önnur réttindi sem þeir gætu átt rétt á í sínu landi þó að flutt sé til annars lands innan svæðisins. Þetta þýðir meðal annars að þeir sem hafa áunnið sér réttindi sem byggjast á búsetutímabili, starfstímabili eða tryggingatímabili í sínu landi geta flust til annars lands innan svæðisins og haldið áunnum réttindum.
- **Útflutningsreglan** á að tryggja að bætur almannatrygginga séu greiddar hvar sem er innan svæðisins. Þetta þýðir í meginatriðum að hinn tryggði tapar ekki bótum þótt hann flytji til annars lands innan svæðisins.
- **Hlutfallsreglan** á að tryggja bótaþega hlutfallsgreiðslu hafi hann ekki náð að ávinna sér réttindi sem tryggja fullar bætur. Þessi regla er takmörkuð við greiðslur sem byggjast á söfnun réttinda, eins og til dæmis lífeyristryggingar. Þetta þýðir að þegar launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur náð eftirlaunaaldri fær hann greiddan lífeyri frá því eða þeim löndum sem hann hefur starfað eða búið í.

Reglur EES-samningsins um almannatryggingar gilda um launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga og fjölskyldur þeirra.

Samkvæmt VI. viðauka við samninginn fellur skyldutrygging lífeyrisréttinda undir almannatryggingakerfið. Ofangreind atriði eiga því einnig við um réttindi í lífeyrissjóðum.

### **Um lífeyrismál starfsmanna fjölþjóðafyrirtækja**

Það eru ekki bara íslensk fyrirtæki sem hafa verið að færa út kvíarnar og opna starfsstöðvar erlendis heldur hafa fyrirtæki um allan heim verið að breytast í fjölþjóðafyrirtæki með skrifstofur og starfsemi í mörgum löndum. Þessari þróun fylgir að það verður sífellt algengara að menn starfi í mörgum löndum. Lífeyrismál starfsmanna fjölþjóðafyrirtækja eru mjög flókin þar sem lífeyriskerfi þjóða og reglur um lífeyrissparnað eru ólík.

Þótt það sé ef til vill alveg skýrt hvaða lífeyrisréttindum er stefnt að fyrir hönd starfsmannsins kann að vera erfitt að finna leið til að ná þeim og skilgreina hvernig eigi að fjármagna réttindin. Yfirleitt tileinka fjölþjóðafyrirtæki sér eina eða fleiri af eftirfarandi lausnum:

- Starfsmanni er haldið í upprunalegum lífeyrissjóði í því landi sem hann er frá.
- Starfsmaður fer í lífeyrissjóð í því landi sem hann flytur til.
- Starfsmaður fer í lífeyrissjóð í þriðja landi (til dæmis þar sem höfuðstöðvar fyrirtækisins eru).
- Starfsmaður greiðir í alþjóðlegan lífeyrissjóð sem er eingöngu fyrir útsent starfsfólk.
- Fyrirtæki lofar starfsmanni tilteknum réttindum og gerir þau upp síðar.
- Starfsmaður fær greidd iðgjöld sem launagreiðandi hefði annars greitt í lífeyrissjóð og velur sér einstaklingsbundinn sparnað og viðbótartryggingar.

Hér á eftir eru talin upp þau atriði sem Íslendingar sem vinna erlendis þurfa að fara yfir til að finna lausn á lífeyrismálum sínum og ráðleggingar gefnar varðandi mismunandi lausnir.

### **Hvað er reiknað með löngum dvalartíma?**

Fyrsta atriðið sem þarf að fara yfir er hversu lengi er búist við að dvelja erlendis. Til einföldunar má flokka dvalartíma í þrjá flokka og vinna svo út frá þeim.

- Stuttur dvalartími. Innan við 12 mánuðir.
- Langur dvalartími. Eitt til fimm ár.
- Varanleg dvöl. Fimm ár eða lengur.



### Gátlisti um lífeyrismál Íslendinga sem fara til vinnu erlendis

Atriði	Tilvik	Ráðgjöf
Dvalartími	Minna en 12 mánuði 1 til 5 ár 5 ár eða lengur	Greiða í lífeyrissjóð heima Greiða í lífeyrissjóð heima ef hægt er Greiða í erlendan lífeyrissjóð
Íslenskt fyrirtæki eða erlent	Íslenskt fyrirtæki  Erlent fyrirtæki	Hugsanlega er hægt að greiða í íslenskan lífeyrissjóð  Greiða í erlendan lífeyrissjóð eða spara sjálfur og kaupa viðbótartryggingar vegna örorku eða andláts
Skylduaðild eða ekki	Skylduaðild að erlendum lífeyrissjóði Frjálst val	Skylda að greiða í erlendan lífeyrissjóð Þrír möguleikar eru í stöðunni: Að greiða í erlendan eða íslenskan lífeyrissjóð eða spara á annan hátt og kaupa viðbótartryggingar vegna örorku eða andláts
Lífeyrismál maka	Maki fær vinnu  Maki fær ekki vinnu	Sama ráðgjöf til beggja aðila, sjá önnur atriði í töflu  Tryggja þarf að sparnaður vegna maka haldi áfram og kaupa persónuþryggingar
Aldrei meiri þörf á viðbótartryggingum	Erlendur lífeyrissjóður. Breyting á réttindaávinnslu. Framreiknuð réttindi til örorku- og makalífeyris falla niður. Biðtími á gildissviði nýrra réttinda	Kaupa viðbótartryggingar til að verja sig og fjölskylduna fyrir tekjumissi vegna örorku eða andláts
	Brotflutningur. Við örorku eða andlát vill fjölskyldan e.t.v. flytja heim	Hækka þarf tryggingafjárhæðir eða bæta við sig eingreiðsluþryggingum til að greiða kostnað vegna þess
Áætlun um eftirlaunsparnað	Nýr lífeyrissjóður, breytt réttindaávinnsla. Breyttar tekjur, breyttur kostnaður, breytt viðmið	Nauðsynlegt að endurskoða fyrir markmið og áætlanir

Ef reiknað er með að dvalartími verði styttri en 12 mánuðir er í flestum tilvikum best að halda áfram að greiða í þann lífeyrissjóð sem greitt var í fyrir utanför.

Ef áætlað er að dvelja lengur en fimm ár erlendis og jafnvel að koma ekki heim aftur er eðlilegt að greiða í lífeyrissjóð í því landi þar sem reiknað er með að setjast að í framtíðinni. Þá þarf að setja sig inn í lífeyrismál viðkomandi þjóðar og finna þá lausn sem hentar best. Eins og komið hefur fram er algengast að launagreiðendur bjóði starfsmönnum upp á að greiða í lífeyrissjóð eða á lífeyrisreikninga sem vinnuveitandinn hefur skipulagt. Misjafnt er hvort og þá hvaða tryggingar bjóðast og þarf að kynna sér þau mál. Sömu ráðleggingar gilda um persónuþryggingar og áður hafa komið fram í þessari bók. Sjá nánar í 5. kafla.

Ef reiknað er með að dvelja lengi erlendis en vera þó kominn heim innan fimm ára vandast málið. Ef ekki er skylduaðild að lífeyrissjóðum í viðkomandi landi er ráðlegast að greiða áfram í lífeyrissjóð heima til þess að mynda ekki réttindi eða stofna til bundins sparnaðar í öðru ríki sem þarf að sækja síðar. Önnur leið er að semja um að fá iðgjöldin greidd sem laun og leggja þau fyrir sem annan sparnað. Ef þessi leið verður fyrir valinu er nauðsynlegt að kaupa viðbótartryggingar í staðinn fyrir þá tryggingavernd sem fellur niður við það að hætta að greiða í lífeyrissjóð.

### **Íslenskt fyrirtæki eða erlent**

Það skiptir máli hvort verið er að fara í „sendiför“ á vegum íslensks fyrirtækis eða til starfa hjá erlendu fyrirtæki. Ef farið er á vegum íslensks fyrirtækis er alltaf möguleiki á að halda áfram að fá laun greidd heima. Eins er sá möguleiki fyrir hendi að dóttur- eða samstarfsfyrirtæki greiði launin erlendis en móðurfélagið greiði í lífeyrissjóð heima. Ef hins vegar er verið að fara í vinnu hjá erlendu fyrirtæki horfir málið allt öðruvísi við. Erlend fyrirtæki geta yfirleitt ekki greitt óskattlögð iðgjöld í íslenska lífeyrissjóði.

Eitt af lykilatriðunum er hvaðan einstaklingurinn þiggur laun og hvar hann greiðir skatta. Þar sem skattur er yfirleitt greiddur af lífeyrisgreiðslum eins og öðrum launatekjum er afar mikilvægt að iðgjöld séu greidd óskattlögð. Þess vegna hefur það úrslitaáhrif hvar iðgjöld fara óskattlögð í lífeyrissjóð.

Þegar íslenskt fyrirtæki sendir starfsmann til útlanda heldur hann í sumum tilvikum áfram að fá laun heima og greiða skatta þar. Þegar þannig er um hnútana búið er eðlilegast að hann haldi áfram að greiða í lífeyrissjóðinn sinn heima.

Ef starfsmaður fær greidd laun í því landi sem hann fer að vinna í getur hann ekki greitt í lífeyrissjóð heima nema hann semji við heimafyrirtækið um að það greiði öll iðgjöldin. Hér á landi er ekkert þak á framlagi launagreiðanda og þeir mega draga öll lífeyrissjóðsiðgjöld frá skattskyldum tekjum. Þessi leið er þó aðeins fær ef ekki er skylduaðild að lífeyrissjóðum í því landi sem starfsmaðurinn starfar í.

Ef hins vegar er farið til starfa hjá erlendu fyrirtæki er ekki möguleiki á að greiða í íslenskan lífeyrissjóð og þá þarf að finna aðra lausn á lífeyrismálunum og greiða í erlendan lífeyrissjóð eða spara með öðrum hætti. Undantekning frá þessu er ef viðkomandi land heimilar íslenskum lífeyrissjóðum að fá staðfestingu skattayfirvalda. Það er til dæmis hægt í Bretlandi.

### **Skylduaðild eða ekki**

Ef einstaklingur fer í vinnu hjá erlendu fyrirtæki þar sem skylduaðild er að starfstengdum lífeyrissjóði er málið tiltölulega einfalt. Við þessar aðstæður er um að gera að kynna sér vandlega samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs eða kerfis. Mikilvægt er að vita hvort viðkomandi sjóður byggist á föstum iðgjöldum eða föstum réttindum, hvaða reglur gilda um réttindaávinnslu, biðtíma á gildissviði réttinda, útborgun ellilífeyris og hvort viðkomandi sjóður veitir tryggingavernd vegna örorku eða andláts.

Þeir sem safna upp réttindum eða eignast inneign í erlendum lífeyrissjóði þurfa einnig að kynna sér hvort viðkomandi sjóður heimili flutning á inneign eða réttindum þegar einstaklingurinn flytur aftur heim. Ef svo er ekki er nauðsynlegt að vita hvernig einstaklingur getur fylgst með réttindunum á starfsævinni og sótt um lífeyri þegar þar að kemur.

### **Lífeyrismál maka**

Þeir sem fara til starfa í útlöndum taka oft fjölskylduna með sér og þá er ekki víst að makinn hafi tök á því að vinna utan heimilis. Þá myndast rof í réttindaöflun makans og það kallar á aðgerðir enda hefur það mikil áhrif á lífeyrissjóð hjónanna. Ef makinn fær hins vegar vinnu gilda sömu ráð fyrir bæði hjónin.

Ef makinn er heimavinnandi er mikilvægt að gera ráðstafanir til að lífeyrissparnaður vegna hans haldi áfram með einhverjum hætti, til dæmis með reglulegum sparnaði. Hafi makinn verið í starfi áður er eðlilegt að miða sparnaðinn við laun hans þá. Einnig þarf að gæta að tryggingamálum maka þar sem framreikningur lífeyrissjóðs fellur niður. Verið getur að ráðlegt sé að auka við líftryggingu makans og kaupa sérstaka örorkutryggingu. Flestar örorkutryggingar sem byggjast á mánaðarlegum greiðslum eru vörn gegn tekjumissi og því verður örorkutrygging maka að miðast eingöngu við læknisfræðilega örorku. Dæmi um slíka tryggingu er sjúkra- og slysatrygging sem greiðir bætur vegna slysa og einnig vegna sjúkdóma. Tryggingin bætir varanlega örorku (skattfrjáls eingreiðsla) og tímabundna örorku (dagpeningar). Hægt er fá sjúkra- og slysatryggingar sem gilda hvar sem er í heiminum.

Ef útvinnandi maki greiðir til íslensks lífeyrissjóðs kemur til greina að skipta iðgjaldagreiðslunum og stofna sjálfstæð ellilífeyrissjóð fyrir þann sem er heimavinnandi. Ef þetta er gert þarf makinn engu að síður að kaupa persónutryggingar þar sem skipting iðgjalda hefur eingöngu áhrif á ellilífeyrissjóð en ekki önnur réttindi. Ef útvinnandi maki greiðir til erlends lífeyrissjóðs er sjálfsagt að kanna hvort sambærilegar reglur gildi þar um skiptingu réttinda eða hvort lífeyrissjóðurinn býður einhverjar aðrar lausnir fyrir maka.

### **Aldrei meiri þörf á viðbótartryggingum**

Þegar farið er til starfa í öðru landi þarf að gæta sérstaklega að viðbótartryggingum vegna starfsorkumissis og andláts. Þetta er sérstaklega áriðandi ef skipt er um lífeyrissjóð og þar sem búast má við auknum kostnaði við að laga sig að breyttum aðstæðum vegna slyss eða sjúkdóms.

Þegar flutt er til annars lands og farið að greiða í nýjan lífeyrissjóð breytist þörfin á viðbótartryggingum. Hugsanlegt er að nýr lífeyrissjóður veiti sambærileg réttindi og fyrri sjóður en jafnvel þó svo sé er líklegt að gera þurfi ráðstafanir vegna þess tíma sem líður þar til réttindin taka gildi. Í suma erlenda lífeyrissjóði þarf að greiða í ákveðinn lágmarkstíma til að öðlast réttindi. Ef skipt er um lífeyrissjóð á Íslandi gerir samkomulag lífeyrissjóða það að verkum að sjóðfélaginn heldur í flestum tilvikum áfram að eiga rétt á framreikningi réttinda við örorku eða andlát. Við það að flytja til annars lands fellur framreikningsrétturinn hins vegar niður og ef nýr sjóður tryggir ekki sambærileg réttindi er ráðlegt að bæta sér það upp með því að kaupa viðbótartryggingar.

Ef íslenskur starfsmaður í útlöndum veikist eða ef dauðsfall verður í fjölskyldunni er líklegt að kostnaðurinn við þau áföll verði meiri en ef áföllin hefðu orðið heima. Hugsanlegt er að fjölskyldan vilji við slíkar aðstæður flytja heim og því þarf að hækka tryggingafjárhæðir til þess að mæta þeim kostnaði. Einnig getur verið að læknaaðstoð og önnur hjálp sé dýrari en heima og nauðsynlegt er að vera undir það búinn. Vegna alls þessa þarf að fara yfir allar viðbótartryggingar og skoða hvort ástæða sé til þess að hækka tryggingabætur og jafnvel bæta við tryggingarnar. Einnig þarf að athuga hvort núverandi tryggingar gildi í útlöndum og ef svo er ekki þarf að útvega sambærilegar tryggingar sem gilda á nýjum stað.

Loks er hugsanlegt að ástæða sé til að bæta við sig viðbótartryggingum vegna lægri bóta í almannatryggingakerfi þess lands sem farið er til. Sérstaklega þarf að gæta að því hvaða reglur gilda um heilsugæslu og kostnað vegna veikinda eða slysa.

Pegar einstaklingur flytur aftur heim og hefur störf tekur um sex mánuði að öðlast full réttindi til framreiknings í lífeyrissjóði, sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru vegna vinnu erlendis. Á meðan það ástand varir þarf einstaklingurinn að vera með persónutryggingar í staðinn.

### **Áætlun um eftirlaunasparnað yfirfarin**

Síðast en ekki síst þarf að fara yfir það hvaða áhrif flutningur úr landi hefur á þá áætlun sem gerð hefur verið um eftirlaunasparnað og þau markmið sem sett hafa verið um tekjur í starfslok. Við það eitt að skipta um vinnu breytast forsendur og ekki bætir úr skák ef líka er skipt um lífeyrissjóð.

Eins og fram kom í 5. kafla ættu allir að setja sér markmið um tekjur á eftirlaunaárunum og gera í framhaldi af því áætlun um það hvernig settu marki verði náð. Þegar áætlun hefur verið gerð og sparnaður er hafinn samkvæmt henni þarf alltaf að fara yfir hana öðru hvoru og fylgjast með því hvernig gengur og meta hvort ástæða sé til að endurskoða áætlun eða markmið. Að öllu jöfnu ætti að vera nóg að yfirfara áætlunina á tveggja til þriggja ára fresti.

Það breytist hins vegar ef forsendur breytast verulega eins og gerist ef einstaklingur skiptir um vinnu eða flytur til annars lands. Þá er mjög líklegt að forsendur áætlunarinnar breytist vegna breyttra tekna, breyttra lífsskilyrða eða vegna þess að lífeyrismálin hafa breyst. Ef tekjur eða framfærslukostnaður breytast kunna viðmiðin líka að breytast og það gæti haft áhrif á markmið um tekjur eftir starfslok. Með nýjum lífeyrissjóði og samsetningu lífeyrissparnaðar eru réttindaávinnsla og uppsöfnun sparnaðar önnur en reiknað var með og það gefur tilefni til að endurskoða áætlunina. Það borgar sig að gera þetta strax, meðal annars vegna þess að endurskoðunin getur hjálpað við val á nýjum lífeyrissjóði eða á nýrri samsetningu sparnaðar eða trygginga.

## Dæmi um lífeyrismál Íslendinga sem hafa starfað tímabundið erlendis

Dæmi	Lífeyrissjóður	Viðbótartryggingar	Almannatryggingar
Viðskiptafræðingur starfaði í tvö ár í London á vegum íslensks fyrirtækis.	Þar sem hann var með E-101 vottorð greiddi hann í íslenskan lífeyrissjóð. Vottorðið var fyrst til eins árs en var síðan fram- lengt um eitt ár í viðbót.	Engar breytingar frá trygging- um sem hann hafði hérlendis. Var með örorku- og líftryggingu sem gildi hvar sem er í heimin- um og lét tryggingafélag vita um brottflutning áður en hann fór út.	Þar sem hann var með E-101 vottorð var greitt til íslenska almannatryggingakerfisins. Í Bretlandi hafði hann aðgang að heilbrigðisþjónustu gegn framvisun E-128 vottorðs um sjúkratryggingu.
Læknir starfaði í Bandaríkjunum í 8 ár. Var 3 ár í sérnámi og starfaði síðan sem sérfræðingur á sjúkrahúsi í 5 ár.	Greiddi í lífeyrissjóð allan tímann og fékk móttframlag frá launagreiðanda. Greiddi fyrst í starfstengdan séreignarsjóð en flutti síðar inneign á 401k reikning og hóf greiðslur þangað. Við heimför flutti hann inneignina yfir á IRA reikning til vörsluaðila sem hann valdi sjálfur. Núverandi inneign er laus til útborgunar frá 59,5 ára aldri.	Keypti örorkutryggingu í Bandaríkjunum sem hefði greitt honum mánaðarlegar örorkubætur við starfsorku- missi. Iðgjald var greitt af launum eftir skatta en mánaðarlegar bætur hefðu verið óskattlagðar ef hann hefði orðið öryrki.	Greiddi til bandaríska almannatryggingakerfisins allan tímann. Réttindi féllu niður við heimför en ef hann hefði hefði náð því að greiða 40 ársfjórðunga (vantaði 8 til að ná því) hefði hann getað sótt áunninn réttindi 65 ára.
Viðskiptafræðingur starfaði í 2,5 ár í Sviss á vegum íslensks fyrirtækis (dótturfyrirtæki). Hann var á launaskrá á Íslandi fyrsta árið en síðan í Sviss.	Fyrsta árið var greitt í íslenskan lífeyrissjóð. Í Sviss greiddi hann í séreignarsjóð og fékk móttframlag frá launagreiðanda. Við heimför var inneign tekin út gegn greiðslu sérstakra skatta í Sviss.	Keypti söfnunarlíftryggingu á Íslandi og miðaði við að hún dygði fyrir skuldum vegna húsnæðis. Í Sviss keypti hann fyrir sig og sína sérstakar sjúkra- og slysatryggingar þar sem meðal annars tannlækna- kostnaður var innifalinn.	Fyrsta árið var greitt til íslenska almannatryggingakerfisins en síðan til svissneska kerfisins. Bætur vegna sjúkra-, slysa- og örorkutryggingar eru frekar lágar og þess vegna keypti hann sérstaka sjúkra- og slysatryggingu.
Hjón bjuggu í tæpan áratug í Svíþjóð, annað var útvinnandi og hitt vann heima. Eru bæði komin á lífeyrisaldur.	Á þessum tíma var ekki skylduaðild að starfstengdum lífeyrissjóðum. Þess vegna var eingöngu greitt til almannatryggingakerfisins vegna starfa eiginmannsins og ávann hann sér réttindi þar.		Bæði hjónin eiga rétt á greiðslum frá sænska almannatryggingakerfinu. Umsókn um lífeyri var send fyrir milligöngu Tryggingastofnunar ríkisins. Hjónin gátu valið hvort greiðslur berast á íslenskan eða sænskan bankareikning.

## Almennar ráðleggingar

Loks eru hér þrjú góð ráð til þeirra sem hyggjast vinna erlendis.

- **Gefðu þér tíma og kynntu þér málin til hlítar.** Það er mikilvægt að gefa sér tíma til að skoða lífeyris- og tryggingamálin vandlega. Þeim tíma er vel varið því ákvörðun um þau mál getur skipt sköpum um fjárhagslega afkomu síðar á ævinni. Við það að flytja úr landi og skipta um lífeyrissjóð geta fallið niður mikilvæg réttindi eins og framreikningur örorkulífeyrisréttinda. Þess vegna borgar sig að viðað sé upplýsingum og spyrja þá sem þekka til um allt sem er óljóst. Yfirleitt geta umsjónarmenn starfsmannamála veitt þessar upplýsingar en svo er líka sjálfsagt að ræða við nýja vinnufélaga og læra af þeim.
- **Nýttu sparnaðartækifæri.** Almenn er ráðlegt að nýta þau tækifæri sem bjóðast til sparnaðar hvort sem það er á Íslandi eða erlendis. Ef Íslendingur á kost á því að greiða óskattlögð iðgjöld í erlendan lífeyrissjóð og fá móttframlag frá

launagreiðanda borgar sig yfirleitt að gera það, en þó að því gefnu að hægt sé að sækja réttindin seinna eða flytja þau heim. Í sumum löndum eru til lífeyrissjóðir sem fólk þarf að vera búíð að greiða til í tiltekinn tíma áður en það fær nokkur réttindi. Ef sá tími er lengri en reiknað er með að dvelja í viðkomandi landi er betra að sleppa því að greiða í lífeyrissjóðinn.

- **Geymd réttindi geta verið verðmætari en flutt.** Stundum eru lífeyrisréttindi í heimalandi verðmætari en flutt réttindi. Í sumum lífeyrissjóðum eða vörslureikningum er tekinn kostnaður af rétthafa við flutning. Einnig eru dæmi um að móttframlag launagreiðanda teljist ekki með ef réttindi eru flutt. Í slíkum tilvikum er skynsamlegt að geyma réttindin og sækja þau svo þegar komið er á eftirlaunaaldur.

## Um útlendinga sem vinna á Íslandi

Erlendir ríkisborgarar, sem vinna tímabundið á Íslandi, þurfa að greiða í lífeyrissjóð hér á landi samkvæmt íslensku lífeyrissjóðalögunum. Undantekning frá þessu er þegar erlendur ríkisborgari á EES-svæðinu er starfsmaður erlends fyrirtækis og starfar hér tímabundið, eða að hámarki í 12 mánuði. Í því tilviki ber honum ekki að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs samkvæmt íslenskum lögum enda hafi hann svokallað E-101 vottorð frá heimalandi sínu. E-101 er vottorð um að viðkomandi starfsmaður njóti tryggingar samkvæmt almannatryggingalöggjöf síns heimaríkis.

### Endurgreiðsla iðgjalda

Heimilt er að endurgreiða lágmarksiðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi, nema milliríkjasamningur sem Ísland er aðili að komi í veg fyrir það. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum. Það merkir að lífeyrissjóður hefur heimild til að halda eftir þeim hluta af greiddu iðgjaldi sem svarar til þóknunar fyrir þau réttindi sem viðkomandi einstaklingur hefur notið í sjóðnum á meðan hann greiddi til hans (örorku-, maka- eða barnalífeyrir). Slíkt verður að byggja á mati tryggingafræðings. Landsamtök lífeyrissjóða hafa látið útbúa almennar leiðbeiningarreglur í þessu skyni sem hægt er að nálgast á heimasíðu samtakanna, [www.ll.is](http://www.ll.is).

Eini milliríkjasamningurinn sem takmarkar endurgreiðslur lífeyrissjóðsiðgjalda milli landa er EES-samningurinn. Þar er byggt á gagnkvæmu samkomulagi aðildarríkja sammingsins um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkjanna. Samkvæmt VI. viðauka við samninginn fellur skyldutrygging lífeyrisréttinda undir almannatryggingarkerfið.

Eitt af markmiðunum með EES-samningnum er að tryggja jafnræði milli

erlendra ríkisborgara og íbúa þess lands sem þeir vinna eða dvelja í. Þar sem Íslendingar geta ekki fengið endurgreidd iðgjöld eða flutt réttindi í lífeyrissjóðum á milli sjóða gildir sama regla um útlendinga frá öðrum EES-ríkjum.

### **Skattur af endurgreiðslum**

Við endurgreiðslu iðgjalda til útlendinga er greiddur skattur enda voru iðgjöldin greidd óskattlögð í lífeyrissjóð. Þegar iðgjöld eru endurgreidd er um að ræða greiðslu sem hefur annars vegar myndað stofn til frádráttar tekna hjá einstaklingnum og einnig hjá launagreiðandanum. Því er um að ræða greiðslu sem ekki hefur komið til skattlagningar áður.

Þær fjárhæðir sem eru endurgreiddar eru skattskyldar í almennu skattþrepi, eða með 38,58% (25,75% tekjuskattur + 12,83% útsvar) á árinu 2004. Einstaklingar geta dregið ónýttan persónuafslátt frá greiðslunum. Þetta á einungis við á meðan útlendingurinn er ennþá skattskyldur á Íslandi en eftir það, þ.e.a.s. þegar hann er fluttur úr landi, er um að ræða skattskyldu skv. 71. gr. skattalaganna sem varðar aðila með takmarkaða skattskyldu. Samkvæmt þeirri grein er skattþrósentan 20% auk þess sem 12,83% útsvar leggst á eða samtals 32,83% heildarskattur án nokkurs persónufrádráttar. Umræddar fjárhæðir eru staðgreiðsluskyldar, enda ekki um að ræða neina heimild til þess að halda þessum greiðslum utan staðgreiðslu.

Í þeim tilvikum þegar útlendingurinn er fluttur úr landi og um tvísköttunarsamning er að ræða milli þess ríkis sem hann er búsettur í og Íslands sker samningurinn úr um það hvort viðkomandi tekjur eru skattskyldar hér á landi eða ekki. Samkvæmt ákvæðum tvísköttunarsamninga er í flestum tilvikum um að ræða fulla skattskyldu hér á landi vegna slíkra endurgreiðslna enda er litið svo á að um sé að ræða tekjur vegna starfa hérlendis.

### **Geymd réttindi eða inneign**

Erlendur ríkisborgari sem hverfur af landi brott án þess að flytja greidd iðgjöld með sér á áfram inneign í séreignarsjóði og/eða réttindi í samtryggingarsjóði á grundvelli þeirra iðgjalda sem hann hefur greitt í sjóðinn eða sjóðina. Hann á þannig til að mynda rétt á úttekt úr séreignarsjóði eða greiðslu ellilífeyris þegar hann hefur aldur til. Þá getur hann sótt um ellilífeyri með milligöngu almannatrygginga í heimalandi sínu.

# VIÐAUKI II

## *Mat á núverandi stöðu*

*Helstu atriði:*

### *Leiðbeiningar*

- Aldur og fjöldi ára til starfsloka
- Eyðublað 1 · Réttindi í lífeyrissjóðum
- Eyðublað 2 · 2.1 Viðbótarlífeyrissparnaður. 2.2 Annar sparnaður
- Eyðublað 3 · Örorkulífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum
- Eyðublað 4 · 4.1 Barnalífeyrir við örorku
  - 4.2 Viðbótarörorkutryggingar
- Eyðublað 5 · Makalífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum
- Eyðublað 6 · 6.1 Barnalífeyrir við fráfall sjóðfélaga
  - 6.2 Líftryggingar





# Leiðbeiningar

Hér finnur þú eyðublöð til að nota við að safna saman upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi, persónuþryggingar og annan sparnað. Tilgangurinn er að meta hverjar lífeyrisgreiðslur verða í starfslok miðað við áunnin lífeyrisréttindi, núverandi sparnað og áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð og sparnað til starfsloka. Einnig að meta lífeyrisgreiðslur og tryggingabætur ef tekjur falla niður vegna örorku eða andláts. Til þess að meta núverandi stöðu lífeyrismála þarf að svara fimm spurningum.

**Hvenær áætlar þú eða þið (ef hjón) að hætta að vinna?** Fyrsta verkefnið er að setja fram áætlun eða ósk um hvenær þú eða þið viljið hætta að vinna til þess að áætla hvað þú eða þið reiknið með að vinna mörg ár til viðbótar. Sjá fyrir neðan.

**Veistu hvaða tekjum þú mátt eiga von á í eftirlaun miðað við núverandi réttindi og áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð?** Lífeyrissjóðir greiða lífeyrisgreiðslur frá viðmiðunardri til æviloka. Þessar greiðslur eru undirstaða eftirlauna og því er afar mikilvægt að fyrir liggi raunhæft mat á þeim. Eyðublað 1 er til þess að safna saman upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi og áætla lífeyrisgreiðslur miðað við áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð til starfsloka.

**Hvað reiknar þú með að annar sparnaður (viðbótarlífeyrissparnaður og annar eftirlaunasparnaður) verði mikill í starfslok og bæti miklu við mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur?** Viðbótarsparnaður er nauðsynlegur til þess að geta haldið óbreyttum lífsgæðum eftir að vinnu lýkur. Á eyðublað 2 er safnað upplýsingum um viðbótarlífeyrissparnað og annan eftirlaunasparnað.

**Veist þú hvaða örorkulífeyri þú átt rétt á ef þú þyrftir að hætta að vinna vegna veikinda eða slyss?** Hluti af góðri fjármálastjórnun er að gera ráðstafanir til að verjast tekjutapi vegna veikinda eða slysa. Á eyðublað 3 er safnað upplýsingum um örorkulífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum og á eyðublað 4 upplýsingum um barnalífeyrisréttindi og um viðbótartryggingar hjá váttryggingafélögum eða sem hluta af kjara- og ráðningarsamningi/um.

**Veist þú hvaða lífeyrir yrði greiddur til þinna nánustu ef þú féllir óvænt frá?** Það er nauðsynlegt að vita hverjar tekjur fjölskyldunnar verða ef framfærandi eða annar af framfærendum heimilis fellur óvænt frá. Á eyðublað 5 er safnað upplýsingum um makalífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum og á eyðublað 6 upplýsingum um barnalífeyrisréttindi og um líftryggingabætur við fráfall.

Eyðublöðin geta verið hvort sem er fyrir einstakling eða hjón. Einstaklingur fyllir eingöngu út dálkinn sem er merktur **þú** en ef um hjón er að ræða skal einnig fylla út dálkinn sem er merktur **maki**.

## Aldur og fjöldi ára til starfsloka

Áður en þú fyllir út eyðublöð 1 til 6 skaltu skrifa við hvaða dag upplýsingarnar miðast og fylla út töfluna fyrir neðan. Í hana skaltu rita aldur þinn og maka og setja fram áætlun eða ósk um hvenær þú eða þið viljið hætta að vinna til þess að áætla hvað þú eða þið reiknið með að vinna mörg ár til viðbótar.

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Þú			Maki		
Aldur	Áætluð starfslok	Fjöldi ára til starfsloka	Aldur	Áætluð starfslok	Fjöldi ára til starfsloka

## Eyðublað 1

Veistu hvaða tekjum þú mátt eiga von á í eftirlaun miðað við núverandi réttindi og áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð?

### Réttindi í lífeyrissjóðum

1	Áunnin réttindi (upplýsingar um þegar áunnin réttindi í lífeyrissjóðum sem greitt hefur verið til)			Viðbótarréttindi (sem bætast við með áframhaldandi greiðslum til starfsloka)				
	2	3	4	5	6	7	8	9
	<b>Lögjaldatímabil</b> (hvenær var greitt til sjóðsins)	<b>Viðmiðunaraldur</b> (við hvaða aldri hefst taka lífeyris)	<b>Reglur um flýtingu/frestun</b> (hvenær má fyrst/síðast hefja töku lífeyris og hvernig breytast lífeyrisgreiðslur fyrir hvern mánuð ef þeim er frestað eða flýtt)	<b>Áunnin réttindi</b> (mánaðarlegur lífeyrir til æviloka m.v. þann aldur sem þú áætlar að hefja töku lífeyris)	<b>Réttindastuðull</b> (segir til um hvernig réttindi myndast)	<b>Áætluð laun til starfsloka</b> (sem framreikningur byggist á)	<b>Viðbótarréttindi</b> (mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur til æviloka m.v. starfslokaldur)	<b>Lífeyrir samtals</b> (áunnin og viðbótarréttindi samtals)
			Fyrst      Síðast      Stuðull					
Lífeyrissjóður								
Þú								
Maki								
Lífeyrisgreiðslur samtals			Þú					
			Maki					
			Hjón samtals					

Tilgangur þessarar töflu er að safna saman upplýsingum um þegar áunnin réttindi og áætla lífeyrisgreiðslur í starfslok miðað við áframhaldandi greiðslur í lífeyrissjóð til starfsloka. Upplýsingarnar færðu með því að skoða yfirlit frá lífeyrissjóðum sem þú hefur greitt í eða með því að hafa samband við hvern og einn sjóð og biðja um upplýsingar. Skrifðu niður alla lífeyrissjóði sem þú hefur greitt í og safnaðu upplýsingum frá hverjum og einum um eftirlaunatriði. Fylltu út dálka 2 til 5 hjá lífeyrissjóðum sem þú eða maki eigir áunnin réttindi hjá og dálka 6 til 8 hjá sjóðum sem þú reiknið með að greiða áfram til.

- Lífeyrissjóður** sem þú og maki þinn hafið greitt í og eigir réttindi hjá. Einnig lífeyrissjóðir sem þið greiðið í núna og reiknið með að greiða í til starfsloka.
- Lögjaldatímabil** eða það tímabil sem greitt var í viðkomandi lífeyrissjóð. Tilgangurinn með þessum upplýsingum er að fá yfirlit um í hvaða lífeyrissjóð var greitt á hverjum tíma, m.a. til þess að kanna hvort öll tímabil hafi skilað sér.
- Viðmiðunaraldur** segir til um við hvaða aldri áunnin lífeyrisréttindi miðast. Hjá flestum lífeyrissjóðum er miðað við 67 ára aldur.

- Reglur um frestun eða flýtingu** á töku lífeyrisgreiðslna frá viðmiðunaraldri. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að samræma réttindaútreikninga í mörgum sjóðum eða til að hægt sé að reikna út lífeyri við mismunandi aldur.
- Áunnin réttindi** mæld með mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum frá starfslokaaldri eða þeim aldri sem þú áætlar að hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóði.
- Réttindastuðull** í stigastjóði. Stuðullinn segir til um hvernig réttindi myndast í stigastjóði. Ef lífeyrissjóður er með aldurstengd réttindi má sleppa þessum dálki. Þessar upplýsingar þarf eingöngu varðandi sjóði sem þú áformar að greiða til í framtíðinni.
- Áætluð laun til starfsloka**. Laun sem framreikningur á viðbótarréttindum byggist á. Yfirlitt er miðað við óbreytt laun til æviloka í dæmum hjá lífeyrissjóðum.
- Viðbótarréttindi** sem myndast með áframhaldandi greiðslum. Viðbótarréttindi eru sýnd sem mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá áætluðum starfslokaaldri til æviloka. Upplýsingar um viðbótarréttindi eru á yfirlitum frá lífeyrissjóðum en einnig er hægt að reikna þau á vefsíðum flestra lífeyrissjóða. Ef þú finnur ekki þessar upplýsingar skaltu hringja í lífeyrissjóðinn og biðja um aðstoð.
- Lífeyrisréttindi** samtals (áunnin og viðbótarréttindi).

## Eyðublað 2

Hvað reiknar þú með að viðbótarsparnaður (viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður) verði mikill í starfslok og bæti miklu við mánaðarlegar lífeyrsgreiðslur?

### 2.1 Viðbótarlífeyrissparnaður

	1 Vörsluaðili lífeyrissparnaðar/ séreignarsjóður	2 Núverandi inneign	3 Laun sem greitt er af	4 Iðgjald sem % af launum	5 Inneign í starfslok	6 Mánaðarlegar tekjur fyrir skatta í starfslok		
						7 ár	10 ár	15 ár
Þú								
Maki								
Samtals			Þú					
			Maki					
			Hjón samtals					

Tilgangur þessarar töflu er að safna saman upplýsingum um viðbótarlífeyrissparnað og áætla hver hann verður í starfslok. Skriðu niður alla vörsluaðila sem þú og maki þinn greiðir til eða eigið inneign hjá. Safnaðu upplýsingum hjá hverjum og einum um eftirfarandi atriði:

1. Vörsluaðili lífeyrissparnaðar/séreignarsjóður sem þú eða þið eigið inneign hjá og reiknið með að greiða til áfram.
2. Núverandi inneign í séreignarsjóði eða á lífeyrissparnaðarreikningi.
3. Laun sem lífeyrissparnaður er greiddur af.

4. Iðgjald sem hlutfall af launum. Hér skal skrifa iðgjald samtals þ.e. bæði eigið framlag og mótramlag launagreiðanda.
5. Inneign í starfslok. Þessar upplýsingar færðu hjá vörsluaðilanum en í mörgum tilvikum getur þú reiknað þetta út sjálfur/sjálf á vefsíðu vörsluaðila eða fjármálafyrirtækis. Mælt er með að reiknað sé með höflegri ávöxtun eða 3,5% til 4,5% raunávöxtun.
6. Mánaðarlegar tekjur fyrir skatta í starfslok. Útreiknaðar tekjur af inneign í starfslok miðað við mismunandi úttektartíma.

### 2.2 Annar sparnaður

1 Ávöxtunarleið / annar sparnaður	2 Núverandi inneign	3 Viðbótar- sparnaður	4 Inneign í starfslok	5 Mánaðarlegar tekjur eftir skatta í starfslok		
				7 ár	10 ár	15 ár
Samtals						

Tilgangur þessarar töflu er að safna saman upplýsingum um aðrar eignir og annan eftirlaunasparnað og áætla verðmæti þeirra í starfslok. Skriðu niður allar aðrar eignir og annan sparnað sem þú eða þið hyggist nota til að auka tekjur í starfslok:

1. Ávöxtunarleið sem valin hefur verið fyrir annan sparnað. Annar sparnaður getur t.d. verið á innlánsreikningi í banka, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, skuldabréfum eða hlutabréfum eða í söfnunartryggingu hjá líftryggingafélagi. Hér má einnig telja upp aðrar eignir sem reiknað er með að selja síðar á ævinni til að auka tekjur í starfslok.
2. Núverandi inneign. Verðmæti sparnaðar nú eða þegar úttekt er gerð.

3. Viðbótarsparnaður. Áætlaðu viðbótarsparnaðar á starfsævinni. Getur verið hvort heldur sem er reglulegur eða óreglulegur sparnaður.
4. Inneign í starfslok. Útreiknað verðmæti annars sparnaðar í starfslok. Þetta getur þú reiknað út á vefsíðum flestra fjármálafyrirtækja en annars skaltu leita til ráðgjafa um aðstoð við útreikninginn. Mælt er með að reiknað sé með höflegri ávöxtun eða 3,5% til 4,5% raunávöxtun. Þar sem greiddur er fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum þarf að taka tillit til hans við útreikningana.
5. Mánaðarlegar tekjur eftir skatta í starfslok. Útreiknaðar tekjur af inneign í starfslok miðað við mismunandi úttektartíma. Annar sparnaður er lagður fyrir af launum eftir skatta og því er ekki greiddur tekjuskattur af útborgunum í starfslok.



## Eyðublað 4

Veist þú hvaða örorkulífeyri þú átt rétt á ef þú þyrftir að hætta að vinna vegna veikinda eða slyss?

### 4.1 Barnalífeyrir við örorku

	Lífeyrissjóður	Fjárhæð barnalífeyris (mánaðarlegur barnalífeyrir greiddur til framfæranda barns)	Greiðslutími (aldur barns þegar barnalífeyrir fellur niður)
Þú			
Maki			

Börn örorkulífeyrisþega sem öðlast hefur rétt til framreiknings eiga rétt á mánaðarlegum barnalífeyri ef börnin eru fædd eða ættleidd fyrir orkutap og allt að 12 mánuðum eftir orkutapið. Ef örorka er metin lægri en 100% þá er barnalífeyrir hlutfallslega lægri. Hjá mörgum lífeyrissjóðum er greiðsla barnalífeyris bundin því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt til hans fyrir örorku.

Barnalífeyrir er greiddur til 18 ára aldurs hjá flestum lífeyrissjóðum en nokkrir greiða barnalífeyri til 20 eða 22 ára aldurs. Safnið eftirtöldum upplýsingum:

1. Lífeyrissjóður sem myndi greiða barnalífeyri við örorku.
2. Fjárhæð barnalífeyris.
3. Greiðslutími eða aldur barns þegar barnalífeyrir fellur niður.

### 4.2 Viðbótarörorkutryggingar

Þú / einstaklingur							
Heiti tryggingar	Tryggingafélag	Bótaskylda		Bætur			
		Slys	Sjúkdómar	Eingreiðsla	Mánl.bætur	Bótatími	Biðtími
Þú samtals		Slys					
		Sjúkdómar					

Maki							
Heiti tryggingar	Tryggingafélag	Bótaskylda		Bætur			
		Slys	Sjúkdómar	Eingreiðsla	Mánl.bætur	Bótatími	Biðtími
Maki samtals		Slys					
		Sjúkdómar					

Tilgangur þessarar töflu er að safna saman upplýsingum um örorkutryggingar hjá tryggingafélögum ef einstaklingur verður óvinnufær vegna örorku af völdum sjúkdóms eða slyss. Skrifðu niður hvaða tryggingar þú og maki þinn kaupir (eða njótið með öðrum hætti, t.d. ef þið eruð tryggð með hóprzyggingu samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningi). Fáðu upplýsingar um hvenær bótaréttur skapast og hvaða bætur eru greiddar og með hvaða hætti.

1. Heiti tryggingar.
2. Tryggingafélag sem þú kaupir tryggingu af.
3. Bótaskylda. Hvað bætir tryggingin?
4. Bætur. Fyllið inn hvaða bætur eru greiddar og hvort þær eru greiddar með eingreiðslu eða mánaðarlegum bótum eða e.t.v. hvoru tveggja. Bótatími segir til um hversu lengi mánaðarlegar bætur eru greiddar og biðtími segir til um hvenær greiðslur hefjast eftir að bótaréttur stofnast.

## Eyðublað 5

Veist þú hvaða lífeyrir yrði greiddur til þinna nánustu ef þú féllir óvænt frá?

### Makalífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum

	1	2	3	4	5	6
		Áunnin réttindi (makalífeyrir á mánuði ef sjóðfélagi fellur frá)	Réttur til fram- reiknings, já/nei (á sjóðfélagi rétt á framreikningi við örorku)	Framreiknuð réttindi (viðbótar- réttindi sem bætast við með framreikn- ingi réttinda)	Makalífeyrir samtals (áunnin réttindi og framreiknuð réttindi)	Greiðslutími (tími sem makalífeyrir er greiddur)
Þú	Lífeyrissjóður					
Maki	Pú / einstaklingur samtals					
	Maki samtals					

Tilgangur þessarar töflu er að safna saman upplýsingum um makalífeyrisgreiðslur til eftirlifandi maka ef sjóðfélagi fellur frá. Upplýsingarnar færðu með því að hafa samband við hvern og einn sjóð og biðja um upplýsingar. Skrifðu niður alla lífeyrissjóði sem þú hefur greitt í og átt réttindi hjá og safnaðu upplýsingum frá hverjum og einum um eftirlifandi atriði:

1. **Lífeyrissjóður** sem þú hefur greitt í og átt geymd réttindi hjá og lífeyrissjóður/ir sem þú greiðir í núna og reiknar með að greiða í til starfsloka.
2. **Áunnin makalífeyrisréttindi** sýnd sem mánaðarlegar makalífeyrisgreiðslur ef sjóðfélagi fellur frá.
3. **Réttur til framreiknings (j/n)**. Skrifðu já ef framreikningsréttur er til staðar, annars nei.

4. **Framreiknuð réttindi**. Viðbótarréttindi sem bætast við með framreikningi réttinda ef sjóðfélagi fellur frá.

5. **Makalífeyrir samtals**. Áunnin og framreiknuð réttindi samtals.

6. **Greiðslutími**. Hversu lengi er makalífeyrir greiddur. Í flestum tilvikum er makalífeyrir greiddur tímabundið en hjá sumum sjóðum er hann greiddur ævilangt eða á meðan eftirlifandi maki lifir.

Við mat á lífeyrisgreiðslum við fráfall skal einnig taka tillit til inneignar í séreignarsjóði eða á lífeyrissparnaðarreikningi sem erlist við fráfall, sjá núverandi inneign í séreignarsjóði eða á lífeyrissparnaðarreikningi á eyðublaði 2.

## Eyðublað 6

Veist þú hvaða lífeyrir yrði greiddur til þinna nánustu ef þú féllir óvænt frá?

### 6.1 Barnalífeyrir við fráfall sjóðfélaga

	Lífeyrissjóður	Fjárhæð barnalífeyris (mánaðarlegur barnalífeyrir greiddur til framfæranda barns)	Greiðslutími (aldur barns þegar barnalífeyrir fellur niður)
Þú			
Maki			

Barnalífeyrir er greiddur með börnum látins sjóðfélaga ef hann hafði greitt í lífeyrissjóð a.m.k. 24 af síðustu 36 mánuðum fyrir andlát eða notið elli- eða örorkulífeyris við andlát eða öðlast rétt til framreiknings. Hjá mörgum lífeyrissjóðum er greiðsla barnalífeyris bundin því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt til hans fyrir andlát eða örorku.

Barnalífeyrir er greiddur til 18 ára aldurs hjá flestum lífeyrissjóðum en nokkrir greiða barnalífeyri til 20 eða 22 ára aldurs. Safnið eftirtöldum upplýsingum:

1. Lífeyrissjóður sem myndi greiða barnalífeyri við fráfall.
2. Fjárhæð barnalífeyris.
3. Greiðslutími eða aldur barns þegar barnalífeyrir fellur niður.

### 6.2 Líftryggingar

	1	2	3
	Líftryggingafélag	Líftryggingarbætur (eingreiðsla við fráfall)	Rétthafar (nánustu vandamenn, lögerfingjar, tilnefndir rétthafar)
Þú			
Þú / einstaklingur samtals			
Maki			
Maki samtals			

Sífelld fleiri einstaklingar kaupa líftryggingar til að tryggja sínum nánustu bætur við fráfall. Flestir kaupa líftryggingar sjálfir en einnig er algengt að fólk njóti hóplíftryggingar samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningum. Tilgangur þessarar töflu er að safna saman upplýsingum um líftryggingar til þess að meta afkomu fjölskyldunnar við fráfall sjóðfélaga. Upplýsingar um tryggingarnar eru á tryggingaskirteinum og í kjara- eða ráðningarsamningum, njóti einstaklingur tryggingaverndar með þeim hætti.

Skráðu niður eftirfarandi upplýsingar um líftryggingar í gildi fyrir einstakling og maka:

1. Líftryggingafélag.
2. Líftryggingarbætur.
3. Rétthafar. Bætur líftrygginga eru greiddar þeim sem einstaklingur skráir sem rétthafa bótanna hjá viðkomandi tryggingafélagi. Ef enginn er skráður sem rétthafi greiðast líftryggingabætur til maka. Sé hann ekki á lífi þá greiðast bæturnar til barna en annars til lögerfingja.





# SKRÁR

*Heimildaskrá*

*Orðskýringar*

*Atriðisorðaskrá*

*Vefsíður*



## Heimildaskrá

- Bob Doyle, Kenn Tacchino, Ted Kurlowicz, Neal Cutler & Jeff Schnepfer. Can you afford to retire? Probus Publishing Company 1992.
- Dian Vujovich. Straight talk about investing for your retirement. McGraw-Hill, Inc. 1995.
- Douglas Ostrom. Aging and Pensions in Japan: Economic issues. Japan Economic Institute 1997.
- Gillette Edmunds. How to retire early and live well with less than a million dollars. Adams Media Corporation 2000.
- G.P. Brinson, L.R. Hood og G.L. Beebower. Determinants of Portfolio Performance. Financial Analysts Journal. Júlí/ágúst 1986.
- Hrafn Magnússon. Lífeyrisherfið á Íslandi. Erindi flutt á Nordisk seminarium í Svíþjóð í október 2003.
- Jack Brennan. Straight talk on Investing. What you need to know. John Wiley & Sons, Inc. 2002.
- John F. Wasik. Retire early – and live the life you want now. Henry Holt and Company 2000.
- Jónas Bjarnason og Ólafur Nilsson. Lífeyrisjóðir og almannatryggingar. Skattaleg meðferð og samspil lífeyris, bóta og tekjuskatts. Landssamband lífeyrissjóða og Samband almennra lífeyrissjóða 1995.
- Landssamtök lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðurinn þinn. Lífðu vel og lengi. Október 2001.
- Lewis Carrol. Lísa í Undralandi. Íslenskur texti Stefán Júlíusson. Setberg 1997.
- Marcús Túllius Cícero. Um ellina. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1982.
- Margaret A. Malaspina. Don't die broke. Taking money out of your IRA, 401k, or other savings plan and creating lasting retirement income. Bloomberg press 1999.
- Margrét Sveinsdóttir. Flutningur eigna milli kynslóða, erfðamál og skattlagning arfs. VÍB 1997.
- Mark E. Battersby. 10 minute guide to long-term retirement planning. Macmillan Spectrum / Alpha books 1996.
- Már Guðmundsson. Íslenska lífeyrisherfið. Landssamtök lífeyrissjóða. Maí 2000.
- Merrill Lynch. European Pension Reforms. September 1999.
- Nefnd um sveigjanleg starfslok. Lokaskýrsla í október 2002. Forsætisráðuneytið.
- Paul Katzeff. 10 minute guide to 401k plans. Macmillan Spectrum / Alpha books 1996.
- Richard Disney and Paul Johnson. Pension Systems and Retirement Incomes across OECD Countries. Edward Elgar 2001.
- Ronald M. Yolles and Murray Yolles. You're retired, now what? John Wiley & Sons, Inc. 1998.
- Skýrsla nefndar um þjóðhagslegan sparnað. Efling þjóðhagslegs sparnaðar. Fjármálaráðuneytið. Október 1998.
- Study on pension schemes of the member states of the European Union. Maí 2000.
- The Essential Information Resource on International Employee Benefit Plans. Swiss Life, Zurich 2003.
- The Swiss Multi-pillar Pension System: Triumph of Common Sense? Monica Queisser and Dimitri Vittas. The World Bank. Ágúst 2000.
- The Vanguard Group. How to manage your

retirement? vanguard.com \ Planning and advice. 2003-2004.

Walter Updegrave. Retirement storm clouds. CNNMONEY. Nóvember 2003.

*Lög og reglugerðir.*

Lög nr. 129 frá 1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Lög nr. 8 frá 1962. Erfðalög.

Lög nr. 90 frá 2003 um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 30 frá 2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar.

*Ýmsar greinar og annað efni frá höfundum 1990 til 2003.*

# Orðskýringar

## A,Á

**Afkomutrygging.** Trygging sem greiðir mánaðarlegar bætur til 60 eða 65 ára aldurs ef váttryggður missir starfsorku og verður fyrir sannanlegum tekjumissi. Bætur eru greiddar ef starfsorka skerðist um 40% eða meira og eru þær greiddar í hlutfalli við starfsorkuskerðingu en fullar bætur eru greiddar ef vinnugeta skerðist um 67% eða meira.

**Afleiða.** Afleiður eru yfirleitt notaðar til að draga úr áhættu á tiltekinni verðþróun verðbréfa, gjaldmiðla eða vara. Dæmi um afleiðu er ef maður ver sig fyrir því að verð hlutabréfs lækki með því að kaupa framvirkan samning um að selja hlutabréfið á tilteknu verði á ákveðnum tíma í framtíðinni. Afleiða er samningur milli tveggja aðila þar sem virði samningsins ákvarðast af undirliggjandi eign, s.s. hlutabréfi, skuldabréfi eða gjaldmiðlum. Nafnið afleiða er dregið af því að samningurinn er *leiddur af* undirliggjandi eign.

**Aldurstengd réttindaávinnsla.** Í lífeyrissjóði með aldurstengt réttindakerfi er tekið tillit til ávöxtunartíma innborgaðra iðgjalda við úthlutun lífeyrisréttinda. Það þýðir að yngri sjóðfélagar fá meiri réttindi en eldri fyrir sama iðgjald. Þannig ávinnur þrítugur maður sér rétt á 2.028 kr. í árlegan lífeyri frá 67 ára aldri til æviloka fyrir hvert 10.000 kr. iðgjald en sextugur maður myndi ávinna sér rétt á 728 krónum í árlegan lífeyri fyrir sama iðgjald.

**Aldurstengd verðbréfasöfn.** Vegna sveiflna í ávöxtun henta verðbréf mismunandi vel fyrir aldurshópa. Hlutabréf gefa t.d. hæstu ávöxtunina en ávöxtun sveiflast mikið og því henta

þau ekki vel fyrir þá sem eru að ávaxta fé í stuttan tíma. Í aldurstengdum verðbréfasöfnum er eignum raðað saman í þrjú til fimm verðbréfasöfn þannig að þau henti fyrir mismunandi aldurs skeið. Í safninu sem hefur lengstan sparnaðartíma er vægi hlutabréfa hátt en í safninu hjá þeim sem hafa mjög stuttan sparnaðartíma er vægi þeirra lágt eða ekkert.

**Annar sparnaður.** Sparnaður sem er lagður fyrir eftir að skattar hafa verið dregnir af launum. Annar sparnaður getur verið innlánsreikningar í bönkum og sparissjóðum, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, skuldabréf, hlutabréf, söfnunartryggingar hjá líftryggingafélögum eða aðrar eignir. Binditími er misjafn eftir fjárfestingum en yfirleitt er annar sparnaður alltaf laus.

**Áunnin réttindi.** Með greiðslum í lífeyrissjóð ávinna sjóðfélagar sér réttindi til ellilífeyrisgreiðslna frá viðmiðunaráldri til æviloka, örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall. Þau réttindi sem sjóðfélagi hefur áunnið sér með greiðslum eru kölluð áunnin réttindi.

## B

**Barnalífeyrir.** Lífeyrissjóðir greiða barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega og látinna sjóðfélaga. Barnalífeyrir er greiddur meðan börnin eru undir 18 til 22 ára aldri og er hann yfirleitt föst fjárhæð sem tilgreind er í samþykktum lífeyrissjóðs. Fjárhæðin er verðtryggt og breytist í takt við breytingar á vísitölu neysluverðs. Hjá nokkrum lífeyrissjóðum er barnalífeyrir hlutfall af makalífeyri en þó

aldrei lægri en lágmarksfjárhæð samkvæmt lögum.

**Biðtími.** Sá tími sem líður frá því váttryggður verður fyrir tjóni þar til tryggingabætur eru greiddar (ef eingreiðsla) eða greiðsla tryggingabóta hefst (mánaðarlegar bætur).

**Bótatími.** Sá tími sem tryggingabætur eru greiddar.

## E

**Eftirlaun.** Í þessari bók eru eftirlaun samtala lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum og frá almannytryggingum og tekna af vörslureikningi lífeyrissparnaðar og öðrum sparnaði.

**Eignasamsetning verðbréfasafna.** Með eignasamsetningu er átt við hlutfallslega skiptingu eigna á milli verðbréfaflokka. Ef um er að ræða blandað verðbréfasafn segir eignasamsetning til um vægi hlutabréfa, skuldabréfa og annarra sparnaðarforma. Samkvæmt niðurstöðum fræðimanna ræður eignasamsetning mestu um mismun á ávöxtun verðbréfasafna til langs tíma.

**Ellilífeyrir.** Lífeyrisgreiðsla frá viðmiðunaraldri lífeyrissjóðs til æviloka. Oftast miða lífeyrissjóðir við 67 ára aldur og greiða lífeyri þar til sjóðfélagi fellur frá. Heimilt er að flýta eða seinka töku lífeyrisgreiðslna um allt að fimm ár en reglur eru mismunandi milli lífeyrissjóða. Ef lífeyrisgreiðslum er flýtt lækkar fjárhæð mánaðarlegs lífeyris en hækkar ef lífeyrisgreiðslum er seinkað frá viðmiðunaraldri.

## F

**Fastiðgjaldasjóður.** Í fastiðgjaldasjóði (defined contribution) eru greidd föst iðgjöld samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi eða ákvörðun sjóðfélaga og ráðast lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga af þeirri ávöxtun sem fæst á iðgjöldin. Séreignarsjóðir eru fastiðgjaldasjóðir.

**Fastréttindasjóður.** Í fastréttindasjóðum (defined benefit) lofar lífeyrissjóður sjóðfélögum sínum ákveðnum réttindum fyrir greitt iðgjald. Fastréttindasjóðir geta verið með eða án ábyrgðar launagreiðenda. Í sjóðum með ábyrgð launagreiðenda (t.d. hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins) ber launagreiðandi

áhættuna á því að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar en í sjóðum án ábyrgðar bera sjóðfélagar áhættuna sameiginlega. Íslenskir lífeyrissjóðir eru fastréttindasjóðir. Þeir lofa tilteknum réttindum fyrir greitt iðgjald á grundvelli samþykka sinna. Hjá sjóðum sem eru án ábyrgðar launagreiðenda ræður ávöxtun mestu um hvort sjóðirnir geta staðið við loforð sín og skuldbindingar.

**Flytistuðull.** Flestir lífeyrissjóðir heimila sjóðfélögum að hefja töku lífeyris fyrir viðmiðunaraldur ellilífeyrisgreiðslna. Ef það er gert lækka mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur um tiltekna prósentu á mánuði sem nefnist flýtuðull.

**Framreiknuð réttindi.** Virkir sjóðfélagar sem verða öryrkjar vegna slyss eða sjúkdóms og verða fyrir sannanlegum tekjumissi eiga rétt á örorkulífeyrisgreiðslum. Fjárhæð örorkulífeyris miðast við þegar áunnin réttindi en auk þess er reiknað hvaða réttindi sjóðfélagi hefði áunnið sér með áframhaldandi greiðslum til starfsloka. Þau réttindi sem bætast við með þeim hætti eru kölluð framreiknuð réttindi. Við fráfall eru makalífeyrisréttindi maka virkra sjóðfélaga framreiknuð með sama hætti.

**Framvirkur samningur.** Samningur milli tveggja aðila þar sem annar skuldbindur sig til að kaupa eða selja tiltekna eign, t.d. verðbréf eða gjaldmiðla, á ákveðnum tíma í framtíðinni á fyrirfram ákveðnu verði. Hinn aðilinn er þá skuldbundinn til að afhenda eignina eða greiða fyrir hana þegar hann fær hana afhenta.

**Freststuðull.** Flestir lífeyrissjóðir heimila sjóðfélögum að fresta töku lífeyris fram yfir viðmiðunaraldur ellilífeyrisgreiðslna. Ef það er gert hækka mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur um tiltekna prósentu á mánuði sem nefnist frestuðull.

## G

**Gegnumstreymiskerfi.** Lífeyriskerfi sem byggist á því að lífeyrir er greiddur af samtímasköttum. Í slíku kerfi er hluta af sköttum varið til að greiða lífeyri til lífeyrisþega. Hugmyndafræðin á bak við kerfið gerir ráð fyrir að ein kynslóð greiði fyrir aðra eða að vinnandi

menn greiði af sköttum fyrir foreldra sína og njóti svo í staðinn sambærilegra greiðslna frá börnum sínum eftir að sest er í helgan stein.

**Gengisáhætta verðbréfa.** Með gengisáhættu verðbréfa er átt við hættuna á að gengi bréfs verði öðruvísi á söludegi en vænst var á kaupdegi. Gengisáhætta er yfirleitt mæld með staðalfrávikum sem mælir sveiflur í ávöxtun í kringum meðalávöxtun. Sveiflur á verði skuldbréfa ráðast af breytingum á markaðsvöxtum og lánstíma skuldabréfanna. Sveiflur á verði hlutabréfa ráðast af framboði og eftirspurn á markaði. Framboð og eftirspurn ráðast síðan af arðsemi fyrirtækis til langs tíma og væntingum fjárfesta til skamms tíma.

**Gengismunur verðbréfasjóða (upphafsgjald).** Munur á kaup- og sölugengi verðbréfasjóðs.

**Gengisvarnir.** Samningar sem fjárfestar geta gert til að draga úr gjaldmiðlaáhættu. Fjárfestar geta varið sig fyrir sveiflum á gengi gjaldmiðla með gjaldmiðlaskiptasamningum, framvirkum samningum og valréttarsamningum. Dæmi um gengisvörn er ef fjárfestir gerir framvirkan samning um að selja dollara á tilteknu gengi í framtíðinni til að verja sig fyrir tapi af hugsanlegri styrkingu krónunnar. Ef krónan styrkist og verðmæti erlendra verðbréfa í eigu hans lækkar vegna þess getur hann keypt dollara á gengi dagsins og selt þá síðan aftur með hagnaði á því gengi sem samið var um með framvirka samningnum. Hagnaðurinn er þá jafn tapinu af verðmætarýrnun erlendu bréfanna.

**Gjaldmiðlaáhætta.** Með gjaldmiðlaáhættu er átt við áhættuna sem felst í sveiflum á gengi gjaldmiðla. Fyrir mann sem kaupir erlend verðbréf er gjaldmiðlaáhætta fólgin í því að hann getur hagnast eða tapað þegar erlendu verðbréfin eru seld og skipt yfir í krónur. Hafi gengi íslensku krónunnar styrkst gagnvart erlendum myntum fær hann færri krónur fyrir bréfin og öfugt ef krónan hefur veikt.

**Gjaldmiðlaskiptasamningur.** Samningur milli tveggja aðila að um að skiptast á greiðslum í framtíðinni. Dæmi um slíkan samning er samningur um að skipta á höfuðstól og föstum vöxtum á eign í einni mynt fyrir fasta vexti og höfuðstól sambærilegrar eignar í annarri

mynt. Þannig er gjaldmiðlaskiptasamningur notaður til að umbreyta eign úr einni mynt yfir í eign í annarri mynt.

**Grundvallarlaun.** Margir lífeyrissjóðir miða lífeyrisgreiðslur við svokölluð grundvallarlaun. Þá eru lífeyrisréttindin oft mæld í stigum sem eru hlutfall launa sem greitt er af og grundvallarlauna lífeyrissjóðs. Grundvallarlaunin eru yfirleitt verðtryggð og breytast í takt við breytingar á vísitölu neysluverðs. Verðtrygging grundvallarlauna þýðir að lífeyrisréttindi eru einnig verðtryggð því lífeyrisgreiðslurnar eru reiknaðar sem hlutfall af grundvallarlauninum.

## H

**Hlutabréf.** Eignarhlutdeild í hlutafélagi. Ávöxtun ræðst af arðgreiðslum og verðbreytingum á hlutabréfamarkaði. Á löngum tíma ræður arðsemi hlutafélaganna mestu um ávöxtun.

**Hlutlausar eignastýringaraðferðir.** Hlutlausar aðferðir við stýringu verðbréfasafna byggjast á því að hlutabréf eða önnur verðbréf eru valin með tilliti til vægis í viðmiðun. Stefna slíkra sjóða er að kaupa og eiga.

## I

**Iðgjald.** Greiðsla sem er innt af hendi endurteknið með reglubundnum hætti. T.d. lífeyrisjóðsiðgjald eða tryggingaiðgjald.

**Iðgjald til lágmarkstryggingarverndar.** Það iðgjald sem lífeyrissjóður reiknar með að þurfi til að standa undir lágmarkstryggingarvernd.

**Iðgjaldsstofn.** Sá stofn sem iðgjald í lífeyrissjóð er greitt af. Iðgjald í lífeyrissjóð skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Til iðgjaldsstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í friðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrk, dagpeninga og fæðispeninga.

## J

**Jöfn réttindaávinnsla.** Talað er um jafna réttindaávinnslu þegar sjóðfélagar ávinna sér sömu réttindi fyrir sömu greiðslu óháð aldri þegar iðgjald er greitt. Í lífeyrissjóði með rétt-



indastuðulinn 1,4% ávinna sjóðfélagar sér rétt á 1.400 krónum í árlegan lífeyri frá 67 ára aldri með greiðslu 10.000 króna iðgjalds óháð aldri sjóðfélaga.

## K

**Kaup- og sölugengi verðbréfasjóða.** Seljendur verðbréfasjóða birta daglega á hvaða verði þeir eru tilbúnir að kaupa og selja hlutdeildarskírteini í hverjum sjóði. Kaupgengi er gengi sem þeir eru tilbúnir að kaupa hlutdeildarskírteinin á en sölugengi er gengið sem þeir eru tilbúnir að selja á.

## L

**Landssamtök lífeyrissjóða.** Landssamtökin eru heildarsamtök lífeyrissjóða og eru flestir lífeyrissjóðir aðilar að þeim. Hlutverk samtakanna er m.a. að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga og að vera málsvari gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum í öllu sem varðað getur sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.

**Lágmarksiðgjald.** Iðgjald sem nemur a.m.k. 10% af heildarlaunum og greitt er í lífeyrissjóð til að tryggja lágmarkstryggingarvernd.

**Lágmarkstryggingarvernd.** Sú tryggingarvernd sem lífeyrissjóður veitir samkvæmt lögum eða samþykktum sínum miðað við 40 ára inn-greiðslutíma iðgjalds. Lágmarkstryggingarvernd er skilgreind í lögum nr. 129/1997 og verða lífeyrissjóðir að tryggja sjóðfélögum sínum a.m.k. þau réttindi.

**Lífeyrissjóðsiðgjald.** Greiðsla í lífeyrissjóð eða til vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Yfirleitt er iðgjaldi skipt í tvennt og greiðir launþegi annan hlutann og launagreiðandi hinn. Iðgjöld eru greidd af launum fyrir skatta eða m.ö.o. iðgjöldin eru greidd til lífeyrissjóðs eða vörsluaðila áður en tekjuskattur og útsvar eru dregin af launum.

**Lífeyrissjóður.** Sjóður sem tekur við iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í I., II. og III. kafla laga nr. 129/1997 og hefur starfsleyfi samkvæmt þeim lögum, starfar samkvæmt staðfestri reglugerð, sbr. lög nr. 55/1980, um starfskjör launþega og skyldu-

tryggingu lífeyrisréttinda eða starfar samkvæmt sérlögum.

**Líftrygging.** Trygging sem greiðir nánustu vandamönnum eða öðrum tilnefndum rétt-höfum bætur við fráfall hins tryggða. Líftrygging er greidd út hvort sem dánarorsök er slys eða sjúkdómur. Líftryggingabætur eru greiddar út í einu lagi og eru skattfrjálsar.

**Lokalaun.** Þau laun sem einstaklingur hefur síðasta mánuðinn eða árið áður en hann lætur af starfi. Lífeyrisgreiðslur eru oft reiknaðar í hlutfalli af lokalaunum til að mæla hvernig tekjur breytast þegar einstaklingar fara á eftirlaun.

## M

**Makalífeyrir.** Lífeyrissjóðir greiða makalífeyri til maka látins sjóðfélaga til að milda fjárhagslegt áfall fjölskyldunnar. Makalífeyrir er aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir. Sumir lífeyrissjóðir greiða makalífeyri til æviloka. Fjárhæð makalífeyris er a.m.k. 50% af áunnum örorkulífeyri viðkomandi sjóðfélaga við andlátíð miðað við 100% örorku. Ef sjóðfélaginn var virkur sjóðfélagi við andlátíð er auk þess reiknað hvaða réttindi hann hefði áunnið sér miðað við áframhaldandi greiðslur til starfsloka og hækka makalífeyrisréttindin í samræmi við það.

**Markaðstengdur sjóður.** Sjóður (verðbréfasjóður, séreignarsjóður) sem fjárfestir með hlutlausum eignarstýringaraðferðum í verðbréfum í sömu hlutföllum og hlutfall þeirra er á markaði. Markaðstengdir sjóðir eru stundum kallaðir vísitölusjóðir.

**Meðallaun.** Lífeyrisgreiðslur eru oft mældar sem hlutfall af meðallaunum eða þeim launum sem einstaklingur var með að meðaltali hvern mánuð eða ár á meðan hann var í starfi. Meðallaun eru heildarlaun einstaklinga á starfsævi deilt með fjölda launátímabila.

**Móttframlag.** Iðgjald sem launagreiðandi greiðir á móti launþega í lífeyrissjóð eða til lífeyris-

sparnaðar. Ef um er að ræða lágmarksiðgjald greiðir launagreiðandi yfirleitt 6% mótframlag gegn 4% iðgjaldi launþega. Ef um er að ræða viðbótariðgjald til lífeyrissparnaðar greiðir launagreiðandi yfirleitt 2% mótframlag gegn 2% iðgjaldi launþega.

## N

**Nafnvextir. Nafnávöxtun.** Nafnvextir eru vextir sem eru reiknaðir af óverðtryggðum höfuðstól skuldabréfa. Með nafnávöxtun er átt við ávöxtun án tillits til verðþróunar. Nafnávöxtun verðtryggðra skuldabréfa inniheldur bæði nafnvexti og verðbætur.

## P

**Persónutryggingar.** Tryggingar sem greiða bætur ef váttryggður maður verður fyrir starfsorkumissi vegna veikinda eða slyss eða fellur frá.

## R

**Raunvextir. Raunávöxtun.** Raunvextir eru vextir umfram verðtryggingu. Ef skuldabréf eru verðtryggð breytist höfuðstóll í takt við breytingar á vísitölu neysluverðs áður en vextir eru reiknaðir. Með raunávöxtun er átt við ávöxtun umfram verðbólgu.

**Rekstrarkostnaður.** Hjá sjóðum sem reka sig sjálfir er rekstrarkostnaður allur kostnaður sem til fellur við reksturinn. Hjá vörsluaðilum lífeyrissparnaðar er átt við kostnað við að geyma sparnaðinn og annast hann. Dæmi um rekstrarkostnað vörsluaðila eru umsjónarlaun sjóða, þóknun fyrir fjárvörslu, eignastýringarkostnaður og innheimtukostnaður.

**Réttthafi.** Einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

**Réttindastuðull.** Lífeyrissjóðir sem byggja á jafnri réttindaávinnslu nota réttindastuðul til að reikna lífeyrisgreiðslur. Í raun segir réttindastuðullinn til um hvaða hlutfall launa sjóðfélagar ávinna sér með greiðslum. Ef réttindastuðull er t.d. 1,4 þá ávinna sjóðfélagar sér rétt á 1,4% af þeim launum sem þeir greiða af í árlegan lífeyri frá viðmiðunaráldri. Ef greitt er af

100.000 króna launum þá er iðgjald 10.000 krónur og sjóðfélagi ávinnum sér rétt á 1.400 krónum í lífeyri.

## S

**Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða.** Flestir lífeyrissjóðir eru aðilar að samkomulagi um að veita upplýsingar um iðgjöld hver hjá öðrum og skipta framreikningi örorkuréttinda ef sjóðfélagar hafa nýlega skipt um lífeyrissjóð fyrir orkutap. Einnig kveður samkomulagið á um flutning iðgjalda milli sjóða þegar kemur að lífeyristöku og skal þá flytja iðgjöld milli sjóða ef þau eru óveruleg. Á heimasíðu Landssamtaka lífeyrissjóða eru upplýsingar um lífeyrissjóði sem eru aðilar að samkomulaginu.

**Samningur um lífeyrissparnað.** Samningur launþega við vörsluaðila lífeyrissparnaðar um að láta draga allt að 4% af launum og greiða til vörsluaðilans inn á ávöxtunarleidd sem tilgreind er í samningnum. Vörsluaðilinn sér um að senda launagreiðanda afrit af samningnum og er hann þá skyldugur til að draga iðgjöldin frá launum og greiða til vörsluaðilans.

**Samtryggingarsjóður.** Lífeyrissjóður sem greiðir ellilífeyri til æviloka, örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall. Sjóðurinn er kallaður samtryggingarsjóður af því sjóðfélagar sam einst um að tryggja hver öðrum ellilífeyri til æviloka og verja sjóðfélagana og fjölskyldur þeirra fyrir tekjumissi vegna örorku eða dauða.

**Séreignarhluti iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar.** Sá hluti lágmarksiðgjalds sem er greiddur í séreignarsjóð ef séreignarsjóður greiðir hluta af lágmarksellilífeyri frá 70 ára aldri til æviloka. Stundum kallað skilyrtur séreignarsjóður.

**Séreignarsjóður** (frjáls séreign). Sjóður sem hefur heimild til að taka við viðbótariðgjöldum. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á reikning sjóðfélaga ásamt vöxtum. Inneign er laus til úttektar við 60 ára aldur og skal þá greidd út á sjö árum eða lengri tíma að vali sjóðfélaga eða réttthafa.

**Sjóðfélagi.** Einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs og á hjá honum réttindi.

**Sjóðsöfnunarkerfi.** Lífeyrisherfi sem byggjast á söfnun eru kölluð sjóðsöfnunarkerfi. Slík kerfi byggjast á því að starfandi menn leggja fyrir hluta af launum á starfsævinni og ganga síðan á sparnaðinn eftir að vinnu lýkur. Kerfið dregur nafn sitt af því að einstaklingar safna með því að leggja í sjóð. Íslenska lífeyrisherfið er sjóðsöfnunarkerfi.

**Sjúkdómtrygging.** Trygging sem greiðir eingreiðslubætur ef váttrygður greinist með alvarlegan sjúkdóm sem er talinn upp í skilmálum tryggingarinnar. Tryggingin greiðir einnig bætur ef börn hins tryggða innan 18 ára aldurs greinast með alvarlegan sjúkdóm.

**Sjúkra- og slysatrygging.** Trygging sem greiðir bætur vegna sjúkdóma og slysa. Fyrst um sinn eru bæturnar í formi vikulegra dagpeninga en ef viðkomandi sjúkdómur eða slys leiðir til varanlegrar örorku fær hinn váttrygði eingreiðslubætur. Hægt er að velja mismunandi biðtíma og bótatíma dagpeninga.

**Skilyrtur séreignarsjóður** (bundin séreign). Inneign í séreignarsjóði sem ætluð er til að greiða hluta af lágmarkslífeyri. Oftast er miðað við að inneignin sé greidd út á aldursbilinu 70 ára til 79 ára og samtryggingarsjóður greiði síðan lífeyri til æviloka frá 80 ára aldri.

**Skuldabréf.** Loforð um fastar greiðslur í framtíðinni. Ávöxtun ræðst af markaðsvöxtum þegar skuldabréf er keypt og selt. Skuldabréf hækka (lækka) í verði ef markaðsvextir lækka (hækka).

**Stig.** Margir lífeyrissjóðir mæla lífeyrisréttindi í stigum. Í raun eru stigin ekkert annað en hlutfall launa sem greitt er af í lífeyrissjóð og grundvallarlauna lífeyrissjóðs. Lífeyrisréttindi eru síðan reiknuð á eftirfarandi hátt:

*Lífeyrisgreiðslur =*

$$\text{stig} * \frac{\text{réttindastuðull}}{100} * \text{grundvallarlaun}$$

**Stigasjóður.** Lífeyrissjóður sem reiknar lífeyrisréttindi sjóðfélaga í stigum.

## T

**Tryggingafræðileg staða.** Samkvæmt lögum skulu lífeyrissjóðir árlega láta tryggingafræðing framkvæma tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Athugunin felst í mati á skuldbindingum sjóðsins og samburði á eignum og áætluðum skuldbindingum. Niðurstaða athugunarinnar er kölluð tryggingafræðileg staða.

**Tryggingaiðgjald.** Greiðslur til tryggingafélags fyrir váttryggingar. Tryggingaiðgjöld eru greidd með reglubundnum hætti samkvæmt skilmálum viðkomandi tryggingar.

## U

**Umsjónarlaun.** Þóknun eignastýringarfyrirtækis fyrir rekstur sjóða, t.d. verðbréfasjóða og séreignarsjóða. Umsjónarlaun eru venjulega reiknuð í hlutfalli af eignum sjóðs.

## V

**Valréttarsamningur.** Samingur um rétt á að kaupa eða selja tiltekna eign, t.d. verðbréf eða gjaldmiðla, á fyrir fram ákveðnu verði á ákveðnu tímabili eða degi í framtíðinni. Réttihafi hefur val um hvort hann nýtir réttinn eða ekki. Kaup- og söluréttir eru gjarnan notaðir til að verja fjárfesta fyrir sveiflum á verði verðbréfa eða gjaldmiðla.

**Vaxtavextir.** Vextir sem reiknast af vöxtum eru vaxtavextir. Vaxtavextir bætast við höfuðstól.

**Veltukostnaður.** Kostnaður sem fellur til við hreyfingar eða eignabreytingar, t.d. kostnaðurinn við að kaupa og selja verðbréf eða innleysa bankainnstæður eða inneign í sjóðum.

**Verðbréfasjóður.** Sjóður sem fjárfestir í verðbréfum sem einstaklingar og aðrir lögaðilar geta keypt hlutdeild í með kaupum á hlutdeildarskírteinum í viðkomandi sjóði. Verðbréfasjóðir skulu reikna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina daglega og geta eigendur selt bréfin á því verði þegar þeim hentar. Ávöxtun verðbréfasjóðs ræðst af ávöxtun verðbréfa í eigu sjóðsins að frádregnum kostnaði við rekstur hans. Verðbréfasjóðir geta verið margskonar og bæði fyrir skammtíma- og

langtímasparnað. Verðbréfasjóðir starfa samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

**Vextir.** Vextir eru leigan sem greidd er fyrir lánsfé. Sá sem fær lán í banka eða hjá lífeyrissjóði greiðir vexti fyrir lánsféð. Sá sem leggur peninga inn á reikning í banka eða sparissjóði fær greidda vexti fyrir að geyma peningana í innlánsstofnuninni.

**Viðbótarellilífeyrir.** Nokkrir lífeyrissjóðir bjóða sjóðfélögum sínum að auka ellilífeyrisréttindi með því að greiða viðbótariðgjald sem tryggir mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá 65 ára aldri til æviloka. Sjóðfélagar geta einnig varið hluta af séreign sinni við starfslok til þess að tryggja sér lífeyrisgreiðslur til æviloka. Þetta getur m.a. hentað þeim vel sem hafa greitt lengi í séreignarsjóð og eiga lítil sem engin réttindi til ellilífeyrisgreiðslna til æviloka.

**Viðbótariðgjald.** Iðgjald umfram lágmarksiðgjald. Einstaklingar ráða hvert þeir greiða viðbótariðgjaldið og hvort þeir verja hluta af því til að kaupa viðbótartryggingar.

**Viðbótarlífeyrissparnaður.** Sparnaður sem lagður er fyrir með greiðslu viðbótariðgjalds frá launþegum og mótframlaga frá launagreiðendum til vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Iðgjöldin eru greidd áður en skattar eru dregnir frá launum. Inneign er bundin til 60 ára aldurs og greidd út með jöfnum greiðslum á aldrinum 60 til 67 ára. Réttthafi má taka inneignina út á lengri tíma. Við útborgun inneignar er greiddur tekjuskattur og útsvar af útborgunum eins og hverjum öðrum launatekjum. Inneign erfirst við fráfall.

**Viðbótartryggingarvernd.** Sú tryggingarvernd sem er umfram þá lágmarkstryggingarvernd sem lífeyrissjóður skilgreinir og greitt er fyrir með greiðslu viðbótariðgjalds samkvæmt sérstökum samningi um lífeyrissparnað við vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

**Viðmiðunardur ellilífeyrisgreiðslna.** Sá aldur sem ellilífeyrisréttindi hjá lífeyrissjóði miðast við, oftast 67 ára aldur. Það þýðir að sjóðfélagar ávinna sér rétt á ellilífeyrisgreiðslum frá viðmiðunardri en síðan geta þeir flýtt eða seinkað töku lífeyris frá viðmiðunardri samkvæmt sérstökum heimildarákvæðum í samþykktum lífeyrissjóðs.

**Virkar eignastýringaraðferðir.** Virk stýring sjóða byggist á því að sjóðstjórar eða stjórnendur sjóðanna kaupa verðbréf sem þeir telja að muni hækka á næstunni og selja verðbréf sem þeir telja að muni breytast lítið eða jafnvel lækka á næstunni. Í sjóðum sem nota þessar aðferðir er því töluverð velta.

**Virkur sjóðfélagi.** Sjóðfélagi sem greiðir í lífeyrissjóð og á rétt á framreikningi réttinda við starfsorkumissi. Í samþykktum lífeyrissjóða er að finna ákvæði um hvenær sjóðfélagar teljist virkir. Algengustu skilyrðin eru að sjóðfélagi hafi greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum og a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili.

**Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar.** Þeir aðilar sem hafa heimild til að taka við viðbótariðgjaldi með samningi um lífeyrissparnað, þ.e. lífeyrissjóðir, bankar, sparissjóðir, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki.

**Vörslureikningur lífeyrissparnaðar.** Inneign á sérgreindum reikningi hjá lögaðila sem fengið hefur heimild til að taka við viðbótariðgjaldi með samningi um lífeyrissparnað. Ef inneign er geymd á sérgreindum reikningi, t.d. fjárvörslureikningi eða innlánsreikningi, er hugtakið vörslureikningur notað sem samheiti yfir reikninga sem geyma viðbótarlífeyrissparnað.

## Ö

**Örorkulífeyrir.** Lífeyrissjóðir greiða örorkulífeyri ef sjóðfélagi verður öryrki og verður fyrir sannanlegum tekjumissi. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Ef örorka er metin minni en 100% lækka örorkulífeyrisgreiðslur hlutfallslega. Örorkulífeyrisgreiðslur falla niður þegar sjóðfélagi nær viðmiðunardri ellilífeyris en þá fær hann greiddan sambærilegan ellilífeyri til æviloka.

## Atriðisorðaskrá

### A,Á

Afkomutrygging 96, 117, 126  
 Afleiður 131, 142, 160  
 Aðrar eignir 78, 122-123, 182  
 Aldurstengd réttindi, aldurstengdir lífeyrissjóðir 47-50, 108  
 Aldurstengd verðbréfasöfn 152  
 Alheimsáhætta 152  
 Almennatryggingar 23, 166, 190-193, 221  
 Alþjóðabankinn 190  
 Alþjóðadeild Tryggingastofnunar ríkisins 221  
 Alþjóðafjármál (international finance) 160  
 Annar sparnaður 64, 73-78, 110-111, 131  
 Áhættudreifing 116, 145, 152  
 Áhættuþol 77, 139, 151  
 Áunnin réttindi 36, 87  
 Áunnin staða 53  
 Ávöxtunarleidir 115, 131, 139  
 Ávöxtunartími 22  
 Áætlun um eftirlaunasparnað 112, 227

### B

Bandaríkin, lýsing á lífeyrismálum 193-196  
 Bandaríkin, söguleg ávöxtun 134-135  
 Barnalífeyrir 40-42, 92-93, 99  
 Biðtími 96  
 Blandaðir lífeyrissjóðir 51

Blandaðir sjóðir 146  
 Bótaréttur 97  
 Bótatími 96  
 Bretland, lýsing á lífeyrismálum 197-200  
 Bundin séreign 141  
 Börn, stjúpborn, kjörborn 40-42, 92, 96, 99, 178-180

### D

Danmörk, lýsing á lífeyrismálum 200-202

### E

E-101 vottorð 221, 229  
 E-128 vottorð 222  
 EES-samningurinn 222-223, 229  
 Eftirlaun 105, 110, 114, 127  
 Eftirlaunaaldur 85-86  
 Eftirlaunaárin 15  
 Eftirlaunasparnaður 15-21, 75, 101, 111, 114, 116, 131-132, 140, 152, 156, 159, 182  
 Eignarskattstofn 19  
 Eignarskattur 66-68, 123, 177  
 Eignasamsetning, fjárfestingarstefna 116, 137-139, 151, 174-176, 182  
 Eignastýringaraðferðir 144-146  
 Eignastýringarfyrirtæki 140  
 Einingar 141  
 Einkahlutafélag 71  
 Ellilífeyrir almennatrygginga 23, 166-169

Ellilífeyrir lífeyrissjóða 34-35, 48, 110, 169-172  
 Endurgreiðsla iðgjalda 229  
 Endurmat skuldabréfa 54  
 Erfðafjárskattur 179-180  
 Erfðalög, nr. 8 frá 1962, 178  
 Erfðaskrá 176-179  
 Erlend verðbréf 146-149  
 Erlendir ríkisborgarar 229-230  
 Evrópa, lífeyriskerfi 193  
 Evrópska efnahagssvæðið 221  
 Eyðublað 1, réttindi í lífeyrissjóðum 234  
 Eyðublað 2, viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður 235  
 Eyðublað 3, örorkulífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum 236  
 Eyðublað 4, barnalífeyrir og viðbótarörorkutryggingar 237  
 Eyðublað 5, makalífeyrir 238  
 Eyðublað 6, barnalífeyrir og líftryggingar 239

### F

Fastgengisstefna 148  
 Fastiðgjaldakerfi, fastiðgjaldsþjóðir (defined contribution) 190  
 Fastréttindakerfi, fastréttindaþjóðir (defined benefit) 190  
 Finnland, lýsing á lífeyrismálum 202-204  
 Fjárhagsstaða 139  
 Fjármagnskostnaður 123-124

Fjármálaeftirlitið 33, 69, 143, 146, 150, 177, 178  
 Fjármálafræði 159-160  
 Fjármálaráðuneyti 177  
 Fjölbjóðafyrirtæki 223  
 Flotgengisstefna 148  
 Flýting og frestun lífeyrisgreiðslna 34, 87, 170-172, 174  
 Frakkland, lýsing á lífeyris-málum 204-206  
 Framreikningur 36, 91  
 Framtíðariðgjöld 53  
 Framtíðarstaða 53  
 Frestun og flýting lífeyrisgreiðslna 34, 87, 170-172, 174  
 Fritekjumark 168  
 Fyrirframgreiddur arfur 180  
 Fyrirtækjaáætta 152  
 Fyrirtækjafjármál (corporate finance) 160

## G

Gegnumstremiskerfi 29, 189  
 Gengi einingasjóðs 141  
 Gengismunur 143  
 Gengissveiflur verðbréfa 135-137, 149  
 Gengisvarnir 148-149  
 Gildistími 98  
 Gjaldmiðlaáætta 146-149  
 Greiðsluflæðistjórnun (cash management) 160  
 Grundvallarlaun, viðmiðunar-laun 46-47  
 Grunnlífeyrir 23, 166-168

## H

Heildarstaða 53, 55  
 Heimilisuppbót 168-169  
 Heimsvísitala hlutabréfa Morgan Stanley 145, 148  
 Hjúskapareignir 76-177  
 Hlutabréf 80, 116, 134-136, 174-176  
 Hlutdeildarlífeyrir 199  
 Hlutdeildarskírteini 143

Hlutfall aldraðra 167, 189  
 Hlutfallsreglan 222  
 Hlutfallsjóðir 51  
 Hlutlaus stýring 144-146  
 Holland, lýsing á lífeyrismálum 206-208

## I, Í

Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar 31  
 Innlán 116, 136-137, 139, 150, 174-176, 182  
 Íbúðarhúsnæði, fasteign 78, 122-123

## J

Jafnar greiðslur 172  
 Jafnræðisreglan 222  
 Japan, lýsing á lífeyrismálum 193, 217-220  
 Jöfn réttindaávinnsla 47-50

## K

Kaupgengi 143  
 Kostnaður við sparnað 153-155

## L

Landssamtök lífeyrissjóða 38, 46  
 Langtímaskuldir 120, 123-124  
 Langtímasparnaður 75-76, 132-134  
 Lágmarksíðgjald 16, 31, 131  
 Lágmarkstryggingavernd 32-33  
 Lánatrygging 120  
 Lánshæfismat 150  
 Lífeyriskerfi 29, 189-193  
 Lífeyrissjóðalögin 23, 30, 32, 45, 51, 93, 119, 140, 169, 172, 177-179  
 Lífeyrissjóðir 16, 23, 30-33, 47-57, 61, 89, 93, 131, 141-142  
 Lífeyrissjóðsiðgjöld 31, 66, 126  
 Líftrygging 70, 100, 119-120, 126  
 Líftryggingafélag 70  
 Lögvarin inneign 65

## M

Makalífeyrir 39-42, 99, 177  
 Marcús Túllíus Cícero 25  
 Markaðsáætta 152  
 Markaðstengdir sjóðir, vísi-tölusjóðir 144-146, 152  
 Markaðsvextir 136  
 Markmið um eftirlaun 105-109  
 Meðalávöxtun 135  
 Meðaleignir 16  
 Meðaltekjur 19  
 Meðalævi 15  
 Meðalævilengd 165  
 Milliríkjasamningur 222  
 Mótaðilaáætta 149-150  
 Mótframlag 31, 64  
 Myntkarfa íslensku krónunnar 147-148

## N

Nafnaskrá lífeyrissjóða 87  
 Neyslulán 78  
 Neyslusjóður 77-78

## O, Ó

OECD 191  
 Orkutap, starfsorkumissir 36-39  
 Óskipt bú 176

## P

Persónuafsláttur 66-68, 177  
 Persónutryggingar 117

## R

Ráðlagðar viðbótartryggingar 117  
 Reglulegur sparnaður 20, 62-64, 77, 115  
 Reglur FME um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða 142, 146, 149  
 Reikningshald og greining ársreikninga (financial statement analysis) 160  
 Reiknuð laun 71

Rekstrarkostnaður 154-155  
Réttindastuðull 47  
Ríkisvixlar 116

## S

S&P 500 vísitalan 135, 138, 157  
Samkomulag sjóðfélaga og  
maka 44  
Samkomulag um samskipti  
lífeyrissjóða 38, 172  
Samlagningarreglan 222  
Samningur um lífeyrissparnað  
69-70  
Samtrygging 30  
Samtryggingarsjóðir, sameign-  
arsjóðir 31  
Seðlabanki Íslands 147  
Séreignarhluti lágmarksið-  
gjalds 140  
Séreignarsjóðir, séreignardeild-  
ir 31, 42-43, 116, 140-143  
Sjálfstæðir atvinnurekendur  
70-71  
Sjóðir 140  
Sjóðstjóraháetta 146  
Sjóðsöfnun 29, 189  
Sjúkdómatrygging 95-96,  
118-119, 127  
Sjúkra- og slysatrygging 94-95,  
118-119, 127  
Skattareglur 66-68  
Skilyrtur séreignarsjóður  
(bundin séreign) 43, 141  
Skipting ellilífeyrisréttinda  
44-46, 117  
Skjóðan 85, 112-114, 165-166  
Skuldabréf, skuldabréfasjóðir  
116, 134-137, 174-176  
Skuldbindingar lífeyrissjóða  
52-53  
Skuldir 19, 123-124  
Skylduaðild 29-30, 55  
Skylduerfingar 179  
Sparnaðartími 22, 76, 133, 139,  
151-152  
Spánn, lýsing á lífeyrismálum  
208-209  
Staðalfrávik 135

Starfsgeta, starfsorka 32, 36,  
46, 96  
Starfslok 15, 17, 19, 21-24, 33,  
43, 46, 50, 53, 57, 61, 64, 66,  
73, 75, 78, 81, 85-86, 90-91,  
101, 105, 107, 109-117, 124-  
125, 127, 139-140, 152, 155,  
160, 165-166, 174-176, 191,  
227  
Starfsævi 15, 18-22, 32, 34, 36,  
48-50, 57, 61, 78, 101, 105,  
107-108, 110, 112-113, 116,  
118-119, 124, 133, 140, 151,  
153, 166, 178, 189, 225  
Stigásjóðir 46-47  
Sviss, lýsing á lífeyrismálum  
212-214  
Svíþjóð, lýsing á lífeyrismálum  
210-212  
Söfnunartryggingar 116  
Söguleg ávöxtun verðbréfa 135  
Sölugengi 143

## T

Taka lífeyris 169-172  
Tekjutengdur lágmarkslífeyrir  
166-169  
Tekjutenging 168  
Tekjutengingarauki 168-169  
Tryggingafræðilegt uppgjör,  
athugun, úttekt 52-54  
Tryggingafræðingur 52  
Tryggingagjald 191  
Tryggingaiðgjöld 98  
Tryggingarsjóður innstæðu-  
eigenda 150  
Tryggingaskilmálar 97-98, 121  
Tryggingaskírteini 101  
Tryggingastofnun ríkisins 23,  
167, 169, 181  
Tryggingaþörf 117-118

## U, Ú

Uppbót á lífeyri 169  
Upphafsgjald 143, 155  
Uppvaxtarár 15  
Útflutningsreglan 222  
Útsendir starfsmenn 221

## V

Val á ávöxtunarleið 139  
Varasjóður 74-75, 111  
Vaxtavextir 22, 133-134  
Veðsetningarhlutfall 141  
Veltuhlutfall 144  
Veltukostnaður 154-155  
Verðbréf 135-136  
Verðbréf með föstum tekjum  
136  
Verðbréfasafnafraði (portfolio  
theory) 159  
Verðbréfasjóðir 116, 143-144  
Verðmætasta eignin 15-18  
Verðmæti lífeyrisréttinda 16  
Viðbótarellilífeyrir 108  
Viðbótariðgjald 31, 64, 131  
Viðbótarlífeyrissparnaður  
64-71, 110-111, 115, 172-  
174  
Viðbótarsparnaður 61, 107,  
126  
Viðbótartryggingar 98, 226  
Viðbótarörorkutrygging 70,  
94-98, 118-119, 126  
Viðhorf til áhættu 77, 139  
Viðmiðunaraldur ellilífeyris 34  
Virki stýring 144-146  
Virkir sjóðir 146  
Vísitala aðallista 135  
Vísitölusjóðir, markaðstengdir  
sjóðir 144-146  
Vörsluaðili lífeyrissparnaðar  
66, 69, 152, 154, 156-159

## P

Þriggja stoða kerfi 190  
Þrjátíu ára reglan 36  
Þýskaland, lýsing á lífeyris-  
málum 214-217

## Ö

Örorkulífeyrir, örorkuréttindi  
36-38, 48, 91-93

# Vefsíður

## Lífeyrissjóðir

Almenni lífeyrissjóðurinn – almenni.is  
 Frjálsi lífeyrissjóðurinn – lifeyrir.kaupthing.is  
 Íslenski lífeyrissjóðurinn – landsbanki.is  
 Lífeyrissjóður Austurlands – lifaust.is  
 Lífeyrissjóður bankamanna – lifbank.is  
 Lífeyrissjóður bænda – lsb.is  
 Lífeyrissjóður lækna – llaekna.is  
 Lífeyrissjóður Norðurlands – lnord.is  
 Lífeyrissjóður sjómanna – lifsjo.is  
 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins – LSR – lsr.is  
 Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga – lss.is  
 Lífeyrissjóður Suðurnesja – lfsud.is  
 Lífeyrissjóður verkfræðinga – lifsverk.is  
 Lífeyrissjóður Vestfirðinga – lvest.is  
 Lífeyrissjóður Vestmannaeyja – lsv.is  
 Lífeyrissjóður Vesturlands – lifvest.is  
 Lífeyrissjóður verzlunarmanna – live.is  
 Lífeyrissjóðurinn Framsýn – framsyn.is  
 Lífeyrissjóðurinn Lífiðn – lifidn.is  
 Sameinaði lífeyrissjóðurinn – lifeyrir.is  
 Samvinnulífeyrissjóðurinn – sls.is  
 Séreignalífeyrissjóðurinn – bi.is/lifeyrissjodur  
 Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda – sl.is  
 Landssamtök lífeyrissjóða – ll.is

## Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar, aðrir en lífeyrissjóðir

Allianz Ísland hf. – allianz.is  
 Alþjóða líftryggingarfélagið hf. – alif.is  
 Íslandsbanki hf. – isb.is  
 KB banki – kbbanki.is  
 Landsbanki Íslands hf. – li.is  
 Líftryggingafélag Íslands (VÍS hf.) – lifis.is  
 Sparisjóðir í Sambandi íslenskra sparisjóða (vefsíður einstakra sparisjóða)  
 Sjóvá almennar líftryggingar hf.  
 (Samlíf) – sjova.is

Verðbréfastofan hf. – vbs.is  
 Virðing hf. – virding.is

## Opinberir aðilar

Alþingi – althingi.is  
 Fjármálaeftirlitið – fme.is  
 Hagstofa Íslands – hagstofa.is  
 Íbúðalánasjóður – ils.is  
 Ríkisskattstjóri – rsk.is  
 Stjórnarráðið – stjri.is  
 Tryggingastofnun ríkisins – tr.is

## Fjármálafyrirtæki

Íslandsbanki – isb.is  
 Íslensk verðbréf – iv.is  
 Kauphöll Íslands hf. – icex.is  
 KB banki – kbbanki.is  
 Landsbanki Íslands – landsbanki.is  
 MP Verðbréf hf. – mp.is  
 Seðlabanki Íslands – sedlabanki.is  
 SPRON – spron.is  
 Verðbréfastofan hf. – vbs.is

## Líftryggingafélög

Alþjóða líftryggingafélagið hf. – alif.is  
 Líftryggingafélag Íslands hf. – lifis.is  
 Líftryggingarmiðstöðin hf. – tmlif.is  
 Sjóvá almennar líftryggingar hf.  
 (Samlíf) – sjova.is

## Erlendar vefsíður

Efnahags- og framfarastofnunin – oecd.org  
 Evrópusambandið – europa.eu.int  
 Sameinuðu þjóðirnar – un.org  
 Samtök lífeyrissjóðasambanda innan  
 EES – efrp.org  
 Pensionsnet.com – pensionsnet.com  
 Pensions World Magazine – pensionsworld.co.uk  
 Investment & Pensions Europe – ipeonline.com



